FRÉTTABLAÐIÐ
111. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 12. MAÍ 2018



# Mamma, þú bjargaðir lífi mínu

„Nei, þú gerðir það sjálf,“ segir **Hilda Jana Gísladóttir** við dóttur sína **Hrafnhildi Láru Ingvarsdóttur**. Mæðgurnar misstu báðar trúna á lífið og töpuðu sjálfum sér í áfengi og fíkniefnum. → 26

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN KARLSSON



## Heillaður af þjáningunni

Ragnar Kjartansson myndlistarmaður um nýtt verk, Stríðið. →32

## Eurovision-gleði

Allt um Eurovision, stigagjöf og skemmtilegir leikir. →24, 62





## Harðstjórn í hulduríki

Erítrea, eitt einangraðasta ríki heims. →38

PLÚS 3 SÉRBLÖÐ ● FÓLK ● ATVINNA ● SKÓLAR OG NÁMSKEIÐ

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015



## Veður




Í dag er útlit fyrir hægan vind á landinu. Austanlands verður lengst af þungbúið með rigningu og regnsvæðið færir sig yfir á Norðurland um kvöldið. Á Suður- og Vesturlandi mun eitthvað sjást til sólar.

SJÁ SÍÐU 52

# Heljarstökk í nýju íþróttahúsi



Nýtt íþróttahús við Vatnsendaskóla var vígt við hátíðlega athöfn á afmælisdegi Kópavogsbæjar í gær. Húsið er sérhannað fyrir iðkun hópfimleika. „Þetta er mikil bylting fyrir okkur og stórbætt aðstaða,“ segir Harpa Þorláksdóttir, formaður Gerplu, um nýja húsið en félagið mun nýta aðstöðu þess. Hún segir Gerplu nú geta boðið upp á þægilegri æfingatíma og þannig bætt þjónustu við iðkendur og foreldra þeirra. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Frá þingfestingunni í gær í Héraðsdómi Reykjaness. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Starfsmaður barnaverndar neitaði sök

**DÓMSMÁL** Barnaverndarstarfsmaður hjá Reykjavíkurborg sem ákærður hefur verið fyrir kynferðisbrot gagnvart fimm einstaklingum neitaði sök við þingfestingu málsins í Héraðsdómi Reykjaness í morgun.

Maðurinn, sem er á fimmtugsaldri, er sakaður um að hafa brotið gegn fjórum börnum og einum andlega fötluðum manni.

Brot mannsins eru sögð hafa verið ítrekuð og langvarandi, allt frá árinu 1998 til ársins 2010.

**Mistök leiddu til þess að ekki var unnið úr tilkynningu á hendur manninum árið 2008.**

Maðurinn sem um ræðir starfaði á vistheimili sem rekið var af Barnavernd Reykjavíkur á árunum 2004 til 2010, en meint brot hans eiga að hafa átt sér stað utan heimilisins.

Fyrsta tilkynningin á hendur manninum barst árið 2008 en mistök starfsmanns borgarinnar urðu til þess að ekki var unnið úr tilkynningunni. Önnur kæra var lögð fram í ágúst síðastliðnum, en maðurinn var ekki handtekinn fyrr en í janúar – vegna mistaka lögreglu við rannsókn málsins. – sks

# Ók á bifreið í afbrýðiskasti

**DÓMSMÁL** Karlmaður á fimmtugsaldri var í Landsrétti dæmdur í 45 daga skilorðsbundið fangelsi fyrir líkamsárás og hættubrot. Maðurinn hafði ekið bifreið sinni á aðra en í hinni bifreiðinni voru eiginkona hans og viðhald hennar.

Atvikið átti sér stað á bílaplaninu fyrir framan Árbæjarlaug í september 2015. Tuttugu ára hjónaband þeirra hafði verið stormasamt og sérlega slæmt undanfarin fjögur ár. Maðurinn hafði nýlega komist að því að konan hans væri farin að halda fram hjá honum.

Fyrir dómi neitaði hann að hafa ætlað að aka á bifreiðina heldur ætlaði hann sér aðeins að aka nálægt henni og koma þeim að óvörum.

Dómurinn taldi hins vegar ekki vefengt með skynsamlegum hætti að maðurinn hefði í afbrýðiskasti ætlað sér að aka á bifreiðina. – jóe

# Fjöldi framboða gæti gert talningu seinlegri

**Hálfur mánuður er til sveitarstjórnarkosninga og fer utankjörfundur fram í Smáralind. Þórunn Guðmundsdóttir, fyrrverandi formaður yfirkjörstjórnar í Reykjavík, segir að vafaatkvæðum gæti fjölgað vegna mikils fjölda framboða.**

**KOSNINGAR** Utankjörfundaratkvæðagreiðsla hjá Sýslumanninum í Reykjavík fluttist yfir í Smáralind í gær og verður þar fram á kjördag, þann 26. maí.

Sextán framboð verða með lista á kjörseðlinum í Reykjavík. Þórunn Guðmundsdóttir, hæstaréttarlögmaður og fyrrverandi formaður yfirkjörstjórnar í Reykjavík, telur að þessi mikli fjöldi framboða gæti valdið því að meira yrði af vafaatkvæðum en ella. Þetta eigi þó jafnvel enn frekar við um atkvæði sem greidd eru utan kjörfundar.

Utankjörfundaratkvæði eru greidd þannig að stimplar fyrir hvert framboð eiga að vera tiltækir. Kjósandi velur þá stimpilinn og stimplar á kjörseðilinn, í stað þess að merkja x í tiltekinn reit. „Voru komnir stimplar fyrir öll framboð þegar utankjörfundaratkvæðagreiðslan byrjaði? Eru þeir stimplar til alls staðar?“ spyr Þórunn og minnir á að utankjörfundaratkvæðagreiðslan fer fram um allan heim.

Þrátt fyrir þennan mikla fjölda framboða, bæði í Reykjavík og í fleiri sveitarfélögum, er Þórunn ekki viss um að breyta skuli kosningalöggjöfinni, til dæmis með því að krefjast fleiri meðmælenda með hverjum lista. „Þetta vegast alltaf á, það er að segja lýðræðið og að þeir sem vilji bjóða fram geti boðið fram og hins vegar praktíski hlutinn. Ég er nú svo mikill lýðræðissinni að ég vil að sem flestir komist að. En það er spurning hvort fjöldi meðmælenda eigi ekki að vera hlutfall af íbúafjölda. Þetta virðist hafa verið hugsað þannig í upphafi,“ segir Þórunn.



Utankjörfundaratkvæðagreiðsla hófst í Smáralind í gær og stendur allt fram á kjördag. Fyrrverandi formaður yfirkjörstjórnar í Reykjavík telur að atkvæðagreiðsla og talning geti orðið flóknari. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**Þórunn Guðmundsdóttir, lögmaður á Lex lögmannsstofu.**

Framkvæmd atkvæðagreiðslunnar og talningarinnar að kvöldi 26. maí kann líka að verða flóknari en áður. Hingað til hefur hverju framboði verið gefið sex sentimetra breidd á hverjum kjörseðli. Í Reykjavík eru 16 framboð sem þýðir að framboðin munu í heild fá 96 sentimetra á kjörseðlinum. Þannig má búast við að kjörseðillinn verði einna helst líkastur landakorti.

Þórunn bendir líka á að kosningalöggjöfin geri ráð fyrir að hverjum og einum lista sé gefinn kostur á að hafa umboðsmann við talningu. „Þá ertu kominn með meðalstórt sveitaball inni í talningasalnum,“ segir hún og bætir við að það verði flóknara að flokka atkvæðin í sextán bunka. Þetta geti gert talninguna seinlegri og tölur gætu því hugsanlega borist seinna á kosninganótt en ella. „Auðvitað ertu lengur að flokka þegar þú ert með marga bunka fyrir framan þig.“ jonhakon@frettabladid.is




## VERSLUN TIL SÖLU

Frábært tækifæri til að starfa sjálfstætt.
Rótgróið fyrirtæki með mikla möguleika og afar gott orðspor.
10 ára leigusamningur í verslunarmiðstöð.

FASTEIGNAKAUP

Upplýsingar hjá
Ernu s. 892 4717 eða erna@fasteignakaup.is



Erna Valsdóttir
lögg. fasteignasali


Kringlan
30 ára
KOMDU OG GERÐU ALLT KLÁRT
FYRIR SUMARIÐ 12.–13. MAÍ
SPORTDAGAR
Komdu og skoðaðu frábær tilboð á Sportdögum.
Fjölbreyttar sportkynningar og keppnir í göngugötu.
Golfklúbburinn Keilir, skemmtihlaupin Color Run
og Gung Ho, Landsmót, Hjólafærni ofl.
ÍS OG BLÖÐRUR FYRIR BÖRNIN
LAUGARDAGUR
kl. 13 BMX SÝNING
kl. 13–15 HVER HANGIR LENGST Í KRINGLUNNI?
Skemmtileg keppni fyrir alla í fjölskyldunni
GLÆSILEG VERÐLAUN: 20.000 KR
GJAFAKORT OG VERÐLAUNABIKAR!
BÁÐA DAGANA
– Púttkeppnir í göngugötu, góð verðlaun í boði
– Bandýfjör og skotfimi
– Fjölbreyttar kynningar
Ekki þarf að skrá sig til keppni,
bara mæta og vera með.
Með aðalrétti á Hamborgarafabrikkunni
fylgir máltíð fyrir börn yngri en 11 ára
LAUGARDAGUR
10 – 18
SUNNUDAGUR
13 – 18
TILBOÐ VERSLANA
FINNUR ÞÚ Á KRINGLAN.IS

**TÖLUR VIKUNNAR** 06.05.2018 TIL 12.05.2018

**39%** var fjölgun íbúa í Árneshreppi frá 24. apríl til 4. maí. Fyrir 24. apríl voru 44 skráðir með lögheimili í Árneshreppi. 17 skráðu lögheimili sitt í hreppnum á umræddu tveggja vikna tímabili.



**57%** af tekjuauka sveitarfélaga frá árinu 2011 hefur verið ráðstafað í aukinn launakostnað.

**160** milljónir króna hið minnsta voru hraðasektirnar sem innheimtust ekki árið 2016. Langstærstan hluta má rekja til aksturs erlendra ferðamanna. Tæpur helmingur þeirra greiðir sektir vegna brota sinna.





**3,9%** var fækkun ferðamanna í gegnum Keflavíkurflugvöll á milli ára í aprílmánuði. Samtals fóru 147 þúsund ferðamenn í gegnum flugvöllinn í apríl samanborið við 154 þúsund í fyrra.

**26,1%** var hlutfall kvenna í stjórnum fyrirtækja sem greiða laun og skráð eru í hlutafélagaskrá í lok árs 2017. Hlutfall kvenna í stjórnum fyrirtækja var á bilinu 21,3% til 22,3% á árunum 1999 til 2006, hækkaði svo í 25,5% árið 2014, og hefur verið um 26% síðustu þrjú ár.





**9,3** milljörðum króna nam aflaverðmæti íslenskra skipa úr sjó í janúar. Verðmæti botnfiskaflans var um 6,8 milljarðar króna og þar af var verðmæti þorskaflans rúmir 4,6 milljarðar.

## Þrjú í fréttum
## Launalækkun, svarta beltið og leynd

**Svanhildur Konráðsdóttir**
*forstjóri Hörpu*



óskaði eftir því að laun hennar hjá félaginu yrðu lækkuð til þess horfs sem forstjóralaunin voru áður en hún tók við starfinu í fyrravor. Fjöldi þjónustufulltrúa hafði sagt upp í kjölfar frétta um 20 prósenta launahækkun Svanhildar á sama tíma og þeir létu undan kröfum og tóku á sig um 16 prósenta launalækkun.

**Friðrik Jósepsson**
*starfsmaður íþróttahúss Breiðholtsskóla*



náði svarta beltinu í karate 69 ára. Hann kvaðst hafa farið skjálfandi á beinunum inn um dyrnar hjá Karatefélagi Reykjavíkur fyrir sex árum. Honum hafi hins vegar verið tekið forkunnarvel. Friðrik sagði félagsskapinn góðan og þjálfarana frábæra.

**Helga Vala Helgadóttir**
*formaður stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis*



spurði hvar gagnsæið yrði í fyrirhugaðri hagsmunaskráningu ráðuneytisstjóra og aðstoðarmanna ráðherra sem ríkisstjórnin ákvað að yrði ekki opinber. „Eiga ráðuneytin að hafa eftirlit með ráðuneytisstjórum og aðstoðarmönnum ráðherra?“ spurði Helga Vala. Skrá á hagsmuni vegna ábendinga Greco, samtaka Evrópuríkja gegn spillingu.

# Skoða takmarkanir á starfsemi hótels eftir ítrekuð afskipti

**Hótel og baðstaður við Höfn í Hornafirði er svo langt frá því að uppfylla skilyrði Heilbrigðiseftirlits Austurlands að eftirlitið íhugar að skerða starfsemina. Fyrirtækið trassar að skila gögnum til eftirlitsins. Heilbrigðisfulltrúi hefur skráð fimm frávik frá reglugerð, þar á meðal um heilnæmi baðvatns og geymslu matvæla.**

**FERÐAÞJÓNUSTA** Heilbrigðisstofnun Austurlands íhugar að takmarka starfsemi hótelsins Jöklaveraldar að Hoffelli við Hornafjörð. Heilbrigðisnefndin telur starfseminni ekki hagað í samræmi við starfsleyfi og hefur ítrekað óskað eftir gögnum frá rekstraraðilum til að meta áætlun eigenda um úrbætur. Þrúðmar Þrúðmarsson, eigandi hótelsins, segir fyrirtækið ekki hafa fengið beiðni um gögn frá heilbrigðiseftirlitinu.

Jöklaveröld í Hoffelli er um tuttugu kílómetra frá Höfn í Hornafirði og liggur við Hoffellsjökul sem er skriðjökull úr Vatnajökli. Fyrirtækið býður upp á gistiþjónustu á staðnum ásamt veitingastað og fimm heitir pottar eru á svæðinu þar sem gestir geta virt fyrir sér náttúrufegurðina meðan þeir lauga sig í pottunum.

Heilbrigðiseftirlit Austurlands hefur ítrekað haft afskipti af fyrirtækinu síðustu mánuði. Frestur til að skila inn tímasettri áætlun um hvernig fyrirtækið ætlaði sér að uppfylla ákvæði reglugerðar um hollustuhætti á sund- og baðstöðum er varðar heilnæmi baðvatns, rann út í lok janúar. Fyrirtækið fékk frest til loka febrúar til að skila inn úrbótaáætlun. Á næsta fundi nefndarinnar, þann 19. mars, hafði áætlunin komið en að mati nefndarinnar skorti á þau gögn og var frekari gagna óskað. Þau hafa enn ekki borist eftirlitsaðilanum.

Heilbrigðisfulltrúi fór því í rannsókn á staðnum þann 25. apríl síðastliðinn þar sem fimm frávik voru skráð. Matvæli voru til að mynda geymd í þvottahúsi þar sem efnavara væri meðhöndluð og öll óhrein rúmföt hótelsins væru þrifin í því þvottahúsi. Einnig er að mati eftirlitsins ekki hægt að tryggja heilnæmi baðvatns á staðnum þar sem skráningu á mælingum sé ábótavant. Að auki voru engin gögn um virkt eftirlit með matvælum á staðnum og salerni starfsmanna opnuðust beint inn í eldhús sem er óheimilt samkvæmt reglugerð.



**Hoffellsjökull er skriðjökull úr Vatnajökli. Hótelið kúrir þar í skjóli jökulsins.** FRÉTTABLAÐIÐ/VEÐURSTOFA ÍSLANDS

**» Eigandi hótelsins kannast ekki við beiðni heilbrigðiseftirlitsins.**

Þrúðmar Þrúðmarsson staðfestir að úttekt heilbrigðisfulltrúa hafi farið fram og að hann hafi sent úrbótaáætlun til heilbrigðiseftirlitsins. Hins vegar kannist hann ekki við að eftirlitið hafi óskað eftir einhverjum viðbótargögnum í málinu. Hann sagðist þurfa að kynna sér málið betur til að geta rætt það frekar.

**sveinn@frettabladid.is**


**AUGLÝSING um framlagningu kjörskrár vegna sveitarstjórnarkosninga 2018.**

Kjörskrár vegna sveitarstjórnarkosninga 26. maí 2018 skulu lagðar fram almenningi til sýnis eigi síðar en miðvikudaginn 16. maí 2018 á skrifstofu viðkomandi sveitarstjórnar eða öðrum hentugum stað sem sveitarstjórnin auglýsir. Kjörskrá skal liggja frammi á almennum skrifstofutíma til kjördags.

Athugasemdum við kjörskrá skal koma á framfæri við hlutaðeigandi sveitarstjórn eins fljótt og unnt er og skal sveitarstjórn þegar taka til meðferðar athugasemdir og gera viðeigandi leiðréttingar á henni. Leiðréttingar má gera fram á kjördag en athygli er vakin á því að óheimilt er að breyta kjörskrá ef tilkynning um nýtt lögheimili hefur ekki borist Þjóðskrá Íslands fyrir 5. maí 2018.

Nánari upplýsingar um sveitarstjórnarkosningarnar 26. maí 2018 er að finna á kosningavef dómsmálaráðuneytisins, www.kosning.is

Þetta auglýsist hér með samkvæmt 8. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna, með síðari breytingum, nr. 5/1998.

*Dómsmálaráðuneytinu, 12. maí 2018.*


## Játningin þótti ekki nógu skýr

**DÓMSMÁL** Landsréttur hefur ómerkt dóm yfir landamæraverði sem ákærður var fyrir að fletta fyrrverandi maka upp í LÖKE-kerfinu. Játning konunnar þótti ekki nægjanlega skýr.

Í héraði var konunni gerð 100 þúsund króna sekt vegna uppflettinganna. Þar hafði hún játað háttsemina og var málið tekið til dóms í kjölfarið.

Landsréttur taldi að þótt konan hefði játað uppflettingarnar í kerfinu þá hefði hún ekki játað að hafa hallað á réttindi einstakra manna eða hins opinbera með þeirri háttsemi. Þar með hefði hún aðeins játað hluta þeirrar háttsemi sem hún var ákærð fyrir. Játningin þótti því ekki skýlaus og ekki unnt að fara með málið sem játningarmál.

Dómur héraðsdóms var ómerktur og málinu vísað heim í hérað á ný. **– jóe**

## Mótmæla tillögum um auknar álögur á gos

**NEYTENDUR** Samtök iðnaðarins mótmæla tillögum Embættis landlæknis um að auka álögur á gosdrykki og hafa sent bréf þess efnis til Bjarna Benediktssonar, fjármála- og efnahagsráðherra, og Svandísar Svavarsdóttur heilbrigðisráðherra.

Í bréfinu, sem sagt er frá á vef Samtaka iðnaðarins, segir að sérstök skattlagning einstakra vöruflokka feli í sér mismunun og skerði samkeppnisstöðu þeirrar greinar sem í hlut á.

„SI hafa ávallt barist fyrir jafnræði á markaði og að þar ríki almennar og einfaldar reglur. Benda má á að íslensk stjórnvöld hafa reynt hvort tveggja, sértæka skattheimtu af stökum vöruflokkum og almenna skattlagningu á sykri í matvælum, til að stýra neyslu almennings. Hvorugt hefur skilað þeim árangri sem að var stefnt og einungis haft í för með sér umtalsverðan kostnað og óhagræði sem bæði hefur komið niður á fyrirtækjum og almenningi,“ segir í bréfinu. **– jhh**



**Landlæknir vill að skattar á gosdrykki verði hækkaðir.** NORDICPHOTOS/GETTY

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt á milli verslana.

# HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

**Nýtt blað er komið út**
Skoðaðu blaðið á husa.is

# TILBOÐS VEISLA



**AUTHOR TROPHY26"**
Stell úr álblöndu, 3,3 kg. Skipting: SHIMANO Y21, 18 gírar, TEKTRO V bremsur. Þyngd: 14,3 kg/19".
3901286

**39.900 kr**

**20% afsláttur**
af ÖLLUM Author reiðhjólum

AUTHOR



**Broil King**
SÚPER TILBOÐ
**Gasgrill Crown 320 Stál**
8,8 kW brennarakerfi úr ryðfríu stáli. 2,7 kW hliðarbrennari. Grillgrindur úr steypujárni, þrír brennarar úr ryðfríu stáli.
3000315

**45.990 kr**
~~54.950 kr~~



**Sjáðu verðið!**
**30% afsláttur**
SÚPER TILBOÐ
**Trampólín 4,26 m, öryggisnet fylgir**
14 fet/4,26 m, 6 fætur með öryggisneti.
3900586
**29.990 kr**
~~42.990 kr~~



**Broil King**
SÚPER TILBOÐ
**Gasgrill Crown 310**
8,8 kW brennarakerfi úr ryðfríu stáli, grillgrindur úr steypujárni, þrír brennarar úr ryðfríu stáli.
3000317
**17% afsláttur**
**36.990 kr**
~~44.900 kr~~



OUTBACK
SÚPER TILBOÐ
**Gasgrill**
Sunset Solo 3, 3ja brennara, grillflötur: 628x406 mm. 3 ryðfríir brennarar, hitamælir, 9,67 kW.
3000393
**30% afsláttur**
**25.990 kr**
~~36.990 kr~~



OUTBACK
**Gasgrill**
Outback gasgrill, 2ja brennara með hliðaborði. Grillflötur: 50x36 cm með tvískiptum brennara.
3000225
**24% afsláttur**
SÚPER TILBOÐ
**15.990 kr**
~~20.990 kr~~

## Pallaleikur Húsasmiðjunnar
*Vinnur þú?*

DRÖGUM ÚT weber GRILL Í HVERRI VIKU Í ALLT SUMAR

Allir sem kaupa pallaefni í Húsasmiðjunni geta unnið glæsilegt Weber grill.

Drögum út **Weber** gasgrill í hverri viku í allt sumar.

**Skráðu þig á husa.is/pallaleikur**





**20% afsláttur**
TEXAS
SÚPER TILBOÐ
**34.956 kr**
~~43.695 kr~~
**Bensínsláttuvél Razor 4610**
139 cc, 2,3 kW, sláttubreidd 46 cm, sláttukerfi 3in1, 6 hæðarstillingar, eitt handtak, 65 ltr. safnari.
5085301



**20% afsláttur**
TEXAS
SÚPER TILBOÐ
**11.996 kr**
~~14.995 kr~~
**Hekkklippur HTE 620**
620W, 60 cm blað, klippigeta 22 mm.
5083686



Vilmundur Hansen, garðyrkjufræðingur veitir ráðgjöf í Blómavali kl. 13-16

# DAGSKRÁ Í SKÚTUVOGI Í DAG
Eurovison stemmning

**Allir fá ókeypis ís í dag kl. 12-15**



LAZY TOWN
**Latibær skemmtir í dag kl. 14**



# Hafna brigslum um siðgæðisbrest og halda kosningaplakötum

**KOSNINGAR** „Merkingar á gluggum og verslunarrýmum geta ekki fallið undir verksvið bæjarráðs, þrátt fyrir þá staðreynd að bæjarskrifstofur Mosfellsbæjar séu hýstar í umræddu húsi,“ segir í bókun fulltrúa Sjálfstæðisflokks í bæjarráði Mosfellsbæjar. Þeir höfnuðu í gær kröfu fulltrúa minnihlutaflokkanna um að fjarlægja kosningaauglýsingar úr gluggum Kjarnans þar sem bæjarskrifstofurnar eru til húsa.

„Á Íslandi, eins og í öðrum lýðræðisríkjum, er grundvallarregla að hengja ekki upp kosningaráróður á og í opinberum byggingum,“ segir í greinargerð fulltrúa Íbúahreyfingarinnar sem lagði til að bæjarráðið leitaði „eftir því við fulltrúa D-lista að þeir fjarlægi kosningaáróður sinn úr gluggum Kjarnans og af vegg við innganginn að bæjarskrifstofunni“.

Bókaði fulltrúi Íbúahreyfingarinnar síðan að auglýsingarnar vektu „alvarlegar spurningar um siðferði í stjórnmálum“.

Tillagan var felld með tveimur atkvæðum. Fulltrúi Samfylkingar sat hjá en sagði auglýsingarnar „til vansa“ og „óviðeigandi“ eins og segir í bókun. Merkingarnar væru ekki á skrifstofu framboðsins sjálfs. „Þessir sömu gluggar hafa verið notaðir til auglýsinga af öðrum stjórnmálaflokkum áður sem hafa þá haft skrifstofu á þeim stað.“

Sjálfstæðismenn sögðu að bæði B-listi og V-listi hefðu auglýst í sömu gluggum fyrir kosningar 2014. „Vísum fullyrðingum um siðgæði á bug, enda hér um eðlilegan hluta kosningabaráttu að ræða.“ **– gar**



**Kosningaauglýsingar D-lista eru harðlegar gagnrýndar.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Aðalfundur
Markaðsstofu
Hafnarfjarðar

MARKAÐSSTOFA HAFNARFJARÐAR

DAGSKRÁ
- Skýrsla stjórnar 2017-2018
- Ársreikningur 2017
- Starfs- og fjárhagsáætlun 2018-2019
- Ákvörðun árgjalds
- Kosning stjórnar
- Markaðsstefnumótun fyrir Hafnarfjörð
- Önnur mál

HVENÆR - 29. MAÍ KL.17.00
HVAR - HAFNARBORG
MSH.IS



**Fréttamenn RÚV eru margir bálreiðir vegna ákvörðunar stjórnenda um að kaupa sig frá meiðyrðamáli.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Sýður á fréttamönnum vegna sáttagreiðslu

**Þó að útvarpsstjóri standi með þeirri ákvörðun RÚV að greiða 2,5 milljónir til að ljúka meiðyrðamáli utan dómstóla ríkir enn megn óánægja með gjörninginn meðal fréttamanna. Trúnaðarákvæði var að frumkvæði RÚV og var óþarfi.**

**FJÖLMIÐLAR** Útvarpsstjóri segir að eftir á að hyggja hafi trúnaðarákvæði í samkomulagi Ríkisútvarpsins við Guðmund Spartakus Ómarsson verið mistök sem ekki verði endurtekin. Mikil óánægja er meðal fréttamanna á RÚV með þá ákvörðun stofnunarinnar að semja sig frá meiðyrðamáli utan dómstóla með því að greiða Guðmundi 2,5 milljónir króna.

Líkt og Fréttablaðið greindi frá fyrir viku stendur Magnús Geir Þórðarson útvarpsstjóri við þá ákvörðun RÚV að semja sig frá meiðyrðamálinu. Hæstiréttur sýknaði á dögunum fjölmiðlamanninn Sigmund Erni Rúnarsson í meiðyrðamáli sem Guðmundur höfðaði vegna umfjöllunar Hringbrautar um meinta aðkomu Guðmundar að fíkniefnaviðskiptum í Brasilíu og Paragvæ. Sú umfjöllun byggði að stórum hluta á umfjöllun RÚV. Magnús Geir segir það hafa verið mat lögfræðinga RÚV að mál Hringbrautar og RÚV hafi verið ólík í eðli sínu og þeir metið að umtalsverðar líkur stæðu til að tiltekna kröfur Guðmundar á hendur RÚV næðu fram að ganga.

Í svari við fyrirspurn Fréttablaðsins fyrir viku sagði útvarpsstjóri að tiltekinn hluti fréttaflutnings RÚV hefði „að einhverju marki verið leiðréttur“.

Þar sem kveðið er sérstaklega á um það í samkomulagi RÚV og Guðmundar að RÚV þurfi ekki að leiðrétta fréttir sínar né biðjast afsökunar, óskaði Fréttablaðið skýringa á því hvað var leiðrétt enda munu ummælin hafa vakið athygli fréttamanna RÚV.

> Komi sambærileg mál til kastanna síðar verða slík ákvæði ekki sett inn.
>
> Magnús Geir Þórðarson, útvarpsstjóri



Í svari til Fréttablaðsins segir að útvarpsstjóri hafi með ummælum sínum um leiðréttingu verið að vísa til frekari fréttavinnslu af málinu þar sem komið hafi fram nýjar upplýsingar sem stönguðust á við tiltekin atriði úr fyrri frétt um að nafn Guðmundar hafi borið á góma við yfirheyrslu ungs pars sem handtekið var fyrir fíkniefnasmygl í Brasilíu. Upplýsingar sem fréttastofa RÚV hafi ekki getað sannreynt og staðfest með eigin vettvangsvinnu.

Leiðréttingin, sem útvarpsstjóri túlkar sem svo, felur því aðeins í sér að fréttastofan greindi frá bæði fullyrðingum heimildarmanns paragvæska blaðamannsins Cándido Figueredo Ruiz og nýjum upplýsingum á aðra vegu. Engin eiginleg leiðrétting átti sér stað.

Heimildir Fréttablaðsins herma að gríðarleg óánægja hafi verið meðal fréttamanna RÚV um sáttagreiðsluna og framgöngu stjórnenda RÚV í málinu þegar það kom upp. Raunar hafi þurft að halda „krísufund“ með fréttamönnum þegar upplýst var um málalyktir í haust. Sýknudómurinn nú á dögunum hafi þó síst verið til að lægja öldurnar.

„Ólga er vægt til orða tekið, fólk er bara brjálað,“ segir einn heimildarmanna Fréttablaðsins innan RÚV.

Fjölmiðlar þurftu í september síðastliðnum að leita til úrskurðarnefndar um upplýsingamál til að fá aðgang að samkomulaginu sem leiddi til þess að Guðmundur féll frá meiðyrðamálinu gegn RÚV. Ástæðan var að RÚV sagði trúnað ríkja um samninginn. Þetta trúnaðarákvæði settu lögfræðingar RÚV hins vegar sjálfir í samkomulagið að sögn útvarpsstjóra.

„Umrætt samkomulag innihélt trúnaðarákvæði áþekkt því sem oft má finna í samkomulagi þar sem deilumál eru til lykta leidd, sem og í hverju öðru samkomulagi almennt. Lögfræðingar félagsins settu inn slíkt „staðlað“ ákvæði til samræmis við það, sem eftir á að hyggja var ofaukið. Komi sambærileg mál til kastanna síðar, verða slík ákvæði ekki sett inn.“ **mikael@frettabladid.is**

VIÐSKIPTI ÍSLANDS OG EVRÓPUSAMBANDSINS

Málþing og stofnfundur Íslensk-evrópska viðskiptaráðsins, 16. maí kl. 15

Félag atvinnurekenda og sendinefnd Evrópusambandsins á Íslandi efna til málþings um viðskipti Íslands og Evrópusambandsins miðvikudaginn 16. maí næstkomandi kl. 15. Í lok fundar verður Íslensk-evrópska viðskiptaráðið stofnað.


15.00 **EU and Iceland - Together for the common good**
Michael Mann, sendiherra ESB á Íslandi


15.15 **Er vegið að frjálsum viðskiptum Íslands og ESB?**
Magnús Óli Ólafsson, formaður FA og forstjóri Innness.


15.30 **Inn- og útflutningur landbúnaðarafurða: Tækifæri og áskoranir**
Kristján Þór Júlíusson, landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra


15.50 **Viðskipti með ferskar matvörur á EES: Áhætta og eftirlit**
Ólafur Valsson, dýralæknir og sérfræðingur í matvælaeftirliti ESB


16.10 **Bætt framkvæmd EES-samningsins**
Jóhanna Jónsdóttir, ráðgjafi í EES-málum í utanríkisráðuneytinu

16.30 **Stofnfundur Íslensk-evrópska viðskiptaráðsins**


17.00 **Léttar veitingar**

**Fundarstjóri er Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri FA.**

Málþingið er öllum opið. Það verður haldið í sal Félags atvinnurekenda á 9. hæð í Húsi verslunarinnar. **Skráning á atvinnurekendur.is.**

FÉLAG ATVINNUREKENDA 90 ÁRA 1928 2018
ÍSLENSK-EVRÓPSKA VIÐSKIPTARÁÐIÐ The Icelandic – EU Trade Council
SENDINEFND ESB Á ÍSLANDI




24
Opið allan sólarhringinn
Garðabæ og Skeifunni

HAGKAUP
Meira svona alla daga

kosangas

25% AFSLÁTTUR AF SMELLUGASI TIL 13. MAÍ



Smellugashylkin eru sterk en mjög létt og þægileg í meðförum. Skipt er um hylki með aðeins einu handtaki. **Gasáfyllingin fæst með 25% afslætti til 13. maí.**

Vinur við veginn

olís

Rannsóknaþing 2018 **fimmtudaginn 17. maí** í Háteigi á Grand Hótel Reykjavík

ÁHERSLUR Í VÍSINDUM

Samfélagsleg áhrif markáætlunar

**Rannsóknaþing og afhending Hvatningarverðlauna Vísinda- og tækniráðs**

DAGSKRÁ

**14.00** Forstöðumaður Rannís, Hallgrímur Jónasson, býður gesti velkomna

**14.05 Setning Rannsóknaþings**
Mennta- og menningarmálaráðherra, Lilja Alfreðsdóttir

**14.20 Markáætlun um öndvegissetur og klasa 2009-2015**
Guðrún Nordal, fyrrverandi formaður vísindanefndar Vísinda- og tækniráðs

**Áhrif markáætlunar í að styrkja stöðu Íslands í alþjóðlega jarðhitageiranum**
Sigurður Magnús Garðarsson, stjórnarformaður GEORG og sviðsforseti verkfræði- og náttúruvísindasviðs Háskóla Íslands

**Íslenskar vitvélar - íslenskt hugvit**
Kristinn R. Þórisson, prófessor í tölvunarfræði við Háskólann í Reykjavík og stjórnandi Vitvélastofnunar Íslands

**Gagnrýnin samfélagsrýni með áherslu á jafnrétti**
Irma Erlingsdóttir, forstöðumaður Háskóla Sameinuðu þjóðanna og Eddu, og dósent við Háskóla Íslands

**15.05 Markáætlun sem tæki til forgangsröðunar – hvað næst?**
Ragnhildur Helgadóttir, formaður vísindanefndar Vísinda- og tækniráðs

**15.15 Forgangsröðun í vísindum**
Pallborðsumræður: Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra, Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, Kristján Leósson, forstöðumaður hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands og formaður dómnefndar Hvatningarverðlauna Vísinda- og tækniráðs, Ragnhildur Helgadóttir, formaður vísindanefndar Vísinda- og tækniráðs og Jón Ágúst Þorsteinsson, forstjóri Klappa. Fundarstjóri er stjórnandi pallborðs.

**15.35 Afhending Hvatningarverðlauna Vísinda- og tækniráðs**
Kristján Leósson, formaður dómnefndar, gerir grein fyrir valinu. Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra og formaður Vísinda- og tækniráðs, afhendir verðlaunin.

**16.00 Dagskrárlok, léttar veitingar**

Fundarstjóri er Inga Dóra Sigfúsdóttir, prófessor við Háskólann í Reykjavík

**Nánari upplýsingar og skráning á rannis.is.**

VÍSINDA- OG TÆKNIRÁÐ

rannís www.rannis.is



**„Sólarpallur á toppi sem slökunarstaður þar sem hægt er að njóta matar og drykkjar, með útsýni yfir flóann," segir um kosti gistiskips.**

# Vilja Gufunes undir gistiskip

**Rekstur gistiskips fyrir allt að sextíu manns gæti hafist í Gufunesi eftir tæp tvö ár fáist til þess leyfi hjá yfirvöldum hér. Sams konar skip eru þegar rekin í Kaupmannahöfn og Stokkhólmi. Markhópurinn er fólk sem vill veiða og kynnast bátasögu Íslands.**

**FERÐAÞJÓNUSTA** Lögð hefur verið fram fyrirspurn til skipulagsyfirvalda í Reykjavík um hvort hægt verði að hafa gistiskip við bryggju í Gufunesi.

„Umrætt bryggjusvæði hefur ekki verið endanlega skipulagt. Ef áhugi er hins vegar á gistiaðstöðu af þessum toga í Reykjavík gæti umrætt skip verið komið til landsins innan sex mánaða frá slíkri ákvörðun borgaryfirvalda," segir í fyrirspurninni. Þegar hafi verið rætt við hafnaryfirvöld sem hafi vísað málinu alfarið til skipulagsráðs, enda væri ekkert svæði tiltækt innan núverandi hafnarsvæðis. Gufunesströndin gæti hins vegar ef til vill verið staður fyrir slík skip.

Í greinargerð frá framkvæmdastjóra verkefnisins, Pétri F. Kjærnested, segir að stefnt sé að skipi með 25 til 30 kátetur. Þar verði gistiaðstaða fyrir fimmtíu til sextíu manns. Verðið á mann verði á bilinu átta til sextán þúsund krónur. Bent er á að slík gistiskip séu þegar rekin erlendis, til dæmis í Stokkhólmi og Kaupmannahöfn.

„Bátahostelið er nýr og skemmtilegur kostur á gistiaðstöðu fyrir erlenda og innlenda ferðamenn. Þetta er ekki ný hugmynd hjá nágrönnum okkar í Skandinavíu og er þar vel heppnaður kostur. Ísland er þekkt fyrir sjávarmenningu, sem væri gaman að sýna fram á með svona hugmynd," segir í greinargerðinni sem merkt er Nýsköpunarmiðstöð Íslands.

> **Bátahostelið er nýr og skemmtilegur kostur á gistiaðstöðu fyrir erlenda og innlenda ferðamenn.**
>
> Úr greinargerð um gistiskip

Fram kemur að markhópurinn sé ferðamenn sem hafa áhuga á að gista um borð í bát, veiða og kynna sér bátasögu Íslands. Skipið verður auglýst á netinu og hjá völdum ferðaskrifstofum. Nánar um skipið sjálft segir að það verði „gisting á öldum sjávar, veitingaaðstaða um borð og sólarpallur á toppi sem slökunarstaður þar sem hægt er að njóta matar og drykkjar, með útsýni yfir flóann".

Gangi áætlanir eftir gæti rekstur skips hér hafist í mars 2020. Breyta þurfi skipinu þegar það er komið til landsins.

Fyrirspurn Péturs er nú í höndum verkefnisstjóra hjá skipulagsfulltrúanum í Reykjavík. **gar@frettabladid.is**

# Fær tvær milljónir vegna ólögmætrar uppsagnar

**DÓMSMÁL** Eigendum hótelsins Black Pearl hefur verið gert að greiða fyrrverandi starfsmanni fyrirtækisins tæpar tvær milljónir króna vegna ólögmætrar uppsagnar. Töldu eigendur hótelsins að hann hefði haft hlutastörf sem samræmdust ekki hagsmunum þess.

Umræddur starfsmaður hóf störf hjá Black Pearl í gestamóttöku í árslok 2014 en var sagt upp fyrirvaralaust í september 2016. Ástæðan var sú að maðurinn hafði sést nota annað tölvupóstfang en vinnunnar og að hann hefði verið í samskiptum við ferðaþjónustufyrirtækið Tripical. Framkvæmdastjóri þess fyrirtækis hafði áður starfað hjá Black Pearl en eigendur hótelsins vildu engin samskipti við Tripical eftir að framkvæmdastjórinn hvarf frá hótelinu.

Eigendur hótelsins töldu starfsmanninn hafa brotið gegn ákvæði ráðningarsamnings síns sem kvað á um að hann ætti að helga vinnuveitanda „óskiptan vinnutíma sinn, athygli og framlag". Það hefði hann ekki gert þegar hann sinnti eigin fyrirtækjum á vinnutíma hjá hótelinu. Þá hefði einnig falist trúnaðarbrot í því að vera í samskiptum við Tripical þrátt fyrir fyrirmæli þess efnis að svo skyldi ekki gert. Einnig hefði starfsmaðurinn vísað á önnur hótel en hjá „Kalla í Pelsinum" en þangað átti starfsfólk að vísa gestum væri Black Pearl uppbókað.

Hótelið rifti ráðningarsamningi við manninn og taldi sig ekki þurfa að greiða honum laun í uppsagnarfresti. Héraðsdómur féllst ekki á að fyrir lægju ástæður sem réttlættu fyrirvaralausa uppsögn án launa í uppsagnarfresti. Því var fallist á kröfu starfsmannsins. Hótelið þarf einnig að greiða honum 900 þúsund í málskostnað. **– jóe**





# Vektu eftirtekt á CLA Coupé frá Mercedes-Benz.

Í CLA Coupé koma saman djörf hönnun og einstök akstursupplifun. Bíllinn er ríkulega útbúinn og hlaðinn tæknilausnum sem gera hverja ferð ánægjulega. Hvort sem þér hentar að hafa sjálfvirka opnun, króminnréttingar, LED High Performance framljós eða öflugt 4MATIC fjórhjóladrif þá eigum við bílinn fyrir þig tilbúinn til afhendingar.

Komdu og reynsluaktu. Við hlökkum til að sjá þig.

CLA Coupé 180d

Verð frá 4.890.000 kr.

Mercedes-Benz
The best or nothing.

Bílaumboðið Askja · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz á Íslandi

Þú finnur okkur á Facebook
„Mercedes-Benz Ísland“

# Sjö fórust í verstu árásinni í tvo áratugi

**Fjölskylda var myrt í smábæ á suðvesturströnd Ástralíu. Fjögur börn voru á meðal hinna látnu. Árásin sögð fyrsta fjöldaskotárásin frá því hörð löggjöf um skotvopnaeign var tekin upp árið 1996 eftir að byssumaður myrti 35. Samfélagið í sárum vegna skotárásarinnar.**



Árásin var sú hrottalegasta í áratugi í Ástralíu og mun skilja eftir sig djúpt sár í áströlsku samfélagi. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

**ÁSTRALÍA** Sjö, þar af fjögur börn, fundust látin í smábænum Osmington á suðvesturströnd Ástralíu seint á fimmtudagskvöld. Samkvæmt ástralska ABC News var um að ræða þrjá ættliði sömu fjölskyldu, fjögur börn, móður þeirra, ömmu og afa.

Tvær byssur fundust á vettvangi og staðfesti Chris Dawson lögreglustjóri að skotsár væru á hinum látnu. Lögregla vildi þó ekki staðfesta hvort árásin flokkaðist sem fjöldaskotárás. Þá staðfesti lögregla ekki heldur að árásarmaðurinn hefði verið einn hinna látnu, líkt og ástralskir fjölmiðlar hafa sumir haldið fram.

„Þessi harmleikur mun koma til með að hafa varanleg áhrif á fjölskylduna, samfélagið í kring og reyndar öll samfélög hér á suðvesturströndinni,“ sagði Dawson á blaðamannafundi

Ljóst er að samfélagið í Osmington er slegið. Felicity Haynes, vinur fjölskyldunnar, sagði í samtali við 9 News að málið væri hryllilegt. „Manni verður bara óglatt. Ég hélt að svona lagað gæti ekki gerst hér. Þetta var gott fólk. Þetta er ekki sanngjarnt, þetta er ekki sanngjarnt,“ sagði Haynes.

Washington Post greindi frá því í gær að um væri að ræða verstu fjöldaskotárás í Ástralíu í 22 ár, eða allt frá því 35 voru myrt og 23 særð þegar Martin Bryant hóf skotárás á Port Arthur í Tasmaníu árið 1996. Bryant afplánar nú 35 lífstíðardóma auk 1.035 ára í fangelsi án möguleika á reynslulausn. Í gegnum tíðina hefur hann gefið mismunandi ástæður fyrir árásinni. Meðal annars sagst hafa gert árásina til þess að eftir honum yrði munað.

Bryant skaut á fólk með Colt AR-15, hálfsjálfvirkum riffli, en eftir árásina kom John Howard, þá nýorðinn forsætisráðherra, á strangri byssulöggjöf. Löggjöfin kallast National Firearms Agreement, eða NFA, og felur í sér bann við eign, framleiðslu og sölu allra hálfsjálfvirkra skotvopna og haglabyssna nema í algjörum undantekningartilfellum. Þá þurfa allir sem vilja kaupa skotvopn að bíða í 28 daga eftir leyfi. Þurfa byssukaupendur jafnframt að sækja námskeið um örugga meðferð skotvopna.

> Manni verður bara óglatt. Ég hélt að svona lagað gæti ekki gerst hér. Þetta var gott fólk. Þetta er ekki sanngjarnt, þetta er ekki sanngjarnt.
>
> Felicity Haynes, vinur fjölskyldunnar

Mikill einhugur var um löggjöfina í Ástralíu. Í könnun frá sama ári sögðust 95 prósent Ástrala hlynnt löggjöfinni. Þeir fáu sem stóðu gegn henni sögðu lögin ekki til þess fallin að draga úr skotárásum. Glæpirnir yrðu einungis verri þar sem fórnarlömbin hefðu ekki greiðan aðgang að skotvopnum til að verja sig.

Á tuttugu ára afmæli löggjafarinnar árið 2016 fjallaði Washington Post um áhrif hennar og tók fram að engin fjöldaskotárás hefði verið gerð frá því löggjöfinni var komið á. Þá hefði sjálfsmorðstíðni lækkað en tíðni morða er framin voru með skotvopni hefði staðið í stað. Rannsókn ástralska dagblaðsins The Age frá sama ári leiddi hins vegar í ljós að byssutengdum glæpum hafði fjölgað á undanförnum fimm árum í Melbourne. thorgnyr@frettabladid.is




INNSÝN FRUMKVÖÐULS
Róbert Wessman

Róbert Wessman verður gestur MBA-náms Háskóla Íslands mánudaginn 14. maí í sal 1 í Háskólabíói, kl. 12:10–13:00. Róbert hefur verið gestur þekktra háskóla, s.s. Harvard og MIT, en á fundinum ræðir hann reynslu sína sem alþjóðlegur frumkvöðull og svarar spurningum úr sal.

Skráning fer fram á www.mba.is en aðgangur er ókeypis og léttar veitingar í boði.

ASSOCIATION OF MBAS · AMBA
HÁSKÓLI ÍSLANDS | MBA
www.mba.is



Í hugmyndinni er gert ráð fyrir landfyllingum við Örfirisey.

## Landfylling við Örfirisey gæti hýst bíllausa byggð

**KOSNINGAR** Framboð Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík hefur kynnt hugmyndir um aukið framboð húsnæðis vestarlega í borginni. Þar á meðal er hugmynd um 4.000 íbúða bíllausa byggð í Örfirisey.

Hugmyndin er að miklu leyti byggð á nýjum landfyllingum sem þyrfti að gera við núverandi landsvæði í Örfirisey. Í kynningarefni frá flokknum segir einnig að án bílaumferðar megi nýta meira svæði undir íbúðarhúsnæði.

Hugmynd flokksins gerir ráð fyrir bílastæðahúsi við jaðar byggðarinnar sem gerir íbúum kleift að eiga bíl. Bílar færu hins vegar ekki inn í hverfið.

Einnig er gert ráð fyrir göngu- og hjólabrú yfir til Hörpu sem tengir Örfirisey þannig við miðbæinn. Brúin yrði opnanleg til þess að hindra ekki aðkomu báta og skipa að höfninni.

„Í fyrsta lagi er þetta sem við leggjum fram hugmynd,“ segir Hildur Björnsdóttir, sem er í öðru sæti á lista flokksins, um bíllausa byggð í Örfirisey. Hún bendir á að alltaf þyrfti að fara fram hugmyndasamkeppni um útlit svæðisins áður en ráðist yrði í frekara skipulag.

Í kynningarefninu er sagt að áhersla sé lögð á búsetukosti sem svara áhuga ungs fólks. „Hugmyndin er að ýta undir að byggðar verði litlar og hagkvæmar einingar,“ segir Hildur.

„Það er ekki dýrt að ráðast í landfyllingu,“ segir Hildur þegar hún er spurð að því hvort ekki sé líklegt að kostnaður við landfyllingar muni hækka verð lóðanna.

Hún segir þvert á móti landfyllingu geta verið góða fjárfestingu fyrir borgina sem skili hagnaði í kjölfar lóðasölu.

Þá segir í kynningunni að flokkurinn vilji skoða að í Örfirisey verði í boði öðruvísi búsetuform en almennt tíðkast. Þar er um að ræða fjölbýli með smáum íbúðum og sameiginlegri aðstöðu, til að mynda kaffihúsi og sameiginlegu þvottahúsi.

Flokkurinn leggur einnig til að svokallaður BSÍ-reitur verði notaður til uppbyggingar á allt að 600 íbúðum. Reiturinn sem er um fimm hektarar að stærð er allur í eigu Reykjavíkurborgar.

Í kynningarefninu er sagt að byggð á þessum svæðum muni leiða til þess að fleiri geti búið í námunda við stærstu vinnustaði borgarinnar. – gþs




**Í dag, laugardag 12. maí kl. 11–15**
bjóðum við öllum Toyota-eigendum að koma með bílana sína í sápuþvott hjá viðurkenndum þjónustuaðilum Toyota.

**Engin vandamál – bara lausnir.**

**Við sápuþvoum bílana að utan – grill, gos og sumarglaðningur fyrir börn og fullorðna.**

| | | |
|---|---|---|
| Toyota Kauptúni | Kauptúni 6 | Garðabæ |
| Toyota Akureyri | Baldursnesi 1 | Akureyri |
| Toyota Selfossi | Fossnesi 14 | Selfossi |
| Toyota Reykjanesbæ | Njarðarbraut 17 | Reykjanesbæ |
| Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur | Bæjarflöt 13 | Reykjavík |
| Bílageirinn | Grófinni 14a | Reykjanesbæ |
| Bifreiðaverkstæði KS | Hesteyri 2 | Sauðárkróki |
| Nethamar | Garðavegi 15 | Vestmannaeyjum |



Johannes Hahn hitti Oliveru Lakic á heimili hennar í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Árás á blaðamann skaði umsókn Svartfellinga

**SVARTFJALLALAND** Skotárásin sem gerð var á þriðjudag á Oliveru Lakic, 49 ára blaðamann sem skrifar um skipulagða glæpastarfsemi í dagblaðið Vijesti, hefur teflt umsókn Svartfjallalands um aðild að Evrópusambandinu í hættu. Evrópusambandið hvatti Svartfellinga í gær til þess að rannsaka málið til hlítar.

„Þetta hefur áhrif á stöðu og orðspor ríkisins. Við horfum til þessa máls og búumst við því að það verði rannsakað ofan í kjölinn,“ sagði Johannes Hahn, stækkunarstjóri ESB, við blaðamenn í gær eftir heimsókn sína á fréttastofu Vijesti.

Fyrir liggur að skipulögð glæpastarfsemi og spilling standa Svartfellingum einna helst fyrir þrifum í umsóknarferlinu. Þremur köflum aðildarviðræðna hefur verið lokað en þrjátíu standa enn eftir. Umsóknarferlið hófst árið 2005, en þá var Svartfjallaland enn í ríkjasambandi við Serbíu. Eftir að Svartfellingar samþykktu að lýsa yfir sjálfstæði í þjóðaratkvæðagreiðslu árið 2006 hófust aðildarviðræður á ný á byrjunarreit.

Blaðamenn, aðgerðasinnar og stjórnarandstæðingar hafa mótmælt í höfuðborginni Podgorica undanfarna daga. Milo Djukanovic, nýkjörinn forseti, hefur fordæmt árásina.

> **Þetta hefur áhrif á stöðu og orðspor ríkisins. Við horfum til þessa máls og búumst við því að það verði rannsakað ofan í kjölinn.**
>
> Johannes Hahn, stækkunarstjóri ESB

Lakic er nú komin heim af sjúkrahúsi eftir árás þriðjudagsins. Þetta var hins vegar ekki fyrsta skipti sem ráðist hefur verið á hana. Árið 2012 gekk árásarmaður í skrokk á henni fyrir utan heimili hennar í höfuðborginni. Hann fékk níu mánaða fangelsisdóm.

Ráðist hefur verið á annan tug blaðamanna í Svartfjallalandi undanfarin fimmtán ár, samkvæmt Reuters. Til að mynda var Dusko Jovanovic, ritstjóri stjórnarandstöðublaðsins Dan, skotinn til bana þegar hann gekk út af fréttastofunni þann 27. maí árið 2004. – **þea**

# Fagnar gullnu tækifæri

Sameiningarráðherra Suður-Kóreu vongóður um að kjarnorkuafvopnun Kóreuskaga takist. Sagði horfur betri en áður þar sem kjörtímabil forseta er nýhafið.

**SUÐUR-KÓREA** Gullið tækifæri er nú til þess að ná fram algerri kjarnorkuafvopnun og varanlegum friði á Kóreuskaga. Þetta sagði Cho Myoung-gyon, sameiningarráðherra Suður-Kóreu, á ráðstefnu í höfuðborginni Seúl. „Við vitum ekki hvort eða hvenær slíkt tækifæri býðst aftur,“ sagði Cho.

Að mati ráðherrans eru kjöraðstæður nú til að ná þessum markmiðum í ljósi góðs fundar Kim Jong-un, einræðisherra Norður-Kóreu, og Moon Jae-in, forseta Suður-Kóreu, sem haldinn var í landamærabænum Panmunjom rétt fyrir mánaðamót. Þar sammæltust leiðtogarnir meðal annars um að vinna að kjarnorkuafvopnun og formlegum lokum Kóreustríðsins.

„Ekki var hægt að fylgja eftir samningum sem náðust í fyrri leiðtogaviðræðum þar sem þær voru haldnar þegar þáverandi forsetar Suður-Kóreu áttu lítið eftir af kjörtímabili sínu. Nú eru horfur betri þar sem fundurinn var haldinn snemma á kjörtímabilinu,“ sagði Cho enn fremur og vísaði til leiðtogafunda sem haldnir voru árin 2000 og 2007.

Senn líður að leiðtogafundi Donalds Trump, forseta Bandaríkjanna, með Kim. Hann verður haldinn í Singapúr þann 12. júní næstkomandi. Þá mun Moon forseti heimsækja Trump til Washington 22. maí.

Á ráðstefnunni í gær sagði Cho að Moon og Trump myndu á fundi sínum í Washington útkljá allar deilur um hvernig væri best að nálgast Norður-Kóreu. Þá mun Suður-Kórea eiga í sams konar viðræðum við Kína, að því er suðurkóreski miðillinn Yonhap greinir frá.

Reuters greindi frá því í gær að Singapúr hafi orðið fyrir valinu þar sem ríkið er tiltölulega hlutlaust og vegna þess að norðurkóreska sendinefndin þarf ekki að fljúga langt til að komast á áfangastað.



Cho Myoung-gyon, sameiningarráðherra Suður-Kóreu. NORDICPHOTOS/AFP

> **Við vitum ekki hvort eða hvenær slíkt tækifæri býðst aftur.**
>
> Cho Myoung-gyon, sameiningarráðherra Suður-Kóreu

Frá því að Kim varð einræðisherra árið 2011 hefur hann bara ferðast einu sinni til útlanda með flugi, svo vitað sé. Það var í síðustu viku þegar hann ræddi við Xi Jinping, forseta Kína, í Dalian. Flaug hann þangað á Ilyushin-62M einkaþotu sinni á meðan flogið var með glæsikerru hans á áfangastað í fraktflugvél.

**thorgnyr@frettabladid.is**


## Umsóknarfrestur um þróunarsamvinnuverkefni

Ákveðið hefur verið að veita allt að 93 milljónum króna til þróunarsamvinnuverkefna borgarasamtaka árið 2018, til viðbótar við gildandi skuldbindandi samninga ráðuneytisins við íslensk borgarasamtök um þróunarsamvinnu.

Utanríkisráðuneytið minnir á að umsóknarfrestur um styrki fyrir þróunarsamvinnuverkefni íslenskra borgarasamtaka er til miðnættis 1. júní ár hvert.

Umsóknir skal senda á netfangið borgarasamtok.styrkir@mfa.is.

Nánari upplýsingar á **utn.is/heimsljos**

Utanríkisráðuneytið




# Tæplega hálf milljón barna á barmi sveltu

**AUSTUR-KONGÓ** Um 400.000 börn í Kasai-héraði í Austur-Kongó eru í hættu á að deyja úr hungri. Þetta sagði Christophe Boulierac, talsmaður UNICEF, Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna, við BBC í gær.

Átök brutust út í Kasai árið 2016 þegar uppreisn var gerð gegn ríkisstjórninni. Héraðið var áður eitt það friðsælasta og best megandi í ríkinu en í desember síðastliðnum lýstu SÞ því yfir að ástandið þar væri neyðarástand af hæstu gráðu, líkt og í Jemen, Sýrlandi og Írak.

> **Það var mikið áfall að sjá hvað er í gangi þarna.**
>
> Cristophe Boulierac, talsmaður UNICEF

„Það var mikið áfall að sjá hvað er í gangi þarna,“ sagði Boulierac við BBC. Sagðist hann hafa heimsótt þrjá spítala þar sem hann sá börn þjást af vannæringu. Nokkrum dögum eftir heimsóknina voru börnin látin, að sögn Boulierac.

„Við erum ekki að segja að börn gætu dáið úr hungri í Kasai. Við erum að segja að börn séu nú þegar að deyja, þau eru að deyja, þau hafa dáið, í algjörri þögn.“ – **þea**



Nýr Tiguan
á grípandi tilboði.
Gríptu Tiguan tækifærið fyrir sumarið.
Nú bjóðum við vel útbúna Volkswagen Tiguan á sérstöku tilboðsverði. Skarpar línur, rúmgott innanrými og sniðugar tækninýjungar gera hann að spennandi kosti ef þú ert í bílahugleiðingum. Hann skartar ríkulegum staðalbúnaði sem eykur ánægju og öryggi í akstri. Komdu í reynsluakstur, við tökum vel á móti þér.
Tiguan Offroad
Fjórhjóladrifinn, sjálfskiptur, 150 hestöfl
• „Offroad" útlit, 20 cm veghæð
• Margmiðlunartæki með 8" glerskjá
• Mirror Link og Apple CarPlay
• Akreinavari
• Upplýsingaskjár í lit í mælaborði
• Loftkæling
• Nálgunarvarar að framan og aftan
• Hraðastillir
• Leðurklætt aðgerðastýri
• Þakbogar
• Bakkmyndavél
• Montana 17" álfelgur
FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU
5
Tilboðsverð á Tiguan Offroad
4.990.000 kr.
Listaverð 5.790.000 kr.
Við látum framtíðina rætast.
Volkswagen
www.volkswagen.is
HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum
5 ára ábyrgð fylgir fólksbílum HEKLU að uppfylltum ákvæðum ábyrgðarskilmála. Þá er að finna á www.hekla.is/abyrgd • Myndin er af Tiguan R-Line.



# Bylting í banka-þjónustu



# Arion banki hlýtur alþjóðleg verðlaun fyrir stafræna þjónustu

Árlega veitir fagtímaritið Retail Banker International verðlaun fyrir framsæknar nýjungar á sviði bankaþjónustu. Í ár hlutu rafræn íbúðalán Arion banka verðlaun sem „byltingarkenndasta nýjung í bankaþjónustu“ (most disruptive innovation). Bankinn hlaut fjórar aðrar tilnefningar við sama tækifæri.

Rafræn íbúðalán einfalda og hraða ferlinu við fasteignakaup, sem nú er mun þægilegra en áður hefur þekkst. Verðlaunin eru auðvitað ákveðinn mælikvarði en við erum þó fyrst og fremst stolt og þakklát fyrir þá miklu ánægju sem við höfum fundið hjá viðskiptavinum okkar með þær nýjungar sem við höfum kynnt til sögunnar á síðustu misserum.

Við þökkum kærlega fyrir og höldum áfram að leiða byltinguna í stafrænni bankaþjónustu.

**Þægilegri bankaþjónusta gefur þér tíma.**

Rafræn íbúðalán Arion banka hljóta verðlaun fyrir byltingarkenndustu nýjung í bankaþjónustu.

Flestir telja Arion banka standa fremst banka á Íslandi í stafrænum lausnum.*

Flestir telja Arion appið besta bankaappið á Íslandi.**

*Samkvæmt könnun Maskínu 2018 **Samkvæmt könnun MMR 2017

**arionbanki.is** facebook.com/arionbanki @arionbanki

## Hafna stöðvun framkvæmda

**ORKUMÁL** Kröfu Náttúruverndarsamtaka Suðurlands og Landverndar um að framkvæmdir við Brúarvirkjun í Tungufljóti verði stöðvaðar hefur verið hafnað af úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Um er að ræða 9,9 MW vatnsaflsvirkjun HS Orku í Tungufljóti sem sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti framkvæmdaleyfi fyrir. Úrskurðarnefndin segir að stöðvun framkvæmda myndi hafa í för með sér mikið tjón fyrir HS orku. Efnislegri meðferð kærunnar verði lokið áður en framkvæmdir hefjast við aðalstíflu. Því sé hafnað kröfu um stöðvun framkvæmda til bráðabirgða. **– gar**

## Stórskipahöfnin að nálgast land

**LANGANESBYGGÐ** Vinnu við að koma upp stórskipahöfn í Finnafirði hefur undið hratt fram undanfarna mánuði.

„Frá áramótum hefur verið unnið markvisst að samningagerð varðandi stofnun, stjórnun, eignarhald þeirra félaga sem ætlunin er að beri hitann og þungann af verkefninu,“ segir í stöðuskýrslu Elíasar Péturssonar, sveitarstjóra Langanesbyggðar. Fundað hafi verið í Þýskalandi með fulltrúum EFLU verkfræðistofu og Bremenports. „Þótt grundvallaratriði verkefnisins, uppbygging þess og fyrirkomulag séu nú orðin skýr þá eru ýmis mál eftir sem klára þarf. Við þá vinnu þarf að stíga hvert skref varlega og með hagsmuni samfélagsins hér á svæðinu að leiðarljósi.“ **– gar**

# Tekist á um þá ákvörðun SÁÁ að hætta að taka á móti föngum

**Formaður Félags fanga líkir ákvörðun SÁÁ við fjárkúgun. Formaður SÁÁ segir að málið snúist ekki um peninga heldur verkferla. Fangar fá enn þá meðferð í fangelsum og í Hlaðgerðarkoti. Forstjóri Fangelsismálastofnunar segir sjúkrastofnun ekki geta neitað að taka á móti sjúklingum því að verkferlar séu í ólagi.**

**SAMFÉLAG** „Fyrir mér lítur þetta út eins og fjárkúgun,“ segir Guðmundur Ingi Þóroddsson, formaður Afstöðu, félags fanga, um þá ákvörðun SÁÁ að taka ekki lengur við föngum til meðferðar eins og tíðkast hefur lengi. Hann segir SÁÁ vera að stilla yfirvöldum upp við vegg með þessu tiltæki.

„Ég hef óskað eftir beinum og heiðarlegum svörum en ekki fengið, enda erfitt að sykurhúða þessa staðreynd. Ég hvet stjórnvöld til að hætta öllum stuðningi við SÁÁ ef þeir ætla að útiloka ákveðna hópa frá meðferðum. Á meðan SÁÁ og Vogur eru að stilla fangelsisyfirvöldum upp við vegg hafa nú þegar þrír fyrrverandi fangar dáið vegna ofneyslu fíkniefna,“ segir Guðmundur og bendir á að fangar séu sá hópur sem orðið hefur hvað verst úti vegna misnotkunar fíkniefna og goldið fyrir hana með frelsi sínu.



Sjúkrahúsið Vogur tekur ekki lengur við föngum. MYND/E.ÓL

„Við viljum að það gildi um þetta ákveðnar reglur og verkferlar,“ segir Arnþór Jónsson, formaður SÁÁ, og kveður verkferla hafa verið óskipulagða hjá Fangelsismálastofnun. „Þeir skrifa bara lista sem fer eftir einhverri stundaskrá, sem er þannig að þeir sem eru búnir með hluta af sinni afplánun hafa áunnið sér einhvern rétt til að fara í meðferð. En Vogur er sjúkrahús og það innritar sig enginn í meðferð nema með beiðni frá lækni,“ segir Arnþór. Spurður hvernig aðrir innritist á Vog segir Arnþór að það fari í gegnum lækna á Vogi og það sama eigi í sjálfu sér við um fanga, en ítrekar að verkferlar og prótókollar þurfi að vera fyrir hendi.

Arnþór segir þetta alls ekki snúast um peninga. „En þú sérð að ef fangi verður veikur og þarf að leggjast inn á Landspítalann þá er það mjög dýrt fyrir Fangelsismálastofnun því þá þarf fangavörður að fylgja,“ segir Arnþór, en hafnar því þó aðspurður að það sé vilji SÁÁ að fangavörður fylgi föngum í meðferð á Vogi.

„Föngum verður ekki bannað að sækja um meðferð hjá SÁÁ og ef læknar hjá SÁÁ eða öðrum meðferðarstofnunum samþykkja að taka fanga til meðferðar, þá samþykkjum við það að uppfylltum öðrum skilyrðum,“ segir Páll Winkel, forstjóri Fangelsismálastofnunar, og bætir við: „Það getur ekki verið að sjúkrastofnun neiti að taka á móti sjúklingum vegna þess að hún er ósátt við „prótókoll“ tiltekinnar ríkisstofnunar.“

Aðspurður segir Páll að menn vinni sér ekki inn rétt til meðferðar, heldur sæki fangar gjarnan um áfengismeðferð þegar líða fer að því að þeir fái frelsið. Til dæmis fái menn ekki að fara á áfangaheimilið Vernd nema að vera án vímuefna.

Páll segir að föngum standi enn þá til boða að fá aðstoð vegna fíknivanda, bæði á meðferðargangi á Litla-Hrauni og svo hafi lengi verið góð samvinna milli Fangelsismálastofnunar og Hlaðgerðarkots sem tekið hafi á móti föngum til meðferðar. **adalheidur@frettabladid.is**




B|L
BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516




Bandalag íslenskra bílablaðamanna valdi Peugeot 3008 sem Bíl ársins 2018 á Íslandi úr hópi 30 bíla. Þetta er mikil viðurkenning á gæðum Peugeot sem hafa heillað heimsbyggðina, hann hefur unnið til 38 alþjóðlegra verðlauna. PureTech bensínvél bílsins hlaut þann heiður að vera valin Vél ársins þriðja árið í röð.

***KOMDU OG KEYRÐU TÍMAMÓTABÍLINN PEUGEOT 3008!***

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

**Brimborg Reykjavík**
Bíldshöfða 8
Sími 515 7040

**Brimborg Akureyri**
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

**Nýir og notaðir bílar:**
Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

**Peugeotisland.is**

FRÉTTABLAÐIÐ

# SKOÐUN

# Harpa á betra skilið



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Tónlistarhúsið Harpa er guðsgjöf fyrir íslenska menningu. Loksins eignuðumst við hús sem veitir menningarviðburðum tilhlýðilega umgjörð. Allar dýrar framkvæmdir orka tvímælis þegar farið er af stað, en þegar vel tekst til, eins og í tilviki Hörpu, þá verða umdeildar framkvæmdir að þjóðargersemi.

En velvild er hægt að missa úr greipunum á einni nóttu. Þar hefur núverandi yfirstjórn Hörpu náð undraverðum árangri. Nánast öll tíðindi er varða rekstur hússins birtast með neikvæðum formerkjum. Nýverið var tilkynnt að Harpa hefði verið rekin með ríflega 240 milljóna króna tapi á síðasta ári. Samanlagt tap rekstrarfélags Hörpu frá 2011 nemur rúmum þremur milljörðum króna, því til viðbótar hafa ríki og Reykjavíkurborg lagt 8,2 milljarða til hússins.

Auðvitað er viðbúið að menningarstarfsemi þurfi að einhverju leyti að niðurgreiða, en áætlanir um rekstur hússins virðast líka hafa verið óraunhæfar. Það er ósanngjarnt að ætla núverandi stjórnendum að axla einir ábyrgð. Hvað sem því líður er það verkefni stjórnenda að útbúa raunhæfar áætlanir um reksturinn. Þar þarf raunsæi til, ekki óskhyggju.

Frammistaða stjórnar og stjórnenda Hörpu í umræðunni á liðnum misserum gefur ekki tilefni til tiltrúar á að þau valdi starfinu. Í vetur bárust fregnir af furðulegri fjármálastjórn í tengslum við tónleika Sigur Rósar í Hörpu. Niðurstaðan varð milljóna tjón fyrir Hörpu og Sigur Rós. Tilraunir forsvarsmanna til skýringa á málinu voru fálmkenndar svo ekki sé meira sagt. Að mörgum hefur væntanlega læðst sá grunur að vinnubrögð sem þessi fengju varla að viðgangast í einkageiranum afleiðingalaust.

Umræðan um launakjör forstjórans eru svo sérkapítuli. Aftur hafa viðbrögðin verið með eindæmum fálmkennd og misvísandi. Upplifun starfsmanna hússins var greinilega sú sama. Svo fór að 22 þjónustufulltrúar gengu út.

Þá kvað stjórnarformaður Hörpu sér hljóðs og sagði fréttir af málinu „falsfréttir“ og „rangar“ fréttir.

Viðbrögð stjórnarformannsins eru skólabókardæmi um hvernig ekki á að taka á fjölmiðlaumræðu. Hann kaus að skjóta sendiboðann í stað þess að líta í eigin barm. Fjölmiðlar gera ekki annað en að spegla samfélagið, og reyna að hafa rétt eftir gögnum og heimildum. Stjórnarformaðurinn gat engin dæmi nefnt um rangfærslur fjölmiðla máli sínu til stuðnings. Með því vóg hann að starfsheiðri þeirra fjölmiðlamanna og fjölmiðla sem í hlut áttu.

Fréttir af rekstri Hörpu undanfarið benda því miður til þess að það sé regla frekar en undantekning að stjórnendum séu mislagðar hendur. Nær væri að fram færi almennileg greining á stjórnarháttum félagsins frekar en að halda áfram skotárásum á sendiboðann.

Batnandi fólki er best að lifa, en til að bót verði á þarf fyrst að viðurkenna vandann. Harpa á betra skilið.

**Að mörgum hefur væntanlega læðst sá grunur að vinnubrögð sem þessi fengju varla að viðgangast í einkageiranum afleiðingalaust.**




## Gunnar




## Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir



# Ertu Tryggvi eða Thor?

Sagan. Hún er oft víti til varnaðar. Alþýðusamband Íslands sendi frá sér auglýsingu á dögunum þar sem rifjað er upp efnahagslegt ógnarástand „ólgu- og átakaáranna“ milli 1970 og 1990. „Á ólgu- og átakaárunum hækkuðu laun um allt að 55% á ári,“ segir í auglýsingunni. „Á sama tíma stóð kaupmátturinn í stað eða minnkaði. Kauphækkanir skiluðu litlu. Gengisfellingar og aðrar stjórnvaldsaðgerðir, óðaverðbólga, vextir og ýmis förnarkostnaður átu jafnharðan krónurnar sem höfðust upp úr verkföllum og vopnaskaki.“

Ekki verður annað séð en að auglýsingin sé til þess gerð að letja félagsfólk ASÍ til að svara kalli formanns VR, Ragnars Þórs Ingólfssonar, sem boðaði „skæruverkföll“ í ræðu 1. maí. „Ef við verðum ekki farin að sjá til sólar um næstu áramót um mikilvægar kerfisbreytingar,“ sagði Ragnar, „munum við hefja aðgerðir.“

ASÍ hefur á réttu að standa. Enginn er bættari hverfum við aftur til óðaverðbólguáranna. En fyrst ASÍ býður okkur nú í vegferð um söguna er rétt að staldra við víðar.

### Billjarðstofa og vínkjallari

Svona voru laun á Íslandi á heimastjórnartímabilinu: Hannes Hafstein, ráðherra: 8.000 krónur; skrifstofustjórar í Stjórnarráðinu: 3.500 krónur; Emil Schou, bankastjóri Íslandsbanka: 8.000 krónur; bókarar í Íslandsbanka: 1.800 krónur; trésmiðir: 1.500 krónur; verkamenn: 500 krónur; verkakonur: 250 krónur.

Rithöfundurinn Tryggvi Emilsson fæddist við upphaf 20. aldar. Í bók sinni Fátækt fólk lýsir hann íbúð sem fjölskylda hans bjó í á Akureyri þegar hann var barn: „Ekki var þetta stórt í sniðum, eitt herbergi undir súð og aðgangur að eldhúsi þar sem önnur hjón barnmörg áttu sitt matborð ... Engin upphitun var í húsinu nema frá eldavélinni ... Engin hurð var á dyrum ... [A]llt vatn [var] sótt í brunn sem margir jusu úr. Allt skólp og annar úrgangur var borinn út í fjöru.“

Um sama leyti reisti athafnamaðurinn Thor Jensen sér hús við Fríkirkjuveg 11 í Reykjavík. Var húsið byggt í ítölskum villustíl, skreytt klassísku skrauti og súlum. Í því voru 15 herbergi auk eldhúss. Þar var billjarðstofa og vínkjallari. Þó að hvorki væri komin rafveita né vatnsveita í Reykjavík þegar húsið var byggt var bæði rennandi vatn og rafmótor til lýsingar í húsinu.

### Ógnin við stöðugleikann

Í lok þessa árs losna 79 kjarasamningar. Það er því varla tilviljun að mörgum verður nú tíðrætt um hinn svo kallaða stöðugleika. Virðist ýmsum þykja Ragnar Þór Ingólfsson ein helsta ógnin við stöðugleikann. En er það svo?

Ímyndum okkur að við horfum á hús sem kviknað er í. Augljósasta birtingarmynd aðsteðjandi eyðileggingar er ólgandi reykjarmökkur sem streymir út um gluggana. Ef við vissum ekki betur mætti draga þá ályktun að reykurinn væri vandamálið, ef við gætum blásið honum burt væri hættan frá. En við vitum öll að rót vandans er ekki reykurinn heldur eldurinn sem leynist inni í húsinu. Reykurinn er aðeins vísbending um að eitthvað sé að.

Í síðustu viku létu 20 þjónustufulltrúar Hörpu af störfum. Ástæðan var sú að á sama tíma og þjónustufulltrúarnir tóku á sig launalækkun vegna erfiðs rekstrar hússins fékk forstjóri Hörpu launahækkun.

Ragnar Þór Ingólfsson er ekki bálið sem svíður íslenskt samfélag; Ragnar Þór er reykurinn. Eyðileggingaröflin, eldurinn sem ógnar stöðugleikanum, eru þeir fáu sem eiga allt og heimta stöðugt meira. Hörpumálið er smækkuð en hárnákvæm útgáfa af því sem nú á sér stað í íslensku samfélagi: Þeir sem lægst hafa launin eiga að halda sig á mottunni og gæta stöðugleikans á meðan topparnir maka krókinn sama hvernig sigling skútunnar gengur.

Auðvitað vill enginn hverfa aftur til tíma ólgu og óðaverðbólgu. En við viljum heldur ekki hverfa aftur til tíma þar sem sumir búa eins og Tryggvi Emilsson og sumir eins og Thor Jensen.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálssson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

HONDA
The Power of Dreams

# MEIRI AFKÖST
# MEIRI BÚNAÐUR
# MEIRI CIVIC




Honda Civic er bíll sem er allt annað og meira. Hannaður sérstaklega fyrir þig, fjölskylduna og áhugamálin. Hann endurspeglar metnað okkar fyrir öryggi og tæknilegum yfirburðum. Staðalbúnaður í Civic er radartengdur skriðstillir, árekstrarvari, akgreinaaðstoð og handfrjáls símabúnaður svo dæmi séu tekin. Civic er skemmtilegur að aka, öruggur og áreiðanlegur með pláss fyrir flest, þó sérstaklega – þig og þína! Fullkomin blanda af krafti, sparneytni og gæðum. **Komdu í heimsókn og prófaðu Honda Civic meira af okkar besta til þessa.**



**Honda Jazz**
verð frá kr. 2.540.000

**Honda Civic**
verð frá kr. 2.990.000

**Honda HR-V**
verð frá kr. 3.870.000

**Honda CR-V**
verð frá kr. 4.840.000

**Bernhard ehf** • Vatnagörðum 24-26 • 104 Reykjavík • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

HONDA

## Víkingur bætti við markmanni

**FÓTBOLTI** Víkingur Reykjavík fékk í gær til liðs við sig nýjan markmann fyrir komandi átök í Pepsi-deild karla þegar Andreas Larson skrifaði undir.

Kemur Andreas frá Lyngby BK í Danmörku en honum er ætlað að koma í markið í stað Aris Vaporakis í mark Víkings. Vaporakis meiddist eftir ljóta byltu í öðrum leik sínum fyrir félagið og verður frá næstu vikurnar.

Æfði Andreas með Víkingum í æfingarferð félagsins í vor en meiðsli hjá Lyngby þýddu að ekki var í boði að semja við hann á þeim tíma. – **kpt**

## Úr Haukum til Danmerkur

**HANDBOLTI** Landsliðsmarkvörðurinn Elín Jóna Þorsteinsdóttir gekk í gær til liðs við Vendyssel í danska handboltanum en hún kemur til liðsins frá Haukum.

Skrifaði hún undir tveggja ára samning í Danmörku en Vendyssel er nýliði í efstu deild.

Hefur Elín sem er uppalin í Gróttu á Seltjarnarnesi leikið undanfarin þrjú ár með Haukum í Olís-deild kvenna en hún var valin íþróttakona Hauka árið 2017.

Elín fór á dögunum á reynslu hjá félaginu og skilaði það samningi í atvinnumennsku en hún hefur leikið tíu leiki fyrir hönd Íslands. – **kpt**



**Elín Jóna Þorsteinsdóttir**




**Það var mikil eftirvænting fyrir því að heyra 23 manna leikmannahópinn sem landsliðsþjálfarateymið hafði valið í höfuðstöðvum KSÍ í gær.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Var á sama tíma auðvelt og erfitt

**Heimir Hallgrímsson tilkynnti 23 manna hópinn fyrir í lokakeppni HM í Rússlandi í gær. Heimir segir að hann sem persóna hafi átt erfitt með valið, en sem þjálfari sé hann sáttur.**

**FÓTBOLTI** Heimir Hallgrímsson, þjálfari íslenska karlalandsliðsins í knattspyrnu, og aðstoðarmenn hans tilkynntu í hádeginu í gær hvaða 23 leikmenn hlutu náð fyrir augum þeirra og verða fulltrúar liðsins í lokakeppni HM í Rússlandi í sumar. Þetta er í fyrsta skipti sem Ísland tekur þátt í lokakeppni HM og því var rafmögnuð spenna í fundarsal KSÍ þegar myndbandi var smellt af stað sem innihélt á myndrænan hátt leikmannahóp liðsins.

Miklar vangaveltur hafa verið á meðal knattspyrnuáhugamanna og sérfræðinga í knattspyrnuheiminum um það hvernig hópurinn myndi líta út og það mátti greina létti í andliti Heimis þegar hann tyllti sér við hlið blaðamanns Fréttablaðsins og ræddi valið á leikmönnum liðsins og næsta fasa í undirbúningi þess. Það var augljóst að Heimir var spenntur fyrir komandi verkefnum eins og vænta mátti.

„Það er ákveðinn léttir að vera búinn að tilkynna hópinn. Það hefur mikið verið rætt og ritað um það hvernig hópurinn mun líta út. Það er gott að vera búinn að koma þessu frá sér. Nú tekur við sá tími þar sem valið er gagnrýnt og við munum svara því eftir föngum. Við erum mjög sáttir með þennan leikmannahóp," segir Heimir um aðdraganda og eftirmála þess að hópurinn var tilkynntur.

„Sem persóna þá var það vissulega mjög erfitt að þurfa að segja þeim leikmönnum, sem hafa verið lengi í hópnum og hafa tengst manni sterkum böndum, að þeir muni ekki taka þátt í stærsta verkefni íslenska liðsins. En sem þjálfari þá er þetta bara hluti af starfinu og eitthvað sem ég verð að gera. Það er ekkert hægt að hlaupast undan því að að velja og hafna," segir Heimir um það hvernig honum hafi verið innanbrjósts í gærmorgun.

„Það kallaði hins vegar fram gæsahúð hvernig þeir leikmenn, sem fengu skilaboð um að þeir væru ekki í hópnum, tóku þeim fregnum. Þau einkenndust af fagmennsku, ósk um gott gengi og skilningi á þeirri ákvörðun sem við þurftum að taka. Það hlýjar mér um hjartarætur og sýnir svart á hvítu þá liðsheild og samhug sem einkennir þann hóp sem hefur spilað fyrir liðið undanfarin ár," segir Heimir enn fremur um viðbrögð leikmanna sem voru nálægt hópnum.

### HM-hópurinn

**Markmenn**
Hannes Þór Halldórsson, Randers
Rúnar Alex Rúnarsson, Nordsjælland
Frederik Schram, Roskilde

**Varnarmenn**
Ari Freyr Skúlason, Lokeren
Birkir Már Sævarsson, Valur
Hörður Björgvin Magnússon, Bristol City
Hólmar Örn Eyjólfsson, Levski Sofia
Kári Árnason, Aberdeen
Ragnar Sigurðsson, Rostov
Samúel Kári Friðjónsson, Vålerenga
Sverrir Ingi Ingason, Rostov

**Miðjumenn**
Aron Einar Gunnarsson, Cardiff City
Arnór Ingvi Traustason, Malmö
Birkir Bjarnason, Aston Villa
Emil Hallfreðsson, Udinese
Gylfi Þór Sigurðsson, Everton
Jóhann Berg Guðmundsson, Burnley
Ólafur Ingi Skúlason, Karabükspor
Rúrik Gíslason, Sandhausen

**Sóknarmenn**
Albert Guðmundsson, PSV Eindhoven
Alfreð Finnbogason, Augsburg
Björn Bergmann Sigurðarson, Rostov
Jón Daði Böðvarsson, Reading

**Það var afar erfitt að segja leikmönnum sem hafa verið lengi í hópnum að þeir yrðu ekki með í stærsta verkefni landsliðsins frá upphafi.**

Heimir Hallgrímsson

### Færi á meiri afþreyingu

Ákveðið hefur verið að íslenska liðið muni undirbúa sig að mestu leyti hér heima í aðdraganda keppninnar, en æft verður hér heima og síðustu tveir vináttulandsleikir fyrir mótið leiknir á Laugardalsvelli. Var sú ákvörðun tekin í samstarfi við leikmenn íslenska landsliðsins. Annar þeirra leikja er gegn Lars Lagerbäck og lærisveinum hans í Noregi.

Heimir segir að ýmsar ástæður liggi að baki því að breyta því hvernig undirbúningi liðsins er háttað frá því sem gert var fyrir EM 2016.

„Við fundum fyrir því þegar við spiluðum við Frakka í lokaleiknum okkar í Frakklandi að við vorum bæði andlega og líkamlega þreyttir. Það er alveg sama hversu samheldinn hópur er, það kemur ávallt þreyta þegar hann er búinn að vera lengi saman. Með því að vera hér heima þá gefst færi á fjölbreyttari afþreyingu, auk þess sem leikmenn og starfsfólk liðsins geta eytt tíma með fjölskyldu og vinum sem ætti að lyfta andanum," segir Heimir um þá ákvörðun að undirbúa liðið hér heima.

Hann kveðst spenntur að mæta Lars á hliðarlínunni en hann stefnir, að sjálfsögðu, á sigur gegn Noregi. Þar að auki muni leikurinn nýtast vel til að fara yfir ákveðna hluti fyrir Heimsmeistaramótið.

„Mér finnst það viðeigandi að Lars eigi þátt í því að undirbúa liðið fyrir þetta stóra verkefni. Hann á stóran þátt í uppgangi liðsins og ég lærði ofsalega mikið af honum. Fyrir utan það er Lars góður vinur minn og það er alltaf gaman að hitta hann. Það verður nýtt fyrir mér að takast á við hann á hliðarlínunni, en þetta verður bara gaman. Við munum nýta þessa leiki til þess að leyfa þeim, sem langt er liðið frá því að hafa spilað leik, að leika og til þess að fara yfir ákveðna þætti fyrir leikina á HM," segir Heimir um leikina við Noreg og Gana sem fram fara á Laugardalsvelli 2. júní annars vegar og 9. júní hins vegar.

hjorvaro@frettabladid.is

ÚRSLIT KARLA
olís DEILDIN GRÍPTU GLEÐINA!



| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| ÍBV–FH | laugard. | 12. maí | kl. 16:00 | Vestmannaeyjar |
| FH–ÍBV | þriðjud. | 15. maí | kl. 19:30 | Kaplakriki |
| ÍBV–FH | fimmtud. | 17. maí | kl. 19:30 | Vestmannaeyjar |
| FH–ÍBV | laugard. | 19. maí | kl. 19:30 | Kaplakriki |
| ÍBV–FH | þriðjud. | 22. maí | kl. 19:30 | Vestmannaeyjar |

#olisdeildin




Fyrirliðarnir Ásbjörn og Magnús mátuðu bikarinn. FRÉTTABLAÐIÐ/KRISTINN PÁLL

# Komið að úrslitastundu

**Úrslitaeinvígi Olís-deildarinnar hefst í dag þegar ÍBV tekur á móti FH. Eyjamenn geta unnið þriðja titil ársins en FH-ingar vilja svara fyrir silfur síðasta árs.**

**HANDBOLTI** ÍBV tekur á móti FH í fyrsta leik liðanna í úrslitaeinvígi Olís-deildar karla í Vestmannaeyjum í dag en vinna þarf þrjá leiki til að tryggja sér meistaratitilinn. Takist ÍBV að vinna er liðið handhafi allra stærstu titla landsins, deildar-, bikar- og Íslandsmeistaratitilsins en það yrði annar Íslandsmeistaratitillinn í sögu karlaflokks ÍBV.

Hjá FH er sautjándi meistaratitillinn í boði annað árið í röð en FH er næstsigursælasta félagið í karlaflokki á eftir Val (22) með sextán titla.

Hafa FH-ingar ekki fengið mikla hvíld, þeir fóru í oddaleik í einvígi sínu gegn Selfossi sem lauk á miðvikudaginn en ÍBV hefur fengið viku til að hvíla lúin bein eftir þétta leikjadagskrá undanfarnar vikur sem hefur innihaldið Evrópukeppni í bland við úrslitakeppni.

„Undirbúningurinn hefur gengið mjög vel, hausinn er á réttum stað og við erum tilbúnir. Það hentar okkur ágætlega að þetta hefjist um helgina, við fengum smá hvíld sem var kærkomin því menn voru orðnir ansi lemstraðir en hún er ekki það löng að við missum taktinn,“ sagði Magnús Stefánsson, fyrirliði ÍBV, er Fréttablaðið ræddi við hann í vikunni.

**Erfitt að koma á óvart**

Verður þetta í þriðja sinn sem liðin mætast í vetur en ÍBV vann báða leiki liðanna í Olís-deildinni. Þar á meðal er stórsigur Eyjamanna á FH í Vestmannaeyjum.

Magnús á von á því að einvígið verði eilítil skák þar sem liðin þekkist vel.

„Leikaðferð þeirra mun breytast töluvert ef tekið er mið af einvíginu gegn Selfossi en þessi lið þekkjast það vel að þetta snýst í raun um dagsform og hvorum tekst betur að leysa það sem andstæðingurinn gerir. Það er klisjukennt að segja það en dagsformið, markvarslan og varnarleikurinn er það sem mun skilja liðin að í lokin.“




Telur hann að reynsla ÍBV-liðsins og samheldnin innan hópsins eftir öll ferðalögin í Evrópukeppninni geti skilað liðinu yfir þröskuldinn.

„Það hefur skapast þessi sigurhefð hjá félaginu undanfarin ár, kominn Íslandsmeistaratitill og tveir bikarmeistaratitlar. Það getur líka unnið með okkur að samheldnin er meiri en nokkurn tíma áður, þetta er hálfgerð fjölskylda manns eftir allan þennan tíma sem við höfum eytt saman í vetur.“

Ásbjörn Friðriksson, fyrirliði FH, segir að Hafnfirðingar séu ákveðnir í að fara alla leið þetta árið. Hann kannaðist ekki við þreytu þó að stutt væri milli leikja.

„Heilsan er góð, auðvitað er eitthvað um hnjask en það er eðlilegt á þessum tímapunkti mótsins en við erum sennilega á okkar besta stað eftir áramót. Við erum bara að einbeita okkur að ÍBV og einvíginu. Það er ekkert handboltalið fullkomið og það er okkar að finna veikleika þeirra,“ segir Ásbjörn sem var ekki viss hvort það væri kostur eða galli að FH hefði farið í oddaleik í undanúrslitunum á meðan ÍBV sópaði Haukum í sumarfrí.

„Það er erfitt að segja, í fyrra fengum við langa hvíld og horfðum á eftir titlinum eftir oddaleik til Valsmanna sem voru með þétta dagskrá. Þetta á ekki að hafa áhrif, við þurfum bara að einblína á okkur og mæta jákvæðir til leiks á laugardaginn.“

**Reynslunni ríkari**

Ásbjörn telur að FH-ingar mæti betur tilbúnir inn í einvígið gegn ÍBV heldur en gegn Val í fyrra.

„Við höfum nýtt reynslu okkar frá því í fyrra í einvíginu gegn Selfossi. Það hefði verið auðvelt að brotna niður í fjórða leiknum þegar þeir voru með gott forskot en við snerum því okkur í hag og kláruðum einvígið,“ segir Ásbjörn sem hefur ekki of miklar áhyggjur af að ÍBV sé með heimavallarréttinn.

„Síðustu tvö ár sem þessi hópur hefur verið saman höfum við verið mjög góðir á útivelli, það truflar okkur í raun ekki. Við vissum eftir deildarkeppnina að það yrði ólíklegt að við værum með heimavallarrétt og það er langt síðan við hættum að velta þessu fyrir okkur.“

FH missir fjóra sterka leikmenn í lok tímabilsins út í atvinnumennsku.

„Þessir strákar vilja eflaust skilja við þetta frábæra félag með titli en við vitum að við þurfum að spila virkilega heilsteypta leiki til að vinna ÍBV,“ segir Ásbjörn.

kristinnpall@frettabladid.is



IDdesign

## EDGE
Skápasamstæða.
Hvít með eikarhurðum.
Stærð hvorrar eininga:
Br. 180 × H: 45,5 cm
Dýpt efri 32,5 cm
Dýpt neðri: 42 cm

**149.994 kr.** ~~249.990 kr.~~

**40%** AFSLÁTTUR



## FLOW
Ruggustóll / hægindastóll. Svört eik eða hnota og svart Fantasy leður.
Skammel fáanlegt, selt sér.



**50%** AFSLÁTTUR

**159.995 kr.** ~~319.990 kr.~~

## DARYLL
Kollar úr málmi.
Þrír litir.



**50%** AFSLÁTTUR

**4.995 kr.** ~~9.990 kr.~~



**30%** AFSLÁTTUR

## ELIZABETH
Sófasett úr svörtu gæðaleðri.
Þriggja og tveggja sæta sófar og stóll með skemli.



2ja sæta: 142 × 91 × 81 cm
**139.993 kr.** ~~199.990 kr.~~

3ja sæta: 195 × 91 × 81 cm
**174.993 kr.** ~~249.990 kr.~~

Stóll: 87 × 91 × 81 cm
**97.993 kr.** ~~139.990 kr.~~

Skemill: 57 x 47 x 44 cm
**29.393 kr.** ~~41.990 kr.~~



**50%** AFSLÁTTUR

LA-Z-BOY

## KENNEDY
Klassískt 3ja sæta sófi og stóll frá La-Z-Boy. Ljósgrátt slitsterkt áklæði.
Stærð sófa: 196 x 100 x 97 cm

Stóll
**59.995 kr.** ~~119.990 kr.~~

Sófi
**89.995 kr.** ~~179.990 kr.~~





**50%** AFSLÁTTUR

## RAN
Burstuð villt eik og svartir fætur.
Stærð: 200 x 95 cm.

**99.995 kr.** ~~199.990 kr.~~



**15%** AFSLÁTTUR

## CARINA
Borðstofuborð, króm/hvítt.
Stærð: 100 x 170/270 H: 74 cm

**93.492 kr.** ~~109.990 kr.~~

## LYRE
Stórglæsilegt borðstofuborð frá POMAX úr endurunnum álmi. Borðplata klædd málmi.
Ø: 118 cm
og hæð: 76 cm



**80%** AFSLÁTTUR

**57.998 kr.** ~~289.990 kr.~~

**Reykjavík** Bíldshöfði 20 — **10 – 18** virka daga, **11 – 17** laugardaga, **13 – 17** sunnudaga
**Akureyri** Dalsbraut 1 — **10 – 18** virka daga, **11 – 16** laugardaga
**Ísafjörður** Skeiði 1
**www.husgagnahollin.is** 558 1100

*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru. Tilboðin gilda frá 4.–7. maí 2018 eða á meðan birgðir endast.*



## CHISA

Nettur og skemmtilegur hægindastóll. Fáanlegur í grænu og bláu sléttflaueli.

**23.992 kr.** ~~29.990 kr.~~

**20% AFSLÁTTUR**

VEFVERSLUN
www.husgagnahollin.is
ALLTAF OPIN

# HELGAR SPRENGJA

## FRÁ FÖSTUDEGI TIL MÁNUDAGS, 10.–14 MAÍ

LA Z BOY



**40% AFSLÁTTUR**

## ADAM

La-z-boy hægindastóll. Brúnt eða grátt slitsterkt áklæði.

**65.994 kr.** ~~109.990 kr.~~

LA Z BOY



**25% AFSLÁTTUR**

## GRAND CANYON

La-z-boy hægindastóll. Brúnt, vínrautt og svart leður.

**142.493 kr.** ~~189.990 kr.~~



**25% AFSLÁTTUR**

Aukahlutir: Hnakka- og armpúði

## EASY

Hornsófi. Ljósgrátt slitsterkt áklæði. Stærð: 305 × 220 × 95 cm.

**179.993 kr.** ~~239.990 kr.~~

## ALBERTA

Borðstofustóll, grátt eða svart PVC áklæði.



**25% AFSLÁTTUR**

**6.743 kr.** ~~8.990 kr.~~



**30% AFSLÁTTUR**

## RIA

Nettur og einstaklega þægilegur þriggja sæta sófi. Grátt og dökkgrátt slitsterkt áklæði.

3ja sæta:
192 × 83 × 79 cm

**55.993 kr.** ~~79.990 kr.~~

## EIFFEL

Rauður eldhússtóll með krómlöppum.



**40% AFSLÁTTUR**

**7.194 kr.** ~~11.990 kr.~~

HÚSGAGNA HÖLLIN

# Stigatafla fyrir Eurovision

Taktu þátt í Eurovision-leik Fréttablaðsins. Þrír heppnir sem giska á rétt úrslit fá veglegan grillpakka frá Kjarnafæði og verða vinningshafar kynntir á **frettabladid.is** strax að lokinni keppni. Skrifaðu hvaða lönd þú heldur að lendi í þremur efstu sætunum í kassann hér til hliðar, taktu síðan mynd af honum og sendu okkur á **Facebook-síðu Fréttablaðsins** áður en stigagjöfin hefst.

**NAFN:**

Fyrsta sæti:

Annað sæti:

Þriðja sæti:

FRÉTTABLAÐIÐ.IS

KJARNAFÆÐI

| LAND | FLYTJANDI | LAG | Lagið (Flutningur og laga- og textasmíð) | Skemmtanagildi (Húmor, framkoma og fjör) | Sviðsetningin (Leikmunir, ljós, grafík og fleira) | Óvænti faktorinn (Það sem þú hefðir aldrei búist við) | Geðþóttastig (Af því bara) | SAMTALS |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Úkraína | Melovin | Under the ladder | | | | | | |
| Spánn | Amaia y Alfred | Tu canción | | | | | | |
| Slóvenía | Lea Sirk | Hvala, ne! | | | | | | |
| Litháen | Ieva Zasimauskaitė | When we're old | | | | | | |
| Austurríki | Cesár Sampson | Nobody but you | | | | | | |
| Eistland | Elina Nechayeva | La forza | | | | | | |
| Noregur | Alexander Rybak | That's how you write a song | | | | | | |
| Portúgal | Cláudia Pascoal | O jardim | | | | | | |
| Bretland | SuRie | Storm | | | | | | |
| Serbía | Sanja Ilić & Balkanika | Nova deca | | | | | | |
| Þýskaland | Michael Schulte | You let me walk alone | | | | | | |
| Albanía | Eugent Bushpepa | Mall | | | | | | |
| Frakkland | Madame Monsieur | Mercy | | | | | | |
| Tékkland | Mikolas Josef | Lie to me | | | | | | |
| Danmörk | Rasmussen | Higher ground | | | | | | |
| Ástralía | Jessica Mauboy | We got love | | | | | | |
| Finnland | Saara Aalto | Monsters | | | | | | |
| Búlgaría | Equinox | Bones | | | | | | |
| Moldóva | DoReDoS | My lucky day | | | | | | |
| Svíþjóð | Benjamin Ingrosso | Dance you off | | | | | | |
| Ungverjaland | AWS | Viszlát nyár | | | | | | |
| Ísrael | Netta | Toy | | | | | | |
| Holland | Waylon | Outlaw in 'em | | | | | | |
| Írland | Ryan O'Shaughnessy | Together | | | | | | |
| Kýpur | Eleni Foureira | Fuego | | | | | | |
| Ítalía | Ermal Meta e Fabrizio Moro | Non mi avete fatto niente | | | | | | |

Breytum borginni

D

# Friðlýsing Elliðaárdals

Við viljum rækta græn svæði í byggðum borgarinnar og standa vörð um náttúruperlur í borgarlandinu.

Opinn súpufundur félaga sjálfstæðismanna í Breiðholti um friðlýsingu Elliðaárdals og framtíðarmöguleika svæðisins.

Í dag, laugardaginn 12. maí, kl. 11.00-13.00.
í Sjálfstæðisheimilinu, Álfabakka 14a.

Allir velkomnir!

**Egill Þór Jónsson**
4. sæti

**Björn Gíslason**
8. sæti

**Eyþór Arnalds**
borgarstjóraefni

**Marta Guðjónsdóttir**
5. sæti

**Jórunn Pála Jónasdóttir**
9. sæti



# Mamma kom til baka – þá get ég það líka

Mæðgurnar **Hilda Jana Gísladóttir** og **Hrafnhildur Lára Ingvarsdóttir** hafa báðar þurft að fóta sig á nýjan leik í lífinu án áfengis og fíkniefna. Hrafnhildur segir móður sína hafa bjargað lífi sínu meðal annars með því að vísa henni á götuna á Akureyri. Og svo seinna með því að koma henni til hjálpar á ögurstundu.



„Við erum búin að fá stelpuna okkar aftur. Neistinn er þarna og manneskjan sem ég þekki. Þetta er stelpan mín,“ segir Hilda Jana. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is


Hilda Jana Gísladóttir er komin til Reykjavíkur að heimsækja dóttur sína, Hrafnhildi Láru Ingvarsdóttur.

Hrafnhildur er rétt rúmlega tvítug og dvelur á áfangaheimilinu Dyngjunni. Þar er hún í eftirmeðferð eftir áfengismeðferð á Vogi. Hilda Jana þekkir áfangaheimilið, hún dvaldi þar eitt sinn sjálf, átján ára gömul.

„Það gengur rosalega vel hjá mér. Ég er búin að vera edrú í um hálft ár og hef búið í Dyngjunni síðan 10. desember,“ segir Hrafnhildur frá.

Þær mæðgur eru komnar á kaffihús í austurborginni til fundar við blaðamann sem fær að heyra um sameiginlega lífsreynslu þeirra af alkóhólisma.

„Þarna er pláss fyrir fjórtán konur, það er alltaf biðlisti í þetta úrræði. Ég sótti um að komast þarna að síðasta sumar og finnst ég mjög heppin að hafa komist þarna inn. Það er oft talað um að það sé mikilvægt í batanum að vera með sínu kyni,“ segir Hrafnhildur.

Þær mæðgur eru líkar. Og það sést að þær eru nánar. Þær teygja sig oft hvor eftir annarri meðan á samtalinu stendur. Horfast í augu og klára setningar hvor fyrir aðra. Brosa innilega og hlæja. Það er bjart yfir þeim. Þær bera báðar sama húðflúrið. Stærðfræðimerkið fyrir óendanleika. Hilda Jana ber það á fæti en dóttir hennar á úlnlið.

## Loksins komin aftur

„Ég fæ að heyra það frá mörgum að ég sé loksins komin aftur. Það er eins og það breytist allt. Eins og ég hafi verið önnur manneskja,“ segir Hrafnhildur.

„Sjúkdómurinn heltekur fólk og það er ekki það sjálft þegar það er veikt. Við erum búin að fá stelpuna okkar aftur. Neistinn er þarna og manneskjan sem ég þekki. Þetta er stelpan mín,“ segir Hilda Jana.

Hjá Hildu Jönu, eins og hjá dóttur hennar, byrjaði neyslan hægt. Þær kannast báðar mjög vel við einkenni kvíða og þunglyndis. Þá tók við drykkja og djamm á unglingsárum. Um leið og áfengi var komið í spilið

> ÞAÐ ER MIKIÐ VERIÐ AÐ NOTA BENSÓLYF, RÓANDI. SUMIR VORU BARA MEÐ ÞETTA UPPÁSKRIFAÐ. UNGU FÓLKI FINNST ÞETTA VOÐA SAKLAUST EN ÞAÐ ER HÆGT AÐ DEYJA Á ÞEIM. ÞETTA ER EINS OG FARALDUR.
>
> Hrafnhildur Lára

kviknaði alkóhólismi. Þær tóku svo báðar djúpa og skarpa dýfu í harða fíkniefnaneyslu.

Hilda Jana á engin orð yfir hræðsluna sem greip hana þegar hún áttaði sig á því að dóttir hennar var komin í sömu stöðu og hún sjálf var í sem unglingur.

„Ég varð sjúklega hrædd þegar dóttir mín fór í neyslu. Ekki síst vegna þess að ég veit hvað það er sem gerist á þessum tíma, það verður aldrei tekið til baka. Þó að sárin grói, þá er maður allt lífið með ör eftir þá lífsreynslu að hafa verið í neyslu,“ segir Hilda Jana.

„Ég fór í meðferð átján ára gömul. Tók eitt ár þar sem ég var inn og út úr meðferð. Ég bjó á Dyngjunni og fór síðar í Fjölbrautaskólann við Ármúla. Ég hafði áður klúðrað skólagöngu minni í Kvennaskólanum. Ákvað að mæta ekki edrú í prófin. Rosa skrýtið að ég hafi ekki náð prófunum,“ segir Hilda Jana í kaldhæðni og hlær. „Mamma var svo mikill snillingur. Hún mútaði mér til að fara aftur í skólann. Borgaði mér fimm þúsund krónur á viku sem var fínn peningur á þessum tíma. Einu skilyrðin voru að mæta í skólann. Þetta kom mér á beinu brautina. Tveimur árum síðar varð ég svo ófrísk að þessari fallegu stúlku og ákvað að elta foreldra mína til Akureyrar og fá stuðning frá þeim á meðan ég væri að stíga mín fyrstu skref í móðurhlutverkinu. Ég kolféll fyrir Akureyri og bærinn hefur verið heimili mitt síðan,“ segir Hilda Jana frá.

## Klámfenginn þjálfari í KR

Hún segist stundum leiða hugann að upphafinu. „Ég hef fylgst með #meetoo-byltingunni og leiddi hugann að æskunni. Ég æfði um árabil handknattleik með KR og varð meðal annars Íslandsmeistari með félaginu í 3. flokki. „Ég hugsaði varla um annað en handbolta,“ segir hún.

„En því miður þá fengum svo ömurlegan þjálfara. Hann var klámfenginn og talaði niðrandi til okkar: „Hvað, eru ekki brundsletturnar þornaðar frá því í gærkvöldi? Af hverju getur þú ekki gripið boltann?“ Þetta sagði hann við okkur, ungar stúlkur, 15 og 16 ára. Ég kunni ekki að bregðast rétt við þessu, reif bara kjaft og hann rak mig út af æfingum. Svo hætti ég og flestar hinna líka. Við sögðum ekki frá okkur, datt það reyndar ekki í hug. Það var miklu frekar að ég upplifði að ég hefði gert eitthvað rangt og hefði ekki átt að vera með kjaft. Árið 2016 rakst ég á frétt um að hann hefði verið rekinn fyrir ósæmilega hegðun. Hann var sem sagt að þjálfa allan þennan tíma,“ segir Hilda Jana frá.

„Ég kenni alls ekki þessari reynslu um mína neyslu. En þetta hjálpaði pottþétt ekki. Það liðu tvö ár frá því að ég hætti í handbolta þar til ég var komin í meðferð,“ segir Hilda Jana.

„Ég er svo þakklát fyrir þessa byltingu og hugarfar ungs fólks núna. Það þegir ekki eins og við gerðum. Það er mikil þörf á byltingum eins og þeim sem hafa orðið. Eins og brjóstabyltingunni #FreeTheNipple, sem þú tókst nú þátt í,“ segir Hilda Jana við dóttur sína.

„Það þarf stundum byltingar til að breyta samfélaginu,“ segir hún.

## Ætlaði aldrei að drekka

*Hrafnhildur, hefur mamma þín sagt þér frá sinni neyslu?*

„Já, neysla mömmu hefur aldrei verið leyndarmál. Ég hef alltaf vitað þetta og ég hef alltaf verið stolt af henni fyrir að koma til baka. Og vera svo þar. Velja okkur. Því það er ekki sjálfsagt. Ég finn það núna, hvað það er gott að hafa hana sem fyrirmynd. Að vita það alveg í hjartanu að þá get ég líka komið til baka. Það er mjög mikilvægt.

Ég á pabba sem er alkóhólisti, þó svo að ég eigi líka yndislegan pabba sem ættleiddi mig. En alkóhólismi hefur samt alltaf verið eitthvað sem ég veit af. Og auðvitað ætlaði ég aldrei að byrja að drekka. Aldrei nokkurn tímann!“

*Hvað gerðist?*

„Það er mjög langt síðan mér byrjaði að líða mjög illa. Ég held ég hafi verið tólf ára gömul þegar ég fann fyrst fyrir alvarlegri vanlíðan. Ég glímdi við alls konar fíkn, sjálfsskaðafíkn og ýmiss konar matarfíkn. Þessi vanlíðan stigmagnaðist. Í 10. bekk þá skaðaði ég mig daglega. Mig langaði alla daga til að deyja. Ég var alltaf að fresta því til morguns. Út af mömmu. Bara út af mömmu,“ segir Hrafnhildur.

„Og svo gerðist það sumarið eftir 10. bekk að ég byrjaði að drekka. Ég sem ætlaði aldrei að drekka. Ég hataði áfengi. Og mamma mín var best, hetja fyrir að drekka ekki. Ég ætlaði að verða eins og hún. Því ég væri líka alkóhólisti. Ég vissi það. En svo bara týndist ég. Ég varð uppreisnargjarn unglingur. Ég skyldi sanna fyrir öllum að ég væri ekki alkóhólisti. Ég væri ekki eins og þau.

Þetta byrjaði hægt. Ég drakk um helgar. Mér fór að líða betur í smá tíma. Gleymdi mér í þessu hlutverki, „partístelpu-hlutverkinu“. Þar fékk ég viðurkenningu, þar virkaði ég,“ segir Hrafnhildur.

Hún segir drykkjuna hafa ágerst og henni fylgdu miklar geðsveiflur og sjálfsvígshugsanir. „Annaðhvort gat ég ekki sofið eða ég gat ekki vaknað. Eða ég gat ekki borðað eða borðaði alltof mikið. Ég virkaði ekki. Ég hélt að ég væri með geðhvörf og var lögð inn á geðdeild. Þar fékk ég smá hjálp. Foreldrar mínir komu á fund með geðlækninum og á fundinum nefnir mamma alkóhólisma í milljónasta sinn. Mér leist nú ekki á blikuna, nú væri mamma að draga sín vandamál inn í þunglyndið mitt. Ég var í mikilli afneitun. Enn skyldi ég sanna fyrir öllum að ég væri ekki alkóhólisti. Ég fór oft edrú niður í bæ. Til að sýna fólki. Ég áttaði mig ekki á því að þessi stjórnun á neyslunni væri eitt skýrasta merkið um alkóhólisma,“ segir Hrafnhildur.

## Í mikilli afneitun

Geðlæknir Hrafnhildar lagði henni línurnar. Þunglyndislyfin gætu bjargað lífi hennar. En hún þyrfti að hætta að drekka. Ef hún gæti það ekki skyldi hún fara í viðtal til SÁÁ. „Ég sagði bara: Ekkert mál! Sex mánuðir – ég drekk ekki dropa í sex mánuði. Mömmu leist sko vel á það,“ segir Hrafnhildur og brosir.

„Þetta var mín hugmynd. Ég laumaði þessu að geðlækninum,“ segir Hilda Jana.

„Nei, í alvöru? Ég vissi það ekki,“ segir Hrafnhildur og skellihlær. Þær hlæja báðar. Hilda Jana hefur beitt alls kyns brögðum í baráttunni sem dóttir hennar fær nú að vita af. ➡





# HÁSETINN

Ford EcoSport býður upp á mikla veghæð sem kemur sér vel í snjó og við aðrar erfiðar aðstæður. Þú situr líka hærra og það er mun þægilegra að ganga um bílinn.

Ford EcoSport Titanium S er sérlega vel búinn m.a. leðuráklæði á sætum, 17" álfelgum, Xenon aðalljósum, 8" snertiskjá, tölvustýrðri loftkælingu, 7 hátölurum, bakkmyndavél, SYNC3 hljómtækjum með raddstýringu og neyðarhringingu, ESP stöðugleikakerfi með spólvörn, leðurklætt fjölstillanlegt stýri, Apple CarPlay og Android Auto.

**FORD ECOSPORT KOSTAR FRÁ: 2.750.000 KR.**

**FORD ECOSPORT TITANIUM S SJÁLFSKIPTUR KOSTAR:**

**3.490.000** KR.

***Ford er frábær!***
***Komdu, reynsluaktu og upplifðu Ford EcoSport***

ford.is

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

„Það tókst ekki að hætta að drekka. Ég fann alls konar ástæður fyrir því að detta í það. Ég datt til dæmis í það hér í Reykjavík. Mjög illa. Þá sá ég í fyrsta skipti svart á hvítu, hversu stjórnlaus ég var í drykkju. Ég særði manneskju sem mér þótti vænt um. Það var ekki ég. Það hræddi mig.

Ég ætlaði ekki að segja mömmu að ég hefði dottið í það. En ég rankaði sem betur fer við mér og allt í einu fór að síast inn að ég hefði í alvörunni orðið önnur manneskja. Og vissi hversu skelfilegt það var. Því ég á fólk í mínu lífi sem hefur farið og ekki komið til baka eins og mamma. Ég fór aftur norður og sagði mömmu frá. Ákvað að fara í viðtal til SÁÁ. En hugsaði nú samt með mér að þau myndu segja mér að ég væri ekki alkóhólisti. Þetta væri allt saman einhver misskilningur. Afneitunin átti mig nefnilega með húð og hári, alveg frá því áður en ég tók fyrsta sopann.

Ég fór í viðtalið og auðvitað var niðurstaðan sú að ég er klárlega alkóhólisti og átti að fara í inniliggjandi meðferð,“ segir Hrafnhildur frá.

„Við grétum,“ segir Hrafnhildur við mömmu sína. „Þú af gleði. Ég af því mér fannst þetta ömurlegt. Allt sem ég ætlaði ekki að vera var ég orðin.“

Hilda Jana kinkar kolli. „Svo fór ég með hana á Vog í janúar 2017. Skildi við hana á biðstofunni.“

### Leið illa á virkum dögum

„Vogur var svo miklu stærri en ég hélt. Meiri spítali en ég hélt. Ég var alltaf að hugsa um mömmu og pabba. Sem þurftu að fara á Vog mörgum sinnum. Afneitunin átti mig í þessari fyrstu meðferð. Ég var þarna bara vegna vanlíðunar. Þarna frétti ég af fólki sem drakk á hverjum degi. Mér hafði aldrei dottið í hug að það væri möguleiki. Mér leið nefnilega alltaf svo illa á virkum dögum. Mér leið illa sunnudaga, mánudaga, þriðjudaga og miðvikudaga. En þegar helgin nálgaðist þá var ég í skýjunum því þá styttist í það að ég gæti fengið mér. Þarna var fræi sáð. Ég þyrfti ekki að bíða eftir því að fá mér.“

Hrafnhildur var í tæpar tvær vikur á Vogi. Þaðan fór hún í eftirmeðferð á Vík í 28 daga. Og þaðan í sex daga eftirfylgni á göngudeild geðdeildar.

„Eftir á séð þá var það ekki nóg. Því ég var svo ofsalega veik. En mér var samt farið að líða aðeins betur. Gat farið út að ganga og ætlaði að vera edrú og í AA með krökkunum sem ég kynntist í meðferðinni. En það fór ekki þannig. Ég datt í það með þessum krökkum og byrjaði í neyslu.

Á þessum tíma vissi ég ekkert um fíkniefni. Hafði aldrei kynnst þeim neysluheimi. Var með sakleysislegar hugmyndir um hann þó að mamma hefði einu sinni tilheyrt honum og hann hefði verið alveg jafn ljótur þá.“

### Éttu eða vertu étinn

Hrafnhildur segist ekki einu sinni vita hvernig hún á að tala um fíkniefnaneysluna og þann heim sem fólk dvelur í þegar það er í neyslu. „Ég var á nákvæmlega sama stað og ég hef búið á alla mína ævi, á Akureyri. En ég var með öðrum krökkum og á öðrum stöðum. Þetta er eins og annar heimur og hann er á hvolfi. Þar gilda aðrar reglur. Eins og ef þú skuldar þessum eða hinum þá má gera þetta við þig. Og þá má ekki kæra það. Ég varð rosalega ringluð. Ég held ég hafi verið að reyna að aðlagast. Þetta er svona éttu eða vertu étinn heimur. Siðgæðishnignunin er hröð og maður fer að lokast af. Mjög fljótt.“

Hrafnhildur segir mikið um neyslu á læknadópi meðal ungmenna. „Það er mikið verið að nota bensólyf, róandi. Sumir voru bara með þetta uppáskrifað. Ungu fólki finnst þetta voða saklaust en það er hægt að deyja á þeim. Þetta er eins og faraldur. Ég var skíthrædd þegar ég tók fyrst inn fíkniefni. Ég hafði reykt gras. En þegar mér var rétt MDMA þá varð ég logandi hrædd. Það voru allir búnir að taka á undan mér. Ég var að fara að bakka út en var samt ákveðin í að gera þetta. Ég man að krakkarnir voru að rökræða hvað ég ætti eiginlega að taka mikið. Einn vildi að ég fengi mér meira en hinir voru að segja. Þetta endaði á því að hann hellir því ofan í mig. Ég vissi ekki að þetta myndi brenna í mér munninn. Þetta var mjög vont. Ég veit ekki hvort það var rottueitur í þessu en þetta var hræðilegt. Það gleymdist samt alveg þegar kom að því að taka þetta inn í næsta skipti.“



„En þarna tók mamma ákvörðun. Mamma, þú bjargaðir lífi mínu,“ segir Hrafnhildur Lára. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

ÞETTA ER EINS OG ANNAR HEIMUR OG HANN ER Á HVOLFI. ÞAR GILDA AÐRAR REGLUR. EINS OG EF ÞÚ SKULDAR ÞESSUM EÐA HINUM ÞÁ MÁ GERA ÞETTA VIÐ ÞIG. OG ÞÁ MÁ EKKI KÆRA ÞAÐ. ÉG VARÐ ROSALEGA RINGLUÐ. ÉG HELD ÉG HAFI VERIÐ AÐ REYNA AÐ AÐLAGAST. ÞETTA ER SVONA ÉTTU EÐA VERTU ÉTINN HEIMUR.

Hrafnhildur Lára

Hrafnhildur segir að í fyrstu hafi hún gleymt vanlíðan sinni. „En það var nú bara í um það bil viku. Svo var þetta bara martröð. Ég fór mjög hart inn í þetta strax. Ég var að nota með þannig fólki. Ég var aldrei neydd til neins, þetta var það sem ég vildi gera. Ég týndi mér. En þarna tók mamma ákvörðun. Mamma, þú bjargaðir lífi mínu.“

### Í lífshættu og á götunni

„Nei, þú gerðir það sjálf,“ segir Hilda Jana og útskýrir fyrir blaðamanni. „Ég henti henni út af heimilinu. Á götuna. Það er það erfiðasta sem ég hef gert. Barnið mitt var í lífshættu og það rétta að gera var að loka á nefið á því. Það var ekki það sem mig langaði að gera. Heldur það sem ég varð að gera. Ég veit ekki einu sinni hvort ég hefði ráðið við það ef ég ætti ekki tvö önnur börn. Móðureðlið sagði til sín. Ég þurfti að vernda hinar dætur mínar. Þetta var auðvitað bara skelfilegt,“ segir Hilda Jana.

„Þá var enginn staður til að vera á. Mig langaði ekki til að meiða fólkið mitt. Langaði ekki til að vera þessi manneskja. Ég varð rosalega reið og sá ekki þá að þetta myndi leiða gott af sér. En ef ég hefði mátt fara heim, þá hefði ég bara hvílt mig og farið svo aftur út. Þannig virkar bara þessi sjúkdómur,“ segir Hrafnhildur frá.

Hrafnhildur fór í meðferð í september. „En ég er send í bæjarleyfi og dett hræðilega í það. Ég var komin í lífshættu af neyslu. Ég kemst inn í neyðarinnlögn á Vog. Ég veit það í dag að það var heppni og ég verð alltaf óendanlega þakklát fyrir það. Biðlistarnir eru hræðilega langir. Það hafa verið mörg dauðsföll í ár. Þetta er bara hræðileg staða. En allan þennan tíma sem ég var að bíða eftir að komast í meðferð þá hafði ég samt eitt haldreipi. Sem var göngudeild SÁÁ á Akureyri.

### Lokað í miðjum faraldri

Starfsmaðurinn þar var mér stoð og stytta. Ég gat alltaf leitað þangað, foreldrar mínir líka. Það er skelfilegt að segja frá því að nú á að loka deildinni vegna skorts á fjármagni. Á meðan fólk er að deyja á biðlistum. Á meðan það er faraldur vegna læknadóps. Þetta er ekki tíminn til þess að draga úr þjónustu. Þetta er tíminn sem þarf að auka við hana. Og þess utan þá þarf að bæta við úrræði fyrir ungt fólk. Ungt fólk getur alveg hætt í neyslu. Mamma gat það. Ég get það. Það er ekki ómögulegt. Þetta er neyðarástand sem ríkir, bæði í þjónustu til barna sem glíma við geðrænan vanda og svo ungs fólks í neyslu.

Ef það er eitthvað sem ég er ákveðin í eftir þessa hörmulegu lífsreynslu þá er það að hún verði til góðs. Það þarf einhver að ræða um þetta og ég get alveg tekið það á mig,“ segir Hrafnhildur.

Þegar Hrafnhildur flaug suður í meðferðina sem átti eftir að verða henni mjög til góðs var hún enn þá í því. „Ég var full. Ég hélt djamminu áfram. Var í neyslu í Reykjavík og missti af innlögninni. Mamma vissi ekki hvar ég var og var búin að hringja oft. Ég ákvað að hringja í hana og segja henni að slappa bara af. Ætlaði að friða hana. Þá kom einhver tónn í hana sem náði til mín. Hún grátbað mig. Hrafnhildur, gerðu það. Má ég leigja bíl. Má ég leigja hótel. Hringja upp á Vog og fara með þig þangað. Ég sagði bara já. Því innst inni var ég búin að fá nóg. Svo kom hún. Þessi magnaða kona,“ segir Hrafnhildur og grípur í hönd móður sinnar. „Hún flaug til Reykjavíkur. Sótti mig. Fór með mig á hótelið. Ég svaf í fanginu á henni og fór svo á Vog. Þarna bjargaðir þú í alvörunni lífi mínu. Því ég upplifði svo mikla höfnun. Var svo veikur alkóhólisti og þú bara vond,“ segir Hrafnhildur.

„Ég sá að hún var enn þá tilbúin að gera allt fyrir mig. Og þá ákvað ég að gefast upp. Taka meðferðinni. Ég gerði allt öðruvísi í þetta skiptið. Æi, allir alkóhólistar segja þetta. En þetta er alltaf öðruvísi þangað til það verður nógu gott.“

EF ÉG ÆTTI AÐ LÝSA TILFINNINGUNNI VIÐ ÞAÐ AÐ EIGA BARN Í FÍKNIEFNANEYSLU, ÞÁ ER ÞAÐ SVIPUÐ UPPLIFUN OG AÐ BARNIÐ ÞITT SÉ AÐ HLAUPA ÚT Á GÖTU Í VEG FYRIR BÍL. TREKK Í TREKK Í TREKK. ÞESSU VERÐUR AÐ BREYTA OG ÉG VONA AÐ VIÐ TVÆR GETUM HAFT EINHVER ÁHRIF, ÞAÐ GAGNAST ENGUM AÐ ÞEGJA ÞENNAN VANDA Í HEL.

Hilda Jana

### Heppin að eiga fyrir sálfræðimeðferð

„Og á meðan allt þetta er í gangi þá er fjölskyldan heima. Samhliða hennar sögu er sagan heima. Þar sem fjölskyldan er að farast úr hræðslu og ráðaleysi. Og í raun er sú saga langt aftur í tímann. Því við höfðum reynt að sækja hjálp fyrir hana áður til sálfræðings, til dæmis þegar hún var að reyna að skaða sig. Og svo þegar þessi augljósi vítahringur alkóhólismans hófst. Við reyndum alltaf að sækja alla mögulega hjálp. Hún var svo logandi hrædd og ráðalaus. Það er svo litla hjálp að fá. Það er stundum talað um hversu mikilvægt það er að grípa snemma inn í, en raunin virkar oftar þannig að í stað þess að slökkva í glóð, bíðum við eftir stórbáli áður en eitthvað er gert af fullum þunga.

Þegar hún fékk þunglyndisgreiningu var hún á biðlista í sjö mánuði eftir hugrænni atferlismeðferð. Við sóttum auðvitað sjálf aðstoð sálfræðings og vorum heppin að eiga fyrir henni, því þetta er rándýrt. En stelpan okkar hefði þurft svo miklu meiri hjálp og það fyrr og nú á að loka göngudeildinni á Akureyri. Það bara má ekki gerast.

Ef ég ætti að lýsa tilfinningunni við það að eiga barn í fíkniefnaneyslu, þá er það svipuð upplifun og að barnið þitt sé að hlaupa út á götu í veg fyrir bíl. Trekk í trekk í trekk,“ segir Hilda Jana. „Þessu verður að breyta og ég vona að við tvær getum haft einhver áhrif, það gagnast engum að þegja þennan vanda í hel.“

„Ég vissi ekki hvað þessi heimur var vondur. Það hefði enginn getað sagt mér það, ekki einu sinni þú,“ segir Hrafnhildur að lokum við mömmu sína.

Frá kr.
**79.995**

# BORGIRNAR OKKAR

## – með Alberti Eiríkssyni & Bergþóri Pálssyni

### Heimsborgararnir Albert og Bergþór slást í för með Heimsferðum

Við kynnum til leiks heimsborgarana og gleðigjafana Albert og Bergþór sem munu með sinni algerri snilld krydda borgarferðirnar okkar í haust með áhugaverðum upplýsingum og innleggi hvað hver og ein hefur uppá að bjóða. Sælkeraferðir alla leið því Albert og Bergþór munu koma með spennandi uppástungur fyrir alla þá sem bóka borgarferðir hjá okkur og komast þeir í svokallaðan „Sælkeraklúbb Heimsferða". Viku fyrir brottför fá farþegar sendar upplýsingar um hvað er mest spennandi í hverri borg.

**Albert og Bergþór munu sjálfir fara í ferðirnar til Bratislava 20. september, Prag 27. september, Búdapest 19. október og svo Porto 16. nóvember.**



**ÚT AÐ BORÐA MEÐ ALBERTI OG BERGÞÓRI**
Aðeins 16 pláss
– fyrstur kemur fyrstur fær



## BRATISLAVA

Með Alberti & Bergþóri



**Austria Trend Hotel Bratislava**

**Frá kr. 89.995 m/morgunmat**
Netverð á mann m.v. 2 í herbergi.
20. september í 4 nætur.

## PRAG

Með Alberti & Bergþóri



**Hotel Ibis Mala Strana**

**Frá kr. 79.995 m/morgunmat**
Netverð á mann m.v. 2 í herbergi.
5. október í 3 nætur.

## BÚDAPEST

Með Alberti & Bergþóri



**Hotel Star Inn**

**Frá kr. 86.395 m/morgunmat**
Netverð á mann m.v. 2 í herbergi.
19. október í 4 nætur.

## PORTO

Með Alberti & Bergþóri



**Hotel Vila Galé Porto Centro**

**Frá kr. 88.595 m/morgunmat**
Netverð á mann m.v. 2 í herbergi.
16. nóvember í 3 nætur.

Í þessum borgarferðum okkar í haust til Valencia, Róm og Ljubljana kemstu í "Sælkeraklúbb Heimsferða" þó að Albert og Bergþór fari ekki með – en í þessum ferðum fá farþegar okkar sendan vefpóst viku fyrir brottför með frábærum og öðruvísi uppástungum um allt það besta sem borgirnar hafa uppá að bjóða.

## VALENCIA



**Tryp Valencia Ocean Hotel**

**Frá kr. 84.195 m/morgunmat**
Netverð á mann m.v. 2 í herbergi.
12. október í 4 nætur.

## RÓM



**Hotel Nord Nuova Roma**

**Frá kr. 99.995 m/morgunmat**
Netverð á mann m.v. 2 í herbergi.
1. nóvember í 4 nætur.

## LJUBLJANA



**Hotel City**

**Frá kr. 89.995 m/morgunmat**
Netverð á mann m.v. 2 í herbergi.
4. október í 3 nætur.

595 1000 • heimsferdir.is

Heimsferðir
-fáðu meira út úr fríinu

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara. ENNEMM / SIA • NM88222

RAFBÍLAR ERU UMHVERFISVÆNIR, HAGKVÆMIR Í REKSTRI OG SKEMMTILEGIR Í AKSTRI

# LANDSINS MES
# AF RAFBÍLUM










## Hagkvæmni og umhverfisvitund

Tengitvinnbílar eru mjög sparneytnir í daglegri notkun í þéttbýli þegar þess er gætt að hlaða rafhlöðuna daglega. Uppgefnar tölur fyrir blandaðan akstur eru á bilinu 2-3,5 l/100 km. 100% rafbílar sem keyrðir eru 15.000 km á ári nota raforku fyrir u.þ.b. 2.900 kr. á mánuði. Það er því hverju orði sannara að raf- og tengitvinnbílar eru bæði hagkvæmir í akstri og umhverfisvænir.

## Eru tveir bílar á þínu heimili?

Fjölskyldur sem reka tvo bíla ættu að skoða möguleikann á að skipta öðrum út fyrir rafbíl. Við kaup á rafbíl frá BL getur þú greitt hluta kaupverðsins með notuðum bíl og fengið milligjöfina að láni að hluta eða öllu leyti. Komdu og fáðu upplýsingar hjá sölumönnum BL um möguleikana sem standa til boða.

**GE bílar**
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

# STA ÚRVAL

## RAFBÍLASUMARIÐ BYRJAR HJÁ BL NÚNA!

BL hefur verið leiðandi í sölu og þjónustu við rafbíla frá upphafi rafbílavæðingar. Hjá BL er að finna eitt landsins mesta úrval rafbíla og tengitvinnbíla frá ýmsum framleiðendum.

Komdu heimsókn og við segjum þér frá öllu sem þú þarft að huga að við kaup á rafbíl eða tengitvinnbíl.
















ENNEMM / SÍA / NM88074

### Sértilboð og aukahlutapakkar

Við bjóðum veglega aukahlutapakka með völdum gerðum af BMW tengitvinnbílum auk þess sem við bjóðum heimahleðslustöðvar með völdum gerðum af rafbílum. Komið í reynsluakstur og fáið upplýsingar hjá sölumönnum

OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16

KOMDU OG FINNDU HVAÐ ÞAÐ ER GAMAN AÐ KEYRA RAFBÍL

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



# Við erum að eima tilfinningasemi leikhússins

Stríð, kallast nýtt verk eftir **Ragnar Kjartansson** og **Kjartan Sveinsson** sem verður frumsýnt á stóra sviði Þjóðleikhússins í næstu viku. Ragnar segur að þar eigi stórleikarinn Hilmir Snær Guðnason að þjást í eina klukkustund sem líður eins og þrjár.

Það þarf ekki alltaf að vera skemmtilegt. Stríð.“ Segir Ragnar Kjartansson, myndlistarmaður með leikrænum tilburðum. „Svona er útvarpsauglýsingin sem við vorum að klára að útbúa fyrir sýninguna,“ bætir hann við skælbrosandi og kátur þar sem við sitjum í stóra sal Þjóðleikhússins og horfum yfir sviðið. Þar er verið að vinna að því að fínpússa leikmynd Ragnars sem myndar einhvers konar miðevrópskan vígvöll frá lokum 19. aldar. Verkið Stríð eftir Ragnar og tónlistarmanninn Kjartan Sveinsson verður frumsýnt í næstu viku en þar gefur að líta leikarann Hilmi Snæ Guðnason þjást á vígvellinum undir tónlist Kjartans í lifandi flutningi Sinfóníuhljómsveitar Íslands undir stjórn Bjarna Frímanns Bjarnasonar.

**Að þykjast þjást**

„Þetta er vígvöllur en það á eftir að hlaða inn líkunum og fallbyssunum,“ segir Ragnar um leikmyndina en bætir við að þetta sé ekkert tiltekið stríð. „Þetta er svona leikhússtríð. Búningarnir eru líka þannig, koma héðan og þaðan, eins og til að mynda Þremur systrum og Höfuðsmanninum frá Kopernik sem var sett upp hérna sextíu og eitthvað. En mér finnst svo frábært að þetta er allt bara leikhúsið. Búningar, leikmynd, ljós, og Sinfónían ofan í gryfjunni. Allt er þetta svo mikið bullandi leikhús. Risastór þykjustumaskína.“

Aðspurður um það hvernig Ragnar nálgist það verkefni að fá sjálft Þjóðleikhúsið til afnota segir hann strax: „Alls ekki sem leikhúsmaður. Þetta er myndlist. Ég nálgast þetta út frá því fyrirbæri sem leikhúsið er. Út frá því að þú sest í þessa fínu stóla og horfir á einhvern þykjast gera eitthvað uppi á sviði. Mér finnst þetta svo fallegt form. Þessi ótrúlega einfaldi kjarni sem er bara að þykjast. Þess vegna er þetta verk þannig að það er öllu hlaðið í kringum einhverja eina tilfinningu. Eina angist. Og einn stórleikari að þykjast þjást. Það er það eina sem er að gerast í eina klukkustund.“

**Klukkustund en eins og þrjár**

„Halló!“ Heyrist skyndilega kallað glaðlega frá vígvellinum og kunnuglegt andlit birtist ofan við víggirðingu. Það er stórleikkonan Ólafía Hrönn Jónsdóttir sem er komin til þess að skoða leikmyndina og Ragnar tekur henni fagnandi. „Já, hérna er hún,“ segir Ragnar kátur en ítrekar að líkin og reykurinn eigi eftir að koma. „Það verða meira að segja statistar að leika lík,“ bætir Ragnar við og Ólafía lýsir því yfir að hún sé orðin full tilhlökkunar að sjá verkið. „Ég er líka orðinn spenntur. Svo kemur Sinfónían í gryfjuna og það verður öllu til tjaldað og svo stórleikarinn einn að þjást.“ Þau Ragnar og Ólafía halda áfram umræðu um leikmyndina og talið berst reyndar vítt og breitt um frændgarð og fyrirmenni eins og gengur og gerist þar sem Íslendingar koma saman. Loks berst talið að frumsýningu og Ragnar segir henni að hún verði þann 16. maí næstkomandi og að honum þætti óskaplega gaman ef hún gæti séð sér fært að mæta. „Þetta verður hátíðlegt. Ég er búinn að láta sérsauma á mig smóking,“ segir Ragnar spenntur. „Djöfull skal ég mæta,“ segir stórleikkonan ákveðin á svip. „Já, það væri mikill heiður og hugsaðu þér fílinginn að vera hérna alveg ægilega fínn og horfa á Hilmi þjást. Sofna kannski aðeins og láta þetta líða í rólegheitunum. Þetta verður geðveikt gaman.“

„En tónlistin?“ spyr Ólafía Hrönn og er greinilega orðin áhugasöm um kvöldið. „Tónlistin hans Kjartans er ógeðslega flott,“ svarar Ragnar. „Þetta er ný tónlist sem hann samdi sérstaklega fyrir þetta. Bara svona tilfinningavella – mig langar til þess að finna eitthvað betra orð. En það er svona pælingin. Þetta er gríðarlega flott verk hjá honum. Klukkustundar langur ópus – þjáningarópus. Og svo erum við líka með slagorð fyrir verkið: Ein klukkustund sem líður eins og þrjár,“ segir Ragnar með ljómandi fínum leikrænum tilburðum. „Einmitt, það selur,“ svarar Ólafía Hrönn og hlær. Bætir við óskum um gott gengi og gengur virðulega út vígvöllinn.

**Eimað niður í eina tilfinningu**

Ragnar vill gjarnan tala meira um Kjartan og tónlistina. „Það er mikilvægt að það komi fram að við vinnum þetta saman. Við gerðum á sínum tíma verk í þýska leikhúsinu Volksbühne sem var ópera fyrir leikmyndir og þessi hugmynd fæddist út frá því. Þar vorum við bara að fjalla um leikhúsið sem form og algjörlega án leikarans eða söngvarans. Prófa að sleppa prímadonnuni alveg en þetta gengur út á að fara alla leið með leikarann. Með list leikarans í algjörum brennipunkti.“

Verkefni leikarans í Stríð er að þjást en þjáningin virðist vera mikilvæg Ragnari ef marka má hans höfundarverk. Þjáningin og að þykjast þjást virðist vera honum hugleikið og hann segir að vissulega sé þetta eitthvað sem kveiki í honum. „Ég held að það megi bara rekja til þess að alast upp í leikhúsinu og svo fékk ég kristilegt uppeldi hjá móður minni. Ég var alinn upp við það að fara í kirkju á sunnudögum og horfa á mynd af manni þjást á krossi. Það hlýtur að hafa sín áhrif. Ég var líka kórdrengur í kaþólsku kirkjunni og þar var píslargangan í öndvegi og þetta að vera alltaf að minnast einhverrar þjáningar og upphefja hana sem slíka.

**MÉR FINNST LÍKA SVO ÁHUGAVERÐ ÞESSI ROSALEGA UMGJÖRÐ LEIKHÚSSINS UTAN UM ÞESSA EINU TILFINNINGU. ALLT ÞETTA UTAN UM ÞENNAN EINA MANN SEM ER AÐ ÞYKJAST ÞJÁST Á LEIKSVIÐINU.**

Hér er þetta í samhengi við stríð. Geðveik þjáning einhvers í einhverju stríði sem við vitum ekkert um. Stríð sem skiptir mann engu máli og mér finnst það líka geðveikt áhugavert. Ég held að þetta verk heiti Stríð og að stríð sé útgangspunkturinn vegna þess að það er hin algjöra þjáning. Að deyja í tilgangsleysi sem eitthvað hermannsgrey sem átti ekki sökótt við nokkurn mann. Það er heillandi hræðilegt.

Í bernsku var ég líka alltaf að ímynda mér að ég væri deyjandi hermaður. Var alltaf á hól úti í garði að deyja. Aftur og aftur. Hilmir var svo að segja mér að hann lék stöðugt þann leik að vera einn og þykjast drukkna í Vesturbæjarlauginni. Þannig að ég held að þetta hafi líka eitthvað með leikinn að gera, þennan gamla dramatíska leik barnsins. Þessi hugmynd spratt líka þannig fram að ég fann strax að þetta yrði áhugavert. Af því líka að þetta er aðeins eins og maður sé með bruggtæki að eima eitthvað. Við erum að eima tilfinningasemi leikhússins. Sjóða hana niður í eina tilfinningu. Mér finnst líka svo áhugaverð þessi rosalega umgjörð leikhússins utan um þessa einu tilfinningu. Allt þetta utan um þennan eina mann sem er þykjast þjást á leiksviðinu.“

**Óhjákvæmilegt að taka afstöðu**

Í dag sem aðra daga geysa stríð í veröldinni og aðspurður segir Ragnar að það sé honum vissulega hugleikið. „Maður er auðvitað mikið að hugsa um þetta og núna í vor stóðum við Íslendingar frammi fyrir því að þetta stendur okkur skyndilega nær þegar hann Haukur hvarf í stríði að berjast fyrir hina langhrjáðu kúrdísku þjóð. Hann er síðan líklega drepinn af bandamönnum okkar Tyrkjum. Það er skelfilegt. Sýrland þessi hryllilegi vígvöllur sem seigfljótandi stefnir í heimstyrjöld. En það sem ég vildi gera í þessu verki var að aftengja þetta þessum pólitíska veruleika sem umlykur okkur núna og láta þetta vera meira abstrakt. Stríðið sem verkið gerist í er eithvað órætt leikhússtríð. Meira tákn fyrir þjáninguna og listina en bein pólitísk skírskotun.“

En nú ert þú tengdur pólitík og hefur verið í framboði fyrir VG og gert auglýsingar fyrir flokkinn. Verið jafnvel talsmaður þeirra gagnvart ákveðnum hópum. En nú er VG í ríkisstjórn, Katrín situr sem forsætisráðherra og flokkurinn þar með orðinn aðili að einhverju á borð við stríð þó það sé með óbeinum hætti.

„Algjörlega,“ segir Ragnar. En þvertekur fyrir að vera að fría sig með því að setja þetta í þessa fjarlægð. „Nei, alls ekki. Maður getur ekkert verið stikkfrí frá stríði. Við erum í NATO og þar með aðili að loftárásum í Sýr-



Ragnar segir að í bernsku hafi hann ímyndað sér sig sem deyjandi hermann. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

ego dekor

# 10-30% AFSLÁTTUR AF VÖLDUM HÚSGÖGNUM



ARES TUNGUSÓFI
Stærð: 278X175cm
~~Verð: 219.000,-~~
TILBOÐSVERÐ: 186.150,-



CANNON TUNGUSÓFI
Stærð: 216X163cm – færanleg tunga
~~Verð: 169.900,-~~
TILBOÐSVERÐ: 127.425,-



CANNON TUNGUSÓFI
Stærð: 260X167cm
~~Verð: 205.000,-~~
TILBOÐSVERÐ: 164.000,-



MADISON TUNGUSÓFI
Stærð: 281X172cm
~~Verð: 209.000,-~~
TILBOÐSVERÐ: 177.650,-



ADRIANA STÆKKANLEGT BORÐ
Stærð: 140(200)X90cm
~~Verð: 149.000,-~~
TILBOÐSVERÐ: 104.300,-



HVÍTT GLERBORÐ
Hvítir háglans fætur
Stærð: 180X100cm
~~Verð: 98.000,-~~
TILBOÐSVERÐ: 78.400,-



RUSTIC VEGGBORÐ
Breidd: 100cm
~~Verð: 45.000,-~~
TILBOÐSVERÐ: 36.000,-



RUSTIC SÓFABORÐ
Stærð: 120X65cm
~~Verð: 58.000,-~~
TILBOÐSVERÐ: 46.400,-



COBY STÓLL
~~Verð: 18.500,-~~
TILBOÐSVERÐ: 14.800,-



MORRIS STÓLL
~~Verð: 19.700,-~~
TILBOÐSVERÐ: 16.745,-



JESSIE STÓLL
~~Verð: 16.900,-~~
TILBOÐSVERÐ: 13.520,-

Opið mán - fös: 10.00 - 18.00
Opið um helgina: Lau: 10.00 - 16.00
Sun: 13.00 - 16.00

Ego Dekor - Bæjarlind 12
www.egodekor.is
S:544 4420

Framúrskarandi fyrirtæki 2017

landi.“ En breytir það afstöðu þinni til VG? „Nei, í rauninni ekki,“ svarar Ragnar hugsi. „Ég held að því miður geysi alltaf stríð og að það sé ekkert hægt að komast undan því að taka einhverja afstöðu. Ég get lifað með því að þessi ákvörðun um stuðning við aðgerðir NATO var gerð í framhaldi af efnavopnaárásum stjórnarhersins og allt það.“

**Ekki stjórnmálamaður**

Fyrir mér væri það mjög svo óskandi að Ísland væri ekki í NATO en þetta er veruleiki. Við erum að taka þátt og ég held að lýðræðislegur meirihluti þjóðarinnar vilji taka þátt. Þegar ég var lítill marseraði ég í göngum fyrir Ísland úr NATO en svo breytist heimurinn. Rússland er orðið furðulega sterkt, Bandaríkin á fyllerí og maður er jafnvel feginn að vera í NATO með Evrópuríkjunum. Heimsmyndin er skekkt og skæld. Þannig að pólitískur veruleiki er alltaf að breytast og hefur ekki breyst jafn mikið í mínum líftíma og undanfarin ár. Og þó svo ég hafi verið í framboði fyrir VG þá er ég alltaf listamaður en ekki stjórnmálamaður. Hausinn á mér er líka alltaf svo mikið á gráa svæðinu. Mér finnst ógeðslega erfitt að segja: Svona á þetta að vera en ekki svona. Þannig að varðandi hluti eins og þetta þá er ég leitandi og óöruggur og sem betur fer er ég ekki í þeirri stöðu að taka þessar ákvarðanir. Það er líka svo skrítið fyrir íslensk stjórnvöld því þau eru alltaf að samþykkja eða ekki samþykkja eitthvað sem þau hafa í raun ekkert um að segja. Afstaða Íslands felur í sér móralska afstöðu en ekkert meira en það.

Þannig að mér finnst erfitt að segja bara: Ég er friðarsinni og finnst að það eigi ekki að vera stríð. Það hafa alltaf verið stríð og þau eru hluti af siðmenningunni sem er svo grimm í eðli sínu. En viðhorf mitt til stríðs og friðar skiptir ekki máli og á ekki við þegar kemur að listinni. Af því að þetta er sköpunarverk en ekki áróðursverk. Maður er á ákveðnum villigötum ef listaverk á að vera pólitískt rétt.



Hér situr Ragnar í leikmyndinni fyrir Stríð sem markar umgjörð um þjáningu leikarans. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

**No Expectations**

Í þessu samhengi hefur Ragnar á orði að það sem hann elski sérstaklega mikið við myndlistina er að hún krefur hvorki hann né viðtakendur um að taka afstöðu. „Myndlistin er alltaf opin. Að mörgu leyti er hún miklu opnari en t.d. leiksýningar sem er oft miklu lokaðra fyrirbæri þannig séð. Þetta verk sem er myndlistarverk túlkar þú algjörlega eins og þú vilt sem áhorfandi. Svo getur þetta líka haft djúp áhrif á þig á hátt sem við sem höfundar gerðum engan veginn ráð fyrir að væri í verkinu. Það eru ótal túlkunarmöguleikar og það hefur mér alltaf þótt svo heillandi. Að vera með list minni að segja eitthvað án þess að vita alveg hvað ég er að segja. Það er frelsi. Frelsi listamannsins. Þar liggur stóri munurinn í því að takast á við að svara stórum pólitískum spurningum eins og þessum sem þú spurðir áðan, eins og listamaður eða stjórnmálamaður.“

En gerir myndlistin þessa kröfu til fólks um að hugsa? „Nei, það er það sem ég elska við myndlistina að hún gerir engar kröfur. Við sitjum til að mynda hér í leikhúsi og það er fátt sem mér leiðist meira en þetta tal um að leikhúsið sé spegill á samfélagið. Mér finnst það svo geðveikt sjálfhverft að segjast ætla að vera fokking spegill á samfélagið. Það er galið. Ég hugsa alltaf um listina eins og Rolling Stones lagið No Expectations. Það er lag sem er fullt af kærleik en algjörlega laust við allar væntingar. Þess vegna finnst mér svo gaman að fá tækifæri til þess að gera þetta verk hérna vegna þess að þetta er svo allt öðruvísi en væntingar leikhússins um hvað það á að vera að gera. Það þarf ekki alltaf allt að skemmtilegt og uppfullt af meiningu. Það eru þessir dularfullu hlutir sem maður skilur ekki alveg sem gera lífið og listina spennandi. Það sem bara er. Það er heillandi.“

> NEI, ÞAÐ ER ÞAÐ SEM ÉG ELSKA VIÐ MYNDLISTINA AÐ HÚN GERIR ENGAR KRÖFUR. VIÐ SITJUM TIL AÐ MYNDA HÉR Í LEIKHÚSI OG ÞAÐ ER FÁTT SEM MÉR LEIÐIST MEIRA EN ÞETTA TAL UM AÐ LEIKHÚSIÐ SÉ SPEGILL Á SAMFÉLAGIÐ.



# Skólar & námskeið

**Kynningar:**
HÍ,
Háskólinn á Bifröst,
Myndlistaskólinn í Reykjavík,
Söngskólinn í Reykjavík,
Reykjavíkurborg,
Hússtjórnarskóli Reykjavíkur

LAUGARDAGUR 12. MAÍ 2018



Elva Agnarsdóttir (t.v.) ásamt vinkonu sinni Svanhvítu Birtu Guðmundsdóttur. Þær stunda báðar skiptinám í Brisbane í Ástralíu þar sem sólin skín og dýralífið er fjölbreytt.

# Nýtur lífsins í Sólarfylkinu

Elva Agnarsdóttir stundar skiptinám við háskóla í Brisbane í Ástralíu. Skólinn er risastór, veðrið nær alltaf gott og fólkið er vinalegt. Eftir lokaprófin í júní ætlar hún að ferðast meira um landið. →2





**Það sem þjálfunin færir þér:**
- Aukið sjálfstraust, sterkari sjálfsmynd og aukin vellíðan
- Trú á eigin getu, skýrari markmið og meiri árangur
- Kynnist nýju fólki, bætir samskiptahæfni og styrkir sambönd
- Jákvæðara viðhorf og minni kvíði

**Sumarnámskeið hefjast:**
20 til 25 ára 28. maí og 7. ágúst
16 til 19 ára 29. maí og 8. ágúst
13 til 15 ára 5. júní og 8. ágúst
10 til 12 ára 11. júní og 8. ágúst

Dale Carnegie

Stöðug veðurblíða, köngulær, fjölbreytt dýralíf og vingjarnlegir heimamenn eru meðal þeirra þátta sem einkenna dvöl Elvu Agnarsdóttur í Brisbane í Ástralíu þar sem hún stundar skiptinám við Queensland University of Technology (QUT).

Elva, sem stundar nám í fjármálaverkfræði við Háskólann í Reykjavík (HR), hefur lengi átt sér þann draum að heimsækja Ástralíu, ekki síst út af fjölbreyttu dýralífi. Þegar HR bauðst skólavist fyrir tvo nemendur í skiptinámi við QUT stukku Elva og vinkona hennar, Svanhvít Birta Guðmundsdóttir, til og dvelja nú í góðu yfirlæti í Sólarfylkinu eins og Queensland er gjarnan kallað meðal heimamanna.

Elva segist kunna virkilega vel við sig í QUT sem er að hennar sögn risastór skóli. „Ég sé aldrei sömu andlitin og villist enn innan skólalóðarinnar. Skólinn skiptist í tvö stór svæði og gengur strætó á milli þeirra. Mín megin eru margar skólabyggingar og m.a. rúmlega 20 veitingastaðir, læknamiðstöð, apótek, búð, leikskóli, stór líkamsræktarstöð með sundlaug, bókabúð, bar og nokkur söfn.“

## Enginn spyr í tíma

Á þessari önn tekur Elva þrjá áfanga sem fara upp í val í verkfræðinámi hennar í HR. „Fögin heita Data Analysis, Economics og Global Business. Náminu er skipt upp í tveggja klst. fyrirlestra, sem eru einu sinni í viku, og dæmatíma sem eru líka vikulega. Fyrirlestrarnir eru mjög fjölmennir og eru t.d. 1.800 nemendur með mér í hagfræði. Hér er ekki verið að rétta upp hönd í tíma og spyrja kennarana spurninga eins og á Íslandi heldur er það bannað.“

> **Fyrirlestrarnir eru mjög fjölmennir og eru t.d. 1.800 nemendur með mér í hagfræði. Hér er ekki verið að rétta upp hönd í tíma og spyrja kennarana spurninga eins og á Íslandi heldur er það bannað.**

Dæmatímarnir eru öllu fámennari og mikið lagt upp úr því að nemendur tali saman og tjái sig um námsefnið segir Elva. „Allt námið og verkefni eru miklu skýrar sett fram en heima og allt námsefni fer á netið svo oft getur verið þægilegra að læra heima. Hérna er verkefnavinna stór hluti námsins og gilda þau oft mikið af lokaeinkunn. Ástralar byrjar fyrr í háskóla en Íslendingar og mér finnst flestir í kringum mig vera um 17 ára aldurinn á meðan fólk á mínum aldri er margt búið að klára mastersnám sitt hér.“

Skóladagarnir eru mjög stuttir hjá Elvu og það er frí á mánudögum og fimmtudögum. „Það er örsjaldan heimavinna og þá aðeins ef það eru stór verkefni fram undan, sem er venjulega einu sinni eða tvisvar yfir önnina í hverjum áfanga svo að frítíminn er mjög mikill. Námið gengur vel hjá mér og það er alltaf jafn góð tilfinning að fara í stuttbuxum í skólann.“



Svanhvít og Elva hafa verið duglegar að ferðast og skoða Ástralíu. Eftir lokaprófin stefna þær á frekari ferðalög.

## Ferðaðist um páskana

Elva og Svanhvít búa saman í 24 hæða byggingu rétt hjá skólanum og deila íbúðinni með tveimur stelpum frá Asíu. „Hér búa bara nemendur og ég er því búin að eignast fullt af vinum sem ég eyði tíma með flest kvöld vikunnar. Þetta eru krakkarnir frá Ástralíu, Bretlandi og fleiri löndum Evrópu.“

Fyrir vikið er nóg að gera utan skólans. „Ég er m.a. byrjuð að keppa í íþrótt sem er kölluð „netball“ en ég hafði aldrei heyrt um hana áður. Henni svipar til körfubolta nema það má ekki hlaupa með boltann. Ég fékk líka vinnu hjá jógastúdíói hérna rétt hjá og kenni þar einn tíma á viku. Einnig finnst mér rosalega gaman að hlaupa úti, kíkja í jóga, taka langa göngutúra, labba í görðunum og fara á markaði til að kaupa ávexti og grænmeti frá bændum.“

Síðustu páskar nýttust vel til ferðalaga þar sem tveggja vikna frí var í skólanum vegna Samveldisleikanna sem voru haldnir í Queensland þetta árið. „Ég kíkti m.a. til Sydney og skoðaði Blue Mountains, Melbourne og Cairns þar sem ég snorklaði í Kóralrifinu mikla (Great Barrier Reef). Landið er allt mjög fallegt og ég ætla að ferðast meira um eftir lokaprófin sem eru í júní. Um helgar hef ég kíkt með vinum niður á Gold Coast og Sunshine Coast þar sem við höfum ekki alvöru strönd hér í Brisbane.“



Elva er virkilega hrifin af Brisbane og segir borgina yndislega í alla staði.

## Vinalegt fólk

Elva er virkilega hrifin af Brisbane og segir borgina yndislega í alla staði. „Mjög stór hluti íbúa er ættaður frá Asíu sem þýðir m.a. að hér er mikill fjöldi sushi-staða og annarra asískra veitingastaða. Borgin er mjög hrein og veðrið er eiginlega alltaf gott. Núna er kominn vetur svo það er að kólna en hitinn er enn þá vel yfir 20 gráðum.“

Hún segir Ástrala miklu vinalegri og hjálplegri en Íslendinga. „Hér byrjar fólk að spjalla upp úr þurru úti á götu og í lyftum og maður fær oft að heyra alla ævisöguna á nokkrum mínútum. Kaffihúsamenningin hér er miklu útbreiddari og algengt að sjá fólk mætt á kaffihús vel fyrir kl. 7 á morgnana í morgunmat enda er sólin komin upp um kl. 6. Íbúar borgarinnar eru líka duglegir að hreyfa sig. Ég reyni t.d. að mæta kl. 7 á hverjum laugardagsmorgni út í almenningsgarð þar sem ég hleyp 5 km með 500 hlaupurum.“

## Köngulær venjast

Áður en Elva kom til Ástralíu hafði hún heyrt margar sögur um snáka þar í landi. „Margir heima virðast halda að hér séu snákar út um allt en ég hef ekki mikið rekist á þá. Hins vegar eru köngulær alls staðar og finnst mér núna orðið eðlilegt að rekast á stórar köngulær hvar sem er. Fyrir utan borgina hef ég rekist á villt dýr, m.a. kengúrur, snáka, krókódílsunga og kóalabirni.“

Eftir útskrift frá Háskólanum í Reykjavík segist Elva stefna í mastersnám erlendis. „Það sem fjármálaverkfræðin býður m.a. upp á eru störf innan fjárfestingabanka, vogunarsjóða og lífeyris- og fjárfestingarsjóða. Planið mitt er samt aðeins öðruvísi – ég stefni á að opna jógastöð á Íslandi og ef það gengur vel þá líka litla líkamsræktarstöð.“

Föndurlist Vaxandi



Mikið úrval af Föndur- og Myndlistarvörum á frábæru verði

Námskeið
Macrame - Hnýtingar
Mixed Media o.fl.

Föndurlist - Strandgötu 75, 220 Hafnarfirði
s. 553 1800 - www.fondurlist.is

Sumarskólinn í FB

- Kennt verður frá 28. maí til og með 23. júní
- Prófdagar verða 25. 26. og 27. júní
- Um 60 áfangar verða í boði
- Boðið er upp á marga áfanga í dreifnámi
- Nemendur mega taka eins marga áfanga og þeir kjósa
- Það er ekki mætingaskylda í Sumarskólanum í FB

Verð fyrir fimm feininga áfanga er 29.000 kr
Skráning í fullum gangi á www.fb.is
Allar nánari upplýsingar á www.fb.is og sumar@fb.is

Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Elmar Hallgríms Hallgrímsson | Sölumaður auglýsinga: Ólafur H. Hákonarson, olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 | Veffang: frettabladid.is



Hulda Mjöll Hauksdóttir.

# Blundar í þér bókari?

**Svokölluð Þriggja þrepa leið samanstendur af þremur námslínum hjá Endurmenntun Háskóla Íslands – Grunnnámi í bókhaldi, Grunnnámi í reikningshaldi og Undirbúningsnámi til viðurkenningar bókara. Leiðin er sérstaklega ætluð þeim sem ekki hafa reynslu af bókhaldsstörfum**

Áður fyrr var viðurkenning bókara í raun staðfesting á þekkingu og færni þeirra sem þegar störfuðu sem bókarar en í dag er þetta breytt og fleiri vilja reyna við prófin," segir Hulda Mjöll Hauksdóttir, verkefnastjóri hjá Endurmenntun Háskóla Íslands, um hina svonefndu Þriggja þrepa leið til viðurkenningar bókara. „Hjá Endurmenntun höfðum við um nokkurra ára skeið boðið upp á Undirbúningsnám til viðurkenningar bókara, þegar ákveðið var að bæta við að auki undirbúningi í reikningshaldi og bókhaldi. Við fundum fyrir aukinni eftirspurn þeirra sem vantaði þennan grunn og fundu ekki vettvang til að ná sér í þessa þekkingu og þjálfun. Með Þriggja þrepa leiðinni viljum við mæta þörfum þeirra sem skortir grunnþekkingu og reynslu en vilja skapa sér nýjan starfsvettvang sem viðurkenndir bókarar."

Hulda Mjöll segir að eftirspurnin sé mikil, en hátt á þriðja tug nema eru á öðru þrepi núna og af þeim muni vafalaust flestir halda áfram á þriðja þrep og útskrifast vorið 2019. „Það eru ekki endilega allir sem ætla sér að fara alla leið því námið er afar hagnýtt, hvort sem nemendur ætla að þreyta prófið til viðurkenningar bókara eða ekki. Í raun hentar þetta öllum sem vilja öðlast skilning og færni í að færa bókhald."

### Ein námslína á hverju misseri

Fyrsta þrepið er Grunnnám í bókhaldi og er þar unnið með bókhaldskerfið Reglu. „Nemendur fá aðgang að raunverulegu bókhaldskerfi og námsgögnin eru raunveruleg bókhaldsgögn," segir Hulda Mjöll. „Í náminu er bókhald fært rétt eins og gert er í atvinnulífinu og þessi þjálfun er mikils virði."

> **„Hjá Endurmenntun höfðum við boðið upp á Undirbúningsnám til viðurkenningar bókara, þegar ákveðið var að bæta við að auki undirbúningi í reikningshaldi og bókhaldi. Við fundum fyrir aukinni eftirspurn þeirra sem vantaði þennan grunn og fundu ekki vettvang til að ná sér í þessa þekkingu og þjálfun.**
>
> Hulda Mjöll Hauksdóttir

Þegar komið er upp á annað þrep, Grunnnám í reikningshaldi, er farið yfir lög og reglugerðir sem tengjast starfinu, þ.e. meginreglur í reikningshaldi og lög um ársreikninga. Unnið er út frá lagaumhverfi á Íslandi og horft til aðferða sem viðhafðar eru á bókhaldsstofum.

Þriðja þrepið, Undirbúningsnám til viðurkenningar bókara, er svo sett saman úr upprifjun af þrepi eitt og tvö með það að markmiði að undirbúa próftaka sem best fyrir próf til viðurkenningar bókara, en það er atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið sem stendur fyrir þeim.

Spurð að því hvað það taki langan tíma að klára þrepin þrjú segir Hulda: „Þetta er ein námslína á misseri. Sá sem hefur Grunnnám í bókhaldi í haust, heldur áfram í Grunnnámi í reikningshaldi á vormisseri 2019 og Undirbúningsnámi til viðurkenningar bókara haustið 2019. Hann getur svo þreytt prófin til viðurkenningar bókara samhliða undirbúningsnáminu. Þetta þýðir að sá sem hefur námið í haust getur hlotið viðurkenningu sem bókari við útskrift í febrúar 2020."

### Bókarar alltaf eftirsóttir

Hún segir að í náminu núna sé bæði fólk sem unnið hefur við bókhald og aðrir sem ekki hafa reynslu af bókhaldsstörfum. „Þetta er fólk sem vill dýpka og staðfesta þekkingu sína og enn aðrir sem vilja auka við reynslu sína og færni. Ég heyrði hjá einni sem starfar við bókhald og lauk Grunnnámi í bókhaldi síðastliðið haust, að hún hefði þarna fengið það aukna sjálfstraust sem hana einmitt vantaði í starfi."

Spurð um það hvort eftirspurn sé eftir bókurum á vinnumarkaði segir Hulda Mjöll: „Bókarar eru alltaf eftirsóttir. Það er ávallt eftirspurn eftir þeim og nánast orðin krafa að viðkomandi sé viðurkenndur bókari."

### Kynningarfundur 16. maí

Kynningarfundur námsbrauta fer fram í Endurmenntun Háskóla Íslands, Dunhaga 7, miðvikudaginn 16. maí og hefst kl. 16. Þar verða kynntar allar þær námsbrautir sem hefjast í haust hjá Endurmenntun. Þriggja þrepa leið til viðurkenningar bókara verður kynnt kl. 18 og verða kennararnir sem hafa umsjón með hverju þrepi fyrir sig á staðnum og svara fyrirspurnum.

Nánari upplýsingar um þær námsbrautir Endurmenntunar sem hefjast í haust má finna á endurmenntun.is. Umsóknarfrestur er til 5. júní.




TAKTU SKREFIÐ

NÁMSBRAUTIR Á HAUSTMISSERI

Á GRUNNSTIGI

LEIÐSÖGUNÁM Á HÁSKÓLASTIGI
STAÐNÁM – FJARNÁM

NÁM TIL LÖGGILDINGAR FASTEIGNA- OG SKIPASALA
STAÐNÁM – FJARNÁM

ÖKUKENNARANÁM TIL ALMENNRA RÉTTINDA

Á FRAMHALDSSTIGI

FJÖLSKYLDUMEÐFERÐ
DIPLÓMANÁM Á MEISTARASTIGI

JÁKVÆÐ SÁLFRÆÐI
DIPLÓMANÁM Á MEISTARASTIGI

PMTO MEÐFERÐARMENNTUN

SÁLGÆSLA
DIPLÓMANÁM Á MEISTARASTIGI

NÁMSLÍNUR ÁN EININGA

FJÁRMÁL OG REKSTUR
STAÐNÁM – FJARNÁM

FORYSTA TIL FRAMFARA
LEIÐ STJÓRNENDA TIL AUKINS ÁRANGURS

FRAMKVÆMDAFERLI MANNVIRKJAGERÐAR
STAÐNÁM EÐA FJARNÁM

GRUNNNÁM Í BÓKHALDI

GRUNNNÁM Í REIKNINGSHALDI
STAÐNÁM EÐA FJARNÁM

HEILDRÆN FJÖLSKYLDUSÝN
VINNA MEÐ BÖRNUM OG FULLORÐNUM

HUGUR OG HEILBRIGÐI
GERÐU GOTT LÍF BETRA

UNDIRBÚNINGSNÁM – VIÐURKENNDUR BÓKARI
STAÐNÁM EÐA FJARNÁM

VERKEFNASTJÓRNUN OG LEIÐTOGAÞJÁLFUN

KYNNINGARFUNDUR 16. MAÍ
UMSÓKNARFRESTUR TIL 5. JÚNÍ

ENDURMENNTUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

NÁMSRÁÐGJÖF OG UPPLÝSINGAR: SÍMI 525 4444 ENDURMENNTUN.IS



Útskriftarhópur Írisar að loknum vel heppnuðum kynningum á útskriftarverkefnum í vélstjórn við VMA.



Íris að vinna við túrbínuna. „Bróðir minn, Óðinn Arngrímsson, er þarna líka og pabbi, Arngrímur Páll Jónsson, með hausinn inni í annarri túrbínu.“

# 30 ára vatnsaflstúrbína fær framhaldslíf sem kennslugagn

Íris Arngrímsdóttir gerði upp gamla vatnsaflstúrbínu sem hafði safnað ryki í meira en tuttugu ár. Túrbínan var útskriftarverkefni hennar í vélstjórn frá Verkmenntaskólanum á Akureyri. Skólinn fékk svo túrbínuna að gjöf sem kennslutæki.

Ragnheiður Tryggvadóttir
heida@frettabladid.is



Þetta er Francis túrbína sem föðurbróðir minn, Eiður Jónsson í Árteigi í Út-Kinn, smíðaði fyrir nærri þrjátíu árum. Hún er með um 800 vatta afl og átti upphaflega að notast í sumarbústað en fór hins vegar aldrei upp en hefur safnað ryki inni á verkstæði í allan þennan tíma. Ég tók hana í gegn og gerði nothæfa, prófaði hana og sýndi fram á útreikninga,“ segir Íris Arngrímsdóttir sem gerði upp vatnsaflstúrbínu sem lokaverkefni í vélstjórn við Verkmenntaskólann á Akureyri.

„Það þurfti að slípa hana alla upp og grunna og mála. Ég setti við hana rafala og smíðaði einnig vinnuborð undir hana,“ segir Íris. Verkefnið setur lokapunktinn á fimm ára nám Írisar. Hún segir bakgrunn sinn á vélaverkstæði fjölskyldunnar hafa haft áhrif á námsvalið. Að lokinni kynningu gaf Vélaverkstæðið Árteigi túrbínuna sem kennslugagn til skólans.



Túrbínan klár sem kennslugagn. Íris og Vélaverkstæðið Árteigi gefa skólanum túrbínuna.

„Pabbi og bróðir hans eru túrbínusmiðir og reka Vélaverkstæðið Árteigi. Þeir, ásamt afa, hafa smíðað fleiri en hundrað vatnsaflstúrbínur sem settar hafa verið upp víða um landið og erlendis. Ég vinn í Laxárvirkjun sem nemi hjá Landsvirkjun. Hér eru tvær túrbínur í gangi og framleiða 22 megavött en akkúrat núna er vélaskoðun sem þýðir tveggja vikna stopp á annarri túrbínunni. Þá er verið að yfirfara alla hluti og laga það sem ekki er hægt að laga á meðan hún er í gangi. Ég er í almennu viðhaldi og verkefnin eru eins misjöfn og þau eru mörg,“ útskýrir Íris.

Framtíðin sé óráðin og engar ákvarðanir hafa verið teknar um áframhaldandi nám.

„Ég er bara ekki búin að ákveða framhaldið. Ég ætla bara að halda áfram að bæta í reynslubankann.“

Íris kynnti lokaverkefnið í Verkmenntaskólanum í liðinni viku, en alls kynntu tólf nemendur lokaverkefni sín. Íris segir verkefnin hafa verið hvert öðru flottara og kynningarnar gengið vel. „Það mætti fjöldi fólks til að fylgjast með en þetta gekk allt vel og kom bara vel út hjá okkur.“



Íris Arngrímsdóttir á Vélaverkstæðinu Árteigi.

FB

Kvöldskóli FB

Haustönn 2018

Húsasmiðabraut,
Sjúkraliðabraut,
Rafvirkjabraut,
Fab-Lab áfangar
Margir áfangar til stúdentsprófs.

Kennsla hefst 22. ágúst 2018.
Allar nánari upplýsingar á www.fb.is og kvold@fb.is



Kennsluaðferðir byggja á mikilli verkefnavinnu, bæði einstaklingsverkefnum og samvinnuverkefnum, og þjálfa nemendur til forystu í atvinnulífinu og samfélaginu.

# Í fararbroddi í fjarnámi

## Fjölbreytt námsframboð Háskólans á Bifröst hentar sérstaklega vel með vinnu. Nemendur læra þar að ná árangri og að rísa undir þeim kröfum sem gerðar eru á vinnumarkaði.

Háskólinn á Bifröst er viðskiptaháskóli sem býður upp á grunnnám og meistaranám í viðskiptafræði, lögfræði og félagsvísindum. Að sögn Vilhjálms Egilssonar, rektors Háskólans á Bifröst, felst sérstaða skólans m.a. í kennsluaðferðunum sem þjálfa fólk í að leysa þau margvíslegu verkefni sem upp koma á hverjum vinnustað. „Skólinn er í fararbroddi í fjarnámi og námið er í lotum sem dreifir álaginu á nemendur mjög vel. Persónuleg samskipti milli nemenda og við kennara þjálfa fólk til að takast á við raunverulegar aðstæður í fyrirtækjum og stofnunum samfélagsins. Nemendur læra að ná árangri og að rísa undir þeim kröfum sem gerðar eru á vinnumarkaði.“

### Tækifæri til vaxtar

Auk grunn- og meistaranáms starfrækir Háskólinn á Bifröst Háskólagátt fyrir nemendur sem hafa ekki lokið stúdentsprófi. „Á síðustu 40 árum hefur námið í skólanum verið uppfært frá tveggja ára námi á framhaldsskólastigi til meistaranáms í takt við þróun menntunar í landinu og þarfir atvinnulífsins. Kennsluaðferðirnar sem byggja á mikilli verkefnavinnu, bæði einstaklingsverkefnum og samvinnuverkefnum, þjálfa nemendur til forystu í atvinnulífinu og samfélaginu. Auðvelt er að stunda nám með vinnu í Háskólanum á Bifröst og fólk fær tækifæri til að vaxa í starfi.“



### Aðstaða til fyrirmyndar

Öll aðstaða og aðbúnaður er til fyrirmyndar að sögn Vilhjálms, hvort sem nemendur búa á Bifröst eða koma á vinnuhelgar. Leikskóli er á staðnum og góður grunnskóli er á Varmalandi. „Háskólinn á Bifröst stendur framarlega í nýtingu tækni við kennslu. Þannig eru t.d. allir fyrirlestrar á netinu og nemendur geta horft á þá þegar þeim hentar og eins oft og þeir vilja. Samverustundir með kennurum eru nýttar til verkefnavinnu og umræðna en mikil samskipti fara fram á milli nemenda og kennara með hjálp hvers kyns samskiptatækni.“

**„Nemendur læra að ná árangri og að rísa undir þeim kröfum sem gerðar eru á vinnumarkaði,“ segir Vilhjálmur Egilsson, rektor Háskólans á Bifröst.**



Öll aðstaða fyrir nemendur og fjölskyldur þeirra er til fyrirmyndar.

### Sterk tengsl myndast

Vilhjálmur segir samfélagið á Bifröst einstaklega gott. „Nemendur í Háskólanum á Bifröst eru einstaklingar en ekki kennitölur. Hér fá þeir persónulega þjónustu og kennsluaðferðirnar, sem innihalda mikla hópavinnu, þjappa nemendum og kennurum saman. Í skólanum myndast því sterk tengsl milli einstaklinga sem oft endast ævina út. Skólinn leggur mikla áherslu á að nýta tækifæri til að skapa vináttu og gagnkvæman stuðning milli allra í skólanum og styrkja nemendur til að standast miklar kröfur í námi og starfi á vinnumarkaðnum.“

### Tækifæri eftir útskrift

Vilhjálmur segir að útskrifuðum nemendum gangi vel að fá góð störf á vinnumarkaði að námi loknu.

„Margir nemendur stunda nám með vinnu og vilja ná lengra þar sem þeir starfa. Það hefur gefist þeim vel og meðmæli eldri nemenda sem hafa náð árangri eru einn af helstu áhrifaþáttum þess að nemendur koma í skólann. Nemendur sem ekki eru samhliða á vinnumarkaði öðlast dýrmæta þjálfun í öguðum vinnubrögðum sem hefur hjálpað þeim að fá störf.“



Jóhann Gunnar í miðið en með honum í undirbúningsnefnd eru Tryggvi Björn Davíðsson, Valgerður Freyja Ágústsdóttir og Hörður Vilberg. Maturinn á hátíðinni verður í anda gamla tímans en búist er við um 800 manns. MYND/SIGTYGGUR ARI

# Þar sem kynslóðirnar dansa í takt

**Gamlir nemendur Menntaskólans á Akureyri gera sér glaðan dag á júbílantamóti 16. júní en þemað er 100 ára fullveldi Íslands.**

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Jóhann Gunnar Arnarsson, danskennari og bryti, er einn umsjónarmanna hátíðarinnar en hann heldur upp á 25 ára stúdentsafmæli í júní. Jóhann Gunnar vakti mikla athygli sem dómari í þáttunum Allir geta dansað á Stöð 2. „Á hátíðinni hittast eins árs stúdentar ásamt afmælisárgöngum. Yfirleitt eru þetta þriggja daga hátíðarhöld og hefjast 14. júní. Gamlir bekkir hittast fyrsta daginn, afmælisárgangar daginn eftir og loks er það allur hópurinn. Hefð er fyrir því að 25 ára stúdentar skipuleggi hátíðina 16. júní sem fer fram í íþróttahöllinni,“ segir Jóhann.

Meðal þeirra sem mæta á hátíðina er bekkjarfélagi Jóhanns, Halldór Már Stefánsson, en hann er tónlistarmaður í Barcelona og hefur séð um sjónvarpsþætti hjá TV3 á Spáni. „Hann ætlar að troða upp og spila nokkur af lögum sínum. Veislustjórar verða Hörður Vilberg og Hlín Helga Guðlaugsdóttir. Þar sem fullveldisdagurinn er 1. desember og MA heldur alltaf árshátíð sína á þeim degi fannst okkur við hæfi að hafa þemað í ár tileinkað hundrað ára fullveldisafmæli Íslands. Það verður ekki fataþema en matseðillinn verður mjög íslenskur. Við ætlum að bjóða upp á rúgbrauð með rjómaosti og reyktum silungi með vísan í lag sem gjarnan er sungið á göngum skólans, „Rúgbrauð með rjóma“, síðan er rækjukokteill, þorskur, lamb, pönnukökur og brodd brûlée sem er ekki ósvipað ábrestum,“ segir Jóhann. „Við tengjum matseðilinn við skólann og gamla tíma.“

Helena Eyjólfsdóttir ætlar að syngja með hljómsveitinni Í svörtum fötum. „Helena er auðvitað stjarna á Akureyri og elstu stúdentarnir fóru gjarnan á ball með henni í Sjallanum í gamla daga. Hægt er að skrá sig á hátíðina bautinn.is/jubilantar,“ segir Jóhann. „Yngstir á hátíðinni eru eins árs stúdentar sem kasta af sér hvíta kollinum á miðnætti en þeir elstu sem hafa boðað komu sína þetta árið eru 60 ára stúdentar. Það má segja að í Höllinni muni kynslóðirnar dansa í takt en boðið verður upp á fjölbreytta skemmtun við allra hæfi,“ segir Jóhann.

Útskrift nýstúdenta er ævinlega 17. júní á Akureyri og Jóhann segir að hefð sé fyrir því að þeir gangi um götur bæjarins með hvítu kollana þann dag. „Núna erum við að plana að hafa árlega göngu nemenda upp að Skólavörðu á Vaðlaheiði en hún var reist þegar Reykvíkingar rifu sína niður sem var á Skólavörðuholtinu. Á Vaðlaheiðinni stendur hún enn og það væri gaman að gamlir nemendur hittust árlega í slíkri göngu.“



Menntaskólinn á Akureyri.

> Yngstir á hátíðinni eru eins árs stúdentar sem kasta af sér hvíta kollinum á miðnætti en þeir elstu sem hafa boðað komu sína þetta árið eru 60 ára stúdentar.
>
> Jóhann Gunnar Arnarsson

Stutt, hagnýtt starfsnám

MATSVEINN – MATARTÆKNIR

HEILSA OG MATUR
Ertu að vinna í mötuneyti? Viltu auka möguleika þína í starfi?
Þá er þetta nám fyrir þig:
**Matsveina-og matartæknanám** er fyrir þá sem starfa eða vilja starfa við matreiðslu og stjórnun í eldhúsum leik-, grunn- og framhaldsskóla, vinnustaða og heilbrigðisstofnana. Námið er einnig heppilegt fyrir þá sem starfa á fiski- og flutningaskipum og í ferðaþjónustu.

INNRITUN STENDUR YFIR Á MENNTAGATT.IS TIL 31. MAÍ.

Menntaskólinn í Kópavogi
Sími: 594 4000



MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
HÓTEL- OG MATVÆLASKÓLINN | FERÐAMÁLASKÓLINN | LEIÐSÖGUSKÓLINN

# Fólk Helgin

LAUGARDAGUR 12. MAÍ 2018



Það verður kátt í bresku konungshöllinni eftir viku þegar Megan og Harry ganga ´í hjónaband. Líklegast fyndist mörgum skemmtilegt að vera í Lundúnum þann dag. →4



Sjónin dofnar með aldrinum. Fólk ætti að láta skoða augun reglulega og fylgjast með augnbotnunum.

# Vítamín sem dregur úr augnbotnahrörnun

Augnbotnahrörnun er algengasta orsök lögblindu á Íslandi hjá fólki eldra en 50 ára. Sjúkdómurinn leggst á miðgróf sjónhimnu í augnbotnum og skerðir sjónskerpu. Viteyes AREDS 2 dregur úr skemmdum á augnbotnum.





Sjónin skiptir miklu máli og þegar við eldumst er gott að huga að réttum vítamínum, til dæmis sem henta fyrir augun.

Vitað er að ellihrörnun í augnbotnum er algengari með hækkandi aldri og að reykingar, ættarsaga og hár blóðþrýstingur eru áhættuþættir.

Sjónin er okkur afar dýrmæt og því fyrr sem sjúkdómurinn greinist, þeim mun meiri líkur eru á að hægt sé að komast hjá alvarlegri sjónskerðingu. Því miður eru meðferðarmöguleikar takmarkaðir en með tilkomu sérþróaðrar vítamínblöndu eins og Viteys Classic AREDS 2 hefur tekist að draga úr skemmdum í augnbotnum og koma í veg fyrir sjóntap.

### Viteyes Classic AREDS 2

Viteyes AREDS 2 er andoxunarvítamín með sinki, lúteini og zeaxantíni og er ætlað við aldursbundinni augnbotnahrörnun sem byggir á AREDS 2 rannsókninni. Í þeirri rannsókn var könnuð fyrirbyggjandi verkun andoxunarvítamína gegn aldursbundinni augnbotnahrörnun. Hún leiddi í ljós að þeir sem hófu rannsóknina með litlu magni af lúteini og zeaxantíni í mataræði sínu og fengu viðbætt lútein og zeaxantín meðan á rannsókninni stóð voru 25 prósent ólíklegri til að þróa með sér ellihrörnun í augnbotnum á efri stigum samanborið við þátttakendur með svipað mataræði sem tóku ekki inn lútein og zeaxantín.

Til að tryggja hámarksgæði og -virkni eru innihaldsefni Viteyes öll í hæsta gæðaflokki og framleidd í samræmi við hæstu staðla í vörugæðum. Virk innihaldsefni Viteyes AREDS eru; C-vítamín, E-vítamín, sink, kopar, lútein og zeaxantín.

### Viteyes Multivitamin AREDS 2 companion

Það er alltaf hætta á því að fólk innbyrði of mikið af vissum vítamínum þegar það er að blanda saman mismunandi tegundum. Þess vegna setti Viteyes á markað sérstakt Viteyes Multivitamín AREDS 2 Companion sem er sérhannað til að taka inn á móti Viteyes Classic AREDS 2. Ein tafla á dag inniheldur öll þau vítamín sem líkaminn þarfnast í réttum hlutföllum. Auk þess inniheldur það ekki sterkju, glútein, laktósa, sojaprótein, mjólk, rotvarnarefni, bragðefni eða litarefni.

Allar vörurnar fást í apótekum.




### Viteyes Multivitamin AREDS2 Companion

- Sérhannað til að taka með Viteyes AREDS-2
- Minnkar áhættu á að tekið sé of mikið af vissum vítamínum samhliða
- Multivítamín sem inniheldur öll þau vítamín sem líkaminn þarfnast í réttum hlutföllum á móti Viteyes Classic AREDS-2
- Ekkert ger, glútein, laktósar, mjólk, sojaprótein, rotvarnarefni, bragðefni eða litarefni
- 1 tafla á dag



Heilbrigður augnbotn.



Augnbotnahrörnun.

# Til varnar þurrum augum

Þurr augu eru algengt vandamál en þá hefur orðið truflun á framleiðslu tára svo augun framleiða ekki nægilega mikið af þeim eða tárin eru ekki nægilega vel sett saman og þau gufa upp of fljótt.

Aldur hefur áhrif á augnþurrk, hann getur verið tengdur ýmsum gigtar- og sjálfsofnæmissjúkdómum, hjá fólki með ofnæmi og hjá þeim sem nota snertilinsur. Þá geta utanaðkomandi atriði valdið eða viðhaldið þurrum augum, t.d. lyf, áfengi, tölvunotkun, viftur o.fl. Ekki er hægt að lækna þurr augu en unnt er að meðhöndla einkenni sjúkdómsins.

### Viteyes Dry Eye vítamín

Þurr augu eru algengt vandamál.

Viteyes Dry Eye vítamín er sérstaklega þróað fyrir þá sem eru með þurr augu til að hjálpa til við að viðhalda heilbrigðri framleiðslu tára. Einnig er það gott sem fyrirbyggjandi vítamín fyrir augun. Viteyes Dry Eye vítamín er stútfullt af hágæðavítamínum til að uppfylla daglegar þarfir þurra augna. Meðal innihaldsefna er laktóferrín sem nauðsynlegt er fyrir táraframleiðslu, B6-vítamín fyrir rétt frásog í sama tilgangi, Borage fræolía sem klínískt sannað er að örvi táraframleiðslu, Omega 3 sem nauðsynleg er fitukirtlunum í augum til að mynda heilbrigða smurningu á tárafilmu, E-vítamín sem kemur í veg fyrir oxun og kemur á stöðugleika og hörfræolía sem hefur áhrif á eðlilega seytingu tárakirtla. Þessi einstaka blanda inniheldur ekki ger, glúten, laktósa, sojaprótein, rotvarnarefni eða önnur bragðefni.

### Viteyes Dry eye

- Sérstaklega þróað fyrir alla þá sem eru með þurr augu eða vilja taka þetta sem fyrirbyggjandi vítamín fyrir augu
- Hágæða innihald af vítamínum fyrir daglegar þarfir þurra augna
- Laktóferrín, B6-vítamín, borage fræolíu, Omega 3 fitur, E-vítamín og hörfræolía.
- Ekkert ger, glúten, laktósar, sojaprótín, engin rotvarnar- eða bragðefni
- 1 tafla á dag



# Margt smátt gerir eitt stórt

**Að breyta lífsstílnum er langtímavinna sem best er að skipta niður í mörg lítil verkefni. Með þrautseigju og hjálp meltingarensíma og mjólkursýrugerla verður það árangursríkara.**



Góður og grænn drykkur sem er heilsusamlegur að auki.




Bio-Kult mjólkursýrugerlarnir eru mjög öflugir og til að efla ónæmiskerfið enn frekar núna þegar kvef og pestir herja á okkur getur Bio-Kult Candéa hjálpað mikið til.

Að líða vel í eigin skinni og vera sáttur við sjálfan sig er eftirsóknarvert en við eigum kannski misauðvelt eða erfitt með að komast á þann stað. Þegar við viljum bæta heilsufar og vellíðan almennt er gott að huga vel að nokkrum grundvallaratriðum sem geta skipt sköpum varðandi árangursríkt framhald.

## Jafnvægi á líkama og sál

Það skiptir öllu máli að andleg líðan sé góð en þegar við erum ekki í góðu jafnvægi getur verið erfitt að koma mataræðinu í gott horf og svo öfugt. Við verðum að fara yfir nokkra þætti sem skipta okkur öll miklu máli og finna hvar þarf að laga hlutina til að vera í jafnvægi en þetta eru atriði eins og:

- Sambönd (hjónaband, fjölskylda og vinir)
- Atvinna – erum við sátt?
- Fjármál / fjármálaáhyggjur
- Hreyfing
- Andleg líðan

Samhliða skoðum við svo mataræðið og fyrstu skrefin þar snúast alltaf um það að taka út óæskilega næringu eins og sykur, unna matvöru og þau matvæli sem valda vanlíðan ásamt því að koma reglu á máltíðir.

## Meltingin er grunnurinn

Nýjustu rannsóknir staðfesta alltaf betur og betur hversu mikilvægt það er að hafa meltingarfærin í lagi og hvaða áhrif þarmaflóran hefur bæði á líkamlega og andlega líðan. Að auki leikur hún stórt hlutverk í að viðhalda öflugu ónæmiskerfi. Við þurfum að geta brotið fæðuna vel niður til að næringarefnin frásogist en til þess að það gerist þarf þarmaflóran að vera í jafnvægi. Meltingarfærin eru því það fyrsta sem við þurfum að huga að til að geta nærst vel því um leið og upptakan er góð og við skilum frá okkur eðlilegum hægðum kemst betra jafnvægi á og við höfum stigið stórt skref í átt að heilbrigðara lífi. Það má líkja þessu við að við séum að byggja hús og við byrjum á grunninum. Því traustari og betur gerður sem grunnurinn er, þeim mun auðveldara verður að byggja ofan á þannig að allt haldi vel.

## Góður og grænn á morgnana

Til að koma sér af stað á morgnana getur hentað vel að gera sér góðan grænan drykk fullan af næringarefnum og trefjum sem er gott fyrir meltinguna. Vel samsettir drykkir hafa líka jákvæð áhrif á blóðsykurinn og hjálpa í baráttunni við sykurpúkann. Það þarf ekki að vera flókið að skella í góðan drykk og tekur varla meira en 2-3 mínútur.

> **Meltingarensímin frá Enzymedica eru tekin inn með mat og hafa losað fólk við ótrúlegustu óþægindi og aukið orku til muna.**

## Grænn og vænn

**1 lúka blönduð græn blöð, spínat eða grænkál**
**½-1 banani (má vera frosinn)**
**1 bolli frosið mangó eða t.d. ananas**
**1-2 cm engifer**
**Smá sítrónusafi**
**1,5 bolli vatn eða t.d. möndlu- eða haframjólk**

Ýmislegt má svo nota til að „poppa drykkinn aðeins upp“ en það getur verið smá kanill, túrmerik, 1 msk. hörfræ eða chiafræ, smá epladjús eða tvær döðlur til að sæta aðeins.

Berjadrykkir eru líka góðir og um að gera að finna hvað hentar.

## Þreyta eftir máltíðir

Ensím eru nauðsynleg í öllum efnaskiptum í líkamanum en í hráu fæði eru ensím sem verða óvirk við eldun. Þegar við borðum eldaðan og unninn mat notar líkaminn orkuna til að finna og flytja ensím til meltingarvegarins – hver hefur ekki fundið fyrir þreytu eftir stórar máltíðir? Með hækkandi aldri gerist það líka að framleiðsla ensíma í líkamanum minnkar en ensímaskortur getur lýst sér í eftirtöldu:

- Brjóstsviði
- Vindverkir
- Uppþemba
- Kviðverkir & ógleði
- Bólur
- Nefrennsli
- Krampar í þörmum
- Ófullnægt hungur
- Exem
- Höfuðverkur
- Húðkláði
- Skapsveiflur
- Liðverkir
- Húðroði
- Svefnleysi

Það er alltaf mikilvægt að borða „lifandi fæðu“ eins og grænmeti og ávexti með elduðum mat og fjölmargir hafa einnig fundið lausn í að taka inn meltingarensím til að auðvelda líkamanum verkið og nýta fæðuna betur. Þetta er einnig grundvallaratriði í átt að heilbrigðari lífsstíl. Meltingarensímin frá Enzymedica eru tekin inn með mat og hafa losað fólk við ótrúlegustu óþægindi og aukið orku til muna. Aðferð við vinnslu á ensímunum kallast Thera-Blend og er það einkaleyfisvarin aðferð sem gerir þeim kleift að vinna á mismunandi pH- gildum í líkamanum og gerir þau 5-20 sinnum öflugri en önnur meltingarensím.

## Aukið heilbrigði fyrir alla

Fyrir utan bæði D-vítamín og Omega-3 fitusýrur sem er okkur lífsnauðsynlegt að taka inn í formi bætiefna eigum við að taka inn öfluga mjólkursýrugerla. Það er stöðugt álag á meltingunni og atriði eins og streita, lyf, áfengi, sykur og koffein sem geta valdið því að hvorki meltingin (í maganum) né þarmaflóran er í nógu góðu jafnvægi. Bio-Kult mjólkursýrugerlarnir eru mjög öflugir fyrir þarmaflóruna og efla ónæmiskerfið en Bio-Kult Candéa inniheldur auk 7 gerlastofna hvítlauk sem er bakteríudrepandi og öflugur fyrir ónæmiskerfið og GSE (Grapefruit Seed Extract) sem inniheldur öflug efnasambönd sem vinna gegn fjölmörgum bakteríutegundum, veirum og sveppum og þá sérstaklega Candida-svepp sem margir kannast við.

## Ávísun að betri líðan

Gott er að stefna inn í sumarið með smá aðgerðaplan að vopni. Tökum út sykurinn með hjálp græna drykkjarins til að byrja með og hugum svo að mataræðinu ásamt því að fara almennt yfir líðan okkar í leik og starfi. Hér eru svo nokkrar þumalputtareglur sem hægt er að hafa til hliðsjónar en það er allt hægt ef viljinn er fyrir hendi.

- Borðum hreina fæðu
- Borðum árstíðabundið
- Borðum mat sem við þolum
- Borðum reglulega, ekki eftir kvöldmat
- Eldum frá grunni
- Áfengi í hófi
- Sykur í hófi
- Sleppum unnum matvælum og forðumst viðbættan sykur
- Drekkum vatn
- Sofum nóg
- Forðumst streitu
- Hreyfum okkur – ferskt loft
- Ræktum sálina

**Skoðum okkur ekki bara í speglinum, líka innávið:**

- Hjónaband
- Vinna
- Fjármál
- Félagslíf o.fl.



# Á vegum konunglegrar ástar

Sögulegir minnisvarðar, heillandi smábæir og konunglegir kastalar eru steinsnar frá Lundúnum. Við einn þeirra má sjá Harry prins ganga að eiga Meghan Markle leikkonu um næstu helgi.


Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is




England í vorbúningi er íðilfagurt um sveitir og torg og því tilvalið að bregða sér í lestarferð út fyrir borgarmörkin þegar dvalið er í Lundúnum.

- Windsor-kastali er töfrandi umgjörð utan um rómantíska merkisatburði innan bresku konungsfjölskyldunnar. Þangað fer Elísabet Englandsdrottning líka í fríum sínum og hægt er að fá leiðsögn um kastalann.



Harry og Meghan verða gefin saman frammi fyrir Guði og mönnum í Windsor.



Það er ógleymanleg upplifun að ganga um Stonehenge frá steinöld.

- Fyrir þá sem elska kóngafólk og verða í London um næstu helgi er freistandi að skjótast með lest til Windsor laugardaginn 19. maí og taka sér stöðu fyrir utan St. George-kapelluna þegar klukkan slær tólf að enskum staðartíma. Þá verður hægt að sjá kóngafólkið í návígi og fylgjast með sögulegri hamingjustund þegar Harry prins og bandaríska leikkonan Meghan Markle ganga í hjónaband. Kapellan er sögð vera hjónaleysunum einkar hjartfólgin og þar var Harry skírður sem barn. Þau Harry og Meghan hafa verið dugleg að vera með puttana í undirbúningi brúðkaupsins þótt konungdæmið standi straum af öllum íburðinum þegar kemur að giftingarathöfninni, blómum, tónlist, skreytingum og sjálfri brúðkaupsveislunni. Svaramaður Harrys verður bróðir hans, krónprinsinn Vilhjálmur, og víst þykir að börn Vilhjálms og Katrínar, þau Georg litli og Charlotte prinsessa, leiki stórt hlutverk í athöfninni. Umgjörðin verður því eins og í alvöru ævintýri. Hægt er að taka lest frá Paddington-stöðinni í Lundúnum til Windsor og tekur ferðin um hálfa klukkustund.
- Stonehenge-mannvirkið er einn af þekktustu forsögulegu stöðum veraldar og mikil upplifun að sjá. Það stendur við Amesbury í Wiltshire, um það bil 13 kílómetra frá Salisbury. Stonehenge var upphaflega reist sem virkisgarður á steinöld og er samsett úr risastórum steinum. Talið er að steinarnir séu frá því um 2500 árum fyrir Krist en elsti hluti fornminjanna frá því um 3100 fyrir Krist. Tekin er lest til Salisbury sem tekur um eina og hálfa klukkustund. Þaðan er um hálftíma akstur til Stonehenge með rútu eða leigubíl.
- Bath er undurfagur bær, 159 kílómetrum vestan við London. Borgin er reist í dölum árinnar Avon við náttúrulega hveri sem eru þeir einu á Englandi. Þar byggðu Rómverjar almenningsbaðhús og musteri sem gerðu Bath að vinsælum orlofsstað á georgíska tímabilinu. Borgin fékk opinbera stöðu sem borg Elísabetar I árið 1590 og er á heimsminjaskrá UNESCO. Lestarferð frá Paddington til Bath tekur um eina og hálfa klukkustund.

**» Harry og Meghan verða gefin saman klukkan tólf á hádegi laugardaginn 19. maí.**

Sjá tímaáætlanir og verð á: britrail.co.uk og trainline.co.uk.






Sylvía Nótt er kjörgervi fyrir búningaboð á söngvakeppniskvöldi.

## Stuð á söngvakeppni

Þó Ari okkar hafi ekki orðið fyrir valinu hjá Evrópu í undankeppninni á þriðjudaginn er ekki þar með sagt að það verði ekki gaman í kvöld enda bjóða fáir sjónvarpsviðburðir upp á eins fjölbreyttar leiðir til að hafa gaman og Evrópusöngvakeppnin. Það er til dæmis borðleggjandi að halda partí og skella á þema, má til dæmis hvetja alla viðstadda til að mæta með hatt sem táknar tilfinningar þeirra til keppninnar eða í búningi til heiðurs eftirlætisatriðinu þeirra, íslensku eða erlendu. Einnig er hægt að leika sér með stigagjöf og gefa til dæmis stig fyrir framkomu, klæðnað, klæðsviptingar, tilfinningasemi, leikgleði, hækkanir, háa tóninn, sviðsetningarbrellur, þulagrín, kynnakankvísi og þannig mætti lengi telja. Þessa stigagjöf má svo auðvitað útfæra með tilliti til veitinga, hvort sem er í föstu formi eða fljótandi þannig að tekinn sé biti, flaga eða sopi þegar eitthvað af þessu gerist. Því sama hvernig allt veltur, þá er Eurovision bara einu sinni á ári. Lokakvöldið allavega.



Vigfús M. Vigfússon er vörustjóri persónutrygginga hjá Sjóvá.

## Leiðrétting

Í greininni Tryggingar hjólreiðafólks, sem birtist í sérblaðinu Út að hjóla síðasta fimmtudag, stóð ranglega að ábyrgðartrygging í Fjölskylduvernd hjá Sjóvá næði til þess ef hjólreiðamaður hjólaði á gangandi vegfaranda, svo lengi sem tjóninu hefði ekki verið valdið af gáleysi. Hið rétta er að tryggingin nær yfir tjón sem hjólreiðamaður veldur af gáleysi. Biðjumst við velvirðingar á þessu.

# Kristinn Sigmundsson syngur til styrktar Kvennaathvarfinu

Með hækkandi sól er yfirskrift tónleika sem haldnir verða til styrktar Kvennaathvarfinu í Lindakirkju í dag klukkan 16.00. Á tónleikunum koma fram stórsöngvararnir Kristinn Sigmundsson og Þór Breiðfjörð, karlakórinn Hallveigarsynir og undirleikararnir Guðný G. Guðmundsdóttir og Arnhildur Valgarðsdóttir. Kynnir verður Örn Árnason.
Það er Mannúðarsjóður Oddfellowstúkunnar Hallveigar sem stendur fyrir tónleikunum en allur ágóði rennur til styrktar Kvennaathvarfinu. Þeir fjármunir sem safnast verða nýttir við byggingu húsnæðis fyrir konur og börn sem hafa þurft að dvelja í athvarfinu vegna ofbeldis á heimili sínu. Miðaverð er kr. 4.500 krónur (svæði A) eða 3.900 (svæði B). Miðapantanir má panta á netfanginu sigthrudur@kvennaathvarf.is en jafnframt verða seldir miðar við innganginn.



Kristinn Sigmundsson.



# Optibac fyrir þarmaflóruna

**Optibac meltingargerlar eru með margar klínískar rannsóknir á bak við sig. Þú finnur Optibac með sérhæfða virkni sem hentar þér.**

Ösp Viðarsdóttir næringarþerapisti segir að mikið úrval sé á boðstólum af alls konar meltingargerlum. „Sem betur fer hefur orðið vitundarvakning um mikilvægi þarmaflórunnar en vanda þarf valið þegar maður kaupir meltingargerla,“ segir hún. „Þau hjá Optibac eru sérfræðingar í góðgerlum og nota bara gerla sem rannsóknir hafa sýnt fram á að virka vel.“

### Heilbrigð þarmaflóra

„Heilbrigð þarmaflóra er hornsteinn góðrar heilsu. Flóran er ómissandi fyrir meltingu og upptöku næringarefna en hefur líka víðtæk áhrif um allan líkamann. Hún leikur til að mynda hlutverk í virkni heila og taugakerfis ásamt ónæmiskerfi,“ segir Ösp.

„Hollt og fjölbreytt mataræði sem inniheldur nægilegt magn trefja er ómissandi til að viðhalda góðri flóru. Meltingarvandamál koma oft upp eftir inntöku á sýklalyfjum, ef ferðast er á framandi slóðir eða ef mataræði er einhæft. Þá getur verið mikil hjálp í því að taka inn öfluga blöndu vinveittra gerla.“



**Ég hef prófað margar gerðir meltingargerla en aldrei fundið jafn mikla virkni og af Optibac.**

Viðir Þór Þrastarson, íþrótta- og heilsufræðingur



**For every day er frábær blanda sex tegunda gerla af vel rannsökuðum vinveittum bakteríum sem þola magasýrur og sölt og komast þannig lifandi í smáþarmana. For Every Day hentar frábærlega fyrir þá sem vilja breiðvirka gerlablöndu til daglegrar inntöku.**

Ösp Viðarsdóttir, næringarþerapisti



For women er sérvalin blanda góðgerla sem hafa verið rannsakaðir og prófaðir á þúsundum kvenna um allan heim.




**For every day** inniheldur sex tegundir af vel rannsökuðum vinveittum gerlum sem komast lifandi í smáþarmana. For every day inniheldur einnig prebiotic trefjar sem næra góðu gerlana.

- Hentar vel eftir notkun sýklalyfja
- Gott að taka eftir magapestir
- Inniheldur FOS trefjar sem næra góðu gerlana og styðja þannig enn frekar við flóruna
- Má opna hylkin og blanda í kaldan mat eða drykk – hentar vel fyrir börn
- Sýruþolin hylki
- 6 tegundir af breiðvirkum vinveittum gerlum í hverju hylki
- 1 hylki á dag með mat, helst með morgunmat

### Optibac For women

„Leggöngin eru full af gerlum og þau eiga að vera það. Vandamálin skapast þegar ójafnvægi myndast í flórunni og þá geta sveppasýkingar og ýmis óþægindi gert vart við sig.

For women er sérvalin blanda góðgerla sem hafa verið rannsakaðir og prófaðir á þúsundum kvenna um allan heim. For women er mest rannsakaða bakteríublandan fyrir kynfærasvæðið og hafa rannsóknir sýnt að við inntöku ná þessir gerlar að styðja við gerlaflóru legganganna.

Margar konur lenda reglulega í vandræðum með flóru legganganna. Vandamál eru algeng eftir sýklalyfjanotkun og því sérstaklega mikilvægt að styðja við flóruna eftir sýklalyfjakúra. Gott hreinlæti er að sjálfsögðu ómissandi sem og hollt og gott mataræði,“ segir Ösp.




**Optibac For women** inniheldur góðgerla sem komast í gegnum meltinguna, á kynfærasvæði og setjast þar að og byggja upp heilbrigða gerlaflóru.

- Gegn sveppa-, þvagrásar- og bakteríusýkingum
- Hentar konum á öllum aldri
- Má taka á meðgöngu og með brjóstagjöf
- 1-2 hylki á dag með mat, helst með morgunmat
- Má taka að staðaldri

***Optibac fæst í apótekum og heilsuvöruverslunum.***




**Rannsóknir hafa sýnt fram á betri útkomu við sveppasýkingu þegar For women er tekið með sveppalyfjum.**

Vegan | Mjólkurlaust | Glútenfrítt | Öruggt á meðgöngu

OptiBac probiotics
We're here to help, naturally

LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

## Sérfræðingur í áhættustýringu

*Lífeyrissjóðurinn hefur þjónað sjóðfélögum sínum í yfir 60 ár. Starfsmenn vinna í þágu sjóðfélaga við uppbyggingu lífeyrisréttinda, ávöxtun iðgjalda og þjónustu við lífeyrisþega.*

*Eignir eru nú um 650 milljarðar og fara ört vaxandi. Um 50 þúsund sjóðfélagar greiða iðgjöld til sjóðsins og yfir 15 þúsund njóta nú mánaðarlegra lífeyrisgreiðslna.*

*Markmið sjóðsins er að vera áhugaverður vinnustaður, gæta að jafnvægi milli vinnu og einkalífs og bjóða gott starfsumhverfi fyrir samhentan hóp til að vinna að krefjandi verkefnum.*

*Nánari upplýsingar um sjóðinn eru á vefnum* ***www.live.is***

Lífeyrissjóður verzlunarmanna óskar eftir að ráða öflugan einstakling til að styðja við rekstur og áframhaldandi uppbyggingu áhættustýringar sjóðsins í samræmi við áherslur stjórnar, framkvæmdastjóra, áhættustefnu og fjárfestingarstefnu. Leitað er að ábyrgum einstaklingi með reynslu af fjármálamarkaði. Næsti yfirmaður sérfræðings er áhættustjóri.

**Helstu verkefni:**

- Áhættustýring rekur áhættustefnu og áhættustýringarstefnu LV í samræmi við stefnumörkun sjóðsins, gildandi lög og reglur
- Stuðningur við rekstur og áframhaldandi uppbyggingu áhættustýringar sjóðsins
- Mat á áhættuþáttum tengdum fjárfestingum og rekstri sjóðsins
- Gerð skýrslna og annarra gagna fyrir stjórn, stjórnendur og eftirlitsaðila
- Virkt samstarf við framkvæmdastjóra, eignastýringu, lögfræðing og aðra starfsmenn sjóðsins

**Kröfur:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi svo sem fjármála-, verk- eða tölfræði. Framhaldsmenntun er kostur
- Reynsla af fjármálamarkaði, áhættustýringu og/eða greiningarvinnu sem nýtist í starfi
- Reynsla af notkun SQL fyrirspurnamáls og/eða reynsla af annarri forritunarvinnu
- Skipulögð vinnubrögð, sjálfstæði og frumkvæði í starfi
- Hæfni í að greina tölulegar upplýsingar og setja þær fram með skipulögðum hætti
- Hæfni í mannlegum samskiptum

*Nánari upplýsingar veita Ari Eyberg (**ari@intellecta.is**) og Þórður S. Óskarsson (**thordur@intellecta.is**) í síma 511 1225. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is. Umsóknarfrestur er til og með 22. maí 2018.* ***Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál og þeim svarað.*** *Umsókn þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf og þarf umsækjandi að geta sýnt fram á að persónuleg fjármál og önnur fjárhagsleg umsýsla sé flekklaus.*

***Intellecta Síðumúli 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225.***

intellecta

Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir




## Viðskiptastjóri (Field Brand Manager) Pfizer

Pfizer

### Helstu verkefni og ábyrgð

- Myndun og viðhald viðskiptatengsla við heilbrigðisstarfsfólk
- Greining og undirbúningur nýrra markaðstækifæra, sem og innleiðing og eftirfylgni
- Kynninga og sala á lyfjum, gerð auglýsinga og markaðsefnis
- Samstarf við heilbrigðisstarfsfólk
- Verkefnastýring og þátttaka í útboðum í samstarfi við Pfizer
- Markaðsgreiningar og áætlanagerð
- Þátttaka í og skipulagning funda og ráðstefna hérlendis og erlendis
- Samskipti við Pfizer í Danmörku

### Hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði heilbrigðis- eða náttúruvísinda (t.d. lyfjafræði, hjúkrunarfræði, líffræði)
- Reynsla af markaðsstarfi, viðskiptastjórn og sölu heilbrigðisvara eða lyfja
- Góð greiningarhæfni og eiginleiki til að túlka og leggja fram niðurstöður og tillögur
- Áhugi og vilji til að vinna í spennandi og þverfaglegu teymi bæði á Íslandi og í samstarfi við Pfizer í Danmörku
- Fagmennska og frumkvæði
- Jákvæðni og framúrskarandi færni í mannlegum samskiptum og tengslamyndun
- Gott vald á íslensku og ensku
- Kunnátta í Norðurlandamáli er kostur

Nánari upplýsingar um starfið veitir Bessi H. Jóhannesson, framkvæmdastjóri Lyfjasviðs Icepharma, bessi@icepharma.is.

Pfizer er stærsta lyfjafyrirtæki í heimi, stofnað árið 1849, og er leiðandi í rannsóknum og þróun lyfja. Starfsmenn fyrirtækisins um allan heim eru um 100 þúsund talsins. Markmið fyrirtækisins er að veita sjúklingum bestu meðferð sem kostur er á, í samvinnu við heilbrigðiskerfið, og tryggja þeim lengra og betra líf. Pfizer hefur markaðsleyfi fyrir um 80 lyf á Íslandi og er hlutdeild fyrirtækisins í íslenskum lyfjamarkaði 8%.

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og í samræmi við lög um meðferð persónuupplýsinga.

Icepharma er í fararbroddi á íslenskum heilbrigðis- og neytendamarkaði. Kjarninn í starfsemi okkar er að auka lífsgæði með öflugu framboði af heilsueflandi vörum. Hjá fyrirtækinu starfa yfir 100 manns við sölu og markaðssetningu, sérfræðiráðgjöf og þjónustu. Við leggjum áherslu á metnað, frumkvæði og svigrúm starfsfólks til að vaxa og þróast í starfi.

icepharma

Umsóknarfrestur: **21. maí** Umsóknir: **atvinna@icepharma.is eða sækja um á ráðningarvef Icepharma: Um Icepharma / Vinnustaðurinn / Laus störf.**

# Gullið tækifæri

**Óska eftir að komast í samband við þann sem hefur þörf fyrir að greiða fyrir viðveru.**

| Vankantar: | Ókostir: |
|---|---|
| Rangur aldur | Áræðni |
| Unnið við tölvur frá 1980 | Hugmyndaríkur |
| Talar nokkur tungumál | Þolgóður |
| Meistarapróf úr háskóla | Djarfur |
| Reynsla af stjórnun | Samskiptafærni |
| Reynsla af sérfræðistörfum | Sjálfstæði |
| Reynsla af mannaforráðum | Hafnar hjásetu |
| Reynsla af að vinna á OF litlum vinnustöðum | Kann of MIKIÐ í ýmsu |
| Reynsla af að vinna á OF stórum vinnustöðum | Kann of lítið í öðru |

Þá sem vantar skrifstofustjóra, verkefnisstjóra, sérfræðing í stefnumótun, gerð handbóka, launafulltrúa, starfsmann í bókhald, aðstoðarmann framkvæmdastjóra eða fjölhæfan starfskraft sem getur næstum hvað sem er nema spilað sig fábjána með litla færni í upplýsingatækni eru beðnir um að senda staðgóðar upplýsingar um sig í netfangið launudvidvera@gmail.com

Upplýsingar um nafn, vefsíðu, verkefni, meðmælendur og hugmyndir að launum eru skilyrði. Frumskilyrði er að sýna fram á fjárhagslegt heilbrigði. Haft verður samband við þá sem vekja áhuga.



# STARF Í TÆKNIDEILD SS Á HVOLSVELLI

**Sláturfélag Suðurlands leitar að starfsmanni í viðhalds- og tæknideild félagsins á Hvolsvelli. Við leitum að kraftmiklum og jákvæðum einstaklingi til að bætast í öflugan hóp SS fólks á góðum vinnustað. Vinnutími er 7:00 til 17:00.**

**MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR**

- **Vélstjóri/vélvirki eða reynsla af vinnu við kæli- og frystikerfi**
- **Skipulagshæfileikar og geta til að vinna sjálfstætt**
- **Jákvæðni, góðir samskiptahæfileikar og rík þjónustulund**

**STARFSLÝSING**

- **Umsjón með keyrslu á kæli- og frystivélum ásamt almennu viðhaldi**

**Áhugasamir sæki um starfið á heimasíðu félagsins www.ss.is fyrir 25. maí nk.**
**Frekari upplýsingar um starfið gefur Benedikt Benediktsson í síma 488 8202.**

Sláturfélag Suðurlands er 111 ára, öflugt og framsækið matvælafyrirtæki í eigu búvöruframleiðenda á Suður- og Vesturlandi og almennra hluthafa. Höfuðstöðvar þess eru í Reykjavík og þar eru, auk skrifstofu, markaðs- og söludeildir. Á Hvolsvelli er meginhluti kjötiðnaðar staðsettur ásamt frystihúsi og vörudreifingu kjötvara. Á Selfossi rekur félagið sláturhús ásamt úrbeiningu á kjöti og pökkunarstöð.
Nánari upplýsingar um félagið má finna á heimasíðu þess, www.ss.is

SS – fremst fyrir bragðið – Síðan 1907

Pipar\TBWA \ SÍA

KLETTABÆR

## HÓPSTJÓRI
## HLUTASTARF/ FULLT STARF

**Klettabær leitar eftir öflugum hópstjóra til starfa.**
Klettabær ehf. rekur skammtíma- og langtímabúsetu fyrir börn og ungmenni með margþættan vanda. Í starfi okkar höfum við að leiðarljósi að skapa börnum og ungmennum öruggt og heimilislegt umhverfi.

Bæði kyn eru hvött til að sækja um starfið. Framtíðarstarf í boði. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.
Um er að ræða vaktavinnu.

Umsókn ásamt ferilskrá skal senda á umsokn@klettabaer.is merkt **"Hópstjóri"**.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Drífa Lind Harðardóttir mannauðsstjóri Klettabæjar drifa.lind@klettabaer.is

**Helstu verkefni og ábyrgð**
- Stýrir úrræði utan reglulegs vinnutíma næsta yfirmanns
- Ber ábyrgð á að virkja þjónustuþega til sjálfstæðis
- Fyrirmynd fyrir alla þjónustuþega og veitir þeim persónulegan stuðning í daglegu lífi
- Þátttaka í teymisvinnu

**Hæfniskröfur**
- Menntun sem nýtist í starfi er æskileg
- 25 ára og eldri
- Reynsla af því aðstarfa með fólki skilyrði
- Sveigjanleiki og færni í mannlegum samskiptum
- Þekking á einhverfu og hagnýtri atferlis¬greiningu æskileg
- Sýna frumkvæði í markmiðasetningu

**Frumkvæði og jákvæðni í starfi**
**Hreint sakavottorð í samræmi við lög**

**KLETTABÆR EHF.**
**Síðumúli 33**
**Jóhanna M. Fleckenstein forstöðumaður**
**s. 779 6030**
**Guðjón Þ. Gíslason forstöðumaður**
**s. 692 7088**

# Lögfræðingur

Forsætisráðuneytið auglýsir eftir lögfræðingi á skrifstofu yfirstjórnar í ráðuneytinu.
Um er að ræða fullt starf. Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um starfið.
Umsækjendur skulu fullnægja almennum starfsgengisskilyrðum skv. 6. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Umsóknarfrestur
**28. maí**

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/6702**

Starfssvið
- Aðkoma að undirbúningi mála fyrir ríkisstjórnarfundi og ráðherranefndafundi og eftirfylgni.
- Aðkoma að undirbúningi ríkisráðsafgreiðslna.
- Lögfræðileg ráðgjöf, einkum á sviði stjórnskipunar- og stjórnsýsluréttar.
- Svörun erinda og fyrirspurna af ýmsu tagi.

Hæfnis- og menntunarkröfur
- Embættis- eða meistarapróf í lögfræði.
- Reynsla af störfum innan stjórnsýslunnar er æskileg.
- Sérþekking í stjórnskipunarrétti og stjórnsýslurétti er æskileg.
- Góð íslensku- og enskukunnátta og hæfni til að setja fram mál í ræðu og riti.
- Hæfni í mannlegum samskiptum, jákvæðni og þjónustulund.

Launakjör eru skv. kjarasamningi fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkisins og Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins. Athygli er vakin á því að umsóknir geta gilt í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út, með vísan til 3. tl. 2. mgr. 2. gr. reglna um auglýsingar á lausum störfum, með síðari breytingum, nr. 464/1996, sem settar eru samkvæmt heimild í 2. mgr. 7. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent

# Matreiðslumaður

ÖLFUS

Sveitarfélagið Ölfus óskar eftir að ráða matreiðslumann til starfa. Viðkomandi mun bera ábyrgð á matseld fyrir nemendur og starfsmenn leik- og grunnskóla í Þorlákshöfn.

Rekstur skólaeldhúss er samstarfsverkefni með Leikskólanum Bergheimum og Grunnskólanum í Þorlákshöfn. Verkefnin eru fjölbreytt en auk þess að matreiða hádegismat hefur matreiðslumaður umsjón með morgun- og síðdegiskaffi

Gert er ráð fyrir að viðkomandi getið hafið störf 1. ágúst eða að hausti 2018. Vinnutími er að jafnaði frá kl. 07-15 alla virka daga.

Umsóknarfrestur
**28. maí**

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/6717**

Starfssvið
- Ábyrgð á rekstri mötuneytis
- Ábyrgð á innkaupum og birgðahaldi
- Ábyrgð á vinnuskipulagi þeirra sem starfa í mötuneyti á hverjum tíma

Menntunar- og hæfniskröfur
- Menntun á sviði matreiðslu nauðsynleg
- Reynsla af stjórnun eldhúss er æskileg
- Umsjón með vinnslu matseðla með næringarútreikningum
- Áhugi á fjölbreyttri og hollri matargerð
- Góð framkoma og rík þjónustulund
- Lipurð og sveigjanleiki í samskiptum
- Snyrtimennska og hreinlæti er skilyrði

Í leikskólanum Bergheimum eru um 90 nemendur og 30 starfsmenn og í Grunnskólanum í Þorlákshöfn eru 230 nemendur og 55 starfsmenn. Eldhúsið er glæsilegt í nýlegri byggingu leikskólans og fullbúið tækjum. Báðir skólarnir eru lifandi og skemmtilegir vinnustaðir sem vinna samkvæmt skólastefnu Ölfuss með einkunnarorðin: „Vinátta, Virðing, Velgengni" og Grænfánastefnu sem gerir þá kröfu að hráefni og nýting matvæla sé í samræmi við stefnuna.
Í Sveitarfélaginu Ölfusi búa yfir 2100 manns í þéttbýli og dreifbýli. Í Þorlákshöfn er aðstaða eins og hún gerist best; góðir skólar, öflugt og fjölbreytt félagslíf og glæsileg íþróttamiðstöð.

Hamingjan er hér!

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent

# Skólastjóri

ÖLFUS

Sveitarfélagið Ölfus óskar eftir að ráða skólastjóra við Grunnskólann í Þorlákshöfn. Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi sem býr yfir þekkingu og skýrri sýn á skólastarf og veitir faglega forystu til framtíðar þar sem tekið er tillit til mismunandi þarfa, áhuga og getu nemenda.
Mikilvægt er að skólastjóri sé tilbúinn að viðhalda þeim góða skólabrag sem hefur einkennt starf Grunnskólans í Þorlákshöfn.

Ráðið verður í stöðuna frá 1. ágúst næstkomandi eða fyrr eftir samkomulagi.

Umsóknarfrestur
**21. maí**

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/6650**

Meginhlutverk skólastjóra er að
- Veita faglega forystu og móta framtíðarsýn í samræmi við skólastefnu sveitarfélagsins, aðalnámskrá grunnskóla og lög um grunnskóla.
- Stýra og bera ábyrgð á rekstri og daglegri starfsemi skólans.
- Bera ábyrgð á starfsmannamálum, s.s. ráðningum, starfsþróun og vinnutilhögun.
- Bera ábyrgð á samstarfi við aðila skólasamfélagsins.

Menntunar- og hæfniskröfur
- Leyfisbréf sem grunnskólakennari og kennslureynsla í grunnskóla.
- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar eða uppeldis- og menntunarfræða.
- Farsæl stjórnunar- og kennslureynsla og reynsla af grunnskólastarfi.
- Færni í starfsmannastjórnun sem og í fjármálastjórnun og áætlunargerð.
- Vilji til að leita nýrra leiða í skólastarfi og áhugi á þróunarstarfi.

Í skólanum eru um 230 nemendur í 1.-10. bekk. Við skólann starfar hæft og vel menntað starfsfólk og stöðugleiki hefur verið í starfsmannahaldi. Einkunnarorð skólans eru: Vinátta, virðing og velgengni. Skólinn er Grænfánaskóli þar sem nemendur vinna af metnaði að umhverfismálum og minnkun matarsóunar. Húsnæði skólans er afar gott líkt og allur aðbúnaður. Gott samstarf er við leik- og tónlistarskóla á staðnum en tónlistarskólinn er í húsnæði grunnskólans. Sveitarfélagið Ölfus hefur sinnt skólamálum af miklum metnaði og styður við menntun grunnskólakennara sinna. Í skólanum er lögð rík áhersla á að koma til móts við fjölbreyttar þarfir allra nemenda.

Hamingjan er hér!

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent


# Við mönnum stöðuna

capacent

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

**www.capacent.is**




# Verkís leitar að öflugum liðsmanni á Austurlandi

Verkís óskar eftir að ráða byggingarverkfræðing eða byggingartæknifræðing í starfsstöð fyrirtækisins á Austurlandi.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Byggingarverkfræðingur / byggingartæknifræðingur
- A.m.k. 3 ára starfsreynsla
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Hæfni í mannlegum samskiptum

**Nánari upplýsingar veita**

*Björn Sveinsson útibússtjóri, bs@verkis.is*
*Áslaug Ósk Alfreðsdóttir, sérfræðingur í mannauðsmálum, aoa@verkis.is*

Verkís er öflugt og framsækið ráðgjafarfyrirtæki sem býður fyrsta flokks þjónustu á öllum sviðum verkfræði.

Hjá Verkís starfa yfir 300 manns að fjölbreyttum og krefjandi verkefnum á Íslandi og erlendis.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um að ráðningarvef Verkís (umsokn.verkis.is). Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum verður svarað. **Við hvetjum jafnt konur sem karla til að sækja um**

Umsóknarfrestur er til og með 21. maí 2018.

VERKÍS
ÞEKKING Í VERKI

# Við leitum að snillingi í tölvumálin

Við leitum að jákvæðum og úrræðagóðum einstaklingi sem er tilbúinn að veita samstarfsfólki framúrskarandi og ábyrga þjónustu í tölvumálum.

Unnið er í Windows og VMWare umhverfi og helstu einstök kerfi hjá ÁTVR eru Office 365 og Dynamics NAV.

**Helstu verkefni og ábyrgð:**

- Notendaþjónusta
- Almenn kerfisstjórn
- Viðhald og eftirlit með vél- og hugbúnaði
- Rekstur afgreiðslukerfis

**Hæfniskröfur:**

- Minnst þriggja ára reynsla af sambærilegu starfi er skilyrði
- Menntun á sviði upplýsingatækni er æskileg
- Reynsla af rekstri afgreiðslukerfa er kostur
- Áhersla er lögð á frumkvæði, skipulagshæfni, sveigjanleika, ríka þjónustulund og færni í mannlegum samskiptum

Starfshlutfall er 100%. **Umsóknarfrestur er til og með 24. maí nk.** Umsóknir óskast fylltar út á **vinbudin.is**
**Nánari upplýsingar veitir:** Guðrún Símonardóttir – starf@vinbudin.is, 560 7700.

Gildi ÁTVR eru LIPURÐ – ÞEKKING – ÁBYRGÐ.
Ráðningar í stöður hjá fyrirtækinu taka mið af þessum gildum.

ÁTVR rekur 51 Vínbúð um allt land og er með skrifstofur og dreifingarmiðstöð á Stuðlahálsi 2. Stefna ÁTVR er að vera eitt af fremstu þjónustufyrirtækjum landsins og fyrirmynd á sviði samfélagsábyrgðar. Fyrirtækið vill að vinnustaðurinn sé öruggur, heilsueflandi og skemmtilegur þar sem samskipti einkennast af lipurð, þekkingu og ábyrgð.

Jafnlaunaúttekt PwC 2016

FYRIRMYNDAR STOFNUN 2017

VÍNBÚÐIN




# KAFFIBARÞJÓNAR ÓSKAST

Te & Kaffi leitar að metnaðarfullum og brosmildum kaffibarþjónum til að starfa á kaffihúsunum okkar á höfuðborgarsvæðinu.

Hjá Te & kaffi starfar fjöldinn allur af hressu og metnaðarfullu fólki og nú vantar að bæta í þann góða hóp. Við leitum að jákvæðum og drífandi einstaklingum til að takast á við spennandi verkefni á kaffihúsunum okkar.

Aldurstakmark er 18 ár og um framtíðarstörf er að ræða. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Umsóknir berist á atvinna@teogkaffi.is fyrir 30. apríl næstkomandi.

ÍSAFJARÐARBÆR

# Grunnskólinn á Suðureyri - Skólastjóri -

Staða skólastjóra við Grunnskólann á Suðureyri er laus til umsóknar. Um er að ræða tímabundið starf til eins árs vegna leyfis skólastjóra. Starfshlutfall er 100%.
Leitað er að öflugum og framsýnum leiðtoga til að leiða þróttmikið skólastarf. Í dag eru nemendur Grunnskóla Suðureyrar um 40 og eru einkunnarorð skólans ástundun, árangur og ánægja. Næsti yfirmaður skólastjóra er sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs.

Í Ísafjarðarbæ búa tæplega 4000 íbúar. Suðureyri er eitt hinna „fögru fimm“ þorpa sem mynda sveitarfélagið og búa þar um 250 íbúar. Á Suðureyri er íþróttahús, sundlaug og lítil verslun en svæðið einkennist af einstakri náttúrufegurð. Stutt er í alla þjónustu og er Ísafjörður í um 20 km fjarlægð. Nánari upplýsingar er að finna á www.isafjordur.is.

**Starfssvið**:
- Að veita skólanum faglega forystu á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi
- Að leiða samstarf nemenda, starfsmanna, heimila og skólasamfélagsins í heild
- Að stýra skólanum og bera ábyrgð á daglegri starfsemi, starfsmannamálum, fjárhagsáætlunum og rekstri

**Menntunar- og hæfnikröfur:**
- Leyfisbréf grunnskólakennara
- Viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynsla á grunnskólastigi

**Leitað er að einstaklingi með:**
- Lipurð og færni í samskiptum
- Metnað, hugmyndaauðgi, skipulagshæfni og leiðtogahæfileika
- Reynslu af stjórnun og rekstri
- Vilja til að leita nýrra leiða í skólastarfi
- Hæfni til að miðla upplýsingum bæði í mæltu máli og rituðu
- Reynslu af þátttöku í þróunarstarfi (kostur)

Leitað er að einstaklingi sem hefur skýra framtíðarsýn í skólamálum, er skapandi og metnaðarfullur. Staðan er laus frá 1. ágúst 2018 til eins árs. Launakjör eru samkvæmt samningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands.
**Umsóknafrestur til og með 25. maí 2018.**

Umsókn þarf að fylgja greinargott yfirlit um nám og störf (ferilskrá), afrit af leyfisbréfi til kennslu og prófskírteinum, upplýsingar um frumkvæði á sviði skólamála og annað er málið varðar (kynningarbréf). Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Við hvetjum bæði konur og karla til að sækja um starfið.

Upplýsingar um starfið veitir sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs, Margrét Halldórsdóttir, í síma 450-8000 og í gegnum tölvupóst: margreth@isafjordur.is.

Umsóknum skal skilað til mannauðsstjóra Ísafjarðarbæjar í netfangið baldurjo@isafjordur.is.

***-Við þjónum með gleði til gagns-***

GUNNARS 1960

## Sumarvinna

Óskum eftir duglegum bílstjóra/lagerstarfsmanni í sumarvinnu. Vinnutími frá kl 8-16 alla virka daga. Stundvísi og góð íslenskukunnátta skilyrði. Þarf að geta hafið störf fljótlega. Umsókn og ferilsskrá sendist á **henry@gunnars.is**

ALÞINGI

Skrifstofa Alþingis auglýsir eftir starfsmanni í mötuneyti í fullt starf. Sjá nánari upplýsingar á starfatorg.is.

UMHVERFIS STOFNUN

# Viltu draga úr myndun úrgangs?

Umhverfisstofnun leitar að starfsmanni með áhuga á að efla grænt samfélag og bæta nýtingu auðlinda. Í boði er krefjandi starf í frjóu umhverfi sérfræðinga þar sem áhersla er lögð á opin samskipti, þverfaglega vinnu, erlent samstarf og möguleiki er á að hafa áhrif á þróun starfs.

**Helstu verkefni**

Helstu verkefni sérfræðingsins verða á vettvangi úrgangsmála, s.s. að vinna að því að draga úr myndun úrgangs á Íslandi, bæta meðhöndlun úrgangs, veita leyfi fyrir flutningi úrgangs og sinna úrvinnslu gagna. Jafnframt mun starfið fela í sér verkefni sem tengjast hollustuháttum, umhverfismerkjum og grænum skrefum stofnana.

Ítarlegri upplýsingar um starfið, helstu verkefni og hæfniskröfur til starfsins er að finna á starfatorg.is og umhverfisstofnun.is/storf_i_bodi

Umsóknarfrestur er til og með 4. júní 2018.





# Deildarstjóri Viðskiptatengsla

Landsbankinn leitar að metnaðarfullum og framsýnum einstaklingi í starf deildarstjóra Viðskiptatengsla. Viðskiptatengsl er ein af þremur deildum innan Viðskiptalausna einstaklinga en helstu verkefni hennar eru stuðningur við sölu og ráðgjöf, þjónustumál, vild og fríðindi auk annarra verkefna. Viðskiptalausnir einstaklinga bera ábyrgð á að vörur og lausnir séu í takt við þarfir viðskiptavina. Deildin hefur umsjón með þróun nýrra vara, innleiðingu tæknilausna auk stuðnings við daglegan rekstur sviðsins.

### Helstu verkefni

» Mótun á starfsemi deildarinnar í samræmi við stefnu og markmið bankans
» Daglegur rekstur og stjórnun
» Þróun á vörum og vildarkerfum
» Ábyrgð á áherslum í þjónustu og framboði lausna til einstaklinga

### Hæfni og menntun

» Háskólamenntun sem nýtist í starfi
» Reynsla af rekstri er æskileg
» Haldgóð þekking á viðskiptabankastarfsemi og markaðsmálum
» Þekking á kortaútgáfu er kostur
» Hæfni til að leiða hópa til góðra verka
» Lipurð í mannlegum samskiptum

### Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veita Siggeir Vilhjálmsson, forstöðumaður Viðskiptalausna einstaklinga, í síma 410 7033 og Guðrún Kvaran, mannauðsráðgjafi í síma 410 7906.

Umsókn merkt *Deildarstjóri Viðskiptatengsla* fyllist út á vef bankans, landsbankinn.is.
Umsóknarfrestur er til og með 21. maí nk.

Jafnlaunaúttekt PwC



SAMSKIP




## > Tækjamenn

**Samskip óska eftir að ráða tækjamenn til starfa á athafnasvæði fyrirtækisins við Kjalarvog. Helstu verkefni tækjamanna eru losun og lestun skipa og meðhöndlun gáma á hafnarsvæði.**

**Menntunar- og hæfnikröfur:**

- Kranaréttindi B og tækjaréttindi K eru kostur
- Reynsla af kranavinnu / tækjavinnu er kostur
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Íslenskukunnátta er kostur
- Heiðarleiki, stundvísi og hæfni í mannlegum samskiptum
- Gott heilsufar og geta til að vinna undir álagi

Umsóknarfrestur er til og með **20. maí nk**.

Hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um starfið, tekið er á móti umsóknum í gegnum heimasíðu okkar **www.samskip.is** og óskað er eftir því að ferilskrá fylgi umsókn. Umsækjendur verða að hafa náð 18 ára aldri og hafa hreina sakaskrá.

Nánari upplýsingar veitir Ómar Örn Karlsson rekstrarstjóri hafnarsvæðis í síma 458 8530 **omar.karlsson@samskip.com**

**Samskip eru alþjóðlegt flutningafyrirtæki sem býður flutningalausnir og tengda þjónustu á landi, sjó og í lofti með hagkvæmni að leiðarljósi. Starfsfólk Samskipa býður viðskiptavinum faglega ráðgjöf og heildarlausnir á sviði flutninga- og flutningatengdrar þjónustu. Við höfum á að skipa fjölbreyttum hópi starfsfólks sem vinnur ávallt með frumkvæði, samheldni og þekkingu að leiðarljósi. Við leggjum áherslu á markvissa fræðslu og þjálfun starfsfólks. Öryggis- og heilbrigðismál starfsfólks eru okkur mikilvæg og bjóðum við upp á fyrirmyndar vinnuaðstöðu.**

ENNEMM / SÍA / NM88182

## STARFSMAÐUR VIÐ UPPMÆLINGAKERFI HÚSASMIÐA

Byggiðn – Félag byggingamanna óskar eftir mælingamanni í fullt starf. Starfið felst í að fara á vinnustaði, magntaka verk trésmiða og reikna út.

**HÆFNISKRÖFUR:**

- Sveinspróf í húsasmíði
- Góð alhliða tölvukunnátta
- Góðir samskiptahæfileikar
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Kostur að umsækjandi hafi reynslu við að vinna í uppmælingakerfi

Umsóknarfrestur er til og með **21. maí** nk. og skulu umsóknir berast á netfangið **finnbjorn@byggidn.is** eða í pósti á **Byggiðn – Félag byggingamanna, Borgartúni 30, 105 Reykjavík**. Öllum umsóknum verður svarað og umsækjendum tilkynnt um málalok þegar ákvörðun hefur verið tekin.

Nánari upplýsingar um starfið veitir formaður félagsins, Finnbjörn A. Hermannsson í síma 535-6006.

Byggiðn – Félag byggingamanna er stéttafélag faglærðra byggingamanna og málsvari þeirra og samningsaðili um kaup og kjör á vinnumarkaði. Byggiðn varð til við sameiningu Trésmiðafélags Reykjavíkur og Félags Byggingamanna, Eyjafirði árið 2008.

Málsvari byggingamanna

BYGGIÐN
Félag byggingamanna

# Spennandi störf hjá vaxandi fyrirtæki

Florealis er íslenskt lyfjafyrirtæki sem framleiðir og markaðssetur viðurkennd jurtalyf og lækningavörur. Við erum að vaxa hratt og viljum bæta í hópinn öflugum liðsmönnum. Umsóknir sendist á info@florealis.com fyrir 20. maí nk. Frekari upplýsingar gefur forstjóri félagsins Kolbrún Hrafnkelsdóttir (kolbrun@florealis.com)

## Fjármálastjóri

Fjármálastjóri tekur virkan þátt í daglegum rekstri og stjórnun félagsins. Leitað er að einstaklingi með góða þekkingu og reynslu á sviði fjármála og rekstrar.

Ábyrgðarsvið:
Hefur yfirumsjón og ber ábyrgð á fjármálum
Gerð rekstrar- og fjárhagsáætlana
Stefnumótun og uppbygging ferla
Vinna við ársuppgjör og skattframtal í samvinnu við stjórnendur og endurskoðendur
Aðkoma að fjármögnun félagsins

Hæfniskröfur:
Háskólamenntun sem nýtist í starfi
Fyrri reynsla af rekstri og fjármálastjórnun nauðsynleg
Góð þekking á uppgjöri og bókhaldi
Reynsla af áætlanagerð
Framúrskarandi greiningar- og skipulagshæfileikar
Jákvætt viðhorf

## Gæðastjóri

Gæðastjóri ber ábyrgð á gæðakerfi félagsins. Leitað er að kraftmiklum einstaklingi með reynslu af uppbyggingu og/eða rekstri gæðakerfis.

Ábyrgðarsvið:
Yfirumsjón með rekstri og viðhaldi gæðakerfis
Uppbygging gæðakerfis og ferlum því tengdu
Upplýsingagjöf og þjálfun til starfsmanna

Hæfniskröfur:
Háskólamenntun sem nýtist í starfi
Góð þekking og reynsla af vinnu við gæðakerfi er nauðsynleg
Mjög gott vald á íslensku og ensku
Drifkraftur og geta til að starfa sjálfstætt

## Vörustjóri

Vörustjóri ber ábyrgð á vörum Florealis allt frá fyrstu hugmynd til markaðar. Leitað er að einstaklingi með brennandi áhuga á uppbyggingu vörulínu sem mætir þörfum notenda.

Ábyrgðarsvið:
Yfirumsjón og ábyrgð á vörustefnu
Ýtarleg þekking á vörunum
Samkeppnis- og markaðsgreining
Miðlun þekkingar innan sem og utan fyrirtækisins

Hæfniskröfur:
Háskólamenntun sem nýtist í starfi
Reynsla af vörustjórnun eða sambærilegu
Reynsla af áætlanagerð
Hæfni til að lesa úr rannsóknargögnum
Framúrskarandi skipulags- og greiningarhæfileikar
Jákvætt viðhorf, frumkvæði og góð samskiptahæfni

FLOREALIS

www.florealis.is




KIA

# Spennandi tímar framundan

Nýtt og fullkomið sölu- og þjónustuumboð fyrir Kia á Íslandi verður opnað í haust á Krókhálsi. Við viljum ráða þangað nýtt starfsfólk, sem er jákvætt og drífandi og vill taka þátt í að móta öflugan og skemmtilegan vinnustað og hefur auðvitað brennandi áhuga á Kia.

## Þjónustufulltrúi í símaver

**Ábyrgð og verkefni**
- Samskipti við viðskiptavini
- Upplýsingagjöf um framgang verkefna
- Varahlutasala og ráðgjöf
- Undirbúningur verkbeiðna
- Önnur tilfallandi verkefni

**Hæfniskröfur**
- Reynsla af sambærilegu starfi er kostur
- Góð tölvukunnátta er skilyrði
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Mikil skipulagshæfni, stundvísi og nákvæmni
- Framúrskarandi þjónustulund og samskiptahæfni
- Áhugi á bílum er mikill kostur

## Þjónusturáðgjafi í verkstæðismóttöku

**Ábyrgð og verkefni**
- Móttaka og ráðgjöf við viðskiptavini
- Undirbúningur ábyrgðafyrirspurna til framleiðenda
- Verðtilboð og reikningagerð
- Verkefnaáætlun í samvinnu við verkstjóra

**Hæfniskröfur**
- Reynsla og/eða menntun sem nýtist í starfi
- Mjög góð tölvukunnátta
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Nákvæm og sjálfstæð vinnubrögð
- Framúrskarandi þjónustulund og samskiptahæfni
- Geta til að vinna undir álagi

## Bifvélavirkjar

**Ábyrgð og verkefni**
- Öll almenn viðhalds- og viðgerðarvinna
- Bilanagreining
- Miðlun þekkingar til starfsfélaga
- Skráning á verkbeiðnir

**Hæfniskröfur**
- Haldbær reynsla af störfum bifvélavirkja, sveinspróf er kostur
- Almenn tölvukunnátta
- Góð íslensku- eða enskukunnátta
- Öguð, snögg og nákvæm vinnubrögð
- Heiðarleiki, snyrtimennska og stundvísi

Markmið Öskju er að bjóða framúrskarandi bifreiðar og veita þjónustu sem uppfyllir kröfur viðskiptavina um öryggi, umhverfishæfni og áreiðanleika. Askja vill hafa innan sinna raða heiðarlegt, vel þjálfað og þjónustulipurt starfsfólk sem ávallt gerir sitt besta fyrir þá sem koma að málum, hvort sem það eru viðskiptavinir, samstarfsfólk eða birgjar.

**Eingöngu er tekið við umsóknum á vef Öskju, askja.is/atvinna, en þar má einnig finna upplýsingar um önnur störf í boði. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og öllum svarað.**

Umsóknarfrestur er til og með **27. maí.** Nánari upplýsingar fást með því að senda tölvupóst á netfangið atvinna@askja.is.

Vinnutími er að jafnaði um 9 klst. og rúmast innan opnunartíma sem er frá kl. 7:30 – 18:00 alla virka daga. Vinnutími á verkstæðum er mánudaga til fimmtudaga frá kl. 08:00 – 17:00 og föstudaga frá kl. 08:00 – 16:00. Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um störfin.

ASKJA

**ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is**
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz og Kia á Íslandi.

**Metnaður, heiðarleiki, fagmennska og gleði.**



# Verkefnastjóri

**Laust er til umsóknar starf verkefnastjóra á Verkefnastofu Landsbankans sem tilheyrir Upplýsingatæknisviði. Á Verkefnastofu er lögð áhersla á stjórnun verkefna á skilvirkan og faglegan hátt. Við leitum að drífandi einstaklingi sem hefur brennandi áhuga á að leiða verkefnateymi þvert á deildir bankans við úrlausn spennandi og fjölbreyttra verkefna.**

## Helstu verkefni

- Skipuleggur, stjórnar og veitir verkefnum forystu
- Leiðir verkefnahópa og verkefnasellur
- Stuðlar að markvissri framkvæmd verkefna og ákvarðanatöku
- Hefur eftirlit með og stýrir framvindu, gæðum og áhættu verkefna

## Hæfni og menntun

- Reynsla af verkefnastjórnun er skilyrði
- Hæfni í mannlegum samskiptum og einlægur áhugi á að vinna með fólki í ólíkum teymum
- Skipulagshæfni og lausnamiðuð hugsun
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Þekking m.a. á aðferðum Agile og breytingastjórnunar
- Háskólapróf sem nýtist í starfi, MPM eða MBA framhaldsnám er kostur

**Nánari upplýsingar** veita Friðrik G. Guðnason, forstöðumaður Högunar í síma 410 3201 og Berglind Ingvarsdóttir, mannauðsráðgjafi í síma 410 7914. Umsókn merkt *Verkefnastjóri* fyllist út á vef bankans, landsbankinn.is. Umsóknarfrestur er til og með 27. maí nk.

Jafnlaunaúttekt
PwC



VINNUSTAÐAGREININGAR
SPURNINGAVAGNAR
SKOÐANAKANNANIR

# SPYRILL HJÁ NUMERUS

Numerus óskar eftir að ráða spyrla til starfa í tímabundið verkefni. Starfið felst í að hafa samband símleiðis við almenning og bjóða þeim að vera þátttakendur í spurningavagni Numerus. Unnið er að jafnaði tvö kvöld í viku. Góðir tekjumöguleikar.

Hæfniskröfur:
- Jákvæður, samviskusamur, stundvís, kurteis og með góða færni í mannlegum samskiptum.
- Nákvæmni í vinnubrögðum.
- 20 ára aldurstakmark.

Umsóknir ásamt ferilskrá skulu sendar á Brynjar Bjarkason á netfangið brynjar@numerus.is

Umsóknarfrestur er til 21. maí.



# HS Orka leitar að öflugum liðsmönnum







## VERKSTÆÐI
### VÉLVIRKI / JÁRNIÐNAÐARMAÐUR / BLIKKSMIÐUR

**Umsjón með nýsmíði ásamt viðgerðum á stálpípukerfi og öðrum framleiðslu- og gufuveitubúnaði orkuvera.**

**Helstu verkefni**
- Nýsmíði og viðhald.
- Vinna við lagnir fyrir gufu, heitt og kalt vatn.
- Almennt viðhald á loftræstikerfum.
- Ábyrgð á að vinnugögn séu uppfærð.

## GUFUVEITA
### VÉLVIRKI / JÁRNIÐNAÐARMAÐUR / BLIKKSMIÐUR

**Rekstur og viðhald frá holutoppi að skiljustöð.**

**Helstu verkefni**
- Reglubundinn rekstur, viðhald og bilanagreining á búnaði.
- Úrbætur og endurnýjun búnaðar.
- Skráning á viðhaldi, eftirliti og bilunum í viðhaldskerfi.
- Nýsmíði.

## RAFMAGN
### RAFVIRKI / RAFVEITUVIRKI

**Umsjón með fjölbreyttum og umfangsmiklum rafbúnaði orkuvera**

**Helstu verkefni**
- Reglubundinn rekstur, viðhald og bilanagreining á búnaði.
- Skráning á viðhaldi, eftirliti og bilunum í viðhaldskerfi.
- Úrvinnsla verkefna úr lögskipaðri rafskoðun.

## VIÐHALD MANNVIRKJA
### IÐNAÐARMAÐUR

**Umsjón með rekstri og viðhaldi á orkuverum, skrifstofubyggingum og öðrum mannvirkjum er tilheyra rekstrinum.**

**Helstu verkefni**
- Reglubundinn rekstur og viðhald.
- Umsjón með verktökum.
- Efnisöflun og innkaup.
- Skráning á viðhaldi, eftirliti og bilunum í viðhaldskerfi

## UMHIRÐA OG ÞRIF
### REYNSLA SEM NÝTIST Í STARFI

**Meginverkefni er þrif og umhirða stöðvarhúsa og útisvæða orkuvera.**

**Helstu verkefni**
- Þrif og umhirða í orkuverum og á útisvæðum.
- Aðstoð við aðra starfsemi orkuvera.
- Skráning á viðhaldi, eftirliti og bilunum í viðhaldskerfi.

VIÐ LEITUM AÐ ÖFLUGUM LIÐSMÖNNUM SEM HAFA GÓÐA FRAMKOMU, JÁKVÆÐNI OG LIPURÐ Í MANNLEGUM SAMSKIPTUM. VIÐ LEGGJUM ÁHERSLU Á FRUMKVÆÐI OG SJÁLFSTÆÐI ÁSAMT SNYRTIMENNSKU. ERUM VIÐ AÐ LEITA AÐ ÞÉR?

**Nánari upplýsingar veitir Petra Lind Einarsdóttir mannauðsstjóri ple@hsorka.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 24. maí 2018 og er sótt um á heimasíðu okkar www.hsorka.is.**

**Störfin henta jafnt konum sem körlum.**

HS Orka hefur verið leiðandi í framleiðslu endurnýjanlegrar orku í yfir 40 ár og ætlar sér enn stærri hluti í orkuframleiðslu á umhverfisvænan hátt samfélaginu til hagsbóta. Hjá fyrirtækinu starfar öflugur hópur sérfræðinga með mikla reynslu og þekkingu á sínu sviði. Heildarfjöldi starfsmanna er um 60.

Fyrirtækið á og rekur tvær jarðvarmavirkjanir, Orkuverið í Svartsengi og Reykjanesvirkjun sem eru grundvöllur Auðlindagarðs hvar markmiðið er að öllum straumum sé breytt í verðmætar auðlindir.

HS ORKA

Reykjavíkurborg
Upplýsingatæknideild

# Yfirmaður lausnaþjónustu

**Upplýsingatæknideild Reykjavíkur auglýsir laust starf yfirmanns lausnaþjónustu hjá deildinni.**

Upplýsingatæknideild Reykjavíkurborgar rekur eitt stærsta tölvunet landsins með hartnær 10.000 útstöðvum fyrir um 25.000 notendur. Framundan eru fjölmörg spennandi verkefni sem felast m.a. í innleiðingu skýjalausna og annarra nýjunga á sviði upplýsingatækni til þess að nútímavæða tæknilega innviði og auka skilvirkni og bæta þjónustu.

**Helstu verkefni:**
- Stjórnun teymis kerfisstjóra og sérfræðinga sem sinna kerfisrekstri, þróun, viðhaldi og þjónustu við þau kerfi sem eru í rekstri fyrir Reykjavíkurborg.
- Stefnumótun, umbótavinna og yfirumsjón með þróun kerfa og verkferla.
- Tryggja hnökralausan rekstur kerfismiðju og þróun og viðhald innviða kerfismiðju.
- Þróun á nýtingu og notkun skýjalausna.
- Verkefnastjórnun stærri upplýsingatækniverkefna.
- Árangursstjórnun.
- Forysta og liðstjórnun.
- Samskipti við þjónustubirgja og búnaðarbirgja.
- Öryggismál (Cyber Security).

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólagráða á sviði tölvunarfræði, verkfræði eða önnur sambærileg menntun sem nýtist í starfi.
- Leiðtogahæfileikar og farsæl stjórnunarreynsla á sviði upplýsingatækni ásamt lausnamiðaðri stjórnun.
- Reynsla af tæknilegri áætlunargerð og greiningu ferla.
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi.
- Lipurð og færni í samskiptum.
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og á ensku.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags.

Nánari upplýsingar veitir Arnar Þór Sigurðarson deildarstjóri upplýsingatæknideildar, í síma 411 1111 eða í gegnum tölvupóstfangið arnar.thor.sigurdarson@reykjavik.is

**Umsóknarfrestur er til 14. maí nk.** Umsóknir ásamt fylgiskjölum skulu berast í gegnum vef Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

# Sérfræðingur í flugmálum
## í öryggis- og fræðsludeild



**Samgöngustofa leitar að flugmenntuðum sérfræðingi eða aðila með mikla reynslu af flugmálum í starf hjá öryggis- og fræðsludeild samhæfingarsviðs stofnunarinnar.** Starfið felst einkum í að hafa umsjón með rekstri gagnagrunns um flugatvik, þ.m.t. skráningu og greiningu gagna og miðlun upplýsinga um flugöryggi. Viðkomandi annast samskipti við innlendar og alþjóðlegar stofnanir og fyrirtæki í flugtengdum rekstri varðandi málaflokkinn. Starfshlutfall er 100%. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

**Umsóknarfrestur er til 28. maí 2018**

Hægt er að sækja um starfið rafrænt á **samgongustofa.is/storf**

**Upplýsingar** um Samgöngustofu má finna á **samgongustofa.is**

## Menntunar- og hæfniskröfur
- Flugtengd menntun eða háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla og/eða þekking á loftförum og flugstarfsemi auk áhuga á flugöryggi.
- Kunnátta í tölfræði og greiningu gagna er skilyrði sem og gott vald á framsetningu upplýsinga.
- Mjög góð almenn tölvukunnátta þ.m.t á töflureikna er áskilin og þekking á gagnagrunnum er kostur.
- Mjög góð enskukunnátta er skilyrði, bæði í ræðu og riti.
- Góð íslenskukunnátta.
- Leitað er að samviskusömum og jákvæðum einstaklingi sem getur unnið sjálfstætt, hefur gott viðmót og sýnir frumkvæði í starfi.

**Í boði er spennandi starf hjá metnaðarfullri stofnun í alþjóðlegu umhverfi. Við bjóðum upp á góða starfsaðstöðu og frábæra vinnufélaga.**

Ármúli 2 | 108 Reykjavík | Sími 480 6000

Samgöngustofa

# Leikskólinn Aðalþing
óskar eftir að ráða
## Deildarstjóra
í haust eða fyrr

Aðalþing er einkarekinn leikskóli í Kópavogi, sem leggur áherslu á margskonar þróunarstarf, skemmtilega nýbreytni og starfar í anda Reggio Emilia.

Gerð er krafa um starfsréttindi leikskólakennara, góða samkiptahæfni og brennandi áhuga. Góður vinnutími.

Við viljum jafnframt ráða fleiri
**leikskólakennara**
og
**starfsmenn**
til að sinna sérkennsluverkefnum t.d. leikskólakennara, leikskólasérkennara, þroskaþjálfa eða fólk með aðra góða menntun.

Karlar jafnt sem konur eru sérstaklega hvattir til að sækja um starf með okkur en nú þegar er hátt hlutfall karlmanna starfandi við skólann.

Upplýsingar veitir Hörður leikskólastjóri í síma 7703553 eða á netfanginu hordur@adalthing.is

Nánari upplýsingar um störfin í Aðalþingi er að finna á heimasíðu skólans www.adalthing.is

LEIKSKÓLINN AÐALÞING

Barnaverndarstofa

MST Multisystemic Therapy

## STARF ÞERAPISTA Í FJÖLKERFAMEÐFERÐ (MST)
**Sálfræðingur / Félagsráðgjafi**

Um er að ræða fullt starf sem felst í meðferðarvinnu með fjölskyldum unglinga sem glíma við alvarlegan hegðunar- og vímuefnavanda. Meðferðin fer fram á heimili og í nærsamfélagi fjölskyldunnar í samstarfi við skóla og aðra lykilaðila svo sem heilbrigðisstofnanir, barnavernd og aðra sérfræðinga. Þerapistar starfa undir stjórn sálfræðings sem er handleiðari og teymisstjóri og eftir meðferðarreglum og aðferðum MST. Nánari upplýsingar um starfið má finna á starfatorg.is

**Menntun og reynsla**
- Krafa um masterspróf og starfsréttindi sem sálfræðingur eða félagsráðgjafi.
- Æskileg sérmenntun í meðferðarvinnu og/eða reynsla í meðferð alvarlegs hegðunarvanda barna og unglinga og fjölskyldna þeirra.
- Krafa um staðgóða þekkingu á kenningarlegum bakgrunni MST.
- Hæfni til að vinna sjálfstætt og kerfisbundið og að geta sett fram niðurstöður skriflega.
- Góð enskukunnátta, bæði munnlega og skriflega.

**Persónulegir eiginleikar**
- Lögð er áhersla á góða samstarfshæfni, sveigjanleika og jákvætt viðhorf til skjólstæðinga og samstarfsaðila.
- Mikilvægt er að búa yfir hæfni til að vinna skipulega, markmiðatengt og lausnamiðað.

Við úrvinnslu umsókna um störfin gildir mat Barnaverndarstofu á hæfni og eiginleikum umsækjenda. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi ríkisins og viðkomandi stéttarfélags. Tekið er mið af jafnréttisáætlun Barnaverndarstofu við ráðningar á stofuna.

**Umsóknarfrestur er til og með 14. maí n.k.**
Nánari upplýsingar eru veittar hjá Barnaverndarstofu í síma 530 2600 (www.bvs.is). Með umsóknum skulu fylgja upplýsingar um menntun og fyrri störf. Umsóknir skulu berast til Barnaverndarstofu, Borgartúni 21, 105 Reykjavík eða á netfangið bvs@bvs.is

EXPLORECRM

# Ert þú öflugur ráðgjafi?

**Vegna aukinna umsvifa, leitar Explore CRM eftir framúrskarandi ráðgjafa til að miðla þekkingu og aðferðafræði CRM til okkar viðskiptavina.**

Fyrirtækið er með traustan grunn viðskiptavina og sérhæfir sig í stjórnendaráðgjöf, innleiðingu og aðlögunum á Microsoft Dynamics CRM (365).

Starfið felur í sér ráðgjöf í formi greininga og stuðnings við notendur þar sem unnið er náið með stjórnendum að nýjungum innan fyrirtækja. Sömuleiðis krefst starfið þekkingar til að framkvæma aðlaganir í CRM kerfum viðskiptavina okkar. Við leggjum mikla áherslu á léttleika í okkar vinnumhverfi og því að hafa gaman í vinnunni.

**Umsóknarfrestur er til og með 26. maí 2018.**

**Kröfur**

- Metnaður og áhugi til að ná árangri í starfi
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Hæfni í greiningu þarfa viðskiptavina
- Örugg framkoma og færni í mannlegum samskiptum
- Góður skilningur á upplýsingatækni
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þekking á CRM og/eða Office 365 er kostur
- Þekking á viðskiptastýringu, stjórnun og sölu einnig kostur

Nánari upplýsingar veitir Eyvindur Ívar, ivar@explorecrm.is.
Hægt er að sækja um starfið á **www.explorecrm.is/umsokn**




**Kópavogsbær óskar eftir að ráða persónuverndarfulltrúa vegna innleiðingar bæjarins á nýrri persónuverndarlöggjöf.**

Persónuverndarfulltrúinn ber ábyrgð á innleiðingu persónuverndarlöggjafar hjá Kópavogsbæ. Um er að ræða 100% starf.
Persónuverndarfulltrúi vinnur með gæðastjóra að rekstri gæðakerfis og tekur við hlutverki gæðastjóra Kópavogsbæjar í framtíðinni.

**Helstu verkefni**

- Stýrir innleiðingu persónuverndarlöggjafar.
- Veitir upplýsingar og ráðgjöf um vinnslu persónuupplýsinga gagnvart stjórnendum bæjarins.
- Hefur eftirlit með starfsemi bæjarins við meðferð persónuupplýsinga.
- Annast samskipti við Persónuvernd.
- Annast önnur ytri samskipti bæjarins á sviði persónuverndarmála.
- Sinnir kynningu gagnvart starfsfólki.
- Vinnur með gæðastjóra að rekstri og þróun gæðakerfis bæjarins.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólamenntun á meistarastigi sem nýtist í starfi svo sem verkefnisstjórnun (MPM), lögfræði, verkfræði, viðskiptafræði og stjórnsýslufræði.
- Reynsla og þekking á gæðastjórnun, hönnun ferla og viðhald gæðaskjala.
- Reynsla af verkefnastjórnun.
- Reynsla og þekking á opinberri stjórnsýslu er æskileg.
- Þekking á lögum og lagaframkvæmd á sviði persónuverndar er kostur.
- Þekking á öryggis- og upplýsingatæknimálum er kostur.
- Framúrskarandi samstarfs- og samskiptahæfni.
- Færni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku.
- Frumkvæði, sjálfstæði og metnaður í vinnubrögðum.
- Góð tölvukunnátta.

Frekari upplýsingar um starfið veitir Páll Magnússon sviðstjóri stjórnsýslusviðs (pallm@kopavogur.is).
Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag.

**Umsóknarfrestur er til og með 12. maí 2018**

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.
**Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um starfið.**
Eingöngu er hægt að sækja um starfið á vef Kópavogsbæjar.

Kópavogsbær

kopavogur.is



# ERU FJÖLBREYTT FJÁRMÁLAVERKEFNI FYRIR ÞIG?

## Auglýst er eftir verkefnastjóra til starfa á skrifstofu Heilbrigðisvísindasviðs

Ef þú ert lausnamiðaður, skipulagður og kraftmikill einstaklingur sem brennur fyrir að þróa nýjar leiðir, hefur gaman af tölum og miðlun upplýsinga, þá hvetjum við þig til að lesa áfram.

Meginhlutverk verkefnastjórans er að stuðla að hagkvæmum rekstri og faglegri þjónustu á sviði fjármála, í samstarfi við rekstrarstjóra og til samræmis við stefnu og markmið Háskóla Íslands. Viðkomandi mun einnig taka þátt í þróun á þjónustu sviðsskrifstofunnar og verða hluti af fjármálateymi hennar, sem vinnur að fjölbreyttum verkefnum og styður við stjórnendur sviðsins.

**Helstu verkefni:**

- Ráðgjöf og aðstoð við fjármál og uppgjör erlendra styrkja og rannsóknaverkefna
- Fjárhagsáætlanir
- Stjórnendaupplýsingar
- Upplýsingamiðlun varðandi fjármál, kennslu og rekstur
- Ýmis önnur þróunar- og fjármálaverkefni

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólapróf í viðskiptafræði, fjármálum eða skyldum greinum
- Mjög góð færni í Excel er nauðsynleg
- Gott vald á upplýsingatækni og hæfni til að tileinka sér nýjungar á því sviði
- Afbragðs samstarfshæfni og lipurð í mannlegum samskiptum ásamt færni í að miðla eigin þekkingu
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Góð ritfærni og færni í miðlun og framsetningu upplýsinga

Hægt er að sækja um störfin og fá allar nánari upplýsingar á heimasíðu HÍ:
**http://www.hi.is/laus_storf**

**Umsóknarfrestur er til og með 28. maí 2018.**

*Háskóli Íslands er alþjóðlegur rannsóknaháskóli og stærsta kennslu-, rannsókna- og vísindastofnun landsins. Um 1.500 starfsmenn eru í föstum störfum við skólann og um 2.200 lausráðnir. Nemendur við skólann eru um 12.500. Háskóli Íslands starfar á fimm fræðasviðum, býður fjölbreytt nám á öllum stigum og er eini háskóli landsins sem býður grunnnám og framhaldsnám í öllum helstu fræðigreinum.*

HÁSKÓLI ÍSLANDS
HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ

## RAFVIRKJAR/KÆLIMENN

**Óskum eftir að ráða rafvirkja/kælimann til viðhalds- og eftirlitsstarfa**

**Ekki er krafist sérhæfni, en nýr starfsmaður verður sérþjálfaður.**

**Áhugasamir hafi samband við skrifstofuna í síma 587-8890 eða sendið rafpóst á gunnar@rafstjorn.is**

RAFSTJÓRN ehf.
*Virkni loftræstikerfa er okkar fag*
**www.rafstjorn.is**

## Óskum eftir sölumanni/ ráðgjafa til starfa

**Reynsla af sölustöfum eða menntun sem nýtist í starfi æskileg. Þjónustulund og áhugi á því að skara fram úr sem og sjálfstæð vinnubrögð. Frumkvæði og tölvuþekking æskileg.**

**Spennandi, gefandi, skemmtilegt og krefjandi starf.**
- **Leitað er eftir sölumanni í fullt starf/sumarstarf**
- **Vinnutími er frá 10-18.00 alla virka daga og annan hvern laugardag frá 12-15.00.**
- **Erum að leita af metnaðarfullum einstakling strák/stelpu milli 20-40 ára.**
- **Góð árangurstengd laun í boði fyrir réttan aðila**
- **Þarf að geta hafið störf í júní**

**Bílasala með um 30 ára reynslu og góða verkefnastöðu. Innisvæði og 150 bíla úti**

**Hafið samband í póstfangið ingimar@nyja.is eða síma 893 2165**

567 2277 NÝJA WWW.NYJA.IS
BÍLAHÖLLIN
BÍLAKJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK




Icelandair óskar eftir að ráða flugumsjónarmenn í áhugavert og krefjandi starf í góðu starfsumhverfi þar sem öryggi, áreiðanleiki og vönduð vinnubrögð eru höfð að leiðarljósi. Við leitum að kraftmiklum einstaklingum með framúrskarandi samskiptahæfileika sem hafa áhuga á að vinna sem hluti af öflugri liðsheild í síbreytilegu alþjóðlegu umhverfi.

**STARFSSVIÐ:**
- Gerð flugáætlana (Flight Planning)
- Eftirlit með flugvélum félagsins (Flight Following)
- Önnur tilfallandi verkefni í flugumsjón

**HÆFNISKRÖFUR:**
- Gilt skírteini flugumsjónarmanns er æskilegt
- Góð skipulagshæfni
- Lögð er áhersla á vönduð, sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Hafa metnað til að ná árangri í starfi
- Góð tölvufærni
- Góð enskukunnátta er nauðsynleg
- Jákvætt hugarfar og rík þjónustulund

**UMSÓKNUM ÞURFA AÐ FYLGJA EFTIRTALIN GÖGN:**
- Afrit af stúdentsskírteini eða öðrum sambærilegum prófskírteinum
- Nýtt sakavottorð
- Skírteini flugumsjónarmanns er æskilegt

Starfsstöð er á Keflavíkurflugvelli og er unnið á dag- og næturvöktum (5-5-4).
Umsækjandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

**+ Nánari upplýsingar veita:**
Guðmundur Páll Jakobsson | gudmundurp@icelandair.is
Kristín Björnsdóttir | starf@icelandair.is

Umsóknir ásamt ferilskrá óskast fylltar út á **careers.icelandair.is** eigi síðar en 22. maí 2018.

ICELANDAIR

# Ræstingar Borgarholtsskóli

**Starfsfólk vantar við ræstingar við Borgarholtsskóla frá og með 20. ágúst 2018.**

Laun eru í samræmi við kjarasamning Eflingu og stofnanasamning Borgarholtsskóla. Vinnutími er frá 8-16.

Upplýsingar um starfið veitir Hjördís Harðardóttir, hjordish@bhs.is, s: 698-2916

Á heimasíðu skólans, www.bhs.is, eru upplýsingar um skólann og starfsemi hans.

Umsóknir ásamt fylgigögnum sendist í tölvupósti til Ársæls Guðmundssonar, skólameistara, arsaell@bhs.is fyrir 17. maí 2018.

*Borgarholtsskóli er fjölbreyttur, framsækinn og skapandi skóli sem leggur áherslu á að allir fái nám við sitt hæfi. Boðið er upp á margar námsleiðir; í bóknámi, listnámi, iðnnámi og starfsnámi. Einkunnarorð Borgarholtsskóla eru:* **agi, virðing, væntingar.**

BHS Borgarholtsskóli
bókmennt • handmennt • siðmennt
www.bhs.is

*Hagstofa Íslands er miðstöð opinberrar hagskýrslugerðar á Íslandi. Hlutverk hennar er að vinna hlutlægar hagskýrslur, hafa forystu um samhæfingu hagtalna, stunda rannsóknir og stuðla þannig að upplýstri umræðu og faglegum ákvörðunum.*



Hagstofa Íslands
Borgartúni 21a · 105 Reykjavík
Sími: 528 1000 · Bréfasími: 528 1099
www.hagstofa.is

# Hagstofa Íslands

**Hagstofa Íslands óskar eftir því að ráða metnaðarfullan og áhugasaman starfsmann til starfa.**

## Sérfræðingur á efnahagssviði

Hagstofa Íslands óskar eftir að ráða áhugasaman sérfræðing í deild þjóðhagsreikninga og opinberra fjármála. Í starfinu felst meðal annars umsjón með gerð fjármálareikninga í samstarfi við Seðlabanka Ísland og gerð alþjóðlegrar tölfræði um lífeyrismál. Einnig fellur undir starfið þróun aðferða, afurða og framleiðsluferla. Viðfangsefnin eru fjölbreytt og fela í sér mikil samskipti og samstarf við hagsmunaaðila og innlendar og erlendar stofnanir.

**Hæfniskröfur:**
- Háskólapróf í hagfræði, viðskiptafræði, verkfræði, eða önnur sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af tölfræðilegri úrvinnslu og framsetningu tölulegra upplýsinga
- Reynsla af vinnslu gagna í gagnagrunnsumhverfi er kostur
- Þekking á þjóðhagsreikningum og fjármálum hins opinbera er kostur
- Þekking og reynsla af verkefnastjórn er kostur
- Þekking á reiknishaldi fyrirtækja og stofnana er kostur
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Geta til að vinna sjálfstætt, skipulega og undir álagi
- Góðir samstarfs- og samskiptahæfileikar

Um er að ræða fullt starf og æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðuneytisins og hlutaðeigandi stéttarfélags. **Umsóknarfrestur er til og með 22. maí 2018** og skulu umsóknir berast til: Starfsumsókn, Borgartúni 21a, 150 Reykjavík eða rafrænt á netfangið starfsumsokn@hagstofa.is.

Öllum umsóknum verður svarað og umsækjendum tilkynnt um ráðstöfun starfsins þegar ákvörðun hefur verið tekin. Umsóknir gilda í sex mánuði frá því að umsóknafrestur rennur út.

**Nánari upplýsingar um starfið veitir Helga Hauksdóttir í síma 5281000.**



# STARF SKÓLASTJÓRA GRUNNSKÓLA VESTMANNAEYJA

**Vestmannaeyjabær auglýsir stöðu skólastjóra við Grunnskóla Vestmannaeyja lausa til umsóknar. Leitað er eftir leiðtoga með góða færni í mannlegum samskiptum, menntun og reynslu sem nýst getur til að leiða þróttmikið skólastarf og efla þátt skólasamfélagsins í bæjarfélaginu.**

**Hæfniskröfur:**
- Leyfi til að nota starfsheitið grunnskólakennari
- Viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynslu á grunnskólastigi

Staðan er laus frá og með 1. ágúst 2018.
Umsókn merkt **„Umsókn um starf skólastjóra"** sendist á drifagunn@vestmannaeyjar.is eða jonp@vestmannaeyjar.is. Ekki er sótt um á sérstökum eyðublöðum en með umsóknum skal fylgja greinargott yfirlit yfir nám og störf, leyfisbréf til kennslu, upplýsingar um frumkvæði á sviði fræðslumála, ábendingar um meðmælendur sem og almennar upplýsingar um viðkomandi.

Umsóknarfrestur er til og með **31. maí 2018**. Nánari upplýsingar um starfið veitir Drífa Gunnarsdóttir fræðslufulltrúi í síma 488-2000, drifagunn@vestmannaeyjar.is eða Jón Pétursson framkvæmdastjóri fjölskyldu- og fræðslusviðs í síma 488-2000, jonp@vestmannaeyjar.is

***Grunnskólinn í Vestmannaeyjum** þjónar nemendum frá 1. – 10. bekk. Í skólanum eru rúmlega 500 nemendur og er skólinn starfræktur á tveimur starfsstöðvum, annars vegar í Barnaskóla v/Skólaveg og hins vegar í Hamarsskóla v/Bessahraun. Í skólastarfinu er lögð áhersla á líðan nemenda, fjölbreytta kennsluhætti, skapandi starf og góðan námsárangur. Skólinn vinnur samkvæmt hugmyndafræði og vinnubrögðum Uppeldi til ábyrgðar og eru leiðarljós skólastarfsins Gleði - Öryggi - Vinátta.*

www.vestmannaeyjar.is

# AÐSTOÐARSKÓLASTJÓRI ÁLFTANESSKÓLA

Álftanesskóli auglýsir eftir aðstoðarskólastjóra í fullt starf frá og með 1. ágúst 2018.

Álftanesskóli er heildstæður grunnskóli í Garðabæ. Ríflega 400 nemendur eru í skólanum og er skólastarfið m.a. byggt á hugmyndafræðinni um „Uppeldi til ábyrgðar – uppbygging sjálfsaga". Skólinn er staðsettur nálægt fjöru og fallegri náttúru, auk þess að vera í göngufæri við tvo leikskóla og íþróttamiðstöð. Í sumar hefst vinna við nýja viðbyggingu við skólann, sem mun bæta aðstöðu nemenda og starfsfólks til muna, m.a. vegna nýs mötuneytis, bókasafns og tengingar við íþróttamiðstöð.

Leitað er að einstaklingi sem er tilbúinn til að starfa að sveigjanlegu skólastarfi samkvæmt skólastefnu Garðabæjar og áherslum Álftanesskóla, sem m.a. felast í fjölbreyttum kennslu- og námsmatsaðferðum og að koma til móts við fjölbreyttar þarfir allra nemenda.

**Starfssvið:**
- Starfa með skólastjóra að daglegri stjórnun skólans
- Vera faglegur leiðtogi á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi
- Leiða samstarf starfsmanna, nemenda, heimila og skólasamfélagsins í heild
- Ber m.a. ábyrgð á starfi lausnateymis, úrlausn afleysinga og úrræðum fyrir nemendur með sérþarfir í samráði við fagaðila

**Menntun, reynsla og hæfni:**
- B.Ed. próf og leyfisbréf til kennslu í grunnskóla
- Framhaldsmenntun sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla á sviði skólastjórnunar
- Lipurð og færni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Jákvæðni, ábyrgðarkennd og skipulagshæfileikar
- Reynsla af úrlausnum nemendamála og foreldrasamskipta er kostur

**Umsóknarfrestur er til og með 27. maí 2018.**

Nánari upplýsingar um starfið veitir Erna Ingibjörg Pálsdóttir, núverandi aðstoðarskólastjóri, **erna@alftanesskoli.is** eða í síma 821-5009.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands.

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Umsækjendur eru beðnir um að sækja um á ráðningarvef Garðabæjar **https://starf.gardabaer.is**. Umsóknum skal fylgja ítarleg starfsferilskrá.

GARÐABÆR
GARÐATORGI 7 • SÍMI 525 8500 • GARDABAER.IS

## Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

# Staða leikskólastjóra við leikskólann Geislabaug

**Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar auglýsir stöðu leikskólastjóra í Geislabaugi til umsóknar:**
Geislabaugur er fimm deilda leikskóli í Grafarholti, þar af er ein ungbarnadeild.
Leikskólinn starfar á grundvelli aðalnámskrár leikskóla og er hugmyndafræði Reggio Emilia höfð að leiðarljósi. Í Geislabaugi er unnið metnaðarfullt og framsækið starf þar sem áhersla er lögð á lýðræði, jafnrétti, sköpun, virðingu og gleði. Leikskólinn er Grænfána leikskóli, sem hefur verið þátttakandi í Erasmus verkefni og fengið Hvatningarerðlaun Skóla- og frístundaráðs. Samstarf er við íþróttafélag hverfisins sem og milli skóla í hverfinu m.a. með virkri þátttöku í þróunarverkefni um eflingu læsis. Umhverfi leikskólans er fjölbreytt og ósnortin náttúra í næsta nágrenni.
**Leitað er að einstaklingi sem býr yfir leiðtogahæfileikum og er tilbúinn til að leiða áfram gott og metnaðarfullt leikskólastarf í Geislabaugi.**

**Meginhlutverk leikskólastjóra er að:**
- Vera faglegur leiðtogi leikskólans og móta framtíðarstefnu hans innan ramma laga, reglugerða, aðalnámskrár og stefnu Reykjavíkurborgar.
- Bera ábyrgð á daglegu starfi í leikskólanum.
- Skipuleggja foreldrasamstarf í samvinnu við foreldra og starfsmenn.
- Hafa yfirumsjón með innra mati á starfi leikskólans og umbótaáætlunum.
- Hvetja til þróunar og nýbreytni í leikskólastarfi.
- Stýra rekstri leikskólans á grundvelli fjárhagsáætlunar.
- Bera ábyrgð á starfsmannamálum, svo sem ráðningum, vinnutilhögun og starfsþróun.
- Skipuleggja tengsl skólans við ýmsa samstarfsaðila.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Leikskólakennaramenntun og leyfisbréf leikskólakennara.
- Viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynsla á leikskólastigi.
- Reynsla af stjórnun æskileg.
- Stjórnunarhæfileikar og vilji til að leita nýrra leiða.
- Þekking á rekstri, áætlanagerð og fjármálastjórnun.
- Lipurð og hæfni í samskiptum.
- Sjálfstæði og frumkvæði.

Umsókn fylgi yfirlit yfir nám og fyrri störf, leyfisbréf til að nota starfsheitið leikskólakennari og greinargerð um framtíðarsýn umsækjanda á starf í leikskólanum.

**Ráðið verður í stöðuna frá 1. ágúst 2018. Umsóknarfrestur er til og með 28. maí 2018.**

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags stjórnenda leikskóla. Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf

Nánari upplýsingar veitir Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir, skrifstofustjóri fagskrifstofu leikskólamála, sími 411 1111.
Netfang: ingibjorg.m.gunnlaugsdottir@reykjavik.is

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

---



MOSFELLSBÆR

# Leikskólakennarar óskast í leikskóla Mosfellsbæjar

**LEIKSKÓLAR Í MOSFELLSBÆ LEITA AÐ LEIKSKÓLAKENNURUM OG DEILDARSTJÓRUM TIL STARFA.**

Íbúafjöldi Mosfellsbæjar er um 10.500 manns og er bærinn ört vaxandi útivistarbær enda stutt milli fjalls og fjöru og umhverfi bæjarins allt afar fagurt og mannlíf gott. Mosfellsbær starfrækir sjö leikskóla sem hver og einn státar af metnaðarfullri stefnu og starfsháttum. Leikskólarnir eru; Hlaðhamrar með 80 börn, Hlíð með 82 börn, Hulduberg með 112 börn, Höfðaberg með 54 5 ára börn sem er samrekinn með 1. og 2. bekk Lágafellsskóla, Krikaskóli, samrekinn leik- og grunnskóli með 100 leikskólabörn og 100 grunnskólabörn, Leirvogstunguskóli með 70 börn, og Reykjakot með 85 börn.

Mosfellsbær er öflugt og framsækið sveitarfélag þar sem gildin virðing, jákvæðni, framsækni og umhyggja eru leiðarljós starfsmanna í daglegu starfi.

**Menntunar- og hæfnikröfur:**
- Leikskólakennaramenntun
- Framhaldsmenntun kostur
- Reynsla af því að starfa með börnum æskileg
- Jákvæðni og góð færni í mannlegum samskiptum
- Áhugi og metnaður fyrir að vinna með börnum er skilyrði
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi er æskilegt
- Ef ekki er hægt að ráða leikskólakennara kemur til greina að ráða fólk með aðra menntun og reynslu.

**Umsóknarfrestur er til og með 30. maí 2018.**
Umsóknir ásamt starfsferilsskrá og kynningarbréfi sem greinir frá reynslu, menntun og fyrri störfum skal senda á hvern leikskóla fyrir sig, sjá upplýsingar á www.mos.is um heimasíður leikskólanna. Nánari upplýsingar um störfin veita leikskólastjórar viðkomandi leikskóla. Um framtíðarstörf er að ræða, starfshlutfall er samkomulag. Öllum umsóknum verður svarað. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands ísl. sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Við hvetjum fólk af báðum kynjum til að sækja um starfið.

Þverholt 2 | Mosfellsbær 270 | Sími 525 6700 | mos.is

VIRÐING JÁKVÆÐNI FRAMSÆKNI UMHYGGJA

---

# Laus störf hjá Kópavogsbæ

**Grunnskólar**
- Aðstoðarforstöðumaður dægradvalar í Álfhólsskóla
- Bókasafns- og upplýsingafræðingur í Álfhólsskóla
- Deildarstjóri sérúrræða í Álfhólsskóla
- Deildarstjóri verkefna í Álfhólsskóla
- Dönskukennari í Kársnesskóla
- Enskukennari í Snælandsskóla
- Forstöðumaður dægradvalar í Hörðuvallaskóla
- Forstöðumaður í dægradvöl Snælandsskóla
- Forstöðumaður íþróttahúss Vatnsendaskóla
- Frístundaleiðbeinandi í dægradvöl Kópavogsskóla
- Íþróttakennari í Hörðuvallaskóla
- Íþróttakennari í Kópavogsskóla
- Kennari í íslensku sem annað mál í Álfhólsskóla
- Kennari í Lindaskóla
- Kennari í Vatnsendaskóla
- Laus staða kennara á yngsta stig í Kársnesskóla
- Matreiðslumaður í Kópavogsskóla
- Náttúrufræðikennari á miðstig í Hörðuvallaskóla
- Smíðakennari í Kársnesskóla
- Stærðfræði- og náttúrufræðikennari í Álfhólsskóla
- Tónlistarkennari í Salaskóla
- Tónmenntakennari í Álfhólsskóla
- Umsjónarkennari á miðstigi í Álfhólsskóla
- Umsjónarkennari í Hörðuvallaskóla

**Leikskólar**
- Aðstoðarleikskólastjóri í leikskólanum Kópasteini
- Afleysingastaða deildarstjóra í Sólhvörfum
- Deildarstjóri í Austurkór
- Deildarstjóri í leikskólann Baug
- Fólk í sérkennslu í Fífusölum
- Leikskólakennari eða starfsmaður í Læk
- Leikskólakennari í Austurkór
- Leikskólakennari í Álfatúni
- Leikskólakennari í Núp
- Leikskólakennari í Sólhvörfum
- Sérgreinastjóri í Núp
- Sérkennslustjóri í Fífusölum
- Þroskaþjálfi og eða iðjuþjálfi í Sólhvörfum
- Þroskaþjálfi/leikskólasérkennari í Álfatúni

**Velferðarsvið**
- Félagsráðgjafi í barnavernd Kópavogs
- Starfsmaður óskast í sértæka heimaþjónustu
- Starfsmenn óskast á heimili fatlaðs fólks

**Annað**
- Náttúrufræðingur á Náttúrufræðistofu Kópavogs
- Starfsmaður í Þjónustumiðstöð við almenna þjónustu
- Persónuverndarfulltrúi hjá Kópavogsbæ
- Starfsmaður hjá Sundlaug Kópavogs - Kona
- Starfsmaður við Salalaug - Karl

Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á heimasíðu Kópavogsbæjar, www.kopavogur.is, þar sem jafnframt má finna fleiri störf og nánari upplýsingar.

Kópavogsbær
kopavogur.is

## Tanntæknir / aðstoðarmanneskja tannlæknis óskast

Tannlæknastofa í Reykjavík óskar eftir starfskrafti í 50% starf. Um er að ræða góðan vinnutíma í þægilegu starfsumhverfi, á tannlæknastofu sem sinnir fjölbreyttum tannlækningum. Æskileg er menntun á heilbrigðissviði eða starfsreynsla í sambærilegu starfi. Viðkomandi þyrfti að geta hafið störf við fyrsta tækifæri. Trúnaði er heitið vegna umsókna. **Áhugasamir vinsamlegast hafið samband á netfangið tannsi@haffi.is**

Vallaskóli

*Virðing - þekking - lífsgleði*

## Lausar stöður fyrir skólaárið 2018-2019

Forfallakennari (100%), íþróttakennari vegna forfalla (100%), kennari í leikrænni tjáningu í 5.-10. bekk (100%), tónmenntakennari (stundakennsla).

Við leitum að metnaðarfullum einstaklingum með mikla hæfni í mannlegum samskiptum, góða íslenskukunnáttu og brennandi áhuga á grunnskólastarfi. Reynsla af teymisvinnu er mikilvægur eiginleiki.

Í Vallaskóla eru um 600 nemendur í 1.-10. bekk og 100 starfsmenn, sjá **www.vallaskoli.is**.

Umsókn með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðilum sendist Þorvaldi H. Gunnarssyni skólastjóra á netfangið thorvaldur@vallaskoli.is.

**Umsóknarfrestur er til 23. maí 2018.**
Störfin henta jafnt körlum sem konum. Launakjör fara eftir kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðeigandi stéttarfélags.

Háskólinn á Akureyri
University of Akureyri

## Tímabundin staða lektors í lögfræði með áherslu á almenna lögfræði við félagsvísinda- og lagadeild hug- og félagsvísindasviðs

**Vegna forfalla er laust til umsóknar tímabundið starf lektors í lögfræði. Um er að ræða 100% starf. Starfsstöð er á Akureyri.**
**Ráðið verður í starfið til tveggja ára frá 1. ágúst 2018.**

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Umsækjandi skal hafa þekkingu og reynslu í lögfræði í samræmi við alþjóðleg viðmið,staðfest með áliti dómnefndar eða með doktorsprófi frá viðurkenndum háskóla, sbr. 1. mgr. 16. gr. laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla. Doktorspróf í lögfræði er æskilegt til að bera starfsheitið lektor.
- Umsækjandi skal í umsókn sýna fram á hæfni sína til að stunda rannsóknir á grunnsviðum lögfræði.
- Kennslu- og stjórnunarreynsla á háskólastigi er æskileg.
- Reynsla af lögfræðistörfum er æskileg.
- Krafist er góðrar hæfni í mannlegum samskiptum og skipulagshæfni.
- Umsækjandi þarf að taka þátt í þróun og framkvæmd sveigjanlegs náms í lögfræði.
- Gott vald á íslensku og ensku, jafnt töluðu sem rituðu máli.
- Við mat á umsóknum er tekið mið af hversu vel viðkomandi uppfyllir þarfir lögfræði við Háskólann á Akureyri.

**Umsókn skal fylgja:**

- Greinargóð skýrsla um náms- og starfsferil, fræðistörf og kennslureynslu.
- Greinargerð um fyrirhugaðar rannsóknaráherslur.
- Staðfest afrit af öllum viðeigandi prófskírteinum.
- Umsagnir um kennslu- og stjórnunarstörf umsækjanda eftir því sem við á.
- Tilnefna skal þrjá meðmælendur, æskilegt er að einn þeirra sé næsti yfirmaður í núverandi starfi eða fyrra starfi umsækjanda.
- Þær fræðilegu ritsmíðar sem umsækjandi telur sín bestu verk (þrjú til fimm rit). Þegar fleiri en einn höfundur stendur að innsendu ritverki skal umsækjandi gera grein fyrir framlagi sínu til verksins.

### Umsóknarfrestur er til og með **18. júní 2018**

Umsóknir og fylgigögn skal senda rafrænt á skrifstofu rektors Háskólans á Akureyri á netfangið **starfsumsokn@unak.is**. Ekki eru notuð stöðluð umsóknareyðublöð. Laun eru skv. kjarasamningi Félags háskólakennara á Akureyri og fjármálaráðherra. Meðferð umsókna, mat á hæfni umsækjenda og ráðning í starfið er í samræmi við ákvæði laga nr. 63/2006 um háskóla, laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla, reglna nr. 387/2009 fyrir Háskólann á Akureyri og reglna nr. 258/2016 um störf dómnefndar og ráðningar akademískra starfsmanna við Háskólann á Akureyri. Ófullnægjandi umsóknir eru ekki teknar til greina. Háskólinn á Akureyri áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu í starfið hefur verið tekin. **Nánari upplýsingar veitir Edward Huijbens formaður félagsvísinda- og lagadeildar, sími 460 8619, netfang: edward@unak.is.**

Háskólinn á Akureyri styður að jafnrétti kynjanna og hvetur konur jafnt sem karla til að sækja um laus störf. **www.unak.is/lausstorf**

**Tímabundin staða** lektors í lögfræði







Mannvit óskar eftir að ráða starfsmann á rannsóknarstofu. Viðkomandi þarf að vera nákvæmur, þolinmóður og tilbúinn til að vinna í einu og öllu eftir ferlum. Hluti af verksviði rannsóknarmanns, svo sem vinna við plötuprófanir getur verið líkamlega erfið. Viðkomandi þarf að geta hafið störf fljótlega.

**Menntunar- og hæfnikröfur**

- Sveinspróf tengt byggingariðnaði eða önnur sambærileg menntun æskileg.
- Reynsla af rannsóknar- eða prófunarstörfum kostur.
- Meirapróf til aksturs vörubifreiðar er nauðsynlegt og réttindi á lyftara æskileg.
- Skipulögð, nákvæm og vönduð vinnubrögð.

Mannvit hefur starfrækt rannsóknarstofu frá árinu 1993. Rannsóknarstofan sérhæfir sig í prófunum tengdum mannvirkjagerð og býður upp á allar hefðbundnar prófanir og ýmsar sérhæfðar prófanir sem tengjast steinefni, steinsteypu, vegagerð, jarðtækni og bergtækni. Rannsóknarstofan sinnir einnig stálprófunum, gasgreiningum, efnagreiningum á vatni, greiningum á bergi, tæringarprófunum og plötuprófum. Rannsóknarstofan er vel tækjum búin í nýlega innréttuðu húsnæði að Víkurhvarfi 8 í Kópavogi.

### Umsóknarfrestur er til og með 25. maí.

Sótt er um starfið á heimasíðu Mannvits, www.mannvit.is. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að láta ferilskrá og kynningarbréf fylgja umsókn.
Nánari upplýsingar veitir Hildur Þórisdóttir, mannauðsstjóri á netfanginu, mannaudssvid@mannvit.is.

**Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um starfið.**

MANNVIT



# STARF Í TÆKNIDEILD SS Á HVOLSVELLI

**Sláturfélag Suðurlands leitar að starfsmanni í viðhalds- og tæknideild félagsins á Hvolsvelli. Við leitum að kraftmiklum og jákvæðum einstaklingi til að bætast í öflugan hóp SS fólks á góðum vinnustað. Vinnutími er 7:00 til 17:00.**

MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR

- **Vélstjóri/vélvirki eða reynsla af vinnu við kæli- og frystikerfi**
- **Skipulagshæfileikar og geta til að vinna sjálfstætt**
- **Jákvæðni, góðir samskiptahæfileikar og rík þjónustulund**

STARFSLÝSING

- **Umsjón með keyrslu á kæli- og frystivélum ásamt almennu viðhaldi**

**Áhugasamir sæki um starfið á heimasíðu félagsins www.ss.is fyrir 25. maí nk.**
**Frekari upplýsingar um starfið gefur Benedikt Benediktsson í síma 488 8202.**

Sláturfélag Suðurlands er 111 ára, öflugt og framsækið matvælafyrirtæki í eigu búvöruframleiðenda á Suður- og Vesturlandi og almennra hluthafa. Höfuðstöðvar þess eru í Reykjavík og þar eru, auk skrifstofu, markaðs- og söludeildir. Á Hvolsvelli er meginhluti kjötiðnaðar staðsettur ásamt frystihúsi og vörudreifingu kjötvara. Á Selfossi rekur félagið sláturhús ásamt úrbeiningu á kjöti og pökkunarstöð.
Nánari upplýsingar um félagið má finna á heimasíðu þess, www.ss.is

SS fremst fyrir bragðið Síðan 1907

Pipar\TBWA \ SÍA

# HANS PETERSEN

*Engu gleymt í 100 ár*

Óskum eftir öflugum framtíðarstarfsmanni í framleiðslu og afgreiðslu í 100% starf. Góð kunnátta á photoshop er nauðsynleg. Áhugi á ljósmyndum og myndrænni framsetningu er kostur. Áhugasamir sendi umsókn á netfangið **hanspetersen@hanspetersen.is**




## Framtíðarstarf í Eldsneytisbirgðastöð

Vegna aukinna umsvifa óskar EAK eftir að ráða starfsmann til vinnu í eldsneytisbirgðastöð á Keflavíkurflugvelli. Um er að ræða 100% starf.

- Hreint sakavottorð og íslenskukunnátta skilyrði
- Reynsla af viðgerðum og verkstæðisvinnu kostur
- Meirapróf kostur.

Athugið að áhugasamir eru hvattir til að sækja um sem fyrst þar sem umsóknir verða metnar jafnóðum.

*EAK er fyrirtæki sem tekur á móti, geymir og afgreiðir flugvélaeldsneyti á Keflavíkurflugvelli fyrir olíufélögin. Starfsstöðin er á Keflavíkurflugvelli en þar starfa á vegum fyrirtækisins 50 starfsmenn.*

Upplýsingar og umsóknir sendast á melkorka@eak.is
**Umsóknafrestur er til og með 28. maí 2018**

EAK ehf.
**Aviation Fuel Service– Keflavík Airport Iceland**



# BIFVÉLAVIRKI Á VOLVO VÖRUBIFREIÐA- OG RÚTUVERKSTÆÐI

Brimborg óskar eftir að ráða bifvélavirkja á Volvo vörubifreiða- og rútuverkstæði. Verið er að byggja nýtt og vel tækjum búna þjónustumiðstöð fyrir atvinnutæki að Hádegismóum 8, en þar verður rík áhersla lögð á fagmennsku og góða umgengni í frábærri starfsmannaaðstöðu og framúrskarandi vinnuumhverfi. Starfsemin að Hádegismóum verður undir nafninu Veltir. Sæktu um í dag!

## STUTT STARFSLÝSING

- Vinna við bilanagreiningu og viðgerðir á vörubílum og rútum
- Þátttaka í þjálfun og símenntun

## HÆFNISKRÖFUR

- Réttindi í bifrélavirkjun/vélvirkjun eða reynsla í vörubifreiðaviðgerðum
- Gilt bílpróf, meirapróf kostur
- Góð þjónustulund og vilji til að vera virkur hluti af góðri liðsheild

Kynntu þér starfið nánar og sæktu um á brimborg.is
Umsóknarfrestur er til 20. maí 2018.
Þú færð allar upplýsingar hjá Jóhanni Rúnari, þjónustustjóra, í síma 515 7072. Hringdu núna!

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

# KLETTABÆR

## RÁÐGJAFI
## HLUTASTARF/FULLT STARF

**Klettabær leitar eftir öflugum ráðgjafa til starfa.**
Klettabær ehf. rekur skammtíma- og langtímabúsetu fyrir börn og ungmenni með margþættan vanda. Í starfi okkar höfum við að leiðarljósi að skapa börnum og ungmennum öruggt og heimilislegt umhverfi.

Bæði kyn eru hvött til að sækja um starfið.
Framtíðarstarf er í boði. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Um er að ræða vaktavinnu.

Umsókn ásamt ferilskrá skal senda á umsokn@klettabaer.is merkt **"Ráðgjafi".**

Nánari upplýsingar um starfið veitir Drífa Lind Harðardóttir mannauðsstjóri Klettabæjar, drifa.lind@klettabaer.is

**Helstu verkefni og ábyrgð**

- Hvetja og styðja við þjónustuþega til sjálf¬stæðis og virkni
- Umönnun, eftirfylgd og félagslegur stuðningur
- Fyrirmynd fyrir alla þjónustuþega
- Almennt heimilishald
- Þátttaka í teymisvinnu

**Hæfniskröfur**

- Menntun sem nýtist í starfi er æskileg
- 23 ára og eldri
- Reynsla af því að starfa með fólki skilyrði
- Sveigjanleiki og færni í mannlegum samskiptum
- Þekking á einhverfu og hagnýtri atferlis¬greiningu æskileg

**Frumkvæði og jákvæðni í starfi**
**Hreint sakavottorð í samræmi við lög**

**KLETTABÆR EHF.**
**Síðumúli 33**
**Jóhanna M. Fleckenstein forstöðumaður**
**s. 779 6030**
**Guðjón Þ. Gíslason forstöðumaður**
**s. 692 7088**



# Við ráðum

Ráðum býður upp á ráðgjöf og ráðningar sniðnar að þörfum viðskiptavinarins.

**RÁÐUM EHF** • Sími 519 6770
www.radum.is • radum@radum.is

ráðum
ráðningarstofa



# Skólastjóri Grunnskólans á Tálknafirði

*Laus er staða skólastjóra Grunnskólans á Tálknafirði. Menning og andrúmsloft Grunnskólans einkennist af gleði, kærleika og mikilli sköpun. Skólastjórastarfið er mjög skemmtilegt, fjölbreytt og þroskandi. Helstu verkefni skólastjóra eru:*

- Gæði í fagstarfi – fagstarfið í Grunnskólanum er mjög gott samkvæmt nýju ytra mati Menntamálastofnunar
- Starfsánægja starfsfólks – starfsánægja mælist mikil
- Ánægja foreldra – nálægð í litlu samfélagi gefur skólastjóra frábær tækifæri til mikillar foreldrarsamvinnu
- Góður rekstur

**Hæfniskröfur**

- Réttindi sem grunnskólakennari
- Öll stjórnunarreynsla er mikilvæg
- Góð samskipta- og leiðtogahæfni

*Við hvetjum alla þá sem hafa áhuga á að sækja um, en umsóknarfrestur er til **20. maí**. Umsóknir skulu sendar á netfangið **talknafjardarskoli@skolinn.is** en þangað má einnig senda fyrirspurnir um starfið. Umsókn skal fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf.*

# Kennari óskast til starfa

- Æskileg sérsvið, raungreinar, stærðfræði og unglingakennsla





# Sérfræðingur í Upplýsingagreind

Landsbankinn rekur margþætt og fjölbreytt viðskiptagreindarumhverfi. Upplýsingagreind tilheyrir Upplýsingatæknisviði og er helsta verkefni deildarinnar að efla hagnýtingu upplýsinga fyrir viðskiptaeiningar bankans. Viðkomandi þarf að hafa brennandi áhuga á gögnum og greiningum þeirra og hafa hæfni til að miðla upplýsingum innan bankans.

## Helstu verkefni

- Uppbygging viðskiptagreindarumhverfis (BI) bankans
- Gagnavinnsla í Oracle grunni (SQL)
- Framsetning upplýsinga með aðstoð SAP Business Objects
- Styðja deildir bankans með ráðgjöf varðandi gagnagreiningu

## Hæfni og menntun

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Frumkvæði, fagmennska og skipulagshæfni
- Góður skilningur á upplýsingasöfnun og gagnaskilum
- Reynsla af viðskiptagreind
- Reynsla í fjármálageiranum er kostur

## Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veita Davíð Jóhannsson, forstöðumaður Upplýsingagreindar (David.johannsson@landsbankinn.is) í síma 410 7415 og Berglind Ingvarsdóttir mannauðsráðgjafi (Berglind.ingvarsdottir@landsbankinn.is) í síma 410 7914.

Umsókn merkt *Sérfræðingur í Upplýsingagreind* fyllist út á vef bankans, landsbankinn.is.
Umsóknarfrestur er til og með 21. maí nk.

Jafnlaunaúttekt PwC



# Sérfræðingur á Markaðssviði

## HEKLA óskar eftir að ráða kraftmikinn og hæfileikaríkan sérfræðing til starfa á markaðssviði.

**Stutt lýsing á starfi:**

- Þátttaka í markaðs- og þjónustuaðgerðum
- Samskipti og upplýsingagjöf
- Stafræn markaðssetning
- Umsjón með vefjum HEKLU
- Viðburðastjórnun
- Textagerð fyrir bæklinga, auglýsingar og annað markaðsefni
- Önnur tilfallandi verkefni á markaðssviði

**Hæfniskröfur:**

- Menntun á sviði markaðsfræða, blaðamennsku eða sambærilegu
- Reynsla af markaðsmálum og umsjón netmiðla
- Færni til að tjá sig í ræðu og riti
- Færni í mannlegum samskiptum
- Góð tæknileg þekking, m.a. á samskiptamiðlum og vefumsjónarkerfum
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Frumkvæði og metnaður til að starfa við krefjandi og fjölbreytt verkefni
- Þekking á Photoshop og Lightroom er kostur

Yfir 130 manns starfa hjá HEKLU hf. En félagið er með umboð fyrir Volkswagen, Audi, Skoda og Mitsubishi og er leiðandi fyrirtæki í innflutningi, sölu og þjónustu við nýjar og notaðar bifreiðar.

Höfuðstöðvar HEKLU hf. eru við Laugaveg 170-174 í Reykjavík og umboðsmenn eru um land allt.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Sigríður Dröfn Ámundadóttir mannauðsstjóri, sigridur@hekla.is. Umsóknarfrestur er til og með 17. maí nk.
**Umsóknir berist í gegnum ráðningarvef Alfreðs: www.hekla.alfred.is**

HEKLA

# FAGLITUN

**Starfsmaður óskast við dufthúðun á málmum**

Faglitun er sérhæft fyrirtæki sem fæst alfarið við dufthúðun á málmum (powder coating)

Starfið felst í móttöku, þrifum á efni fyrir húðun, upphengjun efnis, pökkun, þrifum á verkstæði

og annað sem tengist daglegri starfsemi.

***Áhugasamir vinsamlegast sendið fyrirspurn á netfangið litun@litun.is***

# SINDRI

VR FYRIRTÆKI ÁRSINS 2017

Fyrirmyndarfyrirtæki VR 8 ár í röð




# PASSAR ÞÚ Í HÓPINN?

## SINDRI ÓSKAR EFTIR AÐ RÁÐA SÖLUMANN Í HAFNARFIRÐI

Sindri óskar eftir að ráða metnaðarfullan, þjónustulundaðan og sveigjanlegan sölumann til starfa í verslun Sindra í Hafnarfirði. Um er að ræða fjölbreytt og spennandi starf í góðu starfsumhverfi.







## SÖLUMAÐUR Í HAFNARFIRÐI

**Hæfniskröfur**

- Reynsla af sölustörfum
- Rík þjónustulund
- Frumkvæði
- Samskiptahæfni
- Iðnmenntun kostur

**Starfslýsing**

- Sala og þjónusta við viðskiptavini
- Frágangur á pöntunum
- Heimsóknir til viðskiptavina
- Önnur tilfallandi störf

**Við hvetjum jafnt konur sem karla til að sækja um starfið.**
Upplýsingar veitir Þórður í síma 575 0000 eða thk@sindri.is
**Umsóknum skal skilað fyrir 22. maí nk.**

**Sindri** er verslunar- og þjónustufyrirtæki á sviði byggingalausna, festingarvara, véla, verkfæra og vinnufatnaðar. Fyrirtækið var stofnað árið 1933 og er hluti af **Johan Rönning hf.** Hjá félaginu starfa rúmlega 120 starfsmenn í Reykjavík, Kópavogi, Fjarðabyggð, Reykjanesbæ, Hafnarfirði, á Selfossi, Grundartanga og á Akureyri. Johan Rönning hefur 8 ár í röð verið valið fyrirmyndarfyrirtæki VR og hlotið nafnbótina Fyrirtæki ársins síðastliðin 6 ár.

**Reykjavík**
Skútuvogur 1
Sími 575 0000

**Reykjavík**
Viðarhöfði 6
Sími 575 0060

**Kópavogur**
Smiðjuvegur 1
Sími 567 6000

**Hafnarfjörður**
Bæjarhraun 12
Sími 575 0040

# Skaftárhreppur

## Laus störf í Skaftárhreppi

**Frábær tækifæri í Skaftárhreppi fyrir drífandi og metnaðarfulla einstaklinga**

### Skólastjóri Kirkjubæjarskóla á Síðu

Laust er til umsóknar framtíðarstarf skólastjóra Kirkjubæjarskóla á Síðu sem staðsettur er á Kirkjubæjarklaustri. Kirkjubæjarskóli er grunnskóli fyrir 1.-10. bekk með nemendur úr öllu sveitarfélaginu. Nemendafjöldi skólaárið 2017-2018 er 43 og miðast samkennsla árganga við fimm námshópa. Aðstaða til íþróttaiðkunar er til mikillar fyrirmyndar ásamt því sem skólinn á í mjög góðu samstarfi við Héraðsbókasafnið sem er í sama húsi. Einkunnarorð skólans eru kærleikur, bjartsýni og samvinna. Nánari upplýsingar um skólann má finna á www.kbs.is. **Umsóknarfrestur er til og með 18. júní nk.** Nánari upplýsingar um starfið og umsóknarferli er á www.klaustur.is.

### Grunnskólakennarar

Grunnskólakennara vantar í Kirkjubæjarskóla á síðu næsta skólaár. Kennslugreinar eru m.a. sjónlist/hönnun og smíði ásamt sérkennslu. **Umsóknarfrestur er til og með 21. maí n.k.** Upplýsingar veitir Kjartan Kjartansson skólastjóri s: 865-7440. Tekið er á móti umsóknum á netfangið skolastjori@klaustur.is eða í pósti merktar Kirkjubæjarskóli, Klausturvegi 4, 880 Kirkjubæjarklaustur. Nánari upplýsingar um skólann er að finna á www.kbs.is.

### Skipulags- og byggingarfulltrúi

Laust er starf skipulags- og byggingarfulltrúa í Skaftárhreppi sem er annað landstærsta sveitarfélag á Íslandi. Leitað er eftir öflugum og hæfum einstaklingi sem hefur metnað og áhuga á að byggja upp og þróa starfið. ***Framundan eru spennandi verkefni m.a. vinna við nýtt aðalskipulag ásamt margvíslegum uppbyggingaráformum á ýmsum sviðum í sveitarfélaginu.***
Skipulags- og byggingarfulltrúi fer með framkvæmd skipulags- og byggingarmála samkvæmt lögum og sinnir verkefnum í samstarfi við sveitarstjórn og skipulagsnefnd sveitarfélagsins ásamt því að vinna náið með sveitarstjóra. **Umsóknarfrestur er til 18. júní n.k.** Nánari upplýsingar um starfið og umsóknarferli er á www.klaustur.is

### Heilsuleikskólinn Kæribær

Leitað er eftir drífandi og metnaðarfullum einstaklingum til starfa á Heilsuleikskólann Kærabæ sem er staðsettur á Kirkjubæjarklaustri. Heilsuleikskólinn Kæribær er í örum vexti og verður í haust tveggja deildar leikskóli með heilsdagsrými fyrir börn á aldrinum eins til sex ára. Um er að ræða störf deildarstjóra/staðgengil leikskólastjóra, deildarstjóra og leikskólakennara. Nánari upplýsingar um leikskólann má finna á http://kaeribaer.leikskolinn.is/. **Umsóknarfrestur er til 1. júní n.k.**
Nánari upplýsingar veitir Guðrún Sigurðardóttir leikskólastjóri á leikskoli@klaustur.is eða í síma 487-4803.

**Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um störfin.**

Skaftárhreppur er annað landstærsta sveitarfélag landsins og býr yfir miklum og fjölbreyttum tækifærum í leik og starfi fyrir fólk á öllum aldri. Í Skaftárhreppi er samfélagið fjölskylduvænt með um 560 íbúa. Á Kirkjubæjarklaustri búa um 170 manns. Á Kirkjubæjarklaustri er að finna alla nauðsynlega þjónustu s.s. verslun, banka, heilsugæslustöð, leikskóla, bókasafn, kaffihús og íþróttamiðstöð. Í íþróttamiðstöðinni er að finna glæsilegt íþróttahús, sundlaug og tækjasal.

Veðurfar og náttúrufegurð Skaftárhrepps er rómað.



## Skjól hjúkrunarheimili

**Laus er staða á hárgreiðslustofu á Skjóli**

Um er að ræða verktakastarf

**Umsóknarfrestur er til 23. maí nk.**

**Nánari upplýsingar veitir:**
Guðný H. Guðmundsdóttir forstöðumaður hjúkrunar í síma 522 5600 gudny@skjol.is

*Kleppsvegi 64, 104 Reykjavík*
*Sími: 522 5600*



## MARKAÐS- OG SÖLUSTARF HJÁ PROACT

### Við leitum að hressum aðila í markaðs- og söluteymið okkar.

Við erum að leita að aðila með hársnyrtimenntun, glaðlegt og hresst viðmót, sjálfstæð vinnubrögð, góða almenna tölvukunnáttu og góða þekkingu á samfélagsmiðlunum.

Starfið snýr að markaðssetningu og sölu á hársnyrtivörum undir vörumerkjum Matrix, Joico, Kérastase og Loreal Professionnel.

Starfið felst í því að skipuleggja og framkvæma kynningu og sölu á nýjum vörum til hársnyrtistofa. Um er að ræða bæði almenna fræðslu og ráðgjöf til hársnyrtifólks, sem og skipulagningu á námskeiðum í samstarfi við erlenda birgja.

Skipuleggja kynningar á vörum fyrirtækisins til neytenda einkum með hinum ýmsu samfélagsmiðlum.

Viðkomandi fær þjálfun að hluta til hjá erlendum samstarfsaðilum okkar í evrópu.

**Umsóknir með ferilskrá og frekari fyrirspurnir sendist á proact@proact.is fyrir 14. maí.**

Proact

Proact er heildverslun sem býður upp á sterk vörumerki fyrir hársnyrtistofur og snyrtistofur auk nokkurra annarra vöruflokka. Helstu vörumerki eru Matrix, Loreal Professionnel, Joico, Kérastase, Comfort Zone, Lycon.

## STÖRF HJÁ GARÐABÆ

**Álftanesskóli**
- Aðstoðarskólastjóri
- Umsjónarkennari á yngsta stig

**Garðaskóli**
- Deildarstjóri

**Hofsstaðaskóli**
- Skólaliði
- Stuðningsfulltrúi
- Þroskaþjálfi

**Sjálandsskóli**
- Grunnskólakennari á yngsta stig
- Grunnskólakennari í íslensku á unglingastig

**Akrar**
- Leikskólakennari

**Bæjarból**
- Deildarstjóri
- Starfsfólk með fjölbreytta menntun

**Holtakot**
- Starfsmaður í eldhús

**Hæðarból**
- Deildarstjóri

**Bæjarskrifstofur**
- Sálfræðingur

**Ísafold - dagdvöl aldraðra**
- Starfsmaður

**Sigurhæð - heimili fyrir fatlað fólk**
- Þroskaþjálfi
- Sumarstarfsmaður

**Ægisgrund - heimili fyrir fatlað fólk**
- Forstöðumaður

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Nánari upplýsingar má finna á ráðningarvef Garðabæjar **https://starf.gardabaer.is.**

GARÐABÆR

GARÐATORGI 7 • SÍMI 525 8500 • **GARDABAER.IS**

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY



# Kennsluráðgjafi

Háskólinn í Reykjavík óskar eftir að ráða öflugan og metnaðarfullan einstakling í starf kennsluráðgjafa á kennslusvið háskólans. Kennslusvið stýrir skipulagningu og eftirfylgni innra og ytra gæðaeftirlits með námi og kennslu.

Sviðið sinnir jafnframt kennsluráðgjöf og þjálfun kennara, þróun kennslukerfa, prófum og annarri umsýslu um nám og kennslu við skólann. Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi sem er tilbúinn að taka þátt í að fylgja eftir stefnu háskólans varðandi gæði náms og kennslu.

**STARFSSVIÐ**

– Þátttaka í þróun og innleiðingu á nýrri stefnu um gæði náms og kennslu
– Þátttaka í þróun aðferðafræði kennslu og innleiðingu á nýjum kennsluaðferðum
– Ráðgjöf og handleiðsla kennara
– Eftirfylgni fjölhliða mats á námi og kennslu
– Ráðgjöf við framkvæmd kennslustefnu
– Þátttaka í almennum verkefnum kennslusviðs s.s. prófahaldi, undirbúningi útskrifta, almennu gæðaeftirliti o. fl.

**HÆFNISKRÖFUR**

– Háskólapróf sem nýtist í starfið, s.s. í kennslufræði, náms- og starfsráðgjöf eða uppeldisfræði
– Reynsla af kennsluráðgjöf eða sambærilegu starfi
– Þekking og reynsla af háskólastarfi
– Reynsla af kennslu í háskóla er æskileg
– Frumkvæði í starfi og framsýni
– Skipulag og ögun í vinnubrögðum
– Góð íslensku- og enskukunnátta er skilyrði
– Teymishugsun, lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum

Nánari upplýsingar veitir Einar Hreinsson (**einarhr@ru.is**) forstöðumaður kennslusviðs og Sigríður Elín Guðlaugsdóttir (**sigridureg@ru.is**) framkvæmdastjóri mannauðs. Umsóknum skal skilað á vef Háskólans í Reykjavík, **radningar.hr.is/storf**. Farið er með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál. Umsóknarfrestur er til og með **27. maí 2018**.

Hlutverk Háskólans í Reykjavík er að skapa og miðla þekkingu til að auka samkeppnishæfni og lífsgæði fyrir einstaklinga og samfélag með siðgæði, sjálfbærni og ábyrgð að leiðarljósi. Akademískar deildir háskólans eru fjórar: Lagadeild, tölvunarfræðideild, tækni- og verkfræðideild og viðskiptadeild. Kennsla og rannsóknir við Háskólann í Reykjavík mótast af sterkum tengslum við atvinnulíf og samfélag. Lögð er áhersla á þverfagleika, alþjóðlegt umhverfi, nýsköpun og góða þjónustu. Nemendur Háskólans í Reykjavík eru um 3700 í fjórum deildum og starfa um 250 fastir starfsmenn við háskólann auk fjölda stundakennara.

Háskólinn í Reykjavík | Menntavegi 1 | 101 Reykjavík | Sími 599 6200 | **www.hr.is**

HEILSUGÆSLAN



## Hjúkrunarfræðingur og ljósmóðir
## Heilsugæslan Seltjarnarnesi og Vesturbæ

Laus eru til umsóknar 100% ótímabundið starf hjúkrunarfræðings og sumarafleysingastarf ljósmóður við Heilsugæsluna Seltjarnarnesi og Vesturbæ.

**Umsóknarfrestur er til og með 28. maí 2018.**

Heilsugæslan Seltjarnarnesi og Vesturbæ er hverfisstöð og er einkum ætlað að þjóna íbúum á Seltjarnarnesi og Reykvíkingum í Vesturbæ sunnan Hringbrautar, þar með talið íbúum háskólahverfis og Skerjafjarðar. Nánari upplýsingar um starfsemi stöðvarinnar má finna á vef Heilsugæslunnar (www.heilsugaeslan.is).

### *Hjúkrunarfræðingur*

Hjúkrunarfræðingur óskast til starfa við Heilsugæsluna Seltjarnarnesi og Vesturbæ. Um er að ræða 100% ótímabundið starf. Viðkomandi þarf að geta hafið störf 20. ágúst eða eftir nánara samkomulagi.

#### *Helstu verkefni og ábyrgð*

Hjúkrunarmóttaka, heilsugæsluhjúkrun, ungbarnavernd og skólahjúkrun. Starfssvið hjúkrunarfræðinga í heilsugæslu er mjög fjölbreytt. Þeir sinna meðal annars heilsuvernd barna, einstaklingum með langvinnan heilsuvanda, öldruðum, símaráðgjöf og bráðaþjónustu.

#### *Hæfnikröfur*

- Íslenskt hjúkrunarleyfi
- Reynsla af heilsugæsluhjúkrun æskileg
- Mikil samskiptahæfni og sveigjanleiki
- Faglegur metnaður og áhugi á að vinna með börnum
- Sjálfstæði í starfi
- Reynsla af og áhugi á teymisvinnu
- Góð íslenskukunnátta skilyrði

#### *Nánari upplýsingar*

Emilía Petra Jóhannsdóttir - 513 6100
emilia.p.johannsdottir@heilsugaeslan.is

### *Ljósmóðir - sumarafleysing*

Ljósmóðir óskast til starfa í sumar við Heilsugæsluna Seltjarnarnesi og Vesturbæ. Um er að ræða 30% starf í júní, 100% starf í júlí og 30% starf í ágúst.

#### *Helstu verkefni og ábyrgð*

Starfið felst aðallega í mæðravernd. Mæðravernd er í höndum ljósmæðra og heimilislækna á heilsugæslustöðvum og samráð er haft við fæðingarlækna ef þörf er á. Markmið með mæðravernd heilsugæslunnar er m.a. að stuðla að heilbrigði móður og barns, veita stuðning og ráðgjöf, greina áhættuþætti og veita fræðslu um meðgöngu og fæðingu.

#### *Hæfnikröfur*

- Starfsleyfi sem ljósmóðir, ásamt íslensku hjúkrunarleyfi skilyrði
- Reynsla af vinnu á fæðingardeild og/eða meðgöngudeild kostur
- Reynsla sem ljósmóðir á heilsugæslustöð æskileg
- Reynsla á vökudeild eða barnaspítala kostur.
- Góð þekking/próf í brjóstaráðgjöf
- Góð færni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæði í starfi
- Góð íslenskukunnátta skilyrði

Sjá nánar á vef Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (www.heilsugaeslan.is), undir laus störf eða á Starfatorgi (www.starfatorg.is).

*Ábyrgð - Fagmennska - Traust - Þjónusta - Framþróun*

---

GUNNARS 1960

## Sumarvinna

Óskum eftir duglegum bílstjóra/lagerstarfsmanni í sumarvinnu. Vinnutími frá kl 8-16 alla virka daga. Stundvísi og góð íslenskukunnátta skilyrði. Þarf að geta hafið störf fljótlega. Umsókn og ferilsskrá sendist á **henry@gunnars.is**

---

## Örtækni – Ræsting – Dagvinna

Starfsfólk óskast í sumarafleysingar í Ræstingadeild Örtækni. Unnið er á dagvinnutíma. Færni í íslensk er nauðsyn og reynsla af ræstingum kostur.

Ráðningartíminn er 3 mánuðir (maí-ágúst).

Áhugasamir sendi tölvupóst á thorsteinn@ortaekni.is

---

BLIKKSMIÐJAN BORG

## Blikksmiðir eða menn vanir blikksmíði óskast

Blikksmiðjan Borg óskar eftir hæfum blikksmiðum eða mönnum vönum blikksmíði. Ef þig langar að vinna í skemmtilegum hópi þar sem boðið er upp á góða vinnuaðstöðu og býð yfir eftirfarandi eiginleikum, þá erum við að leita að þér!

Hæfnikröfur:

- Stundvís og geta unnið sjálfstætt
- Metnaðarfullur og reglusamur
- Sveigjanlegur og jákvæður

**Nánari upplýsingar veitir Kristján í kristjan@blikkborg.is eða gsm 847 8525 virka daga milli 9:00 og 16:00**

---

# Þarftu að ráða starfsmann?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf.
Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

ráðum ráðningarstofa

**RÁÐUM EHF** • Sími 519 6770 • www.radum.is • radum@radum.is




HARPA

## Aðalbókari Hörpu

**Harpa leitar að öflugum og nákvæmum starfsmanni í starf aðalbókara.**

**Starfssvið:**
- Fjárhags-, verkefna- og viðskiptamannabókhald.
- Útgáfa sölureikninga.
- Afstemming á uppgjöri miðasölu og uppfærsla sölugagna.
- Frágangur gagna fyrir mánaðar-, árshluta- og ársuppgjör.
- Afstemmingar og skil á gögnum til endurskoðenda.
- Úrvinnsla tölulegra upplýsingar og upplýsingagjöf.
- Þátttaka í umbótaverkefnum á fjármálasviði.
- Önnur tilfallandi verkefni í samráði við yfirmann.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Góð menntun sem nýtist í starfi.
- Yfirgripsmikil þekking og reynsla af Navision fjárhagsbókhaldskerfinu.
- Reynsla af fjárhagsbókhaldi, verkbókhaldi, afstemmingum og uppgjörum.
- Skipulögð og nákvæm vinnubrögð
- Framúrskarandi þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og metnaður til að ná árangri.

**Nánari upplýsingar veitir Berglind Ólafsdóttir fjármálastjóri Hörpu, Berglind@harpa.is**
**Umsóknarfrestur er til og með 23.maí 2018.**
**Umsókn ásamt ferilskrá og kynningarbréfi skal skilað til Huldu Kristínar Magnúsdóttur, huldakristin@harpa.is**

KLETTABÆR

## HÓPSTJÓRI
## HLUTASTARF/ FULLT STARF

**Klettabær leitar eftir öflugum hópstjóra til starfa.**
Klettabær ehf. rekur skammtíma- og langtímabúsetu fyrir börn og ungmenni með margþættan vanda. Í starfi okkar höfum við að leiðarljósi að skapa börnum og ungmennum öruggt og heimilislegt umhverfi.

Bæði kyn eru hvött til að sækja um starfið. Framtíðarstarf í boði. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Um er að ræða vaktavinnu.

Umsókn ásamt ferilskrá skal senda á umsokn@klettabaer.is merkt **"Hópstjóri"**.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Drífa Lind Harðardóttir mannauðsstjóri Klettabæjar drifa.lind@klettabaer.is

**Helstu verkefni og ábyrgð**
- Stýrir úrræði utan reglulegs vinnutíma næsta yfirmanns
- Ber ábyrgð á að virkja þjónustuþega til sjálfstæðis
- Fyrirmynd fyrir alla þjónustuþega og veitir þeim persónulegan stuðning í daglegu lífi
- Þátttaka í teymisvinnu

**Hæfniskröfur**
- Menntun sem nýtist í starfi er æskileg
- 25 ára og eldri
- Reynsla af því aðstarfa með fólki skilyrði
- Sveigjanleiki og færni í mannlegum samskiptum
- Þekking á einhverfu og hagnýtri atferlis¬greiningu æskileg
- Sýna frumkvæði í markmiðasetningu

**Frumkvæði og jákvæðni í starfi**
**Hreint sakavottorð í samræmi við lög**

**KLETTABÆR EHF.**
**Síðumúli 33**
**Jóhanna M. Fleckenstein forstöðumaður**
**s. 779 6030**
**Guðjón Þ. Gíslason forstöðumaður**
**s. 692 7088**

JARÐBORANIR



## VÉLFRÆÐINGUR

Jarðboranir leita að öflugum aðila í starf vélfræðings. Um er að ræða krefjandi og spennandi starf á framkvæmdasvæðum við djúpboranir eftir jarðhita sem og aðrar borframkvæmdir, hér á landi og erlendis. Helstu verkefni vélfræðings eru viðhald og viðgerðir véla og tækjabúnaðar sem tilheyrir borflota félagsins. Um er að ræða vökvakerfi, rafbúnað, loftþrýstikerfi sem og annan búnað. Viðkomandi kemur til með að sinna vaktavinnu.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Hafa lokið 4. stigi vélfræðings
- Sveinspróf í vélvirkjun eða rafvirkjun
- Gott vald á íslensku og ensku og færni til að tjá sig í ræðu og riti
- Reynsla af viðhaldi og viðgerðum stórra tækja og/eða vinnuvéla
- Góð samskiptahæfni og hæfni til að vinna í krefjandi starfsumhverfi
- Sjálfstæð, traust og vönduð vinnubrögð

**Upplýsingar um starfið veitir Torfi Pálsson, starfsmannastjóri í síma 585-5290 eða torfip@jardboranir.is.**
**Sækja skal um starfið á www.jardboranir.is fyrir 20. maí næstkomandi.**

  Bjóðum mjög hagstætt og samkeppnishæft verð á þjónustu okkar. Gerðu verðsamanburð!




**HH Ráðgjöf** er alhliða ráðningarþjónusta og við státum okkur af því að veita framúrskarandi þjónustu hvort sem um ræðir ráðningu ófaglærðra, faglærðra eða sérfræðinga.

» Ráðgjafar okkar veita fúslega frekari upplýsingar í síma 561 5900 eða sendu okkur tölvupóst: hhr@hhr.is

HH
RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» HH Ráðgjöf • Fjarðargata 13 - 15 • 220 Hafnarfjörður • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

Við leitum að

# FRAMÚRSKARANDI FRAMKVÆMDA- STJÓRA!

**Tripical** er ung og fersk ferðaskrifstofa sem útfærir og skipuleggur skemmtiferðir af öllu tagi. Við sérhönnum ferðir á framandi slóðir fyrir Íslendinga en hjálpum erlendum ferðamönnum líka að upplifa ævintýri á Íslandi. **Tripical** skipuleggur ferðir fyrir alla þá sem njóta þess að fara á nýja staði, kynnast annars konar menningu og nýju umhverfi.

Okkur sárvantar metnaðarfullan og hugmyndaríkan leiðtoga sem hefur áhuga og reynslu af stjórnun vaxandi fyrirtækis. Framkvæmdastjóri framtíðarinnar mun sjá um daglegan rekstur og stjórnun **Tripical**. Hann mun líka sinna upplýsingagjöf og mannauðsstjórnun, pæla í kostnaðar- og áætlanagerð og græja alls konar annað. Og er auðvitað hress og skemmtilegur.

Þess vegna erum við að leita að háskólamenntuðum snillingi með reynslu af rekstri og stjórnun. Ef þú ert sjálfstæður og hugvitssamur leiðtogi með mikla færni í mannlegum samskiptum, góða tungumálakunnáttu, reynslu af ferðabransanum og kannt allt sem kunna þarf á tölvur, þá erum við líklega að leita að þér.

Ef þú hefur áhuga á að taka þátt í þessu ævintýri með okkur biðjum við þig að fara inn á heimasíðu Capacent, www.capacent.is, og skrá þína umsókn þar inn.

<u>Nánari upplýsingar veita:</u>
Ásdís Hannesdóttir (asdis.hannesdottir@capacent.is) og Ragnheiður Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) hjá Capacent ráðningum.

**Umsóknarfrestur er til og með 21. maí nk.**

Mundu að láta ferilskrána fylgja með sem og kynningarbréf þar sem fram kemur hvers vegna þú ert framúrskarandi framkvæmdastjóri.

capacent

**Tripical**

**tripical.is / 519 8900**

# Geggjaður grillmatur fyrir Eurovision

Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva nær hámarki í kvöld. Margir gera vel við sig í mat og drykk en þá er tilvalið að kynda upp í grillinu og matreiða eitthvað syndsamlega gott.

Flestir vilja gefa sér góðan tíma til að fylgjast með söngvakeppninni sívinsælu þótt Ísland hafi ekki komist áfram í þetta sinn. Hins vegar eru fáir sem vilja eyða miklum tíma í matseld í kvöld en langar samt í eitthvað gott að borða. Þar sem grilltímabilið er að byrja er um að gera að dusta rykið af grillinu og kynda upp í því og grilla kjúklingaspjót með grænmeti og ananas í eftirmat. Kjúklingurinn er settur í appelsínumarineringu, sem gefur ferskt og gott bragð. Þessi marinering hentar líka vel fyrir risarækjur, svínalundir og nautakjöt. Ananasinn er góður einn og sér eða með vanilluís.

## Grillaður appelsínukjúklingur með grænmeti

**4 kjúklingabringur**
**1 appelsína**
**1 tsk. chili-duft**
**1,5 tsk. reykt paprika**
**1,5 tsk. Dijon-sinnep**
**3 msk. hunang**
**3 msk. tómatsósa**
**1 tsk. ólífuolía**
**Salt og pipar**
**Kirsuberjatómatar**
**Kúrbítur**
**Sveppir**
**Laukur**
**Grillpinnar**

Byrjið á að kynda vel upp í grillinu svo það nái góðum hita og leggið grillpinnana í bleyti í 20-30 mínútur. Þerrið þá vel fyrir notkun.

Skerið kjúklinginn í hæfilega stóra bita. Rífið appelsínubörkinn með rifjárni í skál og bætið við chili-dufti og reyktri papriku. Setjið sinnep, tómatsósu og ólífuolíu saman við. Bragðbætið með salti og pipar. Hrærið öllu vel saman. Takið síðan hluta af marineringunni og setjið til hliðar.

Setjið allan kjúklinginn í skálina og dreifið marineringunni vel yfir. Lokið skálinni með álpappír eða plastfilmu og látið kjúklinginn marinerast í 10-20 mínútur, eða jafnvel lengur ef tími er til. Skerið grænmetið í álíka stóra bita og kjúklinginn. Þræðið til skiptis grænmeti og kjúkling upp á grillpinnana. Leggið grillpinnana á grillið og lækkið aðeins hitann. Látið kjúklinginn grillast vel, eða í 5 mínútur á hverri hlið. Snúið grillpinnunum reglulega og hugið vel að hitanum því kjúklingurinn þarf að grillast í gegn áður en hann er borinn fram. Dreypið aðeins af marineringunni yfir kjúklinginn á meðan hann er grillaður.

Gott er að bera grillmatinn fram með litlum kartöflum, salati eða góðu brauði og auðvitað góðri sósu.



Grillaður og gómsætur kjúklingur með grænmeti. NORDICPHOTOS/GETTY

## Grillsósa

**1 dós sýrður rjómi**
**1-2 hvítlauksrif, marin**
**1 msk. hlynsíróp**
**1 msk. ólífuolía**
**Salt**

Hrærið öllu vel saman og berið fram með grillmatnum.

## Grillaður ananas

Grillaður ananas er bæði sætur og mjúkur og Hot pepper sósan gefur honum extra gott bragð.

**1 ananas, afhýddur og skorinn í sneiðar**
**1 msk. hunang**
**3 msk. bráðið smjör**
**Hot pepper sauce, að smekk**
**Salt**

Setjið ananas, hunang, smjör og sósu í plastpoka. Saltið að smekk. Lokið pokanum og hristið hann vel svo allt blandist vel saman. Látið marinerast í hálftíma og helst lengur, jafnvel yfir nótt. Hitið grillið og penslið létt yfir grillgrindurnar með olíu. Takið ananasinn úr pokanum og þerrið mestu marineringuna af honum. Grillið ananasinn í 2-3 mín. á hvorri hlið, eða þar til hann er mjúkur og grillaður í gegn.



































VERTU VELKOMIN Í VERSLUN OKKAR AÐ FÁKAFENI 9 EÐA PANTAÐU Á WWW.CURVY.IS

Afgreiðslutímar í verslun Curvy.is að Fákafeni 9 eru
Alla virka daga frá kl. 11-18 og Laugardaga frá kl. 11-16

Curvy.is - Fákafeni 9, 108 RVK | Sími 581-1552 | www.curvy.is

## Bílar & Farartæki

**bilfang.is**
**S. 567 2000**



**SÍÐASTI BÍLLINN ! 15 SELDIR !**
Nýr Suzuki SX4 S-Cross LUX, Diesel, Sjálfsk. Leður, glerþak,, kostar 5.2 í Suzuki, OKKAR VERÐ aðeins 3.990 þús !

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**Seljum í dag !**
**www.bilfang.is**

**bilauppbod.is**

**ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

**Netbifreiðasalan**



Hyundai IX35 Comfort AWD Árgerð 6/2011 Ekinn 141 Þkm Bensín Sjálfskiptur Hálfleður Losanlegur dráttarkókur ofl... Ásett verð 1.980.000. TILBOÐ 1.690.000.- Stgr Stendur á planinu hjá okkur Malarhöfða 2. www.nbs.is Rnr.110994.



Toyota Prius Hybrid Árgerð 6/2011 Ekinn 136 Þkm Bensín/Rafmagn Sjálfskiptur Ásett verð 1.790.000. TILBOÐ 1.399.000.- Stgr Stendur á planinu hjá okkur Malarhöfða 2. www.nbs.is Rnr.130012.



Audi TT Coupé Quattro Árgerð 6/2015 Ekinn aðeins 10 Þkm Bensín 230 Hö Sjálfskiptur 19" sumargangur + 18" vetrargangur fylgir Sjón er sögu ríkari Ásett verð 7.690.000. Er inni sýningarsal okkar að Malarhöfða 2. www.nbs.is Rnr.110499.

**Netbifreiðasalan**
**Malarhöfða 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4400**
**netbifreidasalan.is**

**BILO.IS HÖFÐAHÖLLIN**



MINI ONE COUNTRYMAN nýskr. 07/2014, ekinn 54 Þ.km, bensín, 6 gíra. Geggjaður bíll! Verð 2.880.000 kr. Raðnúmer 257394



M.BENZ ML 350 BLUETEC 4MATIC nýskr. 09/2013, ekinn 66 Þ.km, dísel (259hö), sjálfskiptur. Glæsilegt eintak! Verð 7.390.000 kr. Raðnúmer 287767



KIA SPORTAGE LUXURY nýskr. 03/2017, ekinn 59 Þ.km, dísel, sjálfskiptur, leður, 19" felgur ofl. Tilboðsverð 4.190.000 kr. Raðnúmer 230787

**Höfðahöllin**
**Funahöfða 1, 110 Rvk.**
**Sími: 567 4840**
**www.bilo.is**

**SPARIbíll**



2012 Jeep Grand Cherokee Overland. Bensín / Metan. Ekinn 108 þús. Km. Beige leður. Glerþak. Loftpúðafjöðrun. Ofl. Ný dekk. Verð: 5.950.000,-

**Sparibíll ehf**
**Hátún 6A, 105 Reykjavík**
**Sími: 577 3344**
**www.sparibill.is**

**SUZUKI**



SUZUKI FJÓRHJÓL. Fjórhjólin eru með power stýri, 100% drifllæsingu. Létt, lipur, meðfæriieg í notkun og eyða auk þess afar litlu eldsneyti.

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

## Bílar til sölu



Land Cruiser 150 Gx, árg.2012, ekin.155þ, Sjálfskiptur, dráttarkrókur, skoða skipti, Verð: Tilboð. Sími:8990675



**KRAFTUR, LÚXUS, LEÐUR.**
Saab 93 2,0 túrbó 2005 með öllu,ek.95þ.ný skoðaður ,ný dekk og fl.590þ. uppl. 820-5181

## Jeppar



Mjög góður Nizzan Patrol árg.00 ek.212 þús.35"br.Mjög mikið endurn.Verð 950 þús. Uppl. s:8918610

## Hópferðabílar



**RÚTUR TIL SÖLU**
Ýmsar stærðir og gerðir. Verð frá 990.000 kr. Nánari uppl. veitir Óskar í síma: 699-3219



**BMW I I8 pure impulse.**
Árgerð 2015, ekinn 56 Þ.KM, bensín,rafmagn, sjálfsk. 362 hestöfl, harmon kardon 370Wött, 6 gírar.
**Verð 10.700.000.**
Rnr.330238.

**FLOTTUR BILL...**

**HEIMSBÍLAR**
**KLETTHÁLSI 2, 110 RVK • WWW.HEIMSBILAR.IS**

# Ótrúleg verð – komdu og kíktu við !




**Sunlight T 58: Árgerð 2016**, ekinn: 71.000 km.
Markísa, hjólagrind, silfurgrár hliðar, álfelgur, 6 gíra, cruise control, loftkæling ofl.ofl.
**Ótrúlegt verð: 6.790.000, staðgreitt.**




**Sunlight T 64: Árgerð 2016**, ekinn 61.000 km.
Markísa, hjólagrind, silfurgráar hliðar, álfelgur, fellirúm í toppi, stór ísskápur með sér frystihólfi, 6 gíra, cruise control, loftkæling ofl. ofl.
**Ótrúlegt verð: 7.990.000, staðgreitt.**




**Sunlight T 67: Árgerð 2016**, ekinn 64.000 km. Markísa, hjólagrind, álfelgur, lestarlúga báðum megin, útdrag á milli rúma, fellirúm í toppi, stór ísskápur með sér frystihólfi, 6 gíra, cruise control, loftkæling o.fl. o.fl.
**Ótrúlegt verð: 7.990.000, staðgreitt.**




**Sunlight T 58: Árgerð 2016**, ekinn 66.000 km.
Markísa, hjólagrind, lestarlúga báðum megin, útdrag á milli rúma, fellirúm í toppi, stór ísskápur með sér frystihólfi, 6 gíra, cruise control, loftkæling o.fl. o.fl.
**Ótrúlegt verð: 6.990.000, staðgreitt.**




**Sunlight T 69 L: Árgerð 2016**, ekinn 41.000 km.
Markísa, hjólagrind, álfelgur, lestarlúga báðum megin, hjónarúm aðgengilegt beggja vegna, fellirúm í toppi, stór ísskápur með sér frystihólfi, 6 gíra, cruise control, loftkæling o.fl. o.fl. **Ótrúlegt verð: 8.350.000, staðgreitt.**




**Dethleffs Trend A 6977: Árgerð 2015**, ekinn 69.000 km. Hjólagrind, rafdrifin trappa, stór ísskápur með sér frystihólfi, 6 gíra, cruise control ofl. ofl.
**Ótrúlegt verð: 6.990.000, staðgreitt.**




**Hobby 70 HQ Premium Drive: Árgerð 2016**, ekinn 6.000 km. Tvær sólarsellur, 2 húsgeymar, bakkmyndavél, markísa, hjólagrind, rafknúið fellirúm, auka undirstuðari að aftan, fjórar 16" stálfelgur fylgja. Glæsileg bifreið!
**Verð: 12.990.000, staðgreitt.**




**Hymer CS 494: Árgerð 2004**, ekinn: 46.000 km.
Markísa, bakkmyndavél, ný rafdrifin trappa, tölvukubbur settur í 2016. **Ótrúlegt verð: 2.780.000, staðgreitt.**

**Opið um helgina frá 12-16**

**P. KARLSSON EHF.**

**P. Karlsson ehf | Smiðjuvöllum 5a, 230 Reykjanesbæ |517 5200 | www.pkarlsson.is**

567 2277 NÝJA WWW.NYJA.IS
BÍLAHÖLLIN
BÍLAKJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK

**Opnunartími:**
Mán-föst kl. 10-18 • Lau kl. 12-15 • Lokað sunnudaga.
Sími utan opnunartíma • S. 861 2165

**Bílar á lager**

**REYNSLA OG TRAUST Í 30 ÁR**



**DODGE Ram 1500 laramie premium diesel**
Árgerð 2017, ekinn 100 KM, dísel, sjálfskiptur 8 gírar. Lok á palli,gluggaplöst og fleira
Rnr.212830.
VERÐ
**10.980.000**



**FORD F350 king ranch.**
Árgerð 2017, Nýr bíll, dísel, sjálfskiptur. 360 gráðu myndavélar ofl.
Rnr.212921.
VERÐ
**7.900.000.** án vsk



**DODGE Ram 3500 limited tungsten.**
Árgerð 2018,Nýr bíll, dísel, sjálfskiptur. Aisin sjálf-skipting Loftpúðar aftan.
Rnr.115242.
VERÐ
**7.967.000.** án vsk



**DODGE Ram 3500 long horn limited.**
Árgerð 2017, ekinn 14 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð án vsk 6.920.000.Aisin sjálfskipting Loftpúðar aftan,
Rnr.212909.
VERÐ
**6.920.000.** án vsk



**FORD F350 platinium ultimade.**
Árgerð 2017, Nýr bíll dísel, sjálfskiptur. Glerþak - 360 gráðu myndavélar ofl.
Rnr.212195.
VERÐ
**7.900.000.** án vsk



**GMC Sierra 3500hd denali.**
Árgerð 2018, Nýr bíll, dísel, sjálfskiptur 6 gírar. eigum líka til Svartan og Mineral Metallic
Rnr.212928.
VERÐ
**7.850.000.** án vsk



**DODGE Ram 3500 laramie.** Argerð 2018, ekinn 19 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur.
Rnr.212911.
VERÐ
**6.645.000.** án vsk

**Allir nýir pallbílar með 2ja ára ábyrgð eða 120 þ km.**

## Hjólhýsi



**HOBBY HJÓLHÝSI 2018 STÓRSPARNAÐUR!**
Hobby hjólhýsi 2018, stórsparnaður. Kauptu beint frá Þýskalandi við aðstoðum þig. Verðhugmyndir, grunnverð. 1 Evra kr. 122, Landhaus 770 CL kr.4.540.000.-,

Premium 560 CFe 3.760.000.-,

Exelent 540 UL 3.210.000.-

ON TOUR. 470 UL 2.840.000,-

Allar fyrirspurnir sendist á kriben@simnet.is s. 8634449 Ath. takmarkað magn.

## Vinnuvélar



**NÝ SMÁGRAFA TIL SÖLU**
Carter Smágrafa með Perkins motor 1,8t, 3 skóflur, hraðskiptir á skóflum. Til sýnis að Tunguhálsi 10, Reykjavík Upplýsingar um vél og verð gefur Páll Ingi, Sími 824 2245

## Bátar



**NÝTT - NÝTT - NÝTT HEIMAVÍKUR PLÖTUKRÓKA NR. 12**
Góð reynsla - meiri afli Heimavík ehf Heimavik.is sími 892-8655

## Bílaþjónusta

**VAKA**
VIÐ VÖKUM MEÐ ÞÉR!
KRANABÍLAÞJÓNUSTA ALLAN SÓLAHRINGINN
Sími: 567 6700 | vakahf.is

# Þjónusta

## Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

## Garðyrkja

**HELLULAGNIR**
LÓÐAFRAMKVÆMDIR
- Jarðvinna
- Drenlagnir
- Hellulagnir
- Þökulagnir

☎ 788 8870
eind@eind.is
Eind ehf

**Lárkot ehf**
Sandur, mold og jarðvinna.
Mætum og gerum tilboð.
Uppl. í s. 892 2257
Geymið auglýsinguna.

Almenn garðvinna

sláttur og klippingar ofl.

Halldór garðyrkjumaður. S: 698 1215

## Bókhald

**RÉTTA- BÓKHALDSÞJÓNUSTA.**
Getum bætt við okkur verkefnum. Alhliða bókhaldsþjónusta. Sanngjörn verð og góð þjónusta. Uppl. í s. 8548080/5168080 eða olafur@retta.is.

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

**HÚSAVIÐGERÐIR**
ENDURBÆTUR OG NÝSMÍÐI
- Smíðavinna
- Múrvinna
- Málningarvinna

☎ 788 8870
eind@eind.is
Eind ehf

**K2**
LOFTSTOKKAHREINSUNIN
- FYRIRTÆKI
- FJÖLBÝLISHÚS
- SKIP
- VEITINGASTAÐIR

Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Múrari tekur að sér tröppuviðgerðir sem og allt almennt viðhald fasteigna s:6974650



**Gamli glugginn úr, nýi glugginn í ...svo einfalt er það**
Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.
Hafðu samband og við metum ástandið.
Smiðjuvegur 12, rauð gata - S. 566 6630 - gluggagerdin@gluggagerdin.is

**Einstakt tækifæri!**



**Nýtt og frábært gestahús til sölu**
12 + 9 fermetrar
Tilbúið til að reisa
Allt fylgir sem er á mynd nema húsgögn
70mm bjálki
**Verð aðeins 1500 þús**
Upplýsingar í síma 860 0662, Einar

## Spádómar

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

# Keypt & Selt

## Til sölu

**HUMARSALAN**
Ný veiddur Hornafjarðarhumar og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW. HUMARSALAN:IS S. 867 6677

**HURÐIR OG BORÐ**
Hurðir með körmum frá Þýskalandi
Verð frá Kr. 8000
Stólar og borð fyrir veitingahús. kr. 3000.- og kr. 7000.-
Ný biljard borð 4 fet og 8 fet.
Opið frá 12 - 17 . mánudag 14. maí.
Við hliðina á Blómabúðinni Dögg, Hafnarfirði
S. 899 8607 og 66 45 900



Ný mahony bílskúrshurð breidd 2.46 hæð 2.31,enn í pakkningu til sölu.Tilboð óskast. S:8640101

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

# Skólar & Námskeið

## Námskeið



**ICELANDIC, ENGLISH & NORWEGIAN F. FOREIGNERS - ENSKA - NORSKA**
Levels/Stig: I, II, III, IV, V, VI: ÍSLENSKA f. útlendinga, NORSKA, ENSKA f. Fullorðna: Start/Byrja: 28/5,25/6,23/7,3/9,1/10,29/10,26/11 , 2019:7/1, 4/2, 4 weeks/4 vikur x 5 days/daga. 2-6 students/nem. Morn/Aftern/Evening. Morgna/Síðd/Kvölds. AUKATÍMAR: STÆ/EÐL: www.iceschool.is - ff@icetrans.is - Fullorðinsfræðslan-IceSchool, Ármúli 5. 108 s. 5571155 / 8981175.

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## Barnavörur




**VAGNSTYKKI + KERRUSTYKKI + SKIPTITASKA**
Verð frá 99.900 kr. Barnið Okkar - Hlíðasmára 4 - 201 Kóp. barnidokkar.is

## Húsnæði

### Atvinnuhúsnæði

Atvinnuhúsnæði til leigu 103 fm á jarðhæð,Hafnarfirði laus strax tilvalið fyrir litla heildsölu eða lager. Uppl. í siggaer20@gmail.com

Bjart snyrtilegt 350 m2 iðnaðarhúsn. til leigu í Grundarfirði. Stór vinnusalur, stórt eldhús, kaffistofa, og gott herbergi. Allt á 210 þ. á mán. Laust 20 mai. S: 696-7254 + 660-1060

Vissir þú að... börn eiga rétt á vernd og umönnun
Barnaheill Save the Children á Íslandi

## Atvinna

### Atvinna í boði

**GSG EHF.**
leitar eftir að ráða til starfa verkstjóra.
Starfssvið er malbikun og jarðvinna. Mikil vinna í boði fyrir réttann aðila. Viðkomandi þarf að hafa reynslu á þessu sviði, vera ábyrgur og vinnusamur. Meirapróf og vinnuvélaréttindi eru skilyrði.
**Frekari upplýsingar og umsóknir á thorvardur@gsg.is**

Heimaás

**SMIÐUR / UPPSLÁTTUR**
Heimaás óskar eftir að ráða smiði í uppsláttarvinnu.

-Mæling/einingarverð

-Sveinspróf skilyrði

-Kranapróf kostur

Til greina kemur að ráða mótagengi.

Nánari uppl. í s. 8956820 Guðmundur

heimaas@heimaas.is merkt "atvinna"

Óskum eftir hressu fólki til að vinna á matarvögnum staðsettum í Reykjavík næg vinna í boði Uppl. Kobbi@humarsalan.is

**SMIÐA.IS**
óskar eftir að ráða smiði eða menn vana smíðavinnu til hinna ýmsu smíðastarfa. Uppl. í s. 899 7262 og smida@smida.is

### Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000**
**Netfang proventus@proventus.is**

## Tilkynningar

### Fundir

**AÐALFUNDUR KATTAVINAFÉLAGS ÍSLANDS VERÐUR HALDINN Í HÚSI FÉLAGSINS AÐ STANGARHYL 2, REYKJAVÍK, ÞRIÐJUDAGINN 22. MAÍ 2018, KL. 20:00**
Dagsskrá:
1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Önnur mál, löglega fram borin
Kaffiveitingar
Félagar eru hvattir til að mæta.
**Stjórnin**

# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

**LOK Á HEITA POTTA**



Framleiðum einangrunarlok og yfirbreiðslur á allar tegundir potta.
Metum ástand og gerum við.
www.fjardarbolstrun.is
Fjarðarbólstrun S. 561 4188 • 840 0339 • fjardarbolstrun@gmail.com

**viftur.is**
Viftur ● Blikkrör ● Aukahlutir
íshúsið
S:566 6000 ● Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

Snyrti & nuddstofan Smart
Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ
Alltaf frábær tilboð í gangi hjá okkur!
Kíkjið á facebook síðu okkar:
facebook.com/snyrti og nuddstofan smart
*Verið hjartanlega velkomin.*
Tímapantanir í s. 789 3031 & 897 3035 • helgasig2@gmail.com og á Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is gudruninga@frettabladid.is

# Góð kaup!

KOMDU OG PRÓFAÐU!

**bill.is**
Malarhöfða 2
Sími 5773777
www.bill.is



**FIAT Dethleffs a 5881**
Árgerð 2012, ekinn 145 Þ.KM, dísel, beinskiptur.
**Verð 4.990.000**
Rnr.260353.



**HOBBY 560 lu prestige**
Árgerð 2018, 12v rafgeymir mottur, stjórnborð o.fl.
**Verð 4.590.000**
Rnr.251337.



**HONDA Civic 5dr.**
Árgerð 2015, ekinn 64 Þ.KM, bensín, beinskiptur.
**Verð 1.690.000**
Rnr.271143.



**NISSAN Qashqai tekna**
Árgerð 2016, ekinn 19 Þ.KM, dísel, 6 gírar.
**Verð 4.090.000**
Rnr.271503.



**RENAULT Clio**
Árgerð 2017, ekinn 26 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar.
**Verð 2.290.000**
Rnr.260767.



**SUZUKI Grand vitara**
Árgerð 2015, ekinn 84 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur.
**Verð 2.290.000**
Rnr.302135.

# Fyrir þá sem vilja fara dýpra í málun

Myndlistaskólinn í Reykjavík er eini skóli landsins sem býður námsbraut í listmálun. Kennarar eru vel menntaðir og margreyndir starfandi listamenn. Að námi loknu opnast ýmsir möguleikar.

Í Myndlistaskólanum í Reykjavík er boðið upp á fjölbreytt námskeið fyrir börn og fullorðna og spennandi fullt nám í dagskóla. Sex námsleiðir eru í boði í dagskóla, það er tveggja ára listnámsbraut til stúdentsprófs og eins árs fornám og þeim sem hafa lokið stúdentsprófi af listnámsbraut býðst að taka tveggja ára námsbrautir í keramik, málaralist, teikningu og textíl.

Listmálarabraut er nýjasta brautin og sú eina sinnar tegundar hér á landi. Fyrsti hópurinn af henni er nú að ljúka námi. Þar er lögð áhersla á að nemandinn læri tækni, efnistök og aðferðir við miðilinn og að tengja hefðbundna þekkingu í listgreininni við samtímann.



Kristín Gunnlaugsdóttir, myndlistarkona og kennari við Myndlistaskólann í Reykjavík. MYND/SIGTRYGGUR ARI.

### Mikil reynsla hjá kennurum

„Það er full þörf fyrir nám í málaralist. Málun er mikilvægur hluti af samtímalist og í henni er fólgin ákveðin tæknikunnátta sem tekur talsverðan tíma að læra, svo hægt sé að nýta sér málun sem miðil,“ segir Kristín Gunnlaugsdóttir myndlistarkona sem hefur kennt við brautina og leiðbeinir nú nemendum við uppsetningu á vorsýningu þeirra.

„Námið hentar þeim sem vilja kafa djúpt í málun,“ segir Kristín. „Kennarar Myndlistaskólans eru mjög vel menntaðir starfandi listamenn sem búa yfir áratuga reynslu, svo þeir hafa miklu að miðla til nemenda. Ekki bara hvað varðar tækniatriði, heldur líka varðandi hvernig á að lifa sem listamaður og taka þátt í samfélaginu sem slíkur.“

### Læra allar leiðir til að búa til málverk

„Hverri önn er skipt í tvennt,“ segir Kristín. „Fyrri hlutann er lögð áhersla á að kenna tækni og aðferðir en seinni hlutann er unnið úr því sem var verið að læra á verkstæði og lögð áhersla á sjálfstæð vinnubrögð.

Nemendur læra alls kyns tækni- og verkaðferðir sem tengjast málun og fá að kynnast og vinna með mörg ólík efni. Þeir læra líka um mismunandi aðferðir sem tengjast sögu málverksins sem miðils yfir í stafræna framsetningu,“ segir Kristín. „Það er í raun farið yfir allar mögulegar aðferðir til að búa til málverk.

Það eru svo ýmsir möguleikar að námi loknu. Nokkrir nemendur hafa leigt sér vinnustofu og ætla að fara að vinna sjálfstætt, en skólinn er með samning við skóla í Bretlandi sem býður upp á BA-nám í málaralist og metur námið í Myndlistaskólanum til fulls,“ segir Kristín. „Þannig að þar er hægt að klára BA með einu ári af námi í viðbót. Það eru að minnsta kosti tveir nemendur á leið í það núna.“

Í vor verður tekinn inn nýr hópur fyrir haustið, en umsóknarfrestur rennur út 22. maí. Nánari upplýsingar er að finna á vefsíðu skólans, www.mir.is.

> **Það er full þörf fyrir nám í málaralist. Málun er mikilvægur hluti af samtímalist og í henni er fólgin ákveðin tæknikunnátta sem tekur talsverðan tíma að læra, svo hægt sé að nýta sér málun sem miðil.**
>
> Kristín Gunnlaugsdóttir

Vorsýning nemenda verður svo opnuð fimmtudaginn 10. maí í húsnæði skólans á 2. og 3. hæð JL-hússins, Hringbraut 121. Sýningin verður opin milli 13.00 og 18.00 næstu daga en lokadagur er mánudagur 14. maí. Verkin á sýningunni eru eftir 114 nemendur dagskólans.



# Frábært tónlistaruppeldi og blómstrandi félagslíf

Í Söngskólanum í Reykjavík eru nemendur frá 10 ára aldri, allt frá byrjendum til nemenda sem vilja leggja tónlist fyrir sig í framtíðinni og læra sviðsframkomu, söng og samvinnu.



Nemendur að lokinni vel heppnaðri sýningu hjá Söngskólanum í Reykjavík, á Ísafirði.

Harpa Harðardóttir og Sibylle Köll eru söngkennarar við Söngskólann í Reykjavík. Þær stjórna Ungdeild skólans og eru meðal stjórnenda í Nemendaóperu skólans. „Í vetur var mikið líf í kringum hópana og miklar framfarir hjá öllum söngvurunum,“ segja þær en nemendur Ungdeildar sungu meðal annars á jólatónleikum Eivarar í Hörpu, settu upp Skilaboðaskjóðuna eftir Jóhann G. Jóhannsson í Iðnó og tóku þátt í Barnamenningarhátíð Reykjavíkur auk þess sem Nemendaóperan setti upp Leðurblökuna eftir J. Strauss í Hörpu og í Edinborgarhúsinu á Ísafirði með þátttöku heimamanna.

„Markmið söngnámsins við Söngskólann í Reykjavík er að kenna nemendum heilbrigða raddbeitingu, túlkun og framkomu,“ segir Harpa og Sibylle bætir við: „Námið er einstaklingsmiðað þar sem nemandinn ákveður sína stefnu; kórsöngur, einsöngur, söngleikir, ópera, dægurlagaflutningur eða bara heilsusamleg raddbeiting sem nýtist í hvaða starfi sem er. Nemendur eru þjálfaðir í sviðsframkomu og öðlast færni og reynslu í að syngja fyrir áheyrendur, lesa nótur og skilja tónfræði. Nemendur frá okkur hafa skilað sér inn í atvinnumennsku í tónlist á nánast hvaða sviði sem er: óperu, söngleikjum, leikhúsi, poppi, Eurovision, kórsöng, listinn er langur.“ Þær vilja benda á að Söngskólinn er fyrir allan aldur og þar er fyrir hendi áratuga reynsla í þjálfun radda á öllum aldri. Starfið sé enn fremur metnaðarfullt, strax frá því í ungdeildinni. „Við leggjum áherslu á að þroska bæði raddir, túlkun og smekk og veita tónlistaruppeldi,“ segir Harpa og nefnir sem dæmi að mikill áhugi hafi vaknað meðal ungra nemenda að syngja antík-aríur á ítölsku. Þær vilja einnig leggja áherslu á að félagslífið sé sterkt innan skólans og þar myndast mikil vinátta sem síðar skilar sér oftar en ekki í blómlegu samstarfi.

Garðar Cortes stofnaði Söngskólann árið 1973 og alla tíð hefur skólinn verið í samstarfi við The Associated Board of the Royal Schools of Music í Bretlandi. Þaðan koma prófdómarar tvisvar ár hvert og meta frammistöðu söngnema og píanónema, á alþjóðlegum grundvelli. Erlendu prófdómararnir hafa haft orð á því hversu mikinn aga sé að finna í söngtækni og að hvergi í heiminum skili söngnemendur jafn góðum prófúrslitum og á Íslandi – og þeir fara víða um heim.

Söngskólinn býður upp á einkakennslu í söng og margs konar námskeið fyrir kóra og söngáhugafólk á öllum aldri. Auk þess eru haldin ýmis meistaranámskeið fyrir nemendur skólans.

Inntökupróf fyrir nám næsta haust verða þriðjudaginn 22. maí. Nánari upplýsingar má finna á heimasíðunni www.songskolinn.is eða í síma 552-7366.

# Háskólagráður við hvert tækifæri

Sumir segja að ekki sé hægt að læra allt í háskóla en þar er hins vegar hægt að læra býsna margt, ólíklegustu sérfög sem hafa þó víða skírskotun enda þarf atvinnulífið fjölbreytni fyrst og fremst.

Brynhildur Björnsdóttir
brynhildur@frettabladid.is



Vissulega mun MBA-gráða gefa þér fjölbreytta starfsmöguleika en sennilega ekki koma neinum á óvart. Ef þú hins vegar segist vera með háskólapróf í jóðli eða útsaumsfræðum er líklegra að augabrúnir lyftist.

Um víða veröld er hægt að stunda háskólanám í ýmsum óvenjulegum greinum sem gætu mögulega víkkað hugmyndir einhverra sem halda að í háskóla læri fólk ekkert nema bókabé. Svo er óvenjulegt háskólanám ágætisumræðuefni í fjölskylduboðum. Hér eru nokkrar spennandi námsleiðir sem gætu hjálpað einhverjum að ná Georg Bjarnfreðarsyni í háskólagráðufjölda.

South Bank háskólinn í London býður tveggja ára nám í bökunarfræðum þar sem meðal annars er boðið upp á kúrsana súkkulaðimótun og framhald í brauðgerðartækni að ógleymdri viðskiptafræði og kynningarfræði til að hjálpa nemendum að koma sér upp eigin bakaríum að námi loknu. Og heimavinnan er líkleg til að stuðla að vinsældum meðal fjölskyldu og vina.

Milli manns, hests og hunds liggur leyniþráður þó það sé helst samband manns og hests sem er til umfjöllunar í námsefninu í hestasálfræði sem er kennd til tveggja ára háskólagráðu við Trent háskólann í Nottingham. Kafað er í sálarlíf hesta en hið flókna og fallega samband milli manns og hests líka kannað. Hafi þig dreymt um að verða hestahvíslari er tækifærið komið!



Háskólinn í Cambridge réð nýverið til sín prófessor til að sinna rannsóknum á sambandi leiks og þroska barna en það er alþjóðlega Legóstofnunin sem fjármagnar stöðuna sem heitir þess vegna Legóprófessor.



„Kökugerðarmaður tekur…“ próf í bakstursvísindum við South Bank háskólann í London.



Félagarnir í Mið-Íslandi þurfa sjálfsagt ekki mikið á MA-gráðu í uppistandi að halda en gætu mögulega sótt um kennslustöður.



Kýr eru flóknar verur og dugar ekkert minna en háskólagráða til að eiga við þær.

Í háskólanum í Birmingham er boðið upp á námsbraut í tímafræði sem talin er sú eina sinnar tegundar í heiminum. Farið er í vísindi og listir sem tengjast tímamælingum og bæði kennd úrsmíði og eðlisfræði auk þess sem heimspeki tímans er á námskránni.

University of the Creative Arts í London býður upp á BA-gráðu í útsaumi þar sem hægt er að læra bæði sögu og tækni þessarar aldagömlu listgreinar en útsaumur er mikilvægur hluti af tískuhönnun meðal annars og tískuhúsin slást um nemendur sem útskrifast af þessari braut.

Háskólinn í Suður-Devon á Englandi lofar nemendum í snekkjufræði ekki að þeir muni verða í svölum sjóarabúningi í öllum aðalpartíunum í Cannes en hann lofar hins vegar þekkingu í siglingafræði og viðhaldi skipa og báta auk siglingaleyfis. Þá er einnig hægt að taka valáfanga í skútusiglingum og mótorbátum og þegar tveggja ára grunnnámi er lokið er hægt að bæta við ári svo úr verði BA-gráða.

Tveggja ára nám í mjólkurfræði og kúasmölun er í boði við Reaseheath háskólann í hinu mikla landbúnaðarhéraði Cheshire þar sem áherslan er einna helst á kúabændur og mjólkuriðnað. Þar er bæði farið í saumana á því hvernig á að annast kýr og reka mjólkurbú auk þess sem klaufsnyrting er meðal námsgreina.

Háskólinn í Luzern í Sviss er nýfarinn að bjóða upp á jóðlvísindi, annaðhvort sem þriggja ára BA- eða tveggja ára MA-gráðu. Kennslan hefst á næsta kennsluári og umsækjendur ættu að vanda sig einstaklega vel því aðeins er pláss fyrir fjóra nemendur svo samkeppnin verður hörð.

Ef þú hefur alltaf elskað Bítlana og talið framlag þeirra til tónlistar það helsta á heimsvísu í hundruð ára þá má benda á að Hope háskólinn í Liverpool býður upp á tveggja ára MA-gráðu sem ber heitið Bítlarnir, popptónlist og samfélag.

Kent háskóli í Englandi býður upp á meistaranám í uppistandi fyrir lengra komna. Þar er kafað í leyndarmál grínsins en einnig farið í praktíska hluti eins og viðskiptaáætlanagerð og bókhald.

Svo má ekki gleyma að geta þess að Cambridge háskóli hefur nýlega ráðið til sín prófessor sem hefur starfsheitið Prófessor Legó…

# Viltu láta drauma barna rætast?

**Í nýrri menntastefnu Reykjavíkur er markmiðið að láta drauma barnanna rætast. Mikill hugur er í borginni að efla allt skóla- og frístundastarf þar sem fagmennska er í fyrirrúmi.**

Við höfum í rúmt ár unnið að mótun menntastefnu fyrir borgina. Allir starfsmenn sviðsins, foreldrar, börn, sérfræðingar og almenningur hafa komið að þeirri vinnu og leiðarljósið er að við ætlum láta drauma barnanna rætast," segir Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur.

„Við viljum að á hverjum degi upplifi börn og unglingar ævintýri, komi heim úr skóla og frístundastarfi ánægð, hugsandi, forvitin, full ástríðu og vilja til að afla sér þekkingar og hafa áhrif. Hugsunin er sú að skóla- og frístundastarf í Reykjavík stuðli að því að börn og unglingar verði leiðtogar í eigin lífi og láti drauma sína rætast. Með því að setja aukinn eldmóð í okkar starf viljum við stuðla að því að allir nái árangri og nái að fljúga á sínum vængjum."

### Styrkleiki og mannauður

Skóla- og frístundasvið mun einsetja sér að vinna að fimm hæfniþáttum þar sem aukin félagshæfni, sjálfsefling hvers og eins, aukin lestrarhæfni, skapandi hugsun og heilbrigði er í fyrirrúmi. „Hver og ein starfsstöð, þ.e. leikskólar, grunnskólar, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar, býr yfir styrkleika í sínum mannauði og velur hvernig hún útfærir þetta. Auðvitað er unnið samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla og grunnskóla en þetta er eitthvað sem sátt er um að setja í öndvegi," greinir Helgi frá.

Fyrr á árinu veitti borgin 40 milljónir í þróunarsjóð og 60 milljónum verður bætt við síðar á árinu. Á næsta ári verða 200 milljónir veittar í sjóðinn og segir Helgi þetta fjármagn veita starfsstöðvum borgarinnar svigrúm til að þróa starf sitt að áhersluþáttum menntastefnunnar.



„Við viljum að á hverjum degi upplifi börn og unglingar ævintýri, komi heim úr skóla og frístundastarfi ánægð, hugsandi, forvitin, full ástríðu og vilja til að afla sér þekkingar og hafa áhrif," segir Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur. MYND/ERNIR

### Fjölbreyttar og heilsueflandi frístundir

Nýlega var samþykkt ný stefna um frístundaþjónustu hjá Reykjavík en hvað felur hún í sér? „Möguleikarnir í frístunda- og íþróttastarfi í borginni eru miklir. Við viljum bjóða upp á fjölbreyttar og heilsueflandi frístundir í öllum borgarhlutum sem hvetur til þátttöku og sköpunar og um leið betra samfélags fyrir alla aldurshópa, leikskólabörn sem eldri borgara. Við viljum nota betur það umhverfi sem við höfum og bæta það þannig að frítíminn verið eins uppbyggilegur, frjór og gefandi og nokkur kostur er," segir Helgi.

### Betra starfsumhverfi

Undanfarið hefur mikil vinna verið lögð í að skoða starfsumhverfi leikskólakennara, grunnskólakennara og starfsfólks í frístundastarfi hjá Reykjavík. „Þegar er búið að gera heilmikið til að bæta starfsaðstæður þeirra sem starfa innan leik- og grunnskóla og efla stuðning í kerfinu öllu. Fagfólki hefur fjölgað og tölvukostur og húsbúnaður verður endurbættur. Það er mikill hugur í borginni að efla allt skóla- og frístundastarf. Við viljum hvetja til þess að fólk fari í háskólanám í leikskólafræðum, grunnskólafræðum og frístundafræðum. Í Borgarholtsskóla er líka fjölbreytt nám fyrir þá sem vilja mennta sig að hluta til að starfa innan leik- og grunnskóla," segir Helgi.

En hverjir eru að þínu mati helstu kostir þess að vinna í skóla- og frístundastarfi hjá Reykjavíkurborg? „Það er mikill faglegur metnaður hjá borginni og góður stuðningur við fagfólk til að gera enn betur. Við erum með öflugt menntaumhverfi þar sem margar styrkar stoðir koma saman til að efla skóla og frístundastarf.

Ég spyr því: Viltu taka þátt í að láta drauma barnanna rætast?"




# Húsverk og ævilöng vinátta

**Það er opið hús í Hússtjórnarskóla Reykjavíkur í dag þar sem hægt er að skoða einstakt handverk nemenda og dýrindis bakstur. Í skólanum verður til vinskapur og haldgott veganesti út í lífið.**

Í Hússtjórnarskólanum lærir fólk svo margt fyrir lífið og námið er haldgott, engin spurning,“ segir Margrét Dóróthea Sigfúsdóttir sem verið hefur skólastjóri Hússtjórnarskóla Reykjavíkur í tuttugu ár.

„Það eru forréttindi að hlakka til hvers einasta dags og hafa yndi af sínu starfi. Það hefur líka góð áhrif á mann að vera dagana langa innan um glatt og hresst ungt fólk, sem og að starfa í svo hlýlegu og góðu húsi,“ segir Margrét. „Hér er einstaklega góður andi og nemendur segja að það sé dásamlegt að sofa í þessu húsi.“

Margrét segir suma nemendur hafa átt sér draum frá unga aldri um skólavist í Hússtjórnarskólanum og að heimavist í kvistherbergjum glæsilegs hússins við Sólvallagötu sé einkar vinsæll kostur.

„Nemendur utan af landi ganga fyrir en borgarbörnin vilja líka á heimavistina. Stelpurnar eru tvær til þrjár saman í herbergi og þegar einhver hefur viljað vera ein í herbergi gefst hún vanalega upp á því þegar hún heyrir skvaldrið í hinum, enda hvað er gaman að vera ein í herbergi á slíkum stað? Þær elska allar heimavistina, eignast þar óskaplega góðar vinkonur og alveg yndislegt upplifun að sitja saman í skemmtilegum hóp, horfa á væmna sjónvarpsþætti, prjóna og poppa. Það er dýrmætt á tímum þegar allir sitja einangraðir í símum, hver í sínu horni. Ég segi þeim frekar að kynnast og tala saman. Ekki eyða dýrmætum tíma í netspjall við einhvern sem hvorki sést né hefur nærveru.“


Margrét Sigfúsdóttir er skólastjóri Hússtjórnarskóla Reykjavíkur, hér í vinsælli vefstofu skólans. MYND/ERNIR

## Biðlistar á hverju ári

Margrét tekur nú við umsóknum í Hússtjórnarskólann fyrir næsta skólaár. Námið tekur eina önn og pláss er fyrir 24 nemendur.

„Það hefur alltaf verið eftirsótt að komast í Hússtjórnarskólann og biðlistar á hverju ári,“ upplýsir Margrét. „Þetta er stíft nám en skemmtilegt þar sem skóladagurinn hefst klukkan átta og er til klukkan fimm en honum lýkur á hádegi á föstudögum. Skólinn er svo eins og hvert annað heimili. Innifalið er fullt fæði, morgunmatur, hádegismatur og miðdagskaffi, og þau sem eru á heimavistinni elda sér kvöldmat og hér eru alltaf til afgangar og nóg af súrmjólk, skyri og kornflexi, og brauði og áleggi, rétt eins og heima,“ útskýrir Margrét.

Í skólanum læra nemendur allt til góðs heimilishalds og verða þar færir á flestum sviðum.

„Veitt er menntun sem nýtist í daglegu lífi og er góður undirbúningur undir frekara nám. Við undirbúum nemendur fyrir störf í ýmsum greinum samfélagsins og nemendur læra vandvirkni um leið og sjálfstraust þeirra og frumkvæði eykst,“ útskýrir Margrét sem kennir nemendum að halda heimili og að fara vel með.

„Allir þurfa að geta eldað ofan í sig, jafnvel þótt þeir búi einir. Í dag er almenningur hvattur til að borða hreinan mat sem er eldaður frá grunni og hér læra þeir það. Við kennum næringarfræði og hvers kyns matreiðslu frá grunni, að útbúa og elda allan venjulegan heimilismat og veislumat, að taka slátur, baka tertur og kransaköku, skreyta brauðtertur og gera saft og sultur úr rabarbara og berjum sem nemendur tína í berjamó á haustin, og allt þar á milli. Þá er kennt að þvo þvott þannig að hann verði fallegur og endingargóður, að strauja skyrtur og dúka, þrífa allt sem til fellur á heimili, prjóna, sauma út og vefa, en flestir verða heillaðir af því að sitja í vefstofunni og vefa sér fallega hluti. Allt er það eigulegt og dýrmætt og ber vitni um fagurt handverk og kunnáttu nemenda,“ segir Margrét.

## Ógleymanlegt ævintýri

Handverk og hannyrðir eru í hávegum hafðar í Hússtjórnarskólanum og nemendur læra að sauma út mynstur í sængurfatnað og dúka, og sauma sinn eigin fatnað og jafnvel skírnarkjóla.

„Margar verða hissa þegar þær kaupa sér fallegt efni fyrir fáeina þúsundkalla og sauma sér svo kjóla sem myndu kosta tugi þúsunda út úr búð. Þær læra að taka snið úr blöðum, minnka þau og stækka eftir þörfum og breyta sniðum ef með þarf svo þau falli betur að líkamsvexti hvers og eins,“ segir Margrét.

Flestir nemendur Hússtjórnarskólans eru á aldrinum 18 til 22 ára en líka aðeins eldri og yngri.

„Meirihluti umsækjenda er kvenfólk en líka einn og einn strákur og nú þegar hefur einn staðfest skólavist á haustönn og annar er búinn að senda inn umsókn. Það er gott fyrir stráka jafnt sem stelpur að fara í hússtjórnarnám og við höfum verið ofsalega heppin með piltana hér með stúlkunum okkar því allt þetta unga fólk er svo yndislegt.“

Að námi loknu fá nemendur öll námsgögn afhent til eignar.

„Við kveðjustund er mjög oft grátið enda sér þá fyrir endann á ógleymanlegu ævintýri. Nemendur bindast hér ævilöngum vinaböndum og stundum koma gamlir árgangar í heimsókn sem hafa hist mánaðarlega í sextíu ár og eru alltaf vinkonur. Þegar þröngt er setið og kúldrast saman myndast náin tengsl og mikil fjölskyldustemning. Vissulega líður mér því stundum eins og mömmu þeirra og vitaskuld fylgir hvatning og knús, eins og á öllum góðum heimilum.“

Sótt er um skólavist í Hússtjórnarskóla Reykjavíkur á heimasíðu skólans, husstjornarskolinn.is. Hússtjórnarskóli Reykjavíkur er á Sólvallagötu 12. Í dag verður opið hús í Hússtjórnarskólanum frá klukkan 13.30 til 17. Sími 551 1578.

# Varð strax einn af stelpunum

**Leikarinn Hilmar Guðjónsson sá móður sína í nýju ljósi þegar hann fór til náms í Hússtjórnarskólanum. Hann prjónaði peysu handa ástinni sinni í morgungjöf og treystir sér vel til að taka slátur.**

**Þórdís Lilja Gunnarsdóttir**
thordisg@frettabladid.is



Ég hafði aldrei sett í þvottavél þegar ég fór í Hússtjórnarskólann. Ég hafði bara búið við góða þjónustu heima hjá mömmu og í skólanum áttaði ég mig fyrst á hvað mamma gerði mikið á heimilinu og hvað húsverk geta verið vandasöm og tímafrek,“ segir leikarinn Hilmar Guðjónsson sem stundaði nám við Hússtjórnarskóla Reykjavíkur á haustönn 2005.

„Þá var ég búinn með menntaskólann og dreymdi um að verða leikari en komst ekki inn í Leiklistarskólann. Í staðinn fyrir að fara þá í bara eitthvert háskólanám ákvað ég að verja tíma mínum betur og láta verða af því að fara í Hússtjórnarskólann.“

Hilmar var þar eini karlinn í 23 kvenna hópi og bjó á heimavistinni.

„Leiga fyrir kvistherbergið var tíu þúsund krónur á mánuði og maður fékk að vaða í afganga í eldhúsinu og bætti á sig nokkrum kílóum í leiðinni. Það var alveg hrikalega næs og þegar maður fór á skrallið sleppti maður því að fara í röðina á Hlölla og fór í staðinn heim í steik og bernaise-sósu.“


Hilmar í eldhúsinu heima þar sem hann er hvergi banginn að nýta menntun sína í eldamennsku og húsverkum á hverjum degi. MYND/STEFÁN

## Með próf í að strauja

Hilmar segir allt vera sjarmerandi við Hússtjórnarskólann.

„Þar ríkir einstaklega góður andi, húsið er alveg sérstakt og kennararnir frábærir. Mikil vinátta varð til á milli nemenda og á kvöldin sátum við saman og prjónuðum heimavinnuna yfir sjónvarpinu. Mér þótti ekkert mál að vera einn með stelpunum. Ég varð algjörlega einn af stelpunum en datt dálítið út þegar þær fóru að tala um blæðingar og barneignir og fékk óstöðvandi málæði þegar ég hitti loks einhvern sem gat talað við mig um fótbolta,“ segir hann, sællar minningar.

Í dagsins önn segist Hilmar nýta allt sem hann lærði í Hússtjórnarskólanum.

„Allt sem sneri að heimilishaldi kom mér spánskt fyrir sjónir og stærsti lærdómurinn var að óttast ekki lengur eldamennskuna. Fyrr en varði var ég farinn að baka upp sósur, steikja sunnudagshrygg, skreyta brauðtertur og laga frómas. Mikið var lagt upp úr útsaumi, vefnaði og hannyrðum og ég lærði servéttubrot og er nú með próf í að strauja, sem er aldeilis nytsamlegt þegar strauja þarf skyrtur.“

## Prjónaði morgungjöfina

Hilmar mælir með námi í Hússtjórnarskólanum fyrir alla þá sem eru í millibilsástandi og vita ekki upp á hár hvað þeir vilja læra eða gera.

„Þar er tímanum sannarlega vel varið. Maður þarf að gera allt sjálfur, stíga inn í óttann og klára verkefnin upp á eigin spýtur, sem er meiriháttar veganesti út í lífið. Nú kann ég að elda allan hefðbundinn heimilismat þótt ég geri sjaldan fiskbúðing en væri annars enn að kaupa frosna pitsu og bæta við einu áleggi. Slátur hef ég reyndar ekki enn tekið þótt ég sé algjörlega tilbúinn til þess og að fara í berjamó eða eftir rabarbara til að setja í graut, saft og sultur. Ég treysti mér til þess alla leið og mun alltaf búa að þessu.“

Hilmar er líka duglegur að grípa í prjónana og gera við föt ef með þarf.

„Ég prjónaði peysu handa konunni minni í morgungjöf þegar við giftum okkur og svo á ég saumasett sem ég gríp í þegar dytta þarf að einhverju með nál og tvinna. Frúin er ánægð með að ég kunni á þessu tökin. Við eigum von á barni og á óléttunni sé ég alfarið um heimilisstörfin og eldamennskuna. Ég er enda með próf í því öllu og um að gera að nýta menntunina sem best. Næst á dagskrá er að prjóna heimfararsettið!“



VIÐ FRAMLENGJUM AFMÆLISGLEÐINNI!
-30% af öllum vörum
Dondola®
Hirzlan
25 ára
SKRIFSTOFUHÚSGÖGN – MEÐ ÞÉR Í 25 ÁR
25 ára afmælis-tilboð
Verð frá 48.700,-
Ódýrustu rafmagnsborðin á Íslandi!
Síðumúla 37,
108 Reykjavík.
Sími: 564-5040.
hirzlan@hirzlan.is.
www.hirzlan.is


Einfalt og hollt nesti fyrir skólann. NORDICPHOTOS/GETTY

# Hollar tortillavefjur í nestisboxið

Þessar hollu og fljótgerðu tortillavefjur henta vel í nestisboxið fyrir börn jafnt sem fullorðna. Þær eru líka fínar sem snakk í Eurovisionpartíið.

**2 lárperur, vel þroskaðar**
**Safi úr 1 límónu**
**Salat, t.d. Lambhagasalat**
**2 eldaðar kjúklingabringur, skornar í strimla – einnig gott að nota skinku**
**2 tómatar eða 1 paprika, skorið í bita**
**4 msk. sýrður rjómi**
**1 msk. fínt saxaður vorlaukur**
**1 bolli rifinn ostur**
**4 stórar tortilla-heilhveitikökur**

Þessi uppskrift dugar fyrir fjóra og má minnka eða stækka eftir þörfum. Byrjið á að mauka saman lárperur og límónusafa í skál og smyrjið síðan á tortilla-heilhveitikökurnar. Setjið salat, kjúkling og tómata eða papriku á hverja köku fyrir sig, setjið 1 msk. af sýrðum rjóma á hverja köku og stráið vorlauk og rifnum osti jafnt yfir. Passið að setja ekki út á kantana. Rúllið kökunum þétt upp og skerið hverja þeirra í tvennt. Gott er að halda þeim saman með tannstöngli.



# Háskóli í rúma öld

Háskóli Íslands verður 107 ára gamall í sumar en hann var stofnaður 17. júní árið 1911, á aldarafmæli Jóns Sigurðssonar forseta. Við stofnun skólans voru Prestaskólinn, Læknaskólinn og Lagaskólinn sameinaðir í einn skóla og mynduðu hver sína deild innan hans. Auk fyrrnefndra deilda var heimspekideild bætt við námsframboðið.

Á fyrsta starfsári skólans voru nemendur hans 45, þar af ein kona. Einni öld síðar voru um fjórtán þúsund nemendur sem stunduðu nám við Háskóla Íslands og nú eru um tveir þriðju hlutar nemendanna konur.

Fyrstu 29 árin var skólinn til húsa í Alþingishúsinu við Austurvöll en ekki leið á löngu þar til húsið varð of lítið fyrir vaxandi háskóla. Árið 1940 flutti Háskóli Íslands í Aðalbygginguna við Suðurgötu og síðan þá hefur húsakostur skólans vaxið mikið. Nýjasta bygging skólans er svokallað Háskólatorg sem stendur sunnan við Aðalbygginguna og var vígt 1. desember 2007. Húsið hýsir m.a. veitingasölu, kennslustofur og skrifstofur.

**Heimild: www.hi.is.**

# Nemendur sameinaðir

Nýjar stúdentaíbúðir, Campus Vestfold í Noregi, eru hannaðar þannig að sextán nemendur búa saman og deila sameiginlegu eldhúsi auk setustofu. Litlar íbúðir nemendanna snúa þannig að allir sem koma fram ganga beint inn í sameiginlega svæðið með eldhúsi. Húsnæðið er hannað eftir að norsk rannsókn sem gerð var árið 2014 leiddi í ljós að margir háskólanemendur væru einmana eða einn af hverjum fimm.

Í nýju íbúðunum sem teknar verða í notkun næsta haust hittist fólkið reglulega og getur rabbað saman. Vonast er til að þetta nýja fyrirkomulag geti orðið til þess að vinátta myndist á milli nemanda. Þá gætu þeir einnig lært saman í opna rýminu, stofnað hóp á Facebook þar sem hægt væri að deila upplýsingum eða bara sitja saman og spjalla.


Góð sameiginleg aðstaða verður hjá nemendunum.




Stelpur Strákar

Sumarnámskeið

Tilvalin til að kynna sér dansnám hjá JSB

JAZZBALLETT FYRIR 6 – 8 ÁRA, 9 – 11 ÁRA OG 12 – 14 ÁRA
**Tímabil: 28. maí – 20. júní.**
4 vikna námskeið 2x í viku á mánudögum og miðvikudögum.
60 mín. tímar fyrir 6 – 8 ára kl. 17:30, 9 – 11 ára kl. 16:30, 12 – 14 ára kl. 15:30.
Verð: 14.000 kr.

JAZZ, KLASSÍSKUR BALLETT OG NÚTÍMADANS
**Tímabil: 8. – 17. ágúst.**
Krefjandi dansnámskeið fyrir framhaldsnemendur 14 ára og eldri.
Tilvalin til að koma sér af stað eftir sumarfrí.
2x 90 mín. kennslustundir á dag.



DANS – & LEIKJANÁMSKEIÐ FYRIR 3 – 5 ÁRA
**Dans, leik- og sköpunargleði í fyrirrúmi.**
**Tímabil: 29. maí – 21. júní.**
4 vikna námskeið 1x í viku á þriðjudögum eða fimmtudögum.
45 mín. tímar kl. 16:45 eða 17:30. Verð: 9.500 kr.

**Nánari upplýsingar á www.jsb.is**
**Skráning hafin í síma 5813730 og á jsb.felog.is**

Danslistarskóli JSB er samstarfsaðili að Frístundakorti Reykjavíkurborgar

**Viltu gerast vinur JSB?**
Danslistarskóli JSB er á facebook

JSB DANSLISTARSKÓLI

*Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • jsb@jsb.is • www.jsb.is*

EFLIR / HNOTSKÓGUR



GAR! LOKADAGAR! LOKADA
ÚTSALA!
Allt að
60%
Afsláttur
HEIMILISTÆKI · ÞVOTTAVÉLAR · KÆLISKÁPAR · UPPÞVOTTAVÉLAR
SJÓNVÖRP · HLJÓMTÆKI OG SVO MARGT FLEIRA!
BETRA BORGAR SIG
Opið virka daga 10 – 18 og laugardaga 11 – 16
RAFLAND
Síðumúla 2-4 | 520 7900 | rafland.is

# Ferillinn algjört ævintýri

Gunnar V. Andrésson, einn reyndasti og þekktasti blaðaljósmyndari landsins, er hættur störfum. Hann á að baki farsælan feril. „Ég ætla að njóta lífsins. Ég er ánægður og sáttur við mitt ævistarf. Ég hefði ekki getað valið mér betri starfsvettvang,“ segir hann. Í ár verður fagnað 100 ára afmæli sjálfstæðis og fullveldis Íslands. Gunnar hefur starfað helming þess tíma og lifað tímana tvenna. „Ferillinn hefur verið algjört ævintýri, stundum erfitt en alltaf eftirminnilegt.“





„Við Steingrímur vorum ágætir vinir. Stundum varð hann fúll út í mig. Hann sagði engan ljósmyndara hafa tekið jafn margar skrýtnar myndir af sér, allar væru þær þó í ævisögunni,“ segir Gunnar um samskiptin við Steingrím Hermannsson, fyrrverandi forsætisráðherra.



„Snjóflóðið þann 26. október 1995 er eitt það allra erfiðasta sem ég hef fengist við. Við sigldum í kolvitlausu veðri og dvöldum í nokkra daga á Flateyri.“




Bill Clinton er einn af fjórum forsetum Bandaríkjanna sem Gunnar hefur myndað á ferlinum.

ÉG KALLAÐI TIL AFGREIÐSLUKONUNNAR: BJÓÐDU BILL PYLSU. HÚN KALLAÐI: BEST HOT DOG IN THE WORLD! HANN FÉKK EINHVERJA TILFINNINGU FYRIR ÞESSUM ORÐASKIPTUM OKKAR OG SAGÐI: WHY NOT OG FÉKK SÉR ÍSLENSKA PYLSU.



„Vigdís var okkur mikill fengur. Þetta var í fyrsta skiptið sem íslenska pressan elti sinn forseta. Hún hvíslaði því í eyrað á mér að þetta væri myndin á hennar ferli.“



„Þetta er merkileg mynd af Geir þar sem hann segist saklaus fyrir Landsdómi. Eina myndin af því atviki. Ég klifraði upp í lítið gluggaskot og tók myndina þaðan. Síðan var byrgt fyrir gluggann. Aðgengi ljósmyndara hefur verið heft síðustu ár og heimildir því óljósari en áður.“

Sjá nánar á Fréttablaðið+

Lengri umfjöllun má lesa á frettabladid.is.

# ERTU Í LEIT AÐ DRAUMASTARFINU?

**Kíktu inn á atvinnuvef Fréttablaðsins og JOB.is**
á atvinna.frettabladid.is eða á www.job.is

**Glæný og fersk störf í hverri viku.**

FRÉTTABLAÐIÐ.IS Job.is



Erítreumaður á siglingu milli eyja á Rauðahafi. NORDICPHOTOS/AFP

# Norður-Kórea *Afríku*

**Yfirvöld í Erítreu hafa ítrekað verið sökuð um mannréttindabrot og jafnvel glæpi gegn mannkyninu. Herforingjar nauðga konum kerfisbundið. Flóttamenn skotnir til bana. Frelsi fjölmiðla mælist næstminnst í heiminum.**

Þórgnýr Einar Albertsson
thorgnyr@frettabladid.is



Erítrea liggur að Rauðahafi. Hinum megin við hafið blasa Jemen og Sádi-Arabía við. Til norðurs og vesturs Súdan og til suðurs Eþíópía og Djíbútí. Ríkið er umkringt nágrönnum en er samt sem áður einangraðasta ríki heimsálfunnar.

Það er ekki að ástæðulausu að Erítrea hefur verið kölluð Norður-Kórea Afríku. Fjölmiðlafrelsi er ekkert, ríkisstjórnin virðir mannréttindi að vettugi, flóttamenn flykkjast úr landi og þjóðhöfðinginn, Isaias Afwerki, er einræðisherra.

### Blóðug saga

Saga Erítreu er löng, erfið og blóðug. Ítalía gerði ríkið að nýlendu sinni undir lok nítjándu aldar en eftir seinni heimsstyrjöld voru nýlendur Ítala hrifsaðar af þeim. Ákveðið var, á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, árið 1952 að Erítrea skyldi mynda sambandsríki með Eþíópíu.

Sambandið við Eþíópíu entist ekki lengi. Níu árum síðar ákvað Haile Selassie, keisari Eþíópíu, að leysa sambandið upp og innlima Erítreu. Við tóku þrjátíu ára átök.

Tvær fylkingar börðust fyrir frjálsri Erítreu. Annars vegar Erítreska frelsishreyfingin (ELF) sem naut stuðnings meðal annars Sýrlands, Íraks, Túnis og Sádi-Arabíu, og hins vegar Erítreska þjóðfrelsishreyfingin (EPLF) sem naut takmarkaðs stuðnings meðal annars Kínverja, Súdans og Sómalíu.

Eþíópía ætlaði hins vegar að halda Erítreu. Frá því stríðið braust út, og þar til 1974 þegar Selassie keisari var hrakinn frá völdum, nutu Eþíópíumenn stuðnings Bandaríkjanna og Ísraels. Eftir valdaskiptin tóku Sovétríkin við hlutverki Bandaríkjanna.

Stríðinu lauk með afgerandi sigri Erítreumanna og tóku menn Afwerki, EPLF, við stjórntaumunum. Á þessum þrjátíu árum er talið að um 110.000 almennir Erítreumenn hafi farist auk um 35.000 hermanna.

Árið 1993, tveimur árum eftir að stríði lauk, var haldin þjóðaratkvæðagreiðsla í Erítreu. Þar greiddu 99,83 prósent atkvæði með því að lýsa yfir sjálfstæði. Kjörsókn var 98,5 prósent. Sameinuðu þjóðirnar staðfestu að atkvæðagreiðslan hefði farið sómasamlega fram og því má segja að einhugur hafi verið í Erítreu.

### Umdeildur Afwerki

Hinn 72 ára Afwerki komst til valda um leið og stríði lauk, þá 45 ára gamall. Eftir að ríkið lýsti yfir sjálfstæði 1993 varð hann svo formlega forseti. Á meðal fyrstu verka Afwerki var að gera sig að æðsta stjórnanda hersins og formanni hins nýstofnaða flokks, Lýðræðis- og réttlætishreyfingar alþýðunnar (PFDJ), í raun EPLF undir öðru nafni.

Afwerki bannaði aðra stjórnmálaflokka og aflýsti svo forsetakosningunum sem fram áttu að fara 1997. Einræðisherrann hélt áfram að herða tök sín fjórum árum seinna þegar hann lagði niður alla frjálsa fjölmiðla landsins. Sama ár lét hann svo handtaka stjórnarandstæðinga og henti þeim í steininn fyrir meint landráð.

Þótt stjórnarskrá Erítreu, samþykkt 1997, geri ráð fyrir því að fleiri flokkar geti starfað í ríkinu, er sú ekki raunin. Afwerki hefur nefnilega forðast í lengstu lög að innleiða stjórnarskrána.

### Nauðganir, pyntingar og morð

Meintir glæpir stjórnar Afwerki eru margir. Árið 2015 komust rannsakendur Sameinuðu þjóðanna að því að ógnarstjórn hans hefði tekið fólk af lífi án dóms og laga, pyntað fanga, hneppt konur og stelpur í kynlífsþrældóm og dæmt fólk til þrælkunarvinnu.

Skýrsla SÞ var nærri 500 blaðsíður. Sagði þar meðal annars að Erítreustjórn hneppti fólk í raun í þrældóm með kerfi sem kallast þjóðarþjónustan. Sú þjónusta, sem fólk er skyldað til að gegna, á að endast í átján mánuði. Sumir Erítreumenn hafi þurft að þjóna mun lengur, til dæmis töluðu rannsakendur við einn sem hafði flúið land eftir sautján ára þjónustu.

Sagði þar enn fremur að fórnarlömbum þessa kerfis hefði reglulega verið haldið gegn vilja sínum, þau hafi verið pyntuð og þeim nauðgað.

Kynferðisofbeldi þrífst í skjóli ríkisstjórnarinnar. Embættismenn og herforingjar láta draga til sín konur daglega og nauðga þeim, sagði vitni við rannsakendur. Vitnið hafði unnið í þjálfunarbúðum fyrir þjóðarþjónustuna og þar verið látið sjá um að draga umræddar konur, jafnvel stelpur, inn til herforingja. Sagðist vitnið hafa fært herforingjum um 1.200 stelpur á þriggja ára tímabili.

Erítreustjórn hefur sömuleiðis verið sökuð um þjóðernishreinsanir, jafnvel þjóðarmorð og þá heldur ríkisstjórnin utan um eftirlitsnet sem ætlað er að fylgjast með íbúum ríkisins.

Africa News greindi frá því í apríl síðastliðnum að Erítreustjórn hefði handtekið hundruð stjórnarandstæðinga í þeim mánuði einum. Var vitnað í Sheila B. Keetharuth, erindreka SÞ á sviði mannréttinda í Erítreu, sem sagði frá handtökunum.

Og þessi listi er ekki tæmandi, hvergi nærri.

### Mannréttindi margbrotin

Í bréfi sem mannréttindabaráttusamtökin Human Rights Watch (HRW) sendu á Mannréttindaráð Afríku fyrir tveimur vikum sagði að samtökin hefðu fylgst náið með mannréttindamálum þar í landi frá 2001. Síðan þá hafi mannréttindabrot orðið tíðari og tíðari.

„Erítrea er lokuð öllum mannréttindastofnunum. Engum erindrekum SÞ á sviði mannréttinda hefur verið hleypt inn í landið. Vegna þessa koma þær upplýsingar sem við fáum að mestu frá þeim mikla fjölda Erítreumanna sem flúið hefur heimalandið vegna kúgunar ríkisstjórnarinnar,“ sagði í bréfinu.

HRW gagnrýndi fyrrnefna þjóðarþjónustu harðlega. Sagði réttarkerfið virka eftir hentugleika, íbúar væru fangelsaðir án þess að hafa verið dæmdir. Íbúum væri refsað fyrir að iðka trúarbrögð sem eru ekki í náðinni hjá yfirvöldum og þá væri engum sjálfstæðum fjölmiðlum eða óháðum félagasamtökum leyft að starfa í landinu. Auk þess var fjallað um þau ýmsu brot sem nefnd voru í skýrslu SÞ frá 2015.

Mannréttindabrotin eru þó ekki öll jafngróf. Afwerki-stjórnin takmarkar frelsi borgara á ýmsan annan hátt en að henda í fangelsi. Samkvæmt umfjöllun Haaretz frá 2012 er hins vegar óheimilt að halda matarboð án leyfis yfirvalda, þá þarf sömuleiðis leyfi yfirvalda til að ferðast á milli bæja innan Erítreu.

### Skjóta flóttamenn

Erítrea hefur til margra ára haft þá stefnu að skjóta alla sem reyna að flýja land. Samkvæmt viðmælendum HRW virðast stjórnvöld vera að slaka á stefnunni. Enn heyrast þó frásagnir af því að flóttamenn séu skotnir til bana.

Rannsakendur Sameinuðu þjóðanna vöktu athygli á þessari stefnu fyrir tveimur árum og kölluðu eftir því að málið færi fyrir Alþjóðlega sakamáladómstólinn. Afwerki-stjórnin hafnaði ásökunum, sagði að um einhliða umfjöllun væri að ræða.

Ýmsir miðlar, meðal annars Al Jazeera nú síðast í febrúar, hafa greint frá því að erítreskir njósnarar séu víða í Evrópu að leita uppi erítreska flóttamenn. Í frétt Al Jazeera sögðu viðmælendur úr hópi erítreskra flóttamanna að útsendarar ríkisstjórnarinnar þættust vera túlkar.

Túlkarnir bæði fylgist með flóttamönnunum auk þess að þeir passi að flóttamenn geti ekki sagt frá hryllilegum aðstæðum í Erítreu. Það geri það að verkum að flóttamennirnir fái minni vernd í ríkinu sem veitir þeim hæli sem leiði af sér að flóttamennirnir verði háðari erítreska sendiráðinu í viðkomandi ríki.

Hundruð þúsunda hafa flúið Erítreu á undanförnum árum. Samkvæmt Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna voru erítreskir flóttamenn nærri hálf milljón í árslok 2015. Gera má ráð fyrir því að þeir séu fleiri í dag. Talið er að Erítrea sé það ríki sem á næstflesta flóttamenn í Evrópu nú, á eftir Sýrlandi.

## Næstminnst fjölmiðlafrelsi í heiminum

Blaðamenn án landamæra, eða Reporters Sans Frontières, gáfu á dögunum út sitt árlega mat á fjölmiðlafrelsi í ríkjum heims. Norðmenn voru í efsta sætinu, Íslendingar í því þrettánda og Erítrea í því 179. Raðar Erítrea sér þannig neðar en til dæmis Sýrland, Tyrkland og Kúba. Einungis eitt ríki er neðar á listanum, Norður-Kórea. Einræðisríki í Austur-Asíu, sem Erítreu er reglulega líkt við.

„Erítrea er einræðisríki og þar fyrirfinnast engir frjálsir fjölmiðlar. Að minnsta kosti ellefu blaðamenn eru í fangelsi án þess að hafa verið ákærðir. Fjölmiðlar í Erítreu eru háðir samþykki forsetans, rándýrs sem ber ábyrgð á „glæpum gegn mannkyninu“, samkvæmt skýrslu Sameinuðu þjóðanna frá því 2016,“ segir meðal annars í umfjöllun samtakanna um Erítreu.

Segir þar enn fremur að ekki líti út fyrir að staða fjölmiðla í Erítreu breytist á næstunni. „Þeir sem halda að lýðræðið komi til Erítreu eru ekki í góðri tengingu við raunheiminn,“ vitnuðu samtökin í ræðu Afwerki frá því 2014.

**Aðalfundur Rauða krossins á Íslandi**

**Grand hótel Reykjavík**
laugardaginn 26. maí kl. 9.00.

**Á dagskrá eru venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt lögum félagsins.**

› Nánari upplýsingar í síma 570 4000.






„Þarna var gerður aðsúgur að Geir Haarde, ég verð að viðurkenna að mér fannst þetta óhuggulegt. Þó vandi ég mig við að hafa aldrei skoðun á því sem fer fram. Ljósmyndarinn er hlutlaus.“



Eldgos í Eyjafjallajökli. Þær eru ófáar náttúruhamfarirnar sem Gunnar hefur myndað.



Ísjakar í Raufarhöfn. Magnað sjónarspil.



Dorrit hlúir að Ólafi Ragnari eftir að hann féll af hestbaki.

Hljóðmaður lagar til míkrófón hjá Yoko Ono.





„Þessi mynd er tekin árið 1972, Helgi Hóseasson slettir skyri yfir þingmenn og ráðherra við setningu Alþingis. Ég kynntist Helga svolítið við gerð bókar um hann. Ég tók myndir í bókina og var í svolítinn tíma í kringum hann. Hann var afskaplega ljúfur maður sem hafði sterkar skoðanir. Hann stóð á sínu, ætli hann hafi ekki kennt Íslendingum það með lífi sínu.“



Vestmannaeyjagosið er í huga Gunnars víðamesta og stærsta myndataka ferils hans.



„Steingrímur Hermannsson heitinn í góðum félagsskap. Eins og ég hef áður sagt, þá varð hann stundum þreyttur á því að ég væri að taka myndir af honum. Enginn ljósmyndari hefði tekið jafn margar skrýtnar myndir af honum. En við urðum ágætis vinir og hann var skemmtilegur maður.“





„Og hér fer Steingrímur fimlegt stökk á hækjum.“



Vigdís Finnbogadóttir, forseti Íslands, í opinberri heimsókn í Danmörku. Margrét Þórhildur Danadrotting og Vigdís forseti sennilega á leið í hátíðarkvöldverð.



Vilhjálmur Vilhjálmsson, fyrrverandi borgarstjóri, hugsi við útgönguskilti. Þetta þótti táknræn mynd.



Heimkoma handritanna 21. apríl 1971.



Baugsmál í Héraðsdómi. Jónína Benediktsdóttir mætir í dóminn.


STEFNDU HÆRRA
20% afsláttur af öllum íþróttafatnaði og Under Armour skóm*
dagana 12.-13. maí. Fjöldi annarra tilboða.
20%
AFSLÁTTUR
ÚTILÍF
síðan 1974
KRINGLUNNI · SMÁRALIND
utilif.is
*Gildir ekki með öðrum tilboðum.

HM í Rússlandi

# D-RIÐILL

## Sá sem öllu máli skiptir



**Argentína** er með frábæran mannskap, sérstaklega framarlega á vellinum. Liðið var hins vegar ósannfærandi í undankeppni HM og steinlá fyrir Spáni, 6-1, í síðasta leik sínum. Argentínumenn hafa ekki orðið heimsmeistarar síðan 1986 og eru orðnir langeygir eftir titlinum. **Lionel Messi** er að fara á sitt fjórða heimsmeistaramót og hann ræður mestu um það hversu langt Argentína fer í Rússlandi.



**5** sinnum hefur Argentína farið í vítakeppni á HM, oftast allra.



**Króatía** er enn og aftur með Íslandi í riðli en liðin þekkjast orðið afar vel. Króatar þurftu að fara í gegnum umspil til að komast á HM. Króatíska miðjan er ógnarsterk með **Luka Modric** sem besta mann. Mikil reynsla er í króatíska liðinu og margir leikmenn þess leika með sterkum félagsliðum. Króatía vann brons á HM 1998 en hefur ekki komið upp úr riðlakeppninni síðan þá.



**2** leiki á HM af níu hefur Króatía unnið síðan á HM 1998.



**Ísland** þreytir frumraun sína á HM en íslenska liðið hefur komist á tvö stórmót í röð. Íslendingar komust alla leið í 8-liða úrslit á EM í Frakkland fyrir tveimur árum. Það verður erfitt að endurtaka leikinn í Rússlandi en Ísland lenti í erfiðum riðli. Íslenski hópurinn er þéttur og liðið vel samstillt. Meiðsli Arons Einars Gunnarssonar og **Gylfa Þórs Sigurðssonar** setja mögulega strik í reikninginn.



**3** síðustu leiki sína í undankeppni HM vann Ísland með markatölunni 7-0.



**Nígería** hefur komist á sex af síðustu sjö heimsmeistaramótum. Vann sinn riðil í undankeppni HM sem var nokkuð sterkur. Nígeríumenn eru í 47. sæti heimslistans en eru sýnd veiði en ekki gefin. Innan raða nígeríska liðsins eru leikmenn sem leika, eða hafa leikið, í ensku úrvalsdeildinni, þ. á m. **Victor Moses**. Ofurernirnir gera sér vonir um að komast upp úr riðlinum.



**3** sinnum í fimm tilraunum hefur Nígería komist í 16-liða úrslit á HM.

# Snúningspunkturinn í Sviss

Einn mikilvægasti leikur í sögu íslenska landsliðsins var gegn Sviss í Bern 2013. Íslensku strákarnir komu þá til baka eftir að hafa lent þremur mörkum undir og gerðu 4-4 jafntefli við sterkt lið Svisslendinga. Úrslitin og frammistaðan í leiknum í Bern gáfu Íslendingum byr undir báða vængi og trú sem hefur fleytt þeim inn á tvö stórmót í röð.

Ingvi Þór Sæmundsson
ingvithor@frettabladid.is





Íslendingar fögnuðu ógurlega eftir að Jóhann Berg Guðmundsson jafnaði metin í 4-4 í uppbótartíma gegn Sviss í undankeppni HM 2014. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ein stærsta varðan á leið íslenska karlalandsliðsins í fótbolta á toppinn er 4-4 jafnteflið við Sviss í undankeppni HM 2014.

Útlitið var ansi dökkt þegar leikmenn íslenska landsliðsins gengu til búningsherbergja á Stade de Suisse í Bern 6. september 2013. Ísland var 3-1 undir á móti sterku liði Sviss í E-riðli undankeppni HM 2014.

Í hálfleik gerði þjálfarateymið breytingu, setti Eið Smára Guðjohnsen inn á og færði Gylfa Þór Sigurðsson niður á miðjuna. Þarna fannst loksins rétta blandan í íslenska liðinu.

Sviss skoraði fyrsta mark seinni hálfleiks og komst í 4-1 en Ísland kom til baka með eftirminnilegum hætti. Jóhann Berg Guðmundsson stal sviðsljósinu með þremur glæsilegum mörkum. Það síðasta kom í uppbótartíma þegar hann jafnaði í 4-4. Íslendingar fögnuðu eins og þeir hefðu unnið leikinn og skiljanlega. Sigur V-Þýskalands á Ungverjalandi í úrslitaleik HM 1954 er oft kallaður „Kraftaverkið í Bern“. Jafnteflið 2013 var okkar kraftaverk í Bern.

Frammistaðan í seinni hálfleik var, og er enn, ein sú besta sem íslenska landsliðið hefur sýnt á jafn sterkum útivelli. Og hún var fyrirboði um það sem koma skyldi. Þessi úrslit, eða öllu heldur frammistaðan í seinni hálfleik, gaf íslenska liðinu trú og sjálfstraust og það hefur í raun ekki litið til baka síðan þá.

Eftir að hafa tapað fyrstu fjórum vináttulandsleikjunum undir stjórn Lars Lagerbäck vann Ísland Noreg, 2-0, í fyrsta leiknum í undankeppni HM 2014. Íslenska liðið tapaði svo fyrir því kýpverska, 1-0, í öðrum leiknum í undankeppninni.

Í næsta landsleikjaglugga vann Ísland sigur á Albaníu, 1-2, en tapaði fyrir Sviss á Laugardalsvellinum, 0-2. Tvö stórglæsileg mörk Gylfa Þórs Sigurðssonar tryggðu Íslendingum sigur á Slóvenum, 1-2, í mars 2013. Slóvenska liðið svaraði hins vegar fyrir sig með 2-4 sigri á Laugardalsvellinum í júní. Staðan var 2-2 í hálfleik en eftir að Aron Einar Gunnarsson fór meiddur af velli í upphafi seinni hálfleiks hrundi leikur Íslands.

**JÓHANN BERG ER EINI LEIKMAÐURINN Í SÖGU ÍSLENSKA LANDSLIÐSINS SEM HEFUR SKORAÐ ÞRENNU Í MÓTSLEIK.**

Fyrir seinni leikinn gegn Sviss voru Íslendingar í 2.-3. sæti riðilsins með níu stig, fimm stigum á eftir Svisslendingum sem voru á toppnum. Baráttan um 2. sætið var hörð en hún stóð á milli Íslands, Slóveníu, Albaníu og Noregs.

Íslenska liðið fékk draumabyrjun þegar Jóhann Berg kom því yfir eftir aðeins þriggja mínútna leik. En svo fór að halla undan fæti og eftir hálftíma var staðan orðin 3-1, Sviss í vil. Íslenska vörnin míglak og það stefndi í stórtap.

Helgi Valur Daníelsson fór af velli í hálfleik og í hans stað kom Eiður Smári. Gylfi var svo færður á miðjuna við hlið Arons Einars Gunnarssonar. Fram að þessum leik hafði verið nokkur hausverkur að finna Gylfa pláss í leikkerfinu 4-4-2. Hann var notaður úti á kanti og í framlínunni en í seinni hálfleiknum í Bern sást að hann gat leyst stöðu miðjumanns með miklum glans.

Seinni hálfleikurinn byrjaði illa fyrir Ísland því Blerim Dzemaili kom Sviss í 4-1 með marki úr vítaspyrnu á 54. mínútu. Tveimur mínútum síðar minnkaði Kolbeinn Sigþórsson muninn með laglegu marki og íslenska liðið öðlaðist aftur trú á sjálfu sér. Jóhann Berg skoraði sitt annað mark og þriðja mark Íslands á 68. mínútu og Íslendingar héldu áfram að pressa. Jöfnunarmarkið kom svo þegar mínúta var komin fram yfir venjulegan leiktíma. Jóhann Berg fékk þá boltann á hægri kantinum, lagði hann fyrir sig og sneri honum svo í fjærhornið. Magnað mark og mögnuð þrenna hjá Jóhanni Berg.

„Það var auðvitað frábær tilfinning að skora þrjú mörk í svona mikilvægum leik,“ sagði hetjan í samtali við Fréttablaðið eftir leikinn. „Það er vissulega magnað að koma svona til baka og ná í þetta mikilvæga stig. Maður vonar bara núna að ég hangi inni í byrjunarliðinu fyrir leikinn gegn Albönum.“

Jóhann Berg hékk inni í byrjunarliðinu gegn Albaníu og hefur ekki farið úr því síðan. Hann, ásamt 22 leikmönnum Íslands, er á leið á HM að festa sig í sessi sem alvöru lið og eitt stærsta skrefið í þroskaferli þess var tekið í Bern fyrir fimm árum.

markhönnun ehf

netto

# ALLT FYRIR EUROVISION-PARTÝIÐ



-33%

**NAUTAMJAÐMASTEIK**
ROASTBEEF

**1.999 KR/KG**

~~ÁÐUR: 2.984 KR/KG~~

DANISH CROWN




-50%

**LÚXUSGRILLPAKKI**
SÉRVALDAR LAMBAGRILLSNEIÐAR

**1.244 KR/KG**

~~ÁÐUR: 2.488 KR/KG~~



-50%

**VATNSMELÓNA**

**145 KR/KG**

~~ÁÐUR: 289 KR/KG~~



-30%

**GRÍSARIF BBQ**

**699 KR/KG**

~~ÁÐUR: 998 KR/KG~~



-30%

**NAUTAFILLE**
FERSKT

**3.338 KR/KG**

~~ÁÐUR: 4.768 KR/KG~~




-30%

**GRÍSAKÓTILETTUR**
PIPAR MARINERAÐAR

**1.166 KR/KG**

~~ÁÐUR: 1.665 KR/KG~~

## VALDAR VÖRUR ÚR NÝJU MAKU HEIMILISVÖRULÍNUNNI MEÐ 10% AFSLÆTTI




netto

Á NETINU

**Tilboðin gilda 10. - 13. maí 2018 www.netto.is**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast • Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl • Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Búðakór • Grandi • Mjódd • Salavegur • Hafnarfjörður • Hrísalundur • Glerártorg • Húsavík • Höfn • Iðavellir • Grindavík • Krossmói • Borgarnes • Ísafjörður • Egilsstaðir • Selfoss

**www.netto.is**

# Kommúnistar, KFUM og kvikir Asíubúar

Saga til næsta bæjar



**Stefán Pálsson** skrifar um skrítna sögu vinsællar íþróttar.



**Janúar 1976. Íslenska landsliðið í blaki rétt áður en það lagði upp í keppnisferð til Ítalíu, en þar tók liðið þátt í undankeppni fyrir Ólympíuleikana. Nöfn leikmanna f.v.: Páll Ólafsson, Tómas Jónsson, Gunnar Árnason, Halldór Jónsson, Leifur Harðarson, Óskar Hallgrímsson, Valdemar Jónasson og Guðmundur E. Pálsson. Mynd úr sömu töku birtist í DV 13. janúar 1976 og eru upplýsingar um nöfn leikmanna hafðar þaðan.**

Sumarið 1931 var nýtt íþróttafélag stofnað í Reykjavík, Íþróttafélag verkamanna. Síðar sama ár var annað slíkt félag með sama nafni stofnað í Hafnarfirði. Bæði voru þau skipuð kommúnistum eða róttækum jafnaðarmönnum og áttu sér hugmyndafræðilegar ástæður. Alþjóðasamtök kommúnista höfðu látið þau boð út ganga að félagar í hreyfingunni skyldu ekki taka þátt í borgaralegum félagasamtökum heldur stofna sín eigin. Íþróttafélög verkamanna skyldu hafna samstarfi við hina opinberu íþróttahreyfingu í hverju landi, en saman myndu félög kommúnista mynda sín eigin alþjóðasamtök.

Var þessi afstaða í samræmi þá ákvörðun sovéskra stjórnvalda að hafna íþróttasamskiptum við hin kapítalísku ríki. Þannig sniðgengu Sovétmenn Ólympíuleikana en reyndu í stað þess að lyfta undir alþjóðleg íþróttamót verkalýðsins, sem raunar tóku ansi mikið mið af Ólympíuleikunum í skipulagi og uppbyggingu.

Það voru þó ekki bara skipanir frá Moskvu sem lágu að baki stofnun félaganna, heldur blákaldur íslenskur veruleiki. Átök í tengslum við verkföll og kjaradeilur færðust í vöxt í upphafi fjórða áratugarins. Fyrir þau átök töldu ýmsir mikilvægt að búa sig með því að verkafólk hefði innan sinna raða þjálfaða íþróttamenn sem gætu látið finna fyrir sér ef slægi í brýnu. Þá spilaði inn í ákvörðunina að kommúnistar höfðu illan bifur á forystumönnum margra íþróttafélaga, sem væru uppeldisstöðvar fyrir hvítliða sem notaðir væru til að berja niður verkfallsaðgerðir.

Rauðu íþróttafélögin rákust þó fljótlega á ýmsa veggi. Ísland var of fámennt til að unnt væri að reka hér tvöfalda íþróttahreyfingu. Kommúnistar sem störfuðu innan gömlu íþróttafélaganna voru margir hverjir tregir til að snúa baki við sínum gömlu liðum og urðu hin nýju félög því ekki ýkja fjölmenn. Engu að síður hófu þau að iðka ýmsar íþróttagreinar, einkum þó fótbolta og fimleika.

Félögin tvö urðu skammlíf og mörkuðu ekki djúp spor í íslenska íþróttasögu. Þó má benda á tvö markverð atriði. Í fyrsta lagi voru verkamannafélögin jafnréttissinnaðri en gerðist og gekk á þessum árum. Frá upphafi var lögð áhersla á að félögin væru bæði fyrir karla og konur. Í öðru lagi mun Íþróttafélag verkamanna í Reykjavík hafa verið fyrsta íslenska félagið sem æfði blakíþróttina.

### Menntskælingar í hand-tennis

Blak barst fyrst til Íslands frá dönskum íþróttakennaraskólum á seinni hluta þriðja áratugarins og heimildir eru um að það hafi verið spilað í leikfimistímum í Menntaskólanum í Reykjavík, að minnsta kosti í stúlknatímum, þá undir heitinu hand-tennis. Um nokkurra áratuga skeið var iðkun blakíþróttarinnar bundin við Menntaskólann á Akureyri og skólana að Laugarvatni. Fyrsta Íslandsmót karla í blaki var ekki haldið fyrr en árið 1970 og voru þátttökuliðin einmitt borin uppi af þáverandi og fyrrverandi nemendum frá Laugarvatni og að norðan.

Sannast sagna er lítið vitað um hversu umfangsmiklar blakæfingar Íþróttafélags verkamanna voru í raun. Því síður liggur fyrir hvers vegna kommúnistarnir íþróttasinnuðu hófu að æfa blak svo snemma: grein sem nær engir aðrir en fáeinir menntaðir íþróttakennarar höfðu heyrt getið um og sem virðist ekki vera sérstaklega fallin til að æfa fólk í að lúskra á verkfallsbrjótum. Möguleg skýring er sú að blakið hafi einmitt orðið fyrir valinu vegna þess að hin íþróttafélögin lögðu ekki stund á það. Þannig hafi aðstandendurnir vonast til að unnt væri að lokka kommúnista úr gömlu félögunum til að æfa þessa nýju íþrótt.

Blak og blóðrauðir bolsar kunna að virðast skringilegir bólfélagar, en það er þó kannski í takt við hina furðulegu sögu þessarar vinsælu boltaíþróttar. Öfugt við eldri hópíþróttir á borð við rúbbí, fótbolta og krikket, sem allar eiga flókna og óljósa upphafssögu, er lítið mál að nefna upphafsmann og upphafsár blaksins.

Það var búið til árið 1895 af manni að nafni William G. Morgan. Hann var íþróttakennari sem starfaði innan KFUM-hreyfingarinnar í Massachusetts í Bandaríkjunum eða YMCA, svo notast sé við ensku skammstöfunina. Fáeinum árum áður hafði starfsbróðir Morgans í nálægum bæ, James Naismith, fundið upp aðra íþrótt ætlaða ruðningsköppum, sem leika mátti innandyra að vetrarlagi og hafði líka þann kost að vera ekki jafn ofbeldisfull og ruðningur, sem dró úr meiðslum. Sú íþrótt nefndist körfubolti.

Körfuboltinn sló þegar í gegn hjá meðlimum KFUM og var hann leikinn í íþróttasölum hreyfingarinnar víða um Bandaríkin. Hann naut einkum vinsælda meðal yngri manna, en William G. Morgan veitti því fljótt athygli að íþróttin reyndist eldri mönnum of erfið og jafnvel háskaleg. Hann einsetti sér því að skapa grein sem byði upp á spennu hópíþróttarinnar en væri þó hægari og algjörlega laus við líkamlega snertingu.

Niðurstaða Morgans varð sú að skapa einhvers konar blöndu af körfubolta og tennis. Hann skipti vellinum upp í tvo helminga með neti á milli, þannig yrði tryggt að andstæðingar í leiknum þyrftu ekki að snertast. Netið var ekki strengt ýkja hátt á nútímamælikvarða eða í rétt tæplega tveggja metra hæð, en hafa ber þó í huga að meðalhæð fólks var nokkru lægri þá en síðar varð. Leikurinn gekk svo út á að liðsmenn hvors liðs halda boltanum á lofti með því að slá hann sín á milli en freista þess loks að vinna stig með því að koma knettinum í gólf andstæðinganna.

### Leikur eða íþrótt?

Öfugt við körfuboltann, sem skjótt þróaðist yfir í harða keppnisgrein með héraðsmótum, landsmótum og skipulögðum keppnisflokkum, varð blakið í þessari frummynd sinni fyrst og fremst óformlegur leikur. Fjöldi liðsmanna var fljótandi og engar reglur um hversu oft liðsfélagar máttu senda boltann sín á milli. Slíkt var raunar markmið uppfinningamannsins, sem hugsaði fremur um heilsubót en keppnisgildi.

Léttari blakboltar, sem unnt var að senda af meiri krafti, komu fram um aldamótin 1900 og urðu til að auka hraðann í blakinu nokkuð. Engu að síður lætur nærri að réttara sé að tala um blak sem leik heldur en íþrótt á þessu upphafsskeiði sínu. Ekkert benti í það minnsta til þess að greinin ætti eftir að brjóta sér leið inn á stærstu íþróttahátíðir og -mót.

Það var hins vegar á Filippseyjum sem blakið stökkbreyttist úr því að vera heilsubótartrimm miðaldra karla yfir í að verða hröð keppnisgrein þrautþjálfaðra íþróttamanna. Trúboðar á vegum KFUM höfðu tekið með sér blakbolta og blaknet víða um heiminn, þar með talið til Filippseyja. Þar í landi hitti blakið beint í mark og krydduðu Filippseyingar það með þáttunum úr sinni eigin íþróttahefð.

Það voru Filippseyingar sem kynntu til sögunnar „smassið“, þar sem blakarar slá boltann upp í loftið fyrir liðsfélaga sinn sem kemur aðvífandi og hamrar hann af krafti yfir á vallarhelming andstæðinganna. Í kjölfarið var fljótlega sett reglan um að hvort lið megi að hámarki snerta boltann þrisvar sinnum í röð.

Með filippseysku breytingunum var blakið orðið margfalt hraðari íþrótt og raunar var breytingin slík að tala mætti um nýja íþróttagrein. Það er því ef til vill til marks um vestrænan hroka að blakmenn um víða veröld hampi enn William G. Morgan sem upphafsmanni íþróttar sinnar, en fæstir hirði í neinu um þátt Filippseyinga í að umbylta greininni.

Það var hins vegar Bandaríkjaher sem bar ábyrgðina á útbreiðslu blaksins með hinum nýju reglum. Bandaríkin hófu þátttöku í fyrri heimsstyrjöldinni á lokastigum hennar og í kjölfarið voru bandarískir herflokkar staðsettir víða um lönd. Árið 1919 mátu hernaðaryfirvöld það sem svo að blak væri ódýr og holl afþreying fyrir dátana í útlöndum og sendu ókjörin öll af keppnisbúnaði til herdeilda sinna og bandalagsþjóða.

Blakiðkun bandarísku hermannanna vakti forvitni margra Evrópubúa og nokkrum árum síðar, á Ólympíuleikunum í París 1924, var blak á meðal sýningargreina sem hluti af sérstakri kynningu á bandarískum íþróttagreinum.

Enn áttu þó fjörutíu ár eftir að líða uns blak varð fullgild Ólympíugrein. Það var á Tókýóleikunum 1964. Sú ákvörðun var ekki að frumkvæði Alþjóðaólympíunefndarinnar, sem leit á blak sem fáránlega jaðaríþrótt. Greinin var hins vegar vinsæl í Japan, líkt og víðar í Austur-Asíu og á þessum árum þótti sanngjarnt að gestgjafar fengju að hleypa greinum sem nytu vinsælda heima fyrir inn á leikana til að fá tekjur af miðasölu.

Japanir hlutu bronsverðlaunin í karlaflokki, en augu þjóðarinnar hvíldu á kvennaliðinu sem vann til gullverðlauna. Úrslitaleikurinn fékk meira en 85% áhorf, en einungis fyrsta tungllendingin getur státað af viðlíka áhorfstölum í gjörvallri sjónvarpssögu Japans. Blaksigurinn 1964 telst enn í dag mesta íþróttaafrek Japana, en tilkoma blaksins sem Ólympíugreinar átti eftir að valda þáttaskilum fyrir íþróttina sem óx hröðum skrefum næstu árin – einnig uppi á Íslandi, þar sem greinin tók loksins skrefið úr íþróttahúsum MA og ML ... löngu eftir að reykvísku kommarnir fóru fyrst að æfa uppgjafir og smöss.

KOMDU Í KOLAPORTIÐ
– dásamleg deild samfélagsins
OPIÐ UM HELGAR FRÁ KL. 11 – 17
KVIKA

# KILJUR HANDA ÖLLUM!




**Kapítóla**
VILDARVERÐ: 2.899.-
Verð: 3.499.-




**Samfeðra**
VILDARVERÐ: 3.399.-
Verð: 3.999.-




**Fléttan**
VILDARVERÐ: 3.299.-
Verð: 3.999.-




**Konan sem át fíl og grenntist (samt)**
VILDARVERÐ: 2.599.-
Verð: 2.999.-




1\.
Metsölulisti Eymundsson

**Marrið í stiganum**
VILDARVERÐ: 3.299.-
Verð: 3.999.-




**Bókmennta- og kartöflubökufélagið**
VILDARVERÐ: 3.299.-
Verð: 3.999.-




**Lífsspeki kúa**
VILDARVERÐ: 3.299.-
Verð: 3.999.-




**Blóðengill**
VILDARVERÐ: 3.299.-
Verð: 3.999.-




**Heiðra skal ég dætur mínar**
VILDARVERÐ: 3.100.-
Verð: 3.799.-




**Ég gef þér sólina**
VILDARVERÐ: 3.199.-
Verð: 3.899.-




**104 „sannar" Þingeyskar lygasögur**
VILDARVERÐ: 2.899.-
Verð: 3.699.-




**Þú og ég og allt hitt**
VILDARVERÐ: 3.299.-
Verð: 3.999.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími vildarverða er til og með 13. maí eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

FRÉTTABLAÐIÐ

# TÍMAMÓT

## Merkisatburðir

**1895** Starf Hjálpræðishersins á Íslandi hefst með útisamkomu á Lækjartorgi.

**1935** Fyrsti golfvöllur á Íslandi vígður í Laugardalnum.

**1942** Reykjavíkurborg kaupir Korpúlfsstaði af Thor Jensen.

**1954** Friðrik Þór Friðriksson, íslenskur kvikmyndaleikstjóri, er fæddur þetta ár.

**2006** Ólafur Ragnar Grímsson leggur hornstein að stöðvarhúsinu við Kárahnjúkavirkjun.

**2007** Alþingiskosningar eru haldnar á Íslandi.



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð, hlýju og stuðning vegna andláts og útfarar elsku föður míns,

**Björns Júlíussonar**

Starengi 8, Selfossi.

**Ingibjörg Erla Björnsdóttir**



✝

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og vinur,

**Ketill Larsen**

Tjarnarengi, Þjóðhildarstíg 8, Reykjavík,

sem lést þann 26. apríl, verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni mánudaginn 14. maí kl. 13.

**Hólmfríður Þórunn Larsen** **Ugo Morelli**
**Sólveig Dögg Larsen** **Brynjar Hilmarsson**
**Ívar Helgi Larsen**
**Ólöf Benediktsdóttir og barnabörn.**



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**Þórólfs Þorsteinssonar**

Laugartúni 19a, Svalbarðseyri.

**Anna Jóhannesdóttir**
**Þórdís Þórólfsdóttir** **Þorvaldur Vestmann**
**Árný Sveina Þórólfsdóttir** **Tryggvi Jónsson**
**Eva Dís, Bjarki Þór og Anna Stella**
**Daníel Snær og Ariana Ísis**





*Útfararþjónusta & lögfræðiþjónusta*

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

*Með kærleik og virðingu*

**Útfararstofa Kirkjugarðanna**
Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | **útför.is**


Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5407.



✝

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Halldór Hjálmarsson**

rafvirkjameistari,

andaðist miðvikudaginn 9. maí á hjartadeild Landspítalans. Útför hans verður frá Víðistaðakirkju fimmtudaginn 17. maí kl. 13.00.

**Steinunn Halldórsdóttir** **Einar Steingrímsson**
**Sigmar J. Halldórsson** **Sóley Björgvinsdóttir**
**Hjálmar Halldórsson**
**Rún Halldórsdóttir**
**Páll Halldórsson** **Stella Óladóttir**
**Örn Halldórsson** **Ingibjörg B. Sigurðardóttir**
**og barnabörn.**



✝

Innilegar þakkir fyrir hluttekningu og hlýhug við andlát og útför

**Friðbjörns Gunnlaugssonar**

skólastjóra.

**Sveinbjörg Friðbjarnardóttir** **Garðar Sigurvaldason**
**Gunnlaugur Friðbjarnarson**
**Freyja Friðbjarnardóttir** **Friðrik Jósafatsson**
**Ása Fönn Friðbjarnardóttir**
**og fjölskyldur.**



✝

Elskulegur faðir minn, tengdafaðir og afi,

**Jóhannes Briem**

Hlíðarhúsum 3,

lést á Landspítalanum við Hringbraut sunnudaginn 6. maí. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju föstudaginn 25. maí klukkan 13.00.

**Björn Briem**
**Anna Steinunn Hólmarsdóttir**
**Sigurður Þráinn Sigurðsson**
**Jóhannes Rúnar Björnsson Briem**



✝

Ástkær faðir okkar, stjúpfaðir, tengdafaðir, fósturfaðir, afi langafi og langalangafi,

**Guðjón Sveinbjörnsson**

Leirubakka 30, 109 Reykjavík,

lést á Landspítalanum 28. apríl sl. Útförin fer fram frá Breiðholtskirkju föstudaginn 18. maí kl. 13. Blóm og kransar afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hans er bent á líknarfélög.

**Logi A. Guðjónsson** **Jóhanna G. Jóhannesdóttir**
**Sveinbjörn Guðjónsson**
**Guðmundur Guðjónsson**
**Jón Ívar Guðjónsson**
**Björn S. Stefánsson** **Þorgerður Sigurjónsdóttir**
**Stella Stefánsdóttir** **Ásmundur Reykdal**
**Halldór Sigurðsson**
**Árný J. Guðmundsdóttir** **Jóhann T. Sigurðsson**
**afabörn, langafabörn og langalangafabörn.**



✝

Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Unnur Benediktsdóttir**

áður Grænumörk 5, Selfossi,

lést á dvalarheimilinu Lundi, Hellu, 26. apríl. Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju mánudaginn 14. maí kl. 13.00.

**Sigurður K. Eggertsson** **Jórunn Sigurðardóttir**
**Benedikt G. Eggertsson**
**Unnsteinn B. Eggertsson** **Vilhelmína Roysdóttir**
**Ásgeir Eggertsson** **Brynhildur Valdórsdóttir**
**Ari Blöndal Eggertsson** **Ragnar Halldór Blöndal**
**barnabörn og langömmubörn.**



✝

Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Bragi Þór Stefánsson**

læknir,

lést miðvikudaginn 2. maí. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju miðvikudaginn 16. maí kl. 13.

**Svala Karlsdóttir**
**Davíð Þór Bragason** **Connie Lee**
**Ásta Bragadóttir**
**Eva Björk Bragadóttir**
**Kristján Karl Bragason** **Hafdís Vigfúsdóttir**
**Stefán Bragason**
**og barnabörn.**



✝

Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Ásta Jóhanna Sigvaldadóttir**

Vesturgötu 7, Reykjavík,

lést 24. apríl sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Sigvaldi Hólm Pétursson** **Ragnheiður Pálsdóttir**
**Sigurður Pétursson**
**barnabörn og langömmubörn.**



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Baldvin Einarsson**

Fróðengi 1 (lengst af Bláskógum 6),

lést á Landspítalanum 8. maí. Útför hans fer fram frá Seljakirkju fimmtudaginn 17. maí kl. 11.00.

**Sigurveig Haraldsdóttir**
**Einar Baldvinsson** **Aðalheiður Jónsdóttir**
**Jón Heiðar Baldvinsson** **Jóhanna Sturlaugsdóttir**
**Gunnar Baldvinsson** **Björg Sigurðardóttir**
**Eyrún Baldvinsdóttir** **Stefán Jóhannsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Haraldur Árnason**

Strikinu 4, 210 Garðabæ,

lést á Landspítalanum við Hringbraut þann 8. maí. Jarðarförin fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík, fimmtudaginn 17. maí kl. 15.00.

**Auður Gunnarsdóttir**
**Margrét Haraldsdóttir**
**Ingunn Edda Haraldsdóttir** **Errol Bourne**
**Gunnar Haraldsson** **Jóna Margrét Kristinsdóttir**
**afabörn og langafabörn.**



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**Ingibjörg Karlsdóttir**

**(Inba Kalla)**

áður til heimilis að Selvogsgötu 13, Hafnarfirði,

lést í faðmi fjölskyldu sinnar á dvalarheimilinu Hrafnistu í Hafnarfirði miðvikudaginn 9. maí. Jarðarförin auglýst síðar.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Sigurbjörg Hilmarsdóttir** **Guðmundur Björnsson**
**Sigrún Hilmarsdóttir** **Kristján Hringsson**
**Jónas Hilmarsson** **Ágústa Ragnarsdóttir**
**Guðríður Hilmarsdóttir** **Gunnar Ólafur Eiríksson**
**Ágústa Guðný Hilmarsdóttir** **Valur Helgason**

# FRÉTTABLAÐIÐ.IS

Lifandi fréttamiðill með nýjustu fréttum allan sólarhringinn
ásamt ítarlegri umfjöllun um málefni líðandi stundar.




## Fréttablaðið.is - stendur undir nafni

FRÉTTABLAÐIÐ.IS

FRÉTTABLAÐIÐ APP

FRÉTTABLAÐIÐ



✝

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Þórhallur Þrastar Jónsson**

verkfræðingur,
áður til heimilis að
Kópavogsbraut 111, Kópavogi,

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði sunnudaginn 29. apríl.

**Steinunn Bækkeskov**
**Sólveig Þórhallsdóttir**
**Björn Þrastar Þórhallsson**
**Ella Þórhallsdóttir**
**Sigríður Þórhallsdóttir**
**Páll Guðjón Þórhallsson**
**Douglas Hanahan**
**Lárus Einarsson**
**Heiðrún Hákonardóttir**
**Pjetur G. Hjaltason**
**Guðbjörn Samsonarson**
**Ásdís Gíslason**



✝

Elsku eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Magnús Breiðfjörð Hjartarson**

**(Maggi kók)**

lést föstudaginn 27. apríl sl. á hjúkrunarheimilinu Skógabæ. Fjölskyldan þakkar starfsmönnum á Roðasölum og Skógabæ fyrir góða umönnun. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Alzheimersamtökin.

**Gunný Gunnarsdóttir**
**dætur, tengdasynir, barnabörn og barnabarnabarn.**



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vináttu við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Aðalheiðar Dóru Magnúsdóttur**

Nökkvavogi 12, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Landspítalans í Fossvogi fyrir góða umönnun og velvilja í hennar garð.

**Sigmar Steinar Ólafsson** **Sigríður Maggý Hansdóttir**
**Halldór Ólafsson** **Lineik Jónsdóttir**
**Ólöf Ragnheiður Ólafsdóttir** **Sigurður Albert Ármannsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Ingibjörg Árnadóttir**

hjúkrunarfræðingur,

lést á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð 6. maí sl. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju þriðjudaginn 15. maí kl. 13. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á Krabbameinsfélag Íslands.

**Guðný Sif Jónsdóttir** **Halldór Eyþórsson**
**Tómas Árni Jónsson** **María Jónsdóttir**
**Helga Aðalheiður Jónsdóttir** **Guðmundur Vilhjálmsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Rannveig Ragnarsdóttir**

Tjarnarlundi 13c, Akureyri,

lést á heimili sínu sunnudaginn 6. maí. Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju þriðjudaginn 15. maí kl. 13.30.

**Ragnar Árnason** **Ingibjörg Sigurðardóttir**
**Elín Una Friðfinnsdóttir**
**Erla Hrund Friðfinnsdóttir** **Páll Baldursson**
**Elsa B. Friðfinnsdóttir**
**Emil Friðfinnsson** **Sabine Friðfinnsson**
**ömmu- og langömmubörn.**



✝

Frænka okkar,

**Helga Áslaug Þórarinsdóttir**

handavinnukennari,

sem lést þann 23. apríl sl., verður jarðsungin frá Háteigskirkju þann 15. maí nk. kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknarfélög.

**Systkinabörnin.**



✝

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Sigurður Björgúlfsson**

arkitekt,
Suðurgötu 33, Reykjavík,

varð bráðkvaddur á heimili sínu 6. maí síðastliðinn.

**Telma Ingibjörg Sigurðardóttir**
**Björgúlfur Kristófer Sigurðsson**
**Ívar Örn Lárusson**
**Helen Ívarsdóttir**
**Arna Karen Ívarsdóttir**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**Kristín Þórðardóttir**

frá Árbakka,

andaðist á hjúkrunarheimilinu Eir 8. maí. Útförin fer fram frá Guðríðarkirkju mánudaginn 28. maí klukkan 11.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á minningarsjóð Eirar, eir.is.

**Þór Kröyer** **Martína Sigursteinsdóttir**
**Benedikt Kröyer** **Kristín Sölvadóttir**
**Þorsteinn Kröyer** **Ólafía Halldórsdóttir**
**Iðunn Kröyer** **Eymundur Hannesson**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.**



✝

Elsku mamma okkar, tengdamamma, amma, langamma og langalangamma,

**Guðjóna Eygló Friðriksdóttir**

frá Eyrarlandi, Þykkvabæ,

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði 8. maí. Útförin fer fram frá Þykkvabæjarkirkju fimmtudaginn 17. maí klukkan 14. Blóm og kransar afþakkaðir, en þeir sem vilja minnast hennar láti Þykkvabæjarkirkju njóta þess.

**Jón Viðar Magnússon** **Hrafnhildur Bernharðsdóttir**
**Friðrik Magnússon** **Hrafnhildur Guðnadóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**



✝

Innilegar þakkir til þeirra er sýndu okkur samúð við andlát og útför ástkærrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Sigríðar Jónsdóttur**

Holtateigi 24, Akureyri.

Sérstakar þakkir fyrir hlýhug til Heimahlynningar á Akureyri og Heimahjúkrunar HSN svo og læknanna Friðbjörns R. Sigurðssonar og Signýjar Völu Sveinsdóttur.

**Stefán G. Jónsson**
**Jón Viðar Þórisson** **Stefanía Auðbjörg Halldórsdóttir**
**Jóhanna Bára Þórisdóttir** **Ármann Helgi Guðmundsson**
**Kristjana Þórisdóttir** **Sigurður Gunnarsson**
**Jón G. Stefánsson** **Hafdís Inga Haraldsdóttir**
**Helgi Heiðar Stefánsson** **Ásdís Ármannsdóttir**
**Sigurður Örn Stefánsson** **Sigrún Ólafsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Innilegar þakkir til þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Helgu Jóhannesdóttur**

áður til heimilis að
Heiðarvegi 4, Selfossi.

Sérstakar þakkir til starfsfólks hjúkrunarheimilisins Ljósheima fyrir einstaka umönnun og hlýhug.

**Oddný Magnúsdóttir** **Emil Guðjónsson**
**Jónína Valdimarsdóttir** **Guðmundur Baldursson**
**Björgvin Þ. Valdimarsson** **Sigríður Magnea Njálsdóttir**
**Guðrún Valdimarsdóttir** **Sigurður Bragason**
**Magnea Kristín Valdimarsdóttir**
**Björk Valdimarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**


Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5407.




✝

Elskuleg móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**Jóna Aðalheiður Hannesdóttir**

frá Núpsstað, Árskógum 6, Reykjavík,

lést mánudaginn 7. maí. Útförin fer fram frá Seljakirkju miðvikudaginn 16. maí kl. 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á að láta líknardeildina í Kópavogi njóta þess.

**Snorri Þ. Tómasson** **Kristjana U. Valdimarsdóttir**
**Hannes Tómasson** **Hong Thanh Bui Thi**
**Ágúst Tómasson** **Elísabet Þ. Guðmundsdóttir**
**Hörður I. Tómasson** **Sigrún R. Jónsdóttir**
**Pálmi Tómasson** **Sigríður Poulsen**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi okkar,

**Ásgeir Sumarliðason**

**(Geiri)**

Túnhvammi 11, Hafnarfirði,

lést á Ísafold laugardaginn 28. apríl. Jarðsett verður frá Hafnarfjarðarkirkju þriðjudaginn 15. maí kl. 13.00.

**Valgerður M. Guðmundsdóttir**
**Hilmar Ásgeirsson** **Anne Frandsen**
**Þórir Ásgeirsson** **Bettine Ásgeirsson Ellebæk**
**Guðmundur Ásgeirsson** **Birna Ívarsdóttir Sandholt**
**Valur Ásgeirsson** **Laufey Guðmundsdóttir**
**Hildur D. Ásgeirsdóttir** **Bjarni Friðrik Jóhannesson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Esther Árnadóttir**

hjúkrunarheimilinu Grund,
lengst af Holtagerði 52,

lést á Hjúkrunarheimilinu Grund miðvikudaginn 9. maí. Útför hennar fer fram frá Kópavogskirkju fimmtudaginn 17. maí kl. 15.00.

**Valdimar Guðmundsson** **Rebekka María Sigurðardóttir**
**Árdís Brekkan** **Einar Brekkan**
**Elín Rósa Guðmundsdóttir** **Jón Rafn Valdimarsson**
**Elfa Hrönn Guðmundsdóttir** **Eyjólfur Jóhannsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Þórunn Ingimarsdóttir**

frá Laugarási,

lést á hjúkrunarheimilinu Seljahlíð mánudaginn 30. apríl. Útför hennar fer fram frá Áskirkju þriðjudaginn 15. maí klukkan 13.

**William Þór Dison** **Kristín Guðmundsdóttir**
**Bjarni Brandsson** **Anna María Valdimarsdóttir**
**barnabörn og langömmubörn.**



✝

Okkar elskulegi sonur, bróðir, barnabarn og frændi,

**Valdimar Snær Stefánsson**

lést miðvikudaginn 2. maí. Útförin fer fram frá Lindakirkju, mánudaginn 14. maí kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Barnaspítala Hringsins.

**Stefán Örn Valdimarsson** **Guðlaug Ósk Gísladóttir**
**Gísli Freyr Stefánsson**
**Brynhildur Daisy Eggertsdóttir**
**Gísli Kristófer Jónsson** **Þórfríður Guðmundsdóttir**
**Guðbjörg Brá Gísladóttir** **Oddur Sigurðsson**
**Karen Rut Gísladóttir** **Arinbjörn Ólafsson**
**Lorna Jakobson**
**og frændsystkin.**


UPPSELT Í STÚKU
FOREIGNER
LAUGARDALSHÖLL | 18. MAÍ 2018
I WANT TO KNOW WHAT LOVE IS • COLD AS ICE
WAITING FOR A GIRL LIKE YOU • URGENT
SAY YOU WILL • DOUBLE VISION • JUKE BOX HERO
EKKI MISSA AF ÞESSU
MIÐASALA Í FULLUM GANGI Á MIDI.IS
/ FOREIGNER Á ÍSLANDI
VÍKING BRUGGHÚS
Vista Expo

# KROSSGÁTA & ÞRAUTIR



Lausnarorð síðustu viku var
**STANGARSTÖKK**



**LAUSNARORÐ:** Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist frumefni. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 18. maí næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „12. maí“.



FORLAGIÐ

### VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Nei, hættu nú alveg** eftir **Vilhelm Anton Jónsson** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Halldór B. Kristjánsson, Reykjavík**

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

### LÁRÉTT

**1** Sé heimilisfræðihópinn minn við vaskborð soðhússins (13)
**10** Samstúdentar og þeirra morgunrölt (8)
**11** Ný er farið að sverta gaura vegna ólöglegra barða (11)
**13** Flökkufiskur heillar túrista (10)
**14** Tel sjortara úti á landi orsaka djúpstæðan ágreining (11)
**15** Sé landshornalýðinn flækjast um nes (10)
**16** Keðjur og léreft endast tíu desimetra (9)
**17** Brjálað að gera en þó ná þau að sinna öllum (8)
**20** Sá sem kennir framandi tungur þarf að sætta ólík sjónarmið (11)
**24** Færa fjörið og fyndnina í tal (11)
**26** Svona samsetning tryggir að straumurinn flæðir úr einu tækinu í annað (10)
**29** Burt með öll strá, segir ein málgefin, en hvað segja vísindin um það? (11)
**30** Grefur gaupur og óvættir (10)
**31** Segir blæstirnar minna á álmurnar hjá amerískri vísindastofnun (11)
**35** Eftirlíking af gríni er líka grín (11)
**36** Loðna askan og lafðin léttruglaða (10)
**37** Reykja á jörðunum við mynni fljótsins (11)
**38** Stefna bryddu að máli sem hefur tvær3 hliðar (10)
**39** Ótt kúnnar yfirgefa ringlaðan sauð með blett á enni (9)
**40** Fæðir frjálsa sem annars myndu svelta (10)

### LÓÐRÉTT

**1** Veröld þess sem er lofar góðu (11)
**2** Gefið grænt ljós á sólarhring fyrir leikskólann (11)
**3** Sprautast úr fínlega götuðum hálsum (9)
**4** Hin fyrsta allra vídda (7)
**5** Vil búrmann fyrir fiskana sem haldið var framhjá (9)
**6** Passa að granninn geri manninum í næsta húsi ekkert (14)
**7** Hefur fiskur í hótunum við tveggja metra menn? (10)
**8** Upphlaup í aðdraganda úrslitahlaups (8)
**9** Þótt feit séum höfum við ekkert á móti því að konur verði bomm (8)
**12** Neitaðir mér um að feta hliðartroðninga (8)
**18** Hef ekki náð að gera fleira (5)
**19** Eiga ekki einu sinni fréttir af sér eða sínu (12)
**21** Kvittun fyrir svigagrein er útúrdúr og óþörf viðbót (12)
**22** Um spil tjáningar hins dramatíska listamanns (12)
**23** Ramb kom upp um hinn sára sel þótt montinn sé (7)
**25** Skoða lík stríðsguðsins og hinna löngu djúpsjávarfiska (11)
**27** Hér segir frá listum yfir vogrek og stórræði mörg (10)
**28** Voðalegt þramm er þetta, frú Ólína, á mjúkum dúkum fjaðradýna (10)
**32** Óháð vætu mun ég gera akrýlmynd af stöðu uppeldis- og refsiþátta (7)
**33** Sneiddi þetta listilega fyrir svanna frá Swansea (7)
**34** Ofkæling lunkins ruglududalls (7)

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 2 | | | | 9 | | | |
| 1 | 3 | 8 | | 4 | 7 | 2 | | |
| | 7 | | | | 1 | | 4 | |
| 6 | 4 | 1 | | | | 3 | | |
| | | 2 | | | | | | |
| 8 | | | | 2 | 5 | | 1 | |
| 7 | 8 | | | 1 | | | 9 | |
| | | | 9 | | | 8 | | |
| 9 | | 4 | 8 | | 2 | | 7 | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 9 | | 8 | | 2 | 1 | |
| | 2 | | 7 | | 4 | 3 | | |
| | 3 | | 5 | | | | | 9 |
| 9 | 4 | | | 2 | | | | |
| | | 7 | 3 | 4 | | | | |
| | 6 | | | | | | | |
| 6 | | | 1 | 7 | | 5 | | |
| 4 | | | | | | | | 1 |
| | 5 | | | | | 9 | | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | 3 | 4 |
| 7 | | 6 | | | | 5 | 1 | |
| | | | | | 1 | | | 7 |
| | 5 | 9 | 4 | | | | | 1 |
| | | | 9 | 3 | | 6 | | |
| | 2 | | | | | | | |
| | | | | 9 | | 7 | 4 | 2 |
| | | 5 | | 6 | | 9 | | |
| 3 | | | 8 | | 7 | | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 4 | 5 | 3 | 1 | 9 | 6 | 7 | 8 |
| 9 | 6 | 7 | 2 | 4 | 8 | 1 | 3 | 5 |
| 8 | 1 | 3 | 6 | 5 | 7 | 9 | 2 | 4 |
| 6 | 7 | 9 | 1 | 8 | 2 | 5 | 4 | 3 |
| 1 | 8 | 2 | 4 | 3 | 5 | 7 | 6 | 9 |
| 3 | 5 | 4 | 7 | 9 | 6 | 8 | 1 | 2 |
| 4 | 9 | 1 | 5 | 6 | 3 | 2 | 8 | 7 |
| 7 | 3 | 8 | 9 | 2 | 1 | 4 | 5 | 6 |
| 5 | 2 | 6 | 8 | 7 | 4 | 3 | 9 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 9 | 2 | 7 | 1 | 4 | 8 | 6 | 5 |
| 7 | 8 | 4 | 6 | 5 | 2 | 9 | 1 | 3 |
| 1 | 5 | 6 | 8 | 9 | 3 | 7 | 4 | 2 |
| 2 | 3 | 8 | 9 | 4 | 6 | 5 | 7 | 1 |
| 9 | 6 | 1 | 2 | 7 | 5 | 3 | 8 | 4 |
| 4 | 7 | 5 | 1 | 3 | 8 | 6 | 2 | 9 |
| 8 | 1 | 7 | 3 | 2 | 9 | 4 | 5 | 6 |
| 5 | 2 | 3 | 4 | 6 | 7 | 1 | 9 | 8 |
| 6 | 4 | 9 | 5 | 8 | 1 | 2 | 3 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 5 | 1 | 6 | 7 | 9 | 2 | 8 | 3 |
| 6 | 2 | 3 | 8 | 1 | 4 | 7 | 9 | 5 |
| 7 | 8 | 9 | 5 | 2 | 3 | 1 | 6 | 4 |
| 3 | 6 | 7 | 4 | 9 | 2 | 5 | 1 | 8 |
| 8 | 4 | 2 | 1 | 5 | 6 | 3 | 7 | 9 |
| 9 | 1 | 5 | 3 | 8 | 7 | 4 | 2 | 6 |
| 1 | 3 | 4 | 7 | 6 | 8 | 9 | 5 | 2 |
| 5 | 9 | 6 | 2 | 3 | 1 | 8 | 4 | 7 |
| 2 | 7 | 8 | 9 | 4 | 5 | 6 | 3 | 1 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Skák Gunnar Björnsson



Halldór Brynjar Halldórsson (2.253) átti leik gegn Ravi Haria (2.360) á Íslandsmóti skákfélaga.
**Hvítur á leik**
**31. Hxh7! H4c7** (31...Rd4 32. He7! og h-peðið verður ekki stöðvað). **32. Hh8+ Kf7 33. Hxc8 Hxc8 34. axb3 Kg8 35. Rf3** og hvítur vann skömmu síðar. Stórmeistarinn Evgeni Vasiukov er látinn en margir þekkja hann frá Reykjavíkurmótunum.
**www.skak.is:** Ju Wenjun í forystu í hálfleik.

## Bridge Ísak Örn Sigurðsson

### SÉRKENNILEG ÚRSLIT

Sveitir SFG og J.E.Skjanna áttust við í 11. umferð úrslita Íslandsmótsins. Sveit SFG hafði naumlega betur í leiknum, 43 impar gegn 41. Sveit SFG græddi vel á þessu óvenjulega spili í leiknum. Þegar sveitarmeðlimir J.E.Skjanna sátu í NS, spiluðu þeir 5 tígla doblaða sem fóru 1 niður (200 í dálk AV). Á hinu borðinu í leiknum sátu Kjartan Ingvarsson-Gunnlaugur Karlsson í sveit SFG. Þeir félagar eru þekktir fyrir að feta óvenjulegar leiðir. Suður var gjafari í spilinu og allir á hættu:

**Norður**
♠ ÁDG105
♥ Á9
♦ KD954
♣ 4

**Vestur**
♠ K2
♥ KG852
♦ Á76
♣ ÁD5

**Austur**
♠ 8643
♥ D73
♦ G
♣ K10873

**Suður**
♠ 97
♥ 1064
♦ 10832
♣ G962

